HJÓN LEIKA HJÓN Í KVIKMYND UM DARWIN
KVIKMYNDIR **24**

LITADÝRÐ OG TÖFF-ARAHEIT Í NEW YORK
TÍSKA **40**

AÐ LAGA SIG AÐ NÝJU LANDI

Tuttugu ár liðin frá því að fyrstu flóttamennirnir komu frá Víetnam

VIÐTÖL **22**

FRÉTTABLAÐIÐ

FRÍTT

HELGARÚTGÁFA

19. september 2009 — 222. tölublað — 9. árgangur

MEST LESNA DAGBLAÐ Á ÍSLANDI

Sími: 512 5000

VIÐTAL 26



Kynlíf Íslendinga og ný bók

UMRÆÐAN 16

Ólögmæt aðför að eignum skuldara

SJÓNVARP 30



Skjár einn tíu ára

TVÖ SÉRBLÖÐ Í DAG

ALLT Á HVOLFI Í STJÓRNARRÁÐINU? Hörður Bent Víðisson er í hópi íslenskra pilta sem hefur það að dægradvöl að stökkva um víðan völl með frjálsri aðferð og klifra flestum ókleif mannvirki. Og þótt þeir geti það að mestu án hnjasks eftir þrotlausar æfingar er almenningi ráðlagt að reyna við slíka loftfimleika. FRÉTTABLAÐIÐ / VILHELM

Ríkisstjórnin og álver á Bakka:

Tillaga um viljayfirlýsingu felld af VG

ORKUMÁL Tillaga iðnaðarráðherra um að framlengja viljayfirlýsingu um álver á Bakka við Húsavík fékkst ekki framlengd á ríkisstjórnarfundi á þriðjudag. Mikil andstaða við málið kom fram frá ráðherrum VG.

Málið var ekki endanlega afgreitt heldur vísað til ráðherranefndar um orkumál sem sett var á laggirnar í framhaldi af fundinum til að fjalla um þetta mál og fleiri verkefni á sviði orkumála.

Ráðherranefndin hittist á fimmtudag til að fara yfir málið en komst ekki að niðurstöðu.

- pg / sjá síðu 2

Gísli Marteinn Baldursson:

Vill flugvöllinn til Keflavíkur

SAMGÖNGUR Gísli Marteinn Baldursson, formaður umhverfis- og samgöngunefndar Reykjavíkur, telur það lífsspursmál fyrir borgina að flugvöllurinn verði fluttur úr Vatnsmýri. Hann vill tengja flugvöll við borgina með lestarsamgöngum. „Ef við gerum það er ekkert því til fyrirstöðu að hafa flugvöllinn í Keflavík," segir Gísli Marteinn.

GÍSLI MARTEINN BALDURSSON

Hann telur skynsamlegt fyrir borgina og þar með landið allt að flytja flugvöllinn. „Ríkisstjórn sem vill ná árangri í umhverfismálum, eins og sú stjórn sem nú situr vill, getur ekki haft flugvöll í Vatnsmýri."

- ss / sjá síðu 20

Lengri ábyrgð ekki ófrávíkjanleg krafa

Fjármálaráðherra hitti sendiherra Breta og Hollendinga í gær vegna Icesave. Tillaga þeirra um lengri ábyrgð er ekki ófrávíkjanleg krafa þeirra. Hann segir óvíst hvort málið þurfi að fara fyrir Alþingi. Stjórnarflokkarnir eru samstíga.

UTANRÍKISMÁL Steingrímur J. Sigfússon fjármálaráðherra hitti sendiherra Breta og Hollendinga í gær og ræddi áframhald Icesave-málsins. Steingrímur segir hugmyndir þjóðanna vera fyrstu viðbrögð við samþykkt Alþingis. Málið sé í eðlilegum farvegi og aldrei hafi verið til umræðu að kalla þing saman núna, enda verði það sett 1. október. Frekari viðræður muni leiða í ljós hvort málið þurfi fyrir Alþingi á nýjan leik.

Bretar og Hollendingar gerðu athugasemdir við það að ríkisábyrgðin geti fallið úr gildi á ákveðnum tímapunkti, hvernig sem lánið stendur þá.

Í fyrirvörum Alþingis er kveðið á um að að ríkisábyrgðin gildi til 5. júní 2024. Stefni í að lánsfjárhæðin, ásamt vöxtum, verði ekki að fullu greidd fyrir þann tíma „skulu aðilar lánasamninganna þá tímanlega eiga með sér viðræður um meðferð málsins og áhrif þess á samninganna og skuldbindingar Tryggingarsjóðs innstæðueigenda og fjárfesta", eins og segir í lögunum.

Fréttablaðið hefur heimildir fyrir því að Bretar og Hollendingar líti svo á að með þessu ákvæði séu lausir endar skildir eftir. Það sé því í raun sett í hendur framtíðarviðræðunefnda hvað gerist ef ekki tekst að greiða lánið upp fyrir tilsettan frest. Embættismenn þjóðanna hafa hist tvisvar á rúmri viku til að ræða málið.

Stuðningur er við það í þingflokkum stjórnarflokkanna að halda viðræðum áfram. Steingrímur segir að umræðurnar haldi áfram næstu daga, allir séu á eitt sáttir um að brýnt sé að ljúka málinu. Óþarfa upphlaup hafi verið hér heima við hugmyndum Breta og Hollendinga. Mikilvægast sé að leysa málið farsællega, þjóðinni til heilla.

Stjórnarandstaðan hefur lýst því yfir að um ófrávíkjanlegt skilyrði sé að ræða þegar kemur að lokum ríkisábyrgðar. - kóp

SPURNING DAGSINS

Stefán Máni, heitir næsta bók Hótel D'Angleterre?

„Nei, hún heitir Magazine du Morð."

Danskir glæpasagnaunnendur hafa bundist rithöfundinum Stefáni Mána sérstökum tryggðarböndum. Stefán er höfundur bókarinnar Hótel Kalifornía, en Hotel D'Angleterre í Kaupmannahöfn var í eigu Íslendinga.

Sjálfstæðisflokkurinn segir forsætisráðherra boða átök við stjórnarandstöðuna:

Segja Jóhönnu með hótanir

STJÓRNMÁL Jóhanna Sigurðardóttir forsætisráðherra er vænd um að hafa í hótunum við Sjálfstæðisflokkinn með yfirlýsingum í fjölmiðlum. Jóhanna segir stjórnarandstöðuna hafa rofið trúnað um hugmyndir Breta og Hollendinga um fyrirvara Icesave-samningsins. Yfirlýsingar hennar í fréttum Sjónvarpsins í gærkvöldi eru sagðar „í senn ósannar og ómerkilegar".

Þetta kemur fram í harðorðri fréttatilkynningu frá Sjálfstæðisflokknum sem Illugi Gunnarsson þingflokksformaður, er skrifaður fyrir og var send fjölmiðlum í gærkvöldi.

ILLUGI GUNNARSSON

JÓHANNA SIGURÐARDÓTTIR

Jóhanna sagði í sjónvarpsfréttum að ríkisstjórnin hafi treyst stjórnarandstöðunni fyrir upplýsingunum en það traust hafi verið brotið og þeim lekið í fjölmiðla. „Þetta hlýtur að kalla á það að við verðum að endurskoða samskipti okkar við stjórnarandstöðuna," sagði hún.

Þetta túlka sjálfstæðismenn sem hótun og vísa því alfarið á bug að trúnaður hafi verið rofinn. Umfjöllun Sjálfstæðisflokksins um málið hafi í hvívetna verið eins og um hafði verið beðið. „Yfirlýsingu forsætisráðherra ber að túlka sem hótun af hennar hálfu og vísbendingu um að mál verði til lykta leidd með átökum, en ekki samstarfi. Því verður að sjálfsögðu mætt eins og tilefni er til", segir í tilkynningu flokksins. - shá

Afbrotatölur frá lögreglu:

Innbrot fjórðungi fleiri

LÖGREGLUMÁL Tilkynnt var um 319 innbrot í ágúst, 27 prósentum fleiri en í sama mánuði í fyrra. Á sama tíma fækkaði þjófnaðarbrotum milli ára, voru 424 í nýliðnum ágúst, sex prósentum færri en í ágúst í fyrra.

Þetta kemur fram í samantekt Ríkislögreglustjóra yfir afbrot í ágúst. Alls voru 2.457 innbrot skráð á fyrstu átta mánuðum ársins, eða tíu á dag að meðaltali.

Samkvæmt upplýsingum frá lögreglu eru gengi Pólverja sem handtekin voru nýverið talin hafa framið samtals 37 innbrot að undanförnu. Það er rúmlega helmingur af aukningu innbrota í ágúst. - bj

ÓLAFUR STEPHENSSEN Uppsögn ritstjórans var illa tekið á ritstjórn Morgunblaðsins. FRÉTTABLAÐIÐ/ANTON

Breytingar á Morgunblaðinu:

Ritstjóra sagt upp störfum

FJÖLMIÐLAR Ólafur Stephensen lét af störfum sem ritstjóri Morgunblaðsins í gær. Ekki hefur verið greint frá hver verður eftirmaður hans. Fram kemur í tilkynningu frá Óskari Magnússyni, útgáfustjóra Morgunblaðsins, að nýr ritstjóri verði ráðinn svo fljótt sem kostur er.

Ástæða uppsagnarinnar mun vera mismunandi áherslur Ólafs og stjórnar blaðsins varðandi rekstur og skipulagsbreytingar sem búist er við að verði gerðar fyrir mánaðamótin. - shá

Birtingu vísitölu hætt:

FTSE kippir Íslandi út

VIÐSKIPTI Breska Financial Times Stock Exchange (FTSE) hefur ákveðið að hætta að birta upplýsingar um stöðu mála á Íslandi í vísitölum sínum. Þetta er enn eitt áfallið fyrir Ísland segir í frétt Financial Times.

Ástæðan fyrir þessari ákvörðun er hrun íslenska efnahagskerfisins og viðskiptabankanna. Við það hrundi hlutabréfamarkaðurinn svo mikið að hann er ekki lengur tækur hjá FTSE, að því er segir í Financial Times.

Þetta er í fyrsta skipti frá því FTSE kom á fót heimsvísitölulista árið 2003 sem þjóð er tekin af listanum. - bj

Stálu bílum og flatskjá af sofandi pari

Þjófar brutust inn í íbúð í Hafnarfirði á meðan heimilisfólkið var í fastasvefni. Þeir stálu meðal annars stórum flatskjá og fötum af þvottasnúru og óku síðan af vettvangi á báðum bílum fólksins. Geltinn silkiterríer svaf allt saman af sér.

LÖGREGLUMÁL Bíræfnir innbrotsþjófar fóru inn á heimili ungs pars í Hafnarfirði í fyrrinótt, stálu eigum þeirra og óku síðan á brott á báðum bílum þeirra á meðan fólkið var í fastasvefni.

„Ég áttaði mig ekki á þessu fyrr en þegar ég fann ekki bíllyklana mína þegar ég var að fara í vinnuna um morguninn," segir Ólafur Aron Haraldsson, 24 ára, sem býr ásamt 22 ára kærustu sinni í Ásahverfi í Hafnarfirði. „Þá tók ég eftir að bíllinn var ekki fyrir utan."

Þegar Ólafur skoðaði sig betur um í íbúðinni sá hann að 42 tommu flatskjár var á bak og burt úr stofunni. Þá höfðu þjófarnir tekið veski hans og kærustunnar með öllum skilríkjum, alla lykla, úr og skólatösku, auk þess sem þeir kipptu með sér öllum fatnaði af þvottasnúrum – sumum hverjum dýrum tískuvörum.

ÓLAFUR G. EMILSSON

Þjófarnir voru að öllum líkindum tveir eða fleiri, því þeir óku burt á báðum bílum fólksins, tíu ára gömlum Subaru Impreza og sjö ára Peugeot 206.

„Þeir voru þvílíkt kaldir," segir Ólafur, hissa á innbrotsþjófunum. „Það fór ekkert á milli mála að það var einhver heima í húsinu."

Svo virðist sem þjófarnir hafi farið inn um fremur lítinn glugga á neðri hæð hússins, sem á var rifa, og hafi verið mjög hljóðlátir. Parið á lítinn silkiterríer-hund sem geltir á allt og alla, að sögn Ólafs. Hundurinn þagði hins vegar alla nóttina, sem bendir sterklega til þess að hann hafi ekki orðið þjófanna var og hafi sofið allt af sér.

SVAF Á VERÐINUM Þjófarnir þurftu ekki að brjóta sér leið inn í húsið, heldur komust inn um glugga með rifu á. Heimilishundurinn þagði þunnu hljóði.

Ólafur G. Emilsson, stöðvarstjóri lögreglustöðvarinnar í Hafnarfirði, segir innbrotið ekki einsdæmi síðustu daga. Ekki sé hægt að tala um faraldur, en þó hafi tvö önnur innbrot verið tilkynnt frá því á fimmtudag.

Í tveimur innbrotanna var farið inn í mannlaus hús um hábjartan dag og þaðan stolið ýmsum munum.

Ólafur segir ekki liggja fyrir hvort tengsl séu á milli innbrotanna þriggja, en innbrotin tvö um miðjan dag, á fimmtudag og í gær, hafi hins vegar verið ákaflega lík. Innbrotum af því tagi, þar sem farið sé inn í hús um miðjan dag þegar heimilisfólk er við vinnu, hafi fjölgað nokkuð að undanförnu.

stigur@frettabladid.is

AFMÆLI Kínverjar eru farnir að undirbúa afmæli kommúnismans, þótt þessi maður gangi lengra en flestir. FRÉTTABLAÐIÐ/AP

60 ára afmæli kommúnisma:

Götur rýmdar vegna göngu

KÍNA, AP Götur í hluta Peking, höfuðborgar Kína, voru rýmdar í gær til að gefa hermönnum tækifæri til að æfa skrúðgöngu sem fara mun um borgina 1. október. Þá verður 60 ára afmæli valdatöku kommúnista í Kína fagnað.

Íbúum og starfsmönnum fyrirtækja í nágrenni skrúðgöngunnar var skipað að hafa sig á brott meðan á æfingu gærdagsins stæði svo að skrúðgangan á afmælisdeginum falli ekki í skuggann.

Talið er að hersýningin sem haldin verður á afmæli kínverska alþýðulýðveldisins verði sú stærsta í landinu í áratug. - bj

LANDBÚNAÐUR

Metframleiðsla á mjólk

Kúabændur slógu met í mjólkurframleiðslu á síðasta verðlagsári, sem lauk í lok ágúst. Framleiddar voru rúmlega 126 milljónir mjólkurlítra, 1,4 milljónum lítra meira en á sama tímabili í fyrra.

Vellíðan án lyfja

með verkfærum sálfræðinnar

Fjögurra vikna árangursmælt námskeið Kvíðameðferðarstöðvarinnar til að takast á við vanlíðan, álag og spennu. Kenndar leiðir hugrænnar atferlismeðferðar til að skoða og breyta hugsunum og viðbrögðum sem viðhalda kvíða og depurð. Öflugar slökunar- og hugleiðsluaðferðir jafnframt kenndar.

Kennsludagar:
Mánudagar og fimmtudagar frá 20:00 til 21:45 auk eftirfylgdartíma, alls 16 klst.

KMS

Kennarar: **Oddi Erlingsson og Sóley D. Davíðsdóttir,** sérfræðingar í klínískri sálfræði.
Verð aðeins kr. 42.000.
Niðurgreiðsla möguleg hjá sjúkrasjóðum stéttarfélaga.
Næsta námskeið hefst mánudaginn 28. september n.k.

Skráning og fyrirspurnir í símum 822 0043 og 562 4444, oddier@simnet.is og kms@kms.is
Nánari upplýsingar: www.kms.is.

Sérstök ráðherranefnd sett á fót vegna álvers á Bakka og fleiri verkefna:

VG kom í veg fyrir nýja viljayfirlýsingu

ORKUMÁL. Tillaga iðnaðarráðherra um framlengingu viljayfirlýsingar vegna byggingar álvers á Bakka fékkst ekki afgreidd á ríkisstjórnarfundi á þriðjudag, samkvæmt heimildum Fréttablaðsins. Vegna andstöðu ráðherra Vinstri grænna var tillagan ekki samþykkt heldur vísað til meðferðar í sérstakri ráðherranefnd um orkumál. Sú nefnd var sett á laggirnar á þriðjudag til að fjalla um málið og einnig þau verkefni á sviði orkumála sem tengjast Stöðugleikasáttmála ríkisstjórnarinnar og aðila á vinnumarkaði.

Jóhanna Sigurðardóttir forsætisráðherra, Steingrímur J. Sigfússon fjármálaráðherra, Svandís Svavarsdóttir umhverfisráðherra og Katrín Júlíusdóttir iðnaðarráðherra, voru skipuð í ráðherranefndina. Katrín er erlendis um þessar mundir og tók Össur Skarphéðinsson utanríkisráðherra sæti í nefndinni sem starfandi iðnaðarráðherra. Nefndin hittist þannig skipuð á fimmtudag, samkvæmt heimildum Fréttablaðsins, fór yfir málið en komst ekki að niðurstöðu.

Viljayfirlýsingin um álver við Bakka á að renna út um næstu mánaðamót.

Í stöðugleikasáttmálanum svonefnda segir að ríkisstjórnin muni greiða götu þegar ákveðinna stórframkvæmda, svo sem álvera í Helguvík og Straumsvík, auk þess að hraða undirbúningi áforma sem tengjast fjárfestingu í meðalstórum iðnaðarkostum, svo sem gagnaverum og kísilflögueframleiðslu. „Kappkostað verður að engar hindranir verði af hálfu stjórnvalda í vegi slíkra framkvæmda eftir 1. nóvember 2009," segir í sáttmálanum.

HÚSAVÍK Viljayfirlýsing um álver á Bakka við Húsavík rennur út um mánaðamótin. FRÉTTABLAÐIÐ/GVA

Í sáttmálanum er ekki vikið að álveri við Bakka. - pg

TAX FREE!
UM HELGINA
TAX FREE!

ÖLL BÚSÁHÖLD

Gildir í verslunum Húsasmiðjunnar um land allt.

Allar upplýsingar eru birtar með fyrirvara um prentvillur og myndavíxl og eru háðar lagerstöðu.

HÚSASMIÐJAN
...ekkert mál

GENGIÐ 18.09.2009

GJALDMIÐLAR	KAUP	SALA
Bandaríkjadalur	123,27	123,85
Sterlingspund	201,68	202,66
Evra	181,19	182,21
Dönsk króna	24,348	24,49
Norsk króna	20,963	21,087
Sænsk króna	17,892	17,996
Japanskt jen	1,3496	1,3574
SDR	195,17	196,33

GENGISVÍSITALA KRÓNUNNAR 221,141

HEIMILD: Seðlabanki Íslands

Sjálfsmorðsárás í landamærabæ kostar í það minnsta 25 óbreytta borgara lífið:

Blóðbað í sprengingu á markaði í Pakistan

PAKISTAN, AP Í það minnsta 25 óbreyttir borgarar liggja í valnum og fjölmargir til viðbótar eru sárir eftir sjálfsmorðsárás í pakistönskum bæ í gær. Árásarmaðurinn ók bíl hlöðnum sprengiefnum inn á hótel við markað í bænum Usterzai og sprengdi sig í loft upp.

Sprengingin gjöreyðilagði lítið hótel og markaðsbása nærri því. Þá eyðilögðust bílar sem lagt hafði verið í nágrenninu. Í gær unnu björgunarmenn að því að ná slösuðum og látnum út úr rústunum.

Eigandi hótelsins sem ráðist var á er sjíti, en átök milli sjíta og sunni-múslima hafa aukist undanfarið.

Þetta er önnur sjálfsmorðsárásin á tveimur dögum á svæðinu, sem er skammt frá landamærunum við Afganistan. Þessi hluti Pakistans hefur logað í átökum undanfarið, eftir að stjórnarherinn réðist af meiri hörku en áður gegn talíbönum sem halda til í fjalllendi á landamærum Pakistans og Afganistans.

Árásir stjórnarhersins hófust fyrir um fjórum mánuðum og segja talsmenn hersins að um 1.800 meintir liðsmenn talíbana hafi fallið á þeim tíma og þrír af æðstu leiðtogum talíbana á svæðinu verið teknir höndum. Bandarísk stjórnvöld þrýsta mjög á stjórnvöld í Pakistan um að ná tökum á ástandinu við landamæri Afganistans sem fyrst. - bj

SPRENGING Unnið var að því í gær að ná særðum og látnum úr rústum bygginga eftir árásina. NORDICPHOTOS/AFP

Stjórnvöld sleppa þúsundum:

Draga athygli frá áfrýjuninni

BURMA, AP Stjórnvöld í Búrma tilkynntu á fimmtudag að 7.114 föngum yrði sleppt af mannúðarsjónarmiðum. Talið er að með því vilji stjórnvöld í landinu draga athyglina frá máli Aung San Suu Kyi, en lögfræðingur hennar áfrýjaði málinu formlega í gær.

AUNG SAN SUU KYI

Suu Kyi var dæmd í átján mánaða stofufangelsi í ágúst fyrir að brjóta gegn skilyrðum stofufangelsis hennar með því að taka við bandarískum manni sem laumaðist inn í hús hennar.

Lögmaður Suu Kyi sagðist í gær bjartsýnn á að áfrýjunin skili árangri og hún fái frelsið sem fyrst. - bj

Vefsíðan Twitter:

Milljarða dollara í markaðsvirði

VIÐSKIPTI Markaðsverðmæti netsíðunnar Twitter er nú orðið einn milljarður dollara eða tæplega 124 milljarðar króna. Þetta þykir nokkuð gott í ljósi þess að Twitter er enn í sömu skrifstofum í San Francisco þar sem félagið hóf starfsemi sína 2006 og starfsfólkið er ekki nema um 50 manns.

Evan Williams, forstjóri Twitter, hefur gengið frá nýrri fjármögnun til félagsins upp á 50 milljónir dollara og liggur það til grundvallar fyrrgreindu verðmati.

Fyrr í ár fékk Twitter 35 milljónir dollara í nýtt fjármagn frá Benchmark Capital og Institutional Venture Partners. Þá var markaðsverðmæti félagsins metið á 250 milljónir dollara.

Seðlabankinn eykur eftirlit með höftum

Brot á gjaldeyrislögum fá aukið vægi innan Seðlabankans með sérstakri eftirlitsdeild sem heyrir beint undir seðlabankastjóra. Tugir mála eru í rannsókn. Háskólalektor segir aðgerðina auka á vantraust á bankanum.

EFNAHAGSMÁL Seðlabanki Íslands hefur ákveðið að styrkja eftirlit sitt með gjaldeyrishöftunum. „Það er verið að herða eftirlitið vegna þess að það hefur komið upp fjöldi vísbendinga um að það sé verið að fara í kringum höftin," segir Ingibjörg Guðbjartsdóttir, forstöðumaður gjaldeyriseftirlitsins.

Ingibjörg segir erfitt að meta hversu háar upphæðir um sé að ræða eða fjölda mála sem tengist brotum á gjaldeyrislögum og reglum settum á grundvelli þeirra. „Þetta eru bæði aflandsviðskipti og brot á skilaskyldunni en það er erfitt að nefna tölur. „Ég get þó sagt að það eru fjölmörg mál til skoðunar og við höfum verið að starfa náið með Fjármálaeftirlitinu (FME) og mörg þeirra eru til skoðunar þar. Þetta er erfitt ástand og við erum að reyna að taka á því."

Eins og Fréttablaðið hefur greint frá hefur að undanförnu verið fjöldi mála til skoðunar hjá Seðlabankanum og nokkrir tugir mála eru nú þegar í rannsókn. Erfitt hefur hins vegar verið að fá upplýsingar um framgang þeirra.

Ingibjörg vill ekki tjá sig um hvort stofnun sérstakrar eftirlitsdeildar vegna gjaldeyrishaftanna sé ekki seint til komin og eðlilegt hefði verið að hún hefði verið sett á fót á sama tíma og höftunum var komið á.

Ársæll Valfells, lektor við viðskipta- og hagfræðideild Háskóla Íslands, sem hefur gagnrýnt gjaldeyrishöftin í ræðu og riti, telur að aðgerð eins og þessi geri það enn ólíklegra að hægt verði að afnema höftin eins og ráðgert er. „Ef eitthvað er þá skapar þessi aðgerð meira vantraust og tortryggni á Seðlabankanum, sem er þó í dag fullkomlega rúinn trausti." Ársæll segir að aðgerðin sé aðeins framhald á þeim vítahring sem bankinn er fastur í eftir setningu gjaldeyrishaftalaganna.

Í tilkynningu frá bankanum segir að endurskipulagning gjaldeyriseftirlitsins breyti engu áætlun um afnám gjaldeyrishafta. Áformað er að stíga fyrstu skrefin í þeim efnum 1. nóvember næstkomandi. Ingibjörg segir að mikilvægur þáttur áætlunarinnar sé að efla eftirlit með þeim höftum sem eftir standa og til að framfylgja þeim af meiri krafti.

Gjaldeyriseftirlitið verður sjálfstæð eining innan bankans og heyrir beint undir seðlabankastjóra. Sérstök ráðgjafarnefnd verður gjaldeyriseftirlitinu til stuðnings. svavar@frettabladid.is

MÁR GUÐMUNDSSON Litið er á breytinguna sem stefnumarkandi yfirlýsingu nýs seðlabankastjóra um að eftirlit verði eflt að mun.

SNIGLAST Útbreiðsla nýrrar sniglategundar gengur hægt. Mætti raunar segja að útbreiðslan sé á hraða snigilsins.

Spánarsniglar breiðast út:

Nema land nálægt höfuðborg

NÁTTÚRA Hinir skæðu spánarsniglar hafa numið land í Kópavogi og Mosfellsbæ í sumar, en sniglanna hefur ekki áður orðið vart í bæjunum þótt þeir hafi fundist í höfuðborginni. Spár um fjölgun sniglanna í sumar virðast því vera að rætast.

Á vef Náttúrufræðistofnunar kemur fram að spánarsniglanna hafi lítið orðið vart fyrri hluta sumars sökum þurrka. Þeir hafi svo orðið meira áberandi í haustrigningunni.

Einn snigill fannst raunar á Hofsósi í sumar. Hann mun ættaður frá Hollandi og barst til bæjarins með kálhöfði. - bj

SKIPULAGSMÁL

Tengt fyrir sjónvarpi í Ölfusi

Mikið mun vera um það í Ölfusinu án samþykkis skipulags- og byggingarnefndar. Skipulagsfulltrúinn hefur því ákveðið að skoða möguleika á tengingum fyrir sjónvarpsstöðvar þannig að ekki þurfi að setja móttökudiska utan á hús.

LÖGREGLUFRÉTTIR

Pallbíll brann

Pallbíll stórskemmdist í eldi fyrir utan íbúðarhús við Þverás í Reykjavík í fyrrinótt. Slökkviliðið var tuttugu mínútur að slökkva eldinn. Nálægur bíll skemmdist líka af eldinum. Eldsupptök eru ókunn.

VEÐURSPÁ

Soffía Sveinsdóttir Veðurfréttamaður

VÆTUTÍÐ Í dag verða skúrir víðs vegar vestan til en austanlands verður bjart og fallegt veður að mestu. Aðfaranótt sunnudags dregur til tíðinda. Þá kemur kröpp lægð upp að sunnanverðu landinu með tilheyrandi vætu og vindi.



HEIMURINN

Alicante	28°
Basel	21°
Berlín	23°
Billund	20°
Eindhoven	23°
Frankfurt	25°
Friedrichshafen	21°
Gautaborg	19°
Kaupmannahöfn	19°
Las Palmas	24°
London	24°
Mallorca	26°
New York	23°
Orlando	32°
Ósló	18°
París	23°
San Francisco	24°
Stokkhólmur	18°

Vindhraði er í m/s.
Hitastig eru í °C.
Gildistími korta er um hádegi.

NÝTT KORTATÍMABIL

KAUP HLAUP

16.-21. september

MUNDU EFTIR SPARNAÐARHEFTINU!

Skoðaðu sparnaðarheftið á www.smaralind.is

Í sparnaðarheftinu finnur þú ávísanir á frábær kaup á nýjum haustvörum, auk tilboða á ýmsum vörum og veitingum sem gleðja alla fjölskylduna.
Gerðu betri kaup á Kauphlaupinu í Smáralind!

Opið til kl. 18 í dag

SMÁRALIND – BETRI LEIÐ TIL AÐ VERSLA
Verslanir opnar: mán-mið 11-19, fim 11-21, fös 11-19
lau 11-18 og sun 13-18 / www.smaralind.is / 528 8000

Smáralind

ENNEMM / SÍA / NM39072

KJÖRKASSINN



Myndir þú vilja að aðrir leiddu ríkisstjórn Íslands en Jóhanna Sigurðardóttir og Steingrímur J. Sigfússon?

JÁ	61,4%
NEI	38,6%

SPURNING DAGSINS Í DAG:

Ert þú ánægð(ur) með þjónustu íslenskra flugfélaga?

Segðu skoðun þína á visir.is

Bæjarfulltrúar Álftaneslistans vefengja stöðu fyrri félaga vegna trúnaðarstarfa:

Telja bæjarráðsformann án umboðs

SVEITARSTJÓRNIR Bæjarfulltrúar Álftaneslistans vilja að Margrét Jónsdóttir segi af sér sem formaður bæjarráðs.

Margrét sagði í sumar skilið við félaga sína í bæjarstjórnarhópi Á-listans og er nú óháð. Í samvinnu við bæjarfulltrúa Sjálfstæðisflokks samþykkti Margrét að segja Sigurði Magnússyni af Á-listanum upp störfum sem bæjarstjóri.

Á bæjarráðsfundi á fimmtudag átöldu fyrrum félagar Margrétar hana fyrir að leiða fulltrúa Sjálfstæðisflokksins til valda. „Ljóst er að Margrét Jónsdóttir er gengin í eina sæng með Guðmundi G. Gunnarssyni og félögum," sögðu fulltrúar Á-listans og bæta því við að Margrét sé skuldbundin þeim íbúum sem veittu henni brautargengi á vegum Álftaneshreyfingarinnar og til að standa vörð um málefni sem hreyfingin standi fyrir.

ÁLFTANES Margrét Jónsdóttir hafnar fullyrðingum fyrrum félaga um að hana skorti umboð sem formaður bæjarráðs. FRÉTTABLAÐIÐ/VILHELM

„Jafnframt skal vakin athygli á því að Margrét Jónsdóttir hefur verið umboðslaus frá 27. júlí 2009 í öllum þeim embættum sem hún situr í kosin af Á-lista, meðal annars sem formaður bæjarráðs og þarf hún því að segja af sér þessum embættum," sögðu þau Kristín Fjóla Bergþórsdóttir og Sigurður Magnússon.

Þessu hafnaði Margrét í bókun á bæjarráðsfundinum. „Ég sit í öllum tilfellum í umboði bæjarstjórnar og á meðan bæjarstjórn breytir ekki því umboði stendur það. Ég vísa því á bug þessum orðum fulltrúa Á-lista og tel þau ekki svara verð." - gar

Ársuppgjör Magma Energy:

Tap rúmar 500 milljónir króna

VIÐSKIPTI Tap Magma Energy nam tæpum 4,5 milljónum dollara, sem jafngildir rúmlega 500 milljónum króna, á síðasta rekstrarári félagsins. Rekstrarárið nær frá miðju ári í fyrra fram á mitt árið í ár.

Af þessu tapi féllu tæplega 1,9 milljónir dollara til á síðasta ársfjórðungi rekstrarársins.

Ross Beaty, formaður Magma, er þó brattur í tilkynningu um uppgjörið sem sent var kauphöllinni í Toronto í vikunni. Hann segir að tekist hafi að afla 130 milljóna dollara í nýju fjármagni og 110 milljóna dollara með hlutafjáraukningu.

Rannsókn í Búlgaríu:

Sömu lottótölur tvær vikur í röð

BÚLGARÍA Búlgörsk stjórnvöld hafa hleypt af stokkunum rannsókn vegna ótrúlegs atviks sem átti sér stað í ríkislottói landsins á dögunum. Þá voru dregnar út tölurnar 4, 15, 23, 24, 35 og 42, sem væri ekki í frásögur færandi nema fyrir þá staðreynd að nákvæmlega sömu tölur komu upp úr kassanum í drættinum í vikunni á undan.

AP-fréttastofan hefur eftir stærðfræðingum að líkurnar á því að sömu tölur komi upp tvisvar í röð séu einn á móti fjórum milljónum.

SKIPULAGSMÁL

Ingólfstorg til skipulagsráðs

Skipulagsfulltrúi hefur vísað fyrirhuguðum breytingum við sunnanvert Ingólfstorg til skipulagsráðs. Gríðarlegur fjöldi mótmæla barst vegna áformanna sem meðal annars fela í sér minnkun torgsins og niðurrif salarins sem hýsir skemmtistaðinn Nasa.

ÞÝSKALAND

Sumir sakna múrsins

Sjöundi hver Þjóðverji vill gjarnan að Berlínarmúrinn verði reistur á ný samkvæmt könnun tímaritsins Stern. Þessi hópur telur lífið hafa verið betra þegar Þýskalandi var skipt milli austurs og vesturs. Í nóvember verða tuttugu ár liðin frá falli múrsins.

Þríeykið yfirgefur Borgarahreyfinguna

Þingmenn Borgarahreyfingarinnar hafa stofnað Hreyfinguna, nýtt stjórnmálaafl. Segja ný lög Borgarahreyfingarinnar ganga í berhögg við stjórnarskrána. Ný stjórn Borgarahreyfingar hefur óskað eftir viðræðum við Þráin Bertelsson.

STJÓRNMÁL Þingmennirnir Birgitta Jónsdóttir, Margrét Tryggvadóttir og Þór Saari hafa yfirgefið Borgarahreyfinguna og komið sér saman um stofnun nýrrar hreyfingar, sem ber titilinn Hreyfingin – Samstaða um réttlæti og almannahag. Þinghópurinn tilkynnti þetta á blaðamannafundi í gær.

Þingmennirnir funduðu á fimmtudag með nýrri stjórn Borgarahreyfingarinnar, sem skipuð var í kjölfar landsfundar um síðustu helgi. Miklar deilur hafa geisað í hreyfingunni undanfarið. Þráinn Bertelsson, sem kjörinn var á þing fyrir hana í vor, sagði sig úr hreyfingunni í ágúst. „Það hefur verið klofningur innan Borgarahreyfingarinnar frá fyrsta degi eftir kosningar," segir Birgitta Jónsdóttir.

Á landsfundinum var samþykkt tillaga að nýjum lögum. Í samþykktum lögum er meðal annars opnað fyrir möguleikann á að Borgarahreyfingin bjóði fram í sveitarstjórnarkosningum næsta vor. Þinghópnum þáverandi hugnaðist ekki hin nýju lög og lét meðal annars hafa eftir sér að verið væri að breyta hreyfingunni í miðstýrðan flokk, þvert á upphaflega stefnu og tilgang. Nýju lögin snúist þess í stað um völd, refsingar og brottvikningu. „Þessi nýju lög ganga ekki upp og ganga í berhögg við stjórnarskrána," segir Þór Saari. Vaninn sé að stefnuskrá sé lögð í dóm kjósenda fyrir kosningar. Fásinna sé að ráðast í slíkar breytingar skömmu eftir kosningar, í skjóli atkvæða fárra félagsmanna.

Í yfirlýsingu hinnar nýstofnuðu Hreyfingar segir að markmiðið sé að fylgja upprunalegri stefnuskrá Borgarahreyfingarinnar á Alþingi. Stefnuskráin sé verkefnalisti, og þegar hann tæmist verði hreyfingin lögð niður eins og lofað var.

NÝTT AFL Forsvarsmenn Hreyfingarinnar á blaðamannafundinum á Thorvaldsen í gær. Margrét Tryggvadóttir er formaður stjórnar Hreyfingarinnar, en Birgitta Jónsdóttir og Þór Saari sitja ekki í stjórn. FRÉTTABLAÐIÐ/VILHELM

HLJÓTA AÐ VERA MIKIL VONBRIGÐI

„Það eru auðvitað heilmikil tíðindi að flokkur missi frá alla þingmenn svo stuttu eftir kosningar," segir Einar Mar Þórðarson stjórnmálafræðingur.

„Þetta hljóta að vera mikil vonbrigði fyrir þá sem hafa starfað innan hreyfingarinnar og ekki síst kjósendur hennar. Borgarahreyfingin hefur verið að mælast ágætlega í könnunum, jafnvel í og yfir kjörfylgi, þannig að framan af virtist fólk sátt við hreyfinguna," segir Einar mar.

Einar segir vert að velta fyrir sér framtíð hreyfinganna tveggja. „Nú á Borgarahreyfingin enga fulltrúa neins staðar, en eins og komið hefur fram gæti vel komið til þess að hreyfingin byði fram í sveitarstjórnarkosningum. Ég tel að Borgarahreyfingin verði ekki langlíf í íslenskum stjórnmálum og hið sama má segja um þessa nýju Hreyfingu, þótt hún komi til með að eiga þessa þingmenn á kjörtímabilinu," segir Einar Már Þórðarson. - kg

Spurð hvort þessi nýi ráðahagur skapi fjármálaflækjur milli hreyfinganna tveggja segir Margrét Tryggvadóttir svo ekki vera. „Lögum samkvæmt fær Borgarahreyfingin opinbert fé næstu fjögur árin, og við fáum ekki krónu af því," segir Margrét.

Aðspurður segist Þráinn Bertelsson ekki vera á leiðinni inn í Borgarahreyfinguna á ný í kjölfar brotthvarfs þingmannanna. „Þau hafa óskað eftir að ræða við mig um hvort ég vilji starfa með Borgarahreyfingunni og það er velkomið. Mér líst ljómandi vel á þetta fólk sem er komið í stjórn þar. En á þessari stundu er ég ekki á förum neitt," segir Þráinn.

kjartan@frettabladid.is

Ríkisstjórnarflokkarnir með minnihluta samkvæmt nýrri skoðanakönnun MMR:

Sjálfstæðisflokkurinn stærstur

KÖNNUN Sjálfstæðisflokkurinn er á ný stærsti stjórnmálaflokkurinn samkvæmt skoðanakönnun MMR. Flokkurinn mælist með 31,6 prósenta fylgi, en fékk 23,7 prósent í kosningum í apríl.

Samfylkingin hefur misst um fjórðung kjörfylgis síns samkvæmt könnuninni og mælist með 24,1 prósents fylgi, samanborið við 29,8 prósenta fylgi flokksins í kosningunum. Vinstri græn tapa um tveimur prósentustigum samkvæmt könnuninni, mælast með 19,8 prósent, en fengu 21,7 prósent í kosningunum í vor.

Ríkisstjórnarflokkarnir eru með samtals 43,9 prósenta fylgi, 7,6 prósentustigum undir kjörfylgi. Þegar spurt var um stuðning við ríkisstjórnina fékkst nákvæmlega sama tala, 43,9 prósent.

Framsóknarflokkurinn bætir við sig fylgi. Flokkurinn fengi stuðning 16,6 prósenta kjósenda yrði kosið nú, en fékk 14,8 prósenta fylgi í þingkosningunum. Borgarahreyfingin myndi þurrkast út eftir stuttan feril yrðu niðurstöður kosninga í takt við könnun MMR. Flokkurinn mælist með 3,1 prósents fylgi, en fékk 7,2 prósent í kosningunum.

Könnunin var gerð 9. til 14. september í gegnum síma og Netið. Þátttakendur voru 909. Spurt var: Ef kosið yrði til Alþingis í dag, hvaða flokk myndir þú líklegast kjósa? Svarhlutfallið var 64,8 prósent. - bj

Fylgi stjórnmálaflokkanna

Skoðanakönnun MMR
9.-14. september 2009 - fylgi (%)



jakkaföt *í september*

Þú kaupir þér Armani eða Joop! jakkaföt og færð Stenström skyrtur að eigin vali í kaupbæti

Með hverjum
ARMANI jakkafötum
fylgja 2 Stenström skyrtur

Með hverjum
JOOP! jakkafötum
fylgir 1 Stenström skyrta

bankastræti 7 101 reykjavík sími 551 3470

sævar karl. *reykjavík*

Útboð

Fimleikasalur Fjölnis í Austurhúsi Egilshallar.
Innanhúss frágangur.

Rekstrarfélagið Fossaleyni 1 óskar eftir tilboðum í að breyta nýrri geymsluaðstöðu í austurhúsi Egilshallar í fimleikasal fyrir Ungmennafélagið Fjölni.
Lauslegt yfirlit yfir verkið.

Um er að ræða að endurinnrétta 426 m2 lagerrými við austurgafl knatthúss Egilshallar. Umrætt rými var hluti af stækkun á geymslusvæði Egilshallar, framkvæmt 2008. Rýmið verður innréttað sem viðbótar æfingasalur fyrir fimleikadeild Fjölnis, en þeir hafa auk þessa til afnota í dag sal í suðurhúsi Egilshallar. Í megindráttum verður rýmið standsett sem opinn fimleikasalur með færanlegri uppstillingu dýna, áhalda og hlaupabrauta. Þó þarf að opna og innrétta aðkomuleið í gegn um undirbúningseldhús í austurgafli Knatthúss. Því til viðbótar þarf að útbúa snyrtingu og ræstingu í sal. Á millipalli þarf að skaffa nýja loftræsti samstæðu fyrir sal. Á millipall og veggi þarf að leggja hljóðísogsplötur vegna hljóðvistar. Að lokum þarf að snyrta allt og mála. Húsnæði skal skila tilbúnu fyrir fimleikaáhöld og dýnur.

Útboðsgögn verða afhent að Reykjavíkurvegi 74, 2.hæð, Hafnafirði (Gengið inn aftanfrá) frá kl. 13.00 mánudaginn 21 september. Tilboðum skal skilað á sama stað fimmtudaginn 1.október 2009 eigi síðar en kl. 14:00.
Til að verktakar geti betur gert sér grein fyrir umfangi verks verður kynningafundur á staðnum miðvikudaginn 23. september kl.13.00 við inngang Egilshallar.

Óskað er eftir að verktaki taki að sér fyrir fasta upphæð að fullklára verk fyrir 1.desember 2009.

Nánari upplýsingar gefur :
Haraldur L. Haraldsson, framkvæmdastjóri,
netfang: haraldur.L.haraldsson@gmail.com, sími: 893-5218

Hagkaups sloppurinn *kominn aftur!*

50 ára HAGKAUP 1959-2009

HAGKAUPS SLOPPURINN **3.999** kr.

...fyrir íslendinga í 50 ár!

Mest selda íslenska hönnunin!

Árið 1964 hófst framleiðsla á Hagkaups sloppnum vinsæla.

Hann er án efa mest selda íslenska hönnunin og seldust hátt á annað hundrað þúsund sloppar.

Í tilefni 50 ára afmælis Hagkaups er Hagkaups sloppurinn nú fáanlegur aftur.

íslensk hönnun

Gildir til 20. september eða á meðan birgðir endast.

50 ára HAGKAUP *fyrir íslendinga í 50 ár*

VEISTU SVARIÐ?



1 *Hvað heitir formaður rannsóknarnefndar Alþingis?*

2 *Hverju stal kona á Selfossi og hlaut tveggja mánaða skilorðsbundið fangelsi fyrir?*

3 *Hvaða útvarpskona brákaðist á ökkla er hún féll af vespu?*

SVÖRIN ERU Á SÍÐU 62

Nauðungarsölubeiðnum hjá sýslumönnum fjölgar um fjórðung á fyrri hluta árs:

Tæplega 2.000 beiðnir teknar fyrir

EFNAHAGSMÁL Fyrirtökum nauðungarsölubeiðna einstaklinga hjá sýslumönnum fjölgaði um tæplega 25 prósent á fyrri hluta árs samanborið við sama tímabil í fyrra, samkvæmt upplýsingum frá dómsmálaráðuneytinu.

Sýslumenn tóku fyrir samtals 1.841 nauðungarsölubeiðni vegna einstaklinga á fyrstu sex mánuðum ársins, samanborið við 1.479 talsins fyrstu sex mánuðina í fyrra.

Þá bárust sýslumannsembættum landsins 840 beiðnir um nauðungarsölu hjá lögaðilum, tæplega 39 prósentum fleiri en á sama tíma í fyrra, þegar þær voru 606 talsins. Gjaldþrotum einstaklinga fækkaði, voru 55 samanborið við 93 á fyrstu sex mánuðunum í fyrra.

Ása Ólafsdóttir, aðstoðarmaður dómsmálaráðherra, segir að samkvæmt samantekt frá sýslumannsembættum landsins hafi árangurslausu fjárnámi hjá einstaklingum fækkað. Á fyrri hluta ársins voru þau 4.359 talsins, en 4.504 árið 2008. Ekki fengust upplýsingar um fjölda mála hjá sýslumönnum síðustu tvo mánuði, en Ása segir unnið að því að safna þeim upplýsingum saman. - bj

GJALDÞROT Alls urðu 55 einstaklingar gjaldþrota á fyrri helmingi ársins, en 93 á sama tíma í fyrra. FRÉTTABLAÐIÐ/GVA

Hótel við Karíbahaf:

Bjóða afslátt fyrir getnað

FERÐAÞJÓNUSTA Hótelið Westin Resort á eyjunni Arúba í Karíbahafinu býður gestum sem dvelja á hótelinu afslátt af gistingu ef þeir geta barn meðan á dvöl þeirra á hótelinu stendur.

Tilboðið sem stjórnendur þar bjóða gestum hljóðar þannig að geti þeir sýnt fram á að þeir hafi getið barn meðan á dvöl þeirra á hótelinu stóð, fái þeir afslátt sem nemur allt að 36 þúsund íslenskum krónum næst þegar þeir dvelja á hótelinu. Það þarf að sýna vottorð frá lækni um að barnið hafi komið undir þegar dvalið var á hótelinu, er haft eftir talsmanni hótelsins í Daily Telegraph. - jhh

GRÍMSBÆR Eigandi nýs pitsustaðar vill vínveitingaleyfi til ellefu á kvöldin.

Pitsustaður í Fossvogi:

Íbúar andvígir vínveitingum

SKIPULAGSMÁL Fjöldi íbúa í nágrenni við verslunarmiðstöðina Grímsbæ í Fossvogi hefur mótmælt því að nýjum pitsustað þar í húsinu verði heimilt að vera með vínveitingar.

Samkvæmt umsókn Ellerts Á. Ingmundarsonar leikara, sem á pitsutaðinn Eldofninn í Grímsbæ og býr sjálfur í Fossvoginum, er óskað eftir vínveitingaleyfi til klukkan ellefu á kvöldin. Samtals 62 íbúar í Efstalandi og Gautlandi, sem eru næstu íbúagötur við Grímsbæ, segjast alfarið andvígir því að leyfið verði veitt. Slíkur vínveitingastaður eigi alls ekki heima í verslunar- og þjónustumiðstöð hverfisins. Málið er nú komið til skipulagsráðs. - gar

Þúsundir fóru í kröfugöngu í Teheran gegn forseta Írans

Tugþúsundir stjórnarandstæðinga gengu um götur Teherans í gær. Lögregla beitti kylfum og táragasi gegn mótmælendum, sem köstuðu grjóti á móti. Þetta voru fyrstu fjölmennu mótmælin í landinu frá því í júlí.

ÍRAN, AP Tvær kröfugöngur fóru fram í Teheran, höfuðborg Írans, í gær og tóku tugir þúsunda þátt í þeim. Fólki úr kröfugöngunum laust saman og barðist einnig við óeirðalögreglu.

Önnur gangan var hefðbundin ganga sem farin er í lok Ramadam-föstunnar í Íran til stuðnings Palestínumönnum, og beindist hún gegn Ísrael. Stuðningsmenn Mirs Hosseins Mousavi, sem bauð sig fram í forsetakosningunum í Íran í júní, fóru í aðra göngu þar sem framgöngu stjórnvalda í Íran var mótmælt.

Þetta eru fyrstu fjöldamótmæli stjórnarandstæðinga í Íran frá því um miðjan júlí, þegar mótmælaalda vegna meintra kosningasvika Mahmouds Ahmadinejad, forseta Írans, leið undir lok.

Æðsti leiðtogi Írans, Ayatollah Ali Khamenei, varaði stjórnarandstæðinga við því að nota gærdaginn til að mótmæla. Tugir þúsunda mótmælenda með græna klúta eða sjöl virtu skipanir hans að vettugi. Meðal mótmælenda voru konur sem fóru í mótmælagönguna með börnum sínum.

Sjónarvottar segja harðlínumenn hafa reynt að ráðast gegn Mousavi þegar hann tók þátt í göngunni. Stuðningsmenn hans komu honum undan í bíl, og héldu harðlínumönnunum frá honum.

Til átaka kom milli óeirðasveita lögreglu og stjórnarandstæðinga á einu af stærstu torgum Teherans. Lögreglumenn beittu táragasi og kylfum gegn mótmælendum, sem hentu grjóti, mársteinum og öðru lauslegu að lögreglunni.

Í það minnsta tíu mótmælendur voru handteknir af óeinkennisklæddum starfsmönnum öryggislögreglunnar, að sögn sjónarvotta.

Stjórnarandstæðingar halda því fram að Mahmoud Ahmadinejad, forseti Írans, hafi svindlað í kosningunum í júní, og að Mousavi sé réttkjörinn forseti Íran. Því hafa stjórnvöld í landinu ítrekað hafnað.

brjann@frettabladid.is

MÓTMÆLI Stuðningsmenn Mirs Hosseins Mousavi, sem bauð sig fram í forsetakosningunum í Íran í júní, báru græna borða og sjöl til að sýna stuðning sinn. FRÉTTABLAÐIÐ/AP

Segir álagsprófið ekki hafa vera heilbrigðisvottorð:

AGS taldi álagspróf eftirlitsins strangt

EFNAHAGSMÁL Ýmsir aðilar sem fjölluðu um íslenska bankakerfið, meðal annars Alþjóðagjaldeyrissjóðurinn, töldu álagspróf Fjármálaeftirlitsins (FME) strangt. Þetta segir Jónas Fr. Jónsson, fyrrverandi forstjóri FME, um það að rannsóknarnefnd Alþingis hafi álagsprófin nú til skoðunar.

Sagt var frá því í Fréttablaðinu í gær að danski ríkisendurskoðandinn væri á leið til landsins til að kynna rannsóknarnefndinni skýrslu sem nota ætti til grundvallar málsókn á hendur danska fjármálaeftirlitinu vegna aðgerðaleysis þess í aðdraganda falls Hróarskeldubanka.

Jónas var forstjóri FME árin fyrir hrunið. Hann segir álagsprófin ekki vera heilbrigðisvottorð fyrir bankana heldur aðferð við að prófa hvernig bankar standist tiltekin áföll. Með prófinu sem hefur verið í umræðunni og var gert skömmu fyrir hrunið í fyrra hafi áhrif tiltekinna áfalla á eiginfjárstöðu bankanna verið könnuð og það hafi byggt á opinberum reglum.

Álagsprófið hafi hins vegar ekki prófað lausafjárstöðu, en það hafi fyrst og fremst verið frost á lausafjármörkuðum sem orsakaði hrunið. Nú séu fjármálayfirvöld og bankar um allan heim að endurskoða regluverk sitt, meðal annars með tilliti til þessa.

Jónas bendir að síðustu á að óháður erlendur fagaðili hafi skilað úttekt á framkvæmd eftirlits á Íslandi í mars og að niðurstaðan hafi almennt verið jákvæð í garð FME. - sh

JÓNAS FR. JÓNSSON Segir óháðan erlendan fagaðila hafa gefið FME almennt jákvæða umsögn. FRÉTTABLAÐIÐ/GVA

DÝRADAGAR Í GARÐHEIMUM

Kattasýning á vegum KYNJAKATTA frá kl. 12 til 17 laugardag og sunnudag

- Dýralæknir til skrafs og ráðagerða
- Dýravörukynningar og tilboð
- Lukkupottur með veglegum vinningum

KYNNING Á ÚRVALS KATTAFÓÐRI FRÁ:

ROYAL CANIN · Hill's · Eukanuba

Hefur þú kíkt á heimasíðuna okkar www.gardheimar.is - Námskeiðin eru hafin!

GARÐHEIMAR

heimur skemmtilegra hluta og hugmynda

Stekkjarbakka 6 - Sími 540 3300 - www.gardheimar.is

GRÍMA Túrkís-gríma sem sýna á Tlaloc, regnguð Azteka, er nú til sýnis í British Museum í London. Gríman er talin 500-650 ára gömul. NORDICPHOTOS/AFP

Um 700.000 krónur söfnuðust fyrir fiskabúri í anddyri Vesturbæjarlaugar:

Búrið verði jólagjöfin í ár

SÖFNUN „Við stefnum ótrauð á að fiskabúrið verði jólagjöfin í ár. Það vantar enn herslumuninn en við vonum að þetta gangi, og ætlum að láta þetta ganga," segir Einar Gunnar Guðmundsson, meðlimur í Mími, vináttufélagi Vesturbæjar. Söfnun fyrir nýju fiskabúri í anddyri Vesturbæjarlaugar, sem félagið hefur staðið fyrir undanfarið, lauk formlega í vikunni. Alls söfnuðust um 700.000 krónur.

Félaginu þykir mikill sjónarsviptir að fiskabúri sem tekið var niður úr anddyri laugarinnar árið 1985. Einar segir söfnunina hafa náð langt upp í markmiðið sem haft var að leiðarljósi í upphafi, en stefnan var að safna einni milljón króna. „Við erum mjög sátt. Enn höfum við ekki leitað til neinna fyrirtækja, en höfum í hyggju að hafa samband við nokkur valin fyrirtæki í Vesturbænum."



VESTURBÆJARLAUG Einar Gunnar, sem hér sést ásamt Hlyni, syni sínum, í anddyri laugarinnar, er sáttur við árangur söfnunarinnar. FRÉTTABLAÐIÐ/ARNÞÓR

Að sögn Einars er næsta skref að hefja vinnu með arkitekt laugarinnar, í samvinnu við þá sem veita henni forstöðu. „ÍTR hefur samþykkt að taka við rekstri fiskabúrsins eftir að við afhendum lauginni það. Sá rekstur ætti ekki að kosta nema um 10 til 15.000 krónur á mánuði. Vonandi verður þetta til að auka enn frekar aðsókn að lauginni," segir Einar og bendir þeim sem áhuga hafa á verkefninu á Facebook-síðu söfnunarinnar, sem ber titilinn Fiskabúr í anddyri Vesturbæjarlaugar. Þar sé allar upplýsingar að finna. - kg

Hjólað víða um borgina:

Hjóladagur fjölskyldunnar

ÚTIVIST Hjóladagur fjölskyldunnar verður haldinn í dag.

Í tilkynningu frá umhverfis- og samgöngusviði Reykjavíkurborgar segir að þátttakendur muni hittast á völdum áfangastöðum þar sem reyndir hjólreiðamenn taka á móti þeim og fylgja hópunum í Nauthólsvík. Borgarstjóri og bæjarstjórar á höfuðborgarsvæðinu hittast á reiðhjólum í Nauthólsvík og hjóla ásamt hópnum í Ráðhúsið þar sem boðið verður upp á hressingu. Hjóladeginum lýkur í Ráðhúsinu þar sem fylgst verður með Tjarnarsprettinum þar sem hjólaðir eru 15 hringir í kringum Tjörnina. - kg

Endurreisn

Sóknarfæri og samkeppnishæfni

Hilton Reykjavík Nordica

Föstudaginn 25. september kl. 09:00 – 11:30

20/20 Sóknaráætlun er ætlað að leggja grunn að nýrri sókn í íslensku atvinnulífi og samfélagi. Liður í því er að huga að lykilþáttum sem aukið geta samkeppnishæfni landsins.

Á morgunfundinum *Endurreisn: Sóknarfæri og samkeppnishæfni* mun *Irene Mia* hagfræðingur og framkvæmdastjóri hjá Alþjóðaefnahagsráðinu (*World Economic Forum*) og einn skýrsluhöfunda *The Global Competitiveness Report 2009 - 2010* fjalla um samkeppnishæfni Íslands.

Dagskrá

- *Ávarp* - ***Jóhanna Sigurðardóttir*** forsætisráðherra
- *20/20 Sóknaráætlun* - ***Katrín Jakobsdóttir*** menntamálaráðherra
- *Assessing Iceland's competitiveness in times of crisis: the findings of the Global Competitiveness Index 2009-2010* - ***Irene Mia*** hagfræðingur og framkvæmdastjóri WEF
- *Hvernig mætti efla samkeppnishæfnina?* - ***Runólfur Smári Steinþórsson*** prófessor við viðskiptafræðideild Háskóla Íslands
- *Áskorun atvinnulífsins* - ***Hörður Arnarson*** forstjóri Sjóvár

Fundarstjóri: *Þorsteinn Ingi Sigfússon* forstjóri Nýsköpunarmiðstöðvar Íslands

Þátttökugjald: *1.100 kr.* Skráning á *nmi@nmi.is*

Nýsköpunarmiðstöð Íslands

20/20 SÓKNARÁÆTLUN

HÁSKÓLI ÍSLANDS

Jóhanna Sigurðardóttir

Katrín Jakobsdóttir

Irene Mia

Runólfur S. Steinþórsson

Hörður Arnarson



KRÖFTUG HOLA Mannvit byggir á reynslu og hugviti sem fyrirtækið hefur aflað um áratuga skeið. FRÉTTABLAÐIÐ/GVA

Mannvit annast jarðnýtingarverkefni í Ungverjalandi:

Munu hita upp allt að 70.000 heimili

ORKUMÁL Verkfræðistofan Mannvit hefur lokið við að bora fyrstu af 50 til 70 borholum vegna jarðhitanýtingar í Ungverjalandi. Mannvit starfar með ungverska einkafyrirtækinu PannErgy sem áætlar framleiðslu á grænni orku til húshitunar á um 70 þúsund heimilum víðs vegar um landið.

PannErgy hefur gert samstarfssamning við um þrjátíu sveitarfélög og stofnað með þeim sameiginleg félög um rekstur hitaveitna. Að auki er stefnt að framleiðslu rafmagns með jarðvarma. Áætlaðar heildarfjárfestingar PannErgy á þessu sviði nema á bilinu 350 til 500 milljóna evra.

Lokið var við að bora fyrstu holuna í bænum Szentlörinc í suðvesturhluta Ungverjalands í síðustu viku. Holan er 1.820 metra djúp og fyrstu prófanir og mælingar á eiginleikum borholunnar gefa til kynna góðan árangur.

Að sögn Sigurðar Lárusar Hólm, verkefnisstjóra á skrifstofu Mannvits í Búdapest (Mannvit kft.), er þetta í fyrsta skipti sem borað er niður í jarðlög á tveggja kílómetra dýpi í Ungverjalandi, þar sem markmiðið er að vinna heitt vatn til húshitunar og er byggt á reynslu Íslendinga í nýtingu jarðhita.

Auk þess að sinna verkefnum í Ungverjalandi þjónustar Mannvit verkefni í Þýskalandi, Slóvakíu, Slóveníu, Bosníu-Hersegóvínu, Rúmeníu, Grikklandi og Tyrklandi.

- shá

BRAGI

Parka

Verð: 38.800 kr.

Hlý og vatnsfráhrindandi.

ANDVARI

húfa

Verð: 3.900 kr.

Handprjónuð húfa úr 100% Merino ull.

ANDVARI

derhúfa

Verð: 4.800 kr.

Handprjónuð derhúfa úr 100% Merino ull.

TAX FREE

STÆRSTA OUTLET LANDSINS

MERKJA OUTLET

KORPUTORGI

Reebok · VIKING · Brandtex · Tamaris · ICHI · hummel · DIDRIKSONS 1913 · arena · RUGBY JEANS CO. · ZARA

Dömufatnaður
•
Herrafatnaður
•
Barnafatnaður
•
Íþróttafatnaður
•
Sundfatnaður
•
Töskur
•
Skór

T-bolir
Ýmsir litir
695 kr.

Barnalúffur
995 kr.

Rucanor
Íþróttataska
2.495 kr.

Hummel
Íþróttabuxur fyrir dömur
4.995 kr.

Íþróttaskór
Svartir (36-46)
4.995 kr.

Helly Hansen
Regngallar fyrir börn
5.999 kr.

Arena
Sundbolir
2.995 kr.

Pony
Strigaskór fyrir dömur
3.995 kr.

Dömustígvél
Svört (36-41)
3.995 kr.

Tamaris
Leðurstígvél
7.995 kr.

Opið alla daga frá 12 til 18 - Sími 578 9400

skoðun

greinar@frettabladid.is

Forðast ber öfgastefnur við endurreisnina:

Hvítt og svart – hægri og vinstri

ÞORKELL SIGURLAUGSSON SKRIFAR

Um þessar mundir fer fram mikil umræða, bókaskrif og uppgjör við ýmsar stefnur og strauma til hægri og vinstri; kapítalisma og kommúnisma. Svartbækur og hvítbækur líta dagsins ljós og það er eins og kreppan hafi leyst úr læðingi opinskáa umfjöllun um öfgastefnur í stjórnmálum og efnahagsmálum.

Svartbók kommúnismans, sem Hannes Hólmsteinn Gissurarson hefur þýtt á íslensku, lýsir því vel hvers konar hörmungar kommúnisminn leiddi yfir margar þjóðir heims þar sem tugmilljónir manna voru drepnar. Það var orðið tímabært að þýða þessa bók sem nokkrir franskir fræðimenn skrifuðu og kom út árið 1997. Þakka ber Hannesi fyrir það framtak. Það er undarlegt, þegar maður kynnir sér þetta betur, hve margir hafa verið ófeimnir við að játast undir trú kommúnismans og viðurkenna stuðning við hann, en nánast enginn vill láta stimpla sig sem nasista. Flokka má báðar þessar stefnur sem hryðjuverk og leiðtoga þeirra sem hryðjuverkamenn í anda Al Kaída, reyndar verri hryðjuverkamenn, a.m.k. á mælikvarða fjölda þeirra sem voru myrtir.

Hvíta bókin eftir Einar Má Guðmundsson fjallar um atburði sem standa okkur nær þar sem reynt er að gera kapítalismann eða frjálshyggjuna að holdgervingi alls hins illa í stjórnmálum og efnahagsmálum. Afar vel skrifuð bók og skemmtileg, en efnahagshrunið er ekki kapítalismanum að kenna. Efnahagshrunið er fífldirfsku örfárra manna að kenna, eftirlitsleysi eftirlitsstofnana og sofandahætti og ráðleysi stjórnvalda. Ef finna á einhverja samlíkingu þá dettur engum í hug að banna bíla af því að það verða bílslys, en ef við hefðum enga ökukennslu, engar umferðarreglur, enga reglulega bílaskoðun, ekkert umferðareftirlit og engar sektir fyrir umferðarlagabrot þá væri voðinn vís. Vissulega voru ýmsir þeirrar skoðunar að kapítalisminn og markaðshagkerfið þyrfti lítið eftirlit og engar kröfur um hæfni stjórnarmanna, en vonandi eru þær raddir þagnaðar.

Nú er tækifæri að endurhugsa okkar þjóðfélag og þau gildi og áherslur sem við viljum starfa eftir til að bæta okkar lífskjör. Það verður ekki mælt einvörðungu á gamaldags mælikvörðum hagvaxtar og þjóðartekna. Það þarf að taka inn nýja mælikvarða svo sem lífsgæði, siðferði, sjálfbærni og annað sem snýr að öðru en peningum og framleiðslu. Þar mun kommúnismi, nasismi eða aðrar öfgastefnur ekki hjálpa okkur. Það þarf nýja hugsun og ný gildi sem leiða okkur inn á rétta braut. Það er að koma betur og betur í ljós að meðalhófið og það að forðast svart og hvítt og öfgar til hægri og vinstri er farsælasta leiðin til að byggja upp hagkerfi þar sem hagsæld og hamingja haldast í hendur. Við vorum á góðri leið með að byggja upp slíkt þjóðfélag á síðari helmingi síðustu aldar og þannig þjóðfélag þurfum við að endurheimta í enn betri mynd á komandi árum og áratugum. Þannig getum við komist aftur í fremstu röð þjóða heims.

FRÉTTABLAÐIÐ

ÚTGÁFUFÉLAG: 365 miðlar ehf. **STJÓRNARFORMAÐUR:** Ingibjörg S. Pálmadóttir **FORSTJÓRI OG ÚTGÁFUSTJÓRI:** Ari Edwald **RITSTJÓRI:** Jón Kaldal *jk@frettabladid.is* **AÐSTOÐARRITSTJÓRI:** Steinunn Stefánsdóttir *steinunn@frettabladid.is*
Fréttablaðið kemur út í 90.000 eintökum og er dreift ókeypis á heimili á höfuðborgarsvæðinu og Akureyri. Einnig er hægt að fá blaðið í völdum verslunum á landsbyggðinni. Fréttablaðið áskilur sér rétt til að birta allt efni blaðsins í stafrænu formi og í gagnabönkum án endurgjalds. Issn 1670-3871

AF KÖGUNARHÓLI ÞORSTEINS PÁLSSONAR

Vísbending um einangrunarhyggju

Fyrsta skoðanakönnun eftir umsókn Íslands um aðild að Evrópusambandinu sýnir afgerandi andstöðu þjóðarinnar við þau áform. Hún er um leið til marks um mikla neikvæða sveiflu. Á þessu stigi er erfitt að meta hvort hér eru á ferðinni skammtíma viðbrögð við ríkjandi aðstæðum eða varanleg breyting á viðhorfum.

ÞORSTEINN PÁLSSON

Flestir þeirra sem látið hafa álit sitt í ljós sýnast vera þeirrar skoðunar að Icesave-málið hafi kallað fram neikvæð viðhorf gagnvart Bretum, Hollendingum og Norðurlandaþjóðunum. Ugglaust er sitt hvað til í þessari kenningu. Andstæðingar aðildar hafa í þessu andrúmslofti séð tækifæri til að blása að glæðum tortryggni.

Ef þetta er helsta skýringin á breyttu viðhorfi fólks bendir það til að fremur sé um að ræða skammtíma sveiflu en viðhorfsbreytingu sem líkleg er til að vara. Við eigum skýr dæmi um hliðstæður úr stjórnmálasögunni. Á hápunktum í landhelgisdeilunum við Breta á sinni tíð jókst þunginn að baki kröfunni um úrsögn úr Atlantshafsbandalaginu og brottför varnarliðsins.

Á þeim tíma voru það fyrst og fremst forystumenn Sjálfstæðisflokksins, bæði í stjórn og stjórnarandstöðu, sem stóðu vörð um þá langtíma hagsmuni þjóðarinnar að eiga aðild að þeim samtökum lýðræðisþjóðanna í Evrópu sem þá voru öflugust. Tilhneiging til þjóðernislegrar einangrunarhyggju brotnaði á þeim öðrum fremur.

Á úrslitastundum í viðræðum um lausn á þeim deilum kom á daginn að það var aðild okkar að þessum samtökum sem veitti Íslandi þann styrk sem á þurfti að halda til að knýja fram ásættanlega niðurstöðu við samningaborðið. Utan samtaka hefði pólitísk staða Íslands verið veikari.

Það er þekkt fyrirbæri meðal annarra þjóða að milliríkjadeilur efla þjóðerniskennd og verða oft og tíðum vatn á myllu einangrunarsinna. Ísland er ekki óháð því lögmáli. En reynsla okkar og annarra er til vitnis um að slík viðbrögð eru ekki leiðin til farsælustu lausna í samskiptum þjóða.

Málefnakreppa fremur en fjölmiðlafælni

Forsætisráðherra sætti réttmætri gagnrýni í sumar fyrir að leita ekki pólitískra lausna á Icesave-málinu. Í kjölfarið hefur verið hvolft yfir ráðherrann ádrepum fyrir að koma ekki nógu oft fram í fjölmiðlum heima og erlendis. Um sumt eru þeir áfellisdómar ekki sanngjarnir. Umsóknin um aðild að Evrópusambandinu er gott dæmi.

Ísland er fyrsta landið sem sótt hefur um aðild þar sem forsætisráðherrann hefur ekki verið á fullri ferð í fjölmiðlum og fundum við að skýra fyrir fólkinu þau rök sem að baki liggja. Á þessu kunna hins vegar að vera dýpri skýringar en þær að forsætisráðherra skilji ekki hvað til hans friðar heyrir í þessu efni.

Ætli forsætisráðherrann að segja þjóðinni að aðildin sé rökrétt framhald á þeirri pólitísku stefnu sem mótuð var fyrir sex áratugum að skipa Íslandi í sveit sterkustu samtaka lýðræðisþjóða í Evrópu fær hann gagnrök fjármálaráðherrans í hausinn. Fjármálaráðherrann segir með réttu að um þá hluti hafi ríkisstjórnarflokkarnir aldrei sammælst.

Hugsi forsætisráðherra sér að skýra fyrir fólki til sjávar og sveita að með krónunni verði ekki unnt að tryggja atvinnufyrirtækjum og launafólki samkeppnishæfa mynt og viðunandi stöðugleika kemur fjármálaráðherrann umsvifalaust í bakið á honum. Fjármálaráðherrann segir sem satt er að um þau sjónarmið hafi stjórnarflokkarnir ekki komið sér saman og hans flokkur muni nota völd sín til að stefna þjóðinni í aðra átt.

Með öðrum orðum: Forsætisráðherrann hefur ekki pólitískt umboð til að rökstyðja aðildarumsóknina í nafni ríkisstjórnarinnar. Sennilega er hann því fremur í fjötrum málefnalegrar stjórnarkreppu en fjölmiðlafælni. Í þessu ljósi er ekki sanngjarnt að gagnrýna ráðherrann fyrir að tala of lítið. Á hinn bóginn ber hann ábyrgð á þessari málefnalegu stjórnarkreppu. Eðlilegt er að kalla eftir forystu af hans hálfu um að leysa hana.

Málsmeðferðarklípa

Ríkisstjórnin hefur kynnt forystumönnum þingflokka það sem hún kallar skilaboð frá ríkisstjórnum Bretlands og Hollands vegna Icesave-samninganna. Eftir stjórnarskránni er það ríkisstjórnin sem gerir samninga við önnur ríki.

Þegar í ljós kom að ríkisstjórnin hafði ekki meirihluta á Alþingi fyrir samningnum fól hún alþingismönnum að semja við sjálfa sig um ásættanlega lausn. Það tók heilt sumar. Ríkisstjórnin tók á endanum sjálf þátt í því á Alþingi að breyta einhliða með lögum samningi sem hún hafði gert við aðrar þjóðir.

Ljóst var að sú niðurstaða kallaði á nýja samningagerð. Þegar viðbrögð gagnaðilanna liggja fyrir bregður ríkisstjórnin á það ráð að gerast eins konar skilaboðaflytjandi milli Alþingis og ríkisstjórna Bretlands og Hollands. Það er gert til að draga athyglina frá þeirri staðreynd að hún hefur gert tvo mismunandi samninga, annars vegar við Breta og Hollendinga og hins vegar við Alþingi.

Ríkisstjórnin er með öðrum orðum búin að koma sér í þá stöðu að þurfa að svíkja samninga við meirihluta Alþingis ef hún ætlar að virða samninga sem hún sjálf gerði við Breta og Hollendinga. Hún kemst ekki með hreinan skjöld frá málinu fyrir þá sök að ekki var farið með málið eftir stjórnskipunarreglum. Spurningin er bara hvort hún svíkur Alþingi eða Breta og Hollendinga.

FRÉTTABLAÐIÐ Skaftahlíð 24, 105 Reykjavík **SÍMI:** 512 5000, *ritstjorn@frettabladid.is* **RÉTTASTJÓRAR:** Arndís Þorgeirsdóttir *arndis@frettabladid.is*, Kristján Hjálmarsson, *kristjan@frettabladid.is* Trausti Hafliðason *trausti@frettabladid.is* og Höskuldur Daði Magnússon (dægurmál) *hdm@frettabladid.is*
MENNING: Páll Baldvin Baldvinsson fulltrúi ritstjóra *pbb@frettabladid.is* **VIÐSKIPTARITSTJÓRI:** Óli Kr. Ármannsson *olikr@markadurinn.is* **HELGAREFNI:** Anna Margrét Björnsson *amb@frettabladid.is* og Sigríður Björg Tómasdóttir *sigridur@frettabladid.is* **ALLT OG SÉRBLÖÐ:** Roald Eyvindsson *roald@frettabladid.is* og Sólveig Gísladóttir *solveig@frettabladid.is* **ÍÞRÓTTIR:** Henry Birgir Gunnarsson *henry@frettabladid.is* **LJÓSMYNDIR:** Pjetur Sigurðsson *pjetur@frettabladid.is* **FRAMLEIÐSLUSTJÓRI:** Kolbrún Ingibergsdóttir *kolbrun@frettabladid.is*

A direct Elegant coli mattress

Tvískipt springdýna með sjálfstæðri pokafjöðrun og memory foam

Memory foam: Bregst við þyngd og hitastigi og lagar sig nákvæmlega að líkamanum þannig að hann hvílist eðlilega og nær góðri slökun. Þetta bætir m.a. blóðflæði og dregur úr þörfinni fyrir að snúa sér sem gerir það að verkum að maður sefur betur. Kírópraktorar mæla með efninu.

90x200: 159.800,- TILBOÐ 111.860,-
120X200: 198.800,- TILBOÐ 139.160,-
160X200: 224.800,- TILBOÐ 157.360,-
180X200: 249.800,- TILBOÐ 174.860,-

A direct Power bed

Rafmagnsbotn fáanlegur með springdýnu eða með memory foam dýnu

96x200: 179.800,- TILBOÐ 125.860,-

Opið virka daga 10-18, laugardaga 11-16.

HEIMA HÚSIÐ mood heima Ondvegi

Síðumúla 30 - 108 Reykjavík - Sími 568 4242 - www.heimahusid.is

Það eru alltaf tilboð í Kringlunni
og nú er auðveldara að finna þau!

Opið til 18 í dag

Kr

Kr

Finndu frábæran hlut
með svona miða og gerðu
óvenjulega góð kaup.

JÓNSSON & LE'MACKS • JL.IS • SÍA

Mán til mið 10–18.30, **fim** 10–21, **fös** 10–19, **lau** 10–18, **sun** 13–18 | Sími 517 9000 | www.kringlan.is

Kringlan

- 50%
af völdum gallabuxum
oasis

Pakkar af daglinsum
4 fyrir 3
augað

Öll hártæki frá
Babyliss og Remington
- 20-70%
byggtogbúið

Sony Full HD 40” LCD sjónvarp
Playstation 3 fylgir með
Sony Center

Hummel barnafatnaður
- 20%
ENGLABÖRNIN

Herrasokkar
- 20%
Sokkabúðin
cobra

Allur Bose búnaður
- 20%
Þriðja prenthylkið
- 50%
sense

- 30%
af völdum vörum
La SENZA

Frans Molenaar jakkaföt
áður 59.980
nú 34.980
herra GARÐURINN

Esprit dömufatnaður
- 20%
ÚTILÍF

Skartgripir
- 20%
KAREN MILLEN

Helena Rubinstein
- 30%
Lyf&heilsa

- 30%
af völdum vörum
BIANCO®

Allar yfirhafnir
- 20%
evans.

Rósa design bolir
- 20%
MÝRIN

Huffy barnahjól
- 20%
HAGKAUP

Tilboðin eru birt með fyrirvara um prentvillur og gildistími þeirra er ákvarðaður af viðkomandi verslun.

Nýtt kortatímabil

Komdu í heimsókn

Ólögmæt aðför að eignum skuldara

UMRÆÐAN
Örn Karlsson skrifar um verðtryggingu

ÖRN KARLSSON

Það er erfitt að hrekja þá fullyrðingu fjölmargra skuldara að eign í fasteign minnki iðulega eftir því sem lengur er greitt af verðtryggðum lánum sem á henni hvíla. Fólk hefur grunsemdir um að það sé maðkur í mysunni og upp vakna spurningar um eignarréttinn sem á að vera varinn af Stjórnarskrá.

Verðtrygging

Verðtrygging fjárskuldbindinga var innleidd með svokölluðum Ólafslögum árið 1979. Verðtryggingunni var ætlað það hlutverk að leiðrétta skekkju af völdum verðbólgu. Skekkjan fólst í því að veruleg tilfærsla eigna var til þeirra sem skulduðu frá þeim sem áttu sparifé eða veittu lán á vöxtum sem títt voru langt undir verðbólgunni, sem æddi áfram óbeislað. Við Ólafslögum tóku ný lög um vexti og verðtryggingu árið 2001. Sama meginforsenda er fyrir verðtryggingunni og áður, þ.e. að verja almennt sparifé og lánsfé landsmanna fyrir rýrnun af völdum innlendrar verðbólgu eins og segir í greinargerð með frumvarpinu. Samkvæmt lögunum er vísitala neysluverðs lögð til grundvallar mælingu á verðbólgu.

Verðbólga

Verðbólga er peningatengt fyrirbæri. Verðbólga gefur til kynna hvernig peningalegt virði eigna breytist yfir tíma, þ.e. hvernig kaupmáttur peninga breytist (minnkar). Að meginstofni á verðbólga sér því stað þegar peningar tapa verðgildi. Þessi skilgreining á verðbólgu er óumdeild og er verðtryggingunni ætlað það hlutverk að leiðrétta fyrir verðbólgu þannig að lántaki og lánveitandi séu jafnsettir yfir lánstímann. Jafnsettir að því leyti að ekki verði eignatilfærsla á milli þeirra önnur en markast af höfuðstól lánsins og vöxtum þess.

Vísitala neysluverðs

Vísitala neysluverðs telur allar verðbreytingar á öllum einingum sínum alltaf. Löggjafinn hefur metið það svo að þetta sé nægilega góð nálgun á verðbólgu til að hún dugi sem leiðréttingargrundvöllur í verðtryggingu.

Atvikshækkanir einstakra eininga

Alltaf gerist það jafnt og þétt að einstakar vörur hækka eða lækka í verði óháð kaupmætti peninga. Slíkar breytingar eiga ekkert skylt við verðbólgu og ættu eðli máls samkvæmt ekki að vera inn í verðtryggingargrunni. Lánveitandi fer almennt ekki fram á að lántaki verji hann fyrir því að ekki rigni í Brasilíu þannig að hann fái bætur ef kaffiverð hækkar þess vegna. Lánveitandi fer almennt ekki fram á að lántaki verji hann fyrir stríði í Miðausturlöndum þannig að hann fái bætur ef olíuverð hækkar þess vegna o.s.frv.

Verðtryggingunni er þvert á móti ætlað að tryggja hlutleysi og taka áhættu út úr lánaviðskiptum. Öll áhætta lánagjörninga á að endurspeglast í vaxtastigi lánsins en ekki í verðtryggingunni. Verðtryggingu er eingöngu ætlað að verja verðgildi þeirrar fjárhæðar sem er lánuð. Ef atviksbreyting á verði vöru fer inn í verðtryggingarvísitölu leiðir það til óumsaminnar eignatilfærslu. Gefum okkur að um veðlán sé að ræða. Ef lánveitandinn fær bætur vegna hækkunar á vöru og hækkunin er ótengd kaupmætti peninga þá hækkar höfuðstóll veðlánsins og hrein eign í fasteigninni rýrnar að sama skapi. Rýrnunin á sér stað vegna þess að fasteignin hækkaði ekki í verði til samræmis vegna þess að það var ekki verðbólguástand. Kaupmáttur peninga hélst óbreyttur.

Hamfarir

Atviksbreytingar eru jafnan litlar samanborið við verðbólgubreytingar og því hefur eflaust ekki þótt taka því að horfa til þeirra í verðtryggingargrunninum.

> Aðal meinið felst í því að vísitala neysluverðs er notuð óbrengluð til verðtryggingar. Vísitalan er ágæt til síns brúks: að miðla upplýsingum um breytingar á verði vöru og þjónustu, en hún er ósanngjarn og ólöglegur grunnur til verðtryggingar.

Og þess vegna hefur sennilega engan órað fyrir þeim stórkostlegu atvikshækkunum á tveimur liðum neysluverðsvísitölunnar með afleiðingum sem líkja má við hamfarir. Allt samband milli skuldara og lánveitenda brenglaðist á fjögurra ára tímabili frá miðju ári 2004 til ársbyrjunar 2008. Þessi brenglun hefur leitt til stórkostlegrar eignatilfærslu frá skuldurum til lánveitenda. Átt er við hækkun fasteignaverðs í kjölfar innkomu bankanna í ágúst 2004 ásamt hækkuðu lánshlutfalli Íbúðalánasjóðs í kjölfarið og hækkun olíuverðs á heimsmarkaði. Í hvorugu tilfellinu voru verðhækkanirnar afleiðing minnkandi verðgildi peninga og þar með verðbólgu. Húsnæðisverð vegur allt að 17% vísitölunnar og olía og bensín allt að 5%. Þegar þessir liðir margfaldast í verði verður stórhækkun á vísitölunni. Hér er ekki tekið með í reikninginn afleidda hækkun annarra liða í vísitölunni vegna áhrifa olíuverðs á verðmyndun þeirra.

Hafa ber í huga í þessari umræðu að gengisvísitala íslensku krónunnar var mjög stöðug allt tímabilið sem þýðir að kaupmáttur íslensku krónunnar hélst stöðugur. Grunnforsenda fyrir verðbólgu var því svo gott sem ekki til staðar allt tímabilið. Höfum jafnframt í huga að verulega stór hluti neysluvara á íslenskum markaði er innfluttur og því er gengi íslensku krónunnar góður mælikvarði á forsendur verðbólgu.

Það er því hægt að halda því fram að hækkun húsnæðisverðs og olíu og bensíns á íslenskum markaði hafi fyrst og fremst verið atvikshækkun og því hverfandi líkur á að hækkanir þessar stafi af verðbólgu, þ.e. að peningar hafi tapað verðgildi.

Í því orsakasamhengi sem hér er fjallað um getur vara hækkað í verði af þremur ástæðum.

Vara getur hækkað í verði vegna þess að kaupmáttur peninga rýrnar (verðbólguhækkun) og fylgja þá jafnan aðrar vörur og þjónusta með. Í öðru lagi getur vara hækkað í verði þrátt fyrir að kaupmáttur peninga helst stöðugur, alltaf er hægt að rekja slíka hækkun til atviks eða aðstæðna (atvikshækkun). Í þessu tilfelli hækka aðrar vörur ekki samhliða nema ef varan er partur af verðmyndun þeirra. Í þriðja lagi geta vörur hækkað vegna blöndu af þessu tvennu.

Heimsmarkaðsverð á olíu

Frá hausti 2003 og fram í ársbyrjun 2008 hækkaði verð á olíu gífurlega, úr ca $25 tunnan í vel yfir $120. Um þessar mundir er olíuverðið í kringum $68. Það er óumdeilt að þessi hækkun er óháð gjaldmiðlum heimsins og stafar af aukinni eftirspurn m.a. Kínverja og spámennsku á mörkuðum. Þessi hækkun á heimsmarkaði leiddi beint til hækkunar á eldsneytisverði á Íslandi. Verðhækkunin er þannig ekki verðbólgudrifin eða m.ö.o. ekki tilkomin vegna þess að peningar hafa tapað verðgildi sínu. Það sem síðan gerist í verðtryggingarkerfi Íslendinga við þessar aðstæður er að verðhækkunin mælist í vísitölu neysluverðs og þar sem hún er notuð beint til verðtryggingar verður ósamningsbundin eignatilfærsla staðreynd t.d. með hækkun höfuðstóla veðlána. Lánveitandinn fær hreinan arð líkt og hann væri í olíubransanum. Arðurinn kemur hins vegar úr vasa lántakandans, hrein eign hans í fasteigninni rýrnar.

Fasteignaverð

Fasteignaverð hefur mikið vægi í vísitölu neysluverðs, um 17% og því er hún mjög næm fyrir fasteignaverði. Innkoma banka og sparisjóða á fasteignalánamarkaðinn ásamt hækkun lánshlutfalls Íbúðalánasjóðs er óumdeild meginástæða fyrir hinu risavaxna stökki á verði fasteigna í kjölfarið. Hærri veðhlutföll, betri vaxtakjör og hækkun hámarkslána settu kipp í eftirspurn eftir húsnæði sem leiddi til snarprar hækkunar á verði þeirra. Því er ekki til að dreifa að hækkun fasteignaverðs á þessu tímabili hafi verið verðbólgudrifin. Í fyrsta lagi vegna þess að fasteignaverð hækkaði langt umfram verðbólgu, en á árinu 2005 hækkaði fasteignaverð um 32% á meðan vísitala neysluverðs hækkaði tæplega 6%. Í annan stað má benda á að gengisvísitalan fór stöðugt lækkandi frá hausti 2004 og út árið 2005, sem þýðir að gengi íslensku krónunnar var að styrkjast gagnvart gengi helstu viðskiptalandanna á tímabilinu og því í raun engin forsenda fyrir verðbólgu. Færa má rök fyrir því að mesti áhrifavaldur á breytingu vísitölunnar hafi einmitt verið fasteignaverðið og þannig hafi lánveitendur fengið sinn skerf af fasteignagróðanum með hækkun höfuðstóls fasteignaveðlána. Verðbólga var engin eins og áður sagði í þeirri merkingu að peningar töpuðu almennt ekki verðgildi sínu heldur þvert á móti gátu Íslendingar fengið meira fyrir krónuna í helstu viðskiptalöndunum. Óumsamin eignatilfærsla átti sér stað.

Það er einsýnt að frá hausti 2004 og fram til ársbyrjunar 2008 eru viðvarandi óumsamdar eignatilfærslur frá skuldurum til lánveitenda vegna mistaka í framkvæmd verðtryggingarkerfisins. Höfuðstóll veðlána hækkaði langt umfram verðbólgu og verðbótaþáttur greiðslna af veðlánum var langt umfram það sem raunveruleg verðbólga gat gefið. Sú viðleitni löggjafans að verja sparifé almennings með verðtryggingunni hefur snúist í höndum hans vegna þess að engin tilraun er gerð til að meta verðbreytingar óháðar kaupmætti peninga, þ.e. breytingar sem ekki tengjast verðbólgu og taka þær út úr neysluverðsvísitölunni.

Það eru meginmistök í framkvæmd verðtryggingar á Íslandi að skilgreina allar breytingar á vöru og þjónustu sem verðbólgubreytingar, m.ö.o. að allar verðbreytingar stafi af því að peningar hafi tapað verðgildi.

Allir sem vilja geta séð að það er fræðilega ómögulegt að allar verðbreytingar hverju nafni sem nefnist stafi af verðbólgu (stafi af því að verðgildi peninga rýrnar) því ef svo væri er jafnframt verið að segja að heimurinn sé óbreytanlegur. Þess vegna er líka fræðilega ómögulegt að vísitala neysluverðs sé sanngjarn grunnur til leiðréttingar á verðbólgu því hún tekur til allra verðbreytinga.

Álykta má að það sé með öllu ólöglegt að verðtrygging sé trygging fyrir öðru en áhrifum verðbólgu. Í fyrsta lagi vegna þess að í lögum um verðtryggingu (greinargerð með frumvarpi) er tekið á því að verðtryggingunni sé ætlað að leiðrétta fyrir verðbólgu án þess að annað sé nefnt. Í öðru lagi vegna þess að ef hún er trygging fyrir öðru verður óhjákvæmilega raunveruleg og óumsamin eignatilfærsla milli lántaka og lánveitanda.

Í fljótu bragði reiknast mér að ólögleg höfuðstólshækkun veðlána sé a.m.k. 10% á umræddu tímabili vegna atvikshækkana fasteignaverðs og olíu og bensíns.

Áður en Ólafslög tóku gildi var hrikaleg eignatilfærsla í gangi til skuldara frá sparifjáreigendum og lánendum. Þó er ekki hægt að segja lög hafi beinlínis verið brotin. Stjórnvöldum mistókst einfaldlega hagstjórnin og virði peninga þvarr með miklum hraða. Í stað þess að bæta hagstjórnina ákváðu stjórnvöld að innleiða verðtryggingu fjárskuldbindinga. Hér hefur verið bent á að við framkvæmd verðtryggingarinnar hefur dæmið snúist við. Nú er í gangi hrikaleg eignatilfærsla frá skuldaranum til lánveitandans. En nú ættu hins vegar þolendur að geta varið sig því framkvæmdin byggir á lögum sem augljóslega standast þá ekki sterkara lagaákvæði Stjórnarskrárinnar sem varðar friðhelgi eignarréttarins. Þannig er hægt að vinda ofan af þessum hörmungum ef lögum er fylgt.

Aðal meinið felst í því að vísitala neysluverðs er notuð óbrengluð til verðtryggingar. Vísitalan er ágæt til síns brúks: að miðla upplýsingum um breytingar á verði vöru og þjónustu, en hún er ósanngjarn og ólöglegur grunnur til verðtryggingar.

Skorað er á stjórnvöld að leita leiða til að leiðrétta ólögmætar eignatilfærslur sem eru afleiðing af ónákvæmri framkvæmd verðtryggingarinnar.

Höfundur er vélaverkfræðingur.

Góða skemmtun!

Sony Full HD 40" LCD sjónvarp, Playstation 3 fylgir frítt með

Stórkostleg myndgæði með 200 HZ (riða) Motionflow tækni sem býður uppá eina bestu myndmeðhöndlun sem fáanleg er.
DLNA samskiptastaðall gerir mögulegt að sýna stafræn gögn s.s. ljósmyndir eða tónlist sem geymd eru á tölvu.
Hægt er að nota sjónvarpið sem stafrænan myndaramma í gegnum USB tengi og Picture Frame Mode stillingu.

Verð: 449.990,-

Hreyfðu þig í vetur

með Sony Zappin hágæða heyrnartólum með innbyggðum tónlistarspilara.
Haldast vel á höfðinu þrátt fyrir mikla hreyfingu.
Engar snúrur - ekkert vesen

Verð: 18.990,-

SONY

Sony Center
Kringlunni
103 Reykjavík
Sími: 512-3300
www.sonycenter.is

Tilboðin gilda á meðan birgðir endast

Að meta fatlaða að verðleikum

UMRÆÐAN
Sigursteinn Másson skrifar um velferðarmál

Það hljómar hugsanlega sem öfugmæli að segja að ýmis tækifæri liggi í efnahagskreppunni varðandi velferðarmálin. Það liggur beint við að horfa á hættumerkin sem felast í niðurskurði og auknum sparnaði í þjónustu. Algengt er að fólk fari í viðbragðsstöðu, jafnvel í skotgrafir og mótmæli ákaft því sem gert er án þess að leggja fram hugmyndir um leiðir að lausnum. Það er staðreynd að á næstu árum verður úr minna fjármagni að spila til velferðarmála jafnvel þótt stjórnvöld standi við ítrekuð loforð um minni niðurskurð í þeim málaflokki en öllum öðrum og jafnvel þótt skattar verði hækkaðir enn frekar. Þetta er staðreynd sem við verðum öll að horfast í augu við af yfirveguðu raunsæi. Þess vegna þurfum við að benda á nýjar leiðir.

Hvað er til ráða? Nýlega kynnti nefnd, undir forystu Stefáns Ólafssonar prófessors, hugmyndir að einföldun almannatryggingaí tvo bótaflokka hjá fötluðum og í einn hjá öldruðum. Stjórnvöld hafa ákveðið að sameina Tryggingastofnun ríkisins og Vinnumálastofnun og málefni fatlaðra verða færð til sveitarfélaga árið 2011. Allt eru þetta mikilvæg skref í rétta átt. Það er engu að síður grundvallaratriði að huga strax að breytingum á sjálfu örorkumatinu þannig að það undirstriki hæfni fólks til samfélagslegrar þátttöku og styðji undir hana en sé ekki letjandi og aðgreinandi.

SIGURSTEINN MÁSSON

Sumir kunna að segja að þegar atvinnuleysi er jafn mikið og raun ber vitni að þá sé ekki tímabært að gera slíkar breytingar á örorkumati. Þetta tel ég að byggist á misskilningi. Jafnrétti fatlaðra og ófatlaðra má ekki ráðast af efnahagssveiflum hverju sinni. Mikilvægt er að við búum við fyrirkomulag sem skapar fólki jöfn tækifæri til þátttöku og sem lágmarkar þær skerðingar sem fólk býr við. Það er að mínu mati grundvöllur raunverulegrar velferðar. Það að hafa hlutverk í lífinu jafngildir því að hafa tilgang. Það hlutverk snýst ekki alltaf um launaða vinnu en það verður að snúast um það að vera sér og öðrum að gagni á einhvern hátt. Einstaklingur með mjög takmarkaða andlega og líkamlega færni gerir mikið gagn með því að leyfa aðstoðarfólki að annast sig. Aðstoðarfólkið fær með því nýja innsýn inn í mannlega tilveru sem gerir þau að betri manneskjum.

2007 skilaði svonefnd örorkumatsnefnd forsætisráðherra samhljóða áliti sínu varðandi breytingar á réttindamati fatlaðra. Ragnar Gunnar Þórhallsson, formaður Sjálfsbjargar, sat í nefndinni fyrir hönd ÖBÍ. Niðurstaðan var sú að horfa ætti til styrkleika fólks við matið og hvernig hægt væri að styðja sem best við þá. Þetta ætti að vera leiðarljós við þær brýnu kerfisbreytingar sem framundan eru enda í fullu samræmi við áherslur Sáttmála sameinuðu þjóðanna um réttindi fatlaðra sem ríkisstjórn Íslands stefnir að fullgildingu á innan skamms. Við sem búum á Íslandi þurfum nú á öllum að halda við endurreisn landsins. Fatlaðir búa yfir mikilvægri reynslu og þekkingu sem samfélagið má ekki fara á mis við. Enginn getur allt en allir geta eitthvað og nú þarf að gefa öllum kost á að leggjast sameiginlega á árarnar til að skapa hér betra og sanngjarnara samfélag.

Höfundur er formaður Geðhjálpar.

Borgaraleg handtaka

UMRÆÐAN
Jón Þór Ólafsson skrifar um réttlæti

Eva Joly segir allar líkur fyrir því að efnahagsbrot hafi verið framin en ríkisstjórnin hundsar færasta ráðgjafann sinn og hindrar rannsókn hrunsins með ónógum fjárframlögum. Í dag, næstum ári frá hruni, er ljóst að ríkisstjórnin mun leyfa flestum bankamönnunum að sleppa og skella skuldum sem þeir stofnuðu til á okkur.

Réttlætingin fyrir því að borgararnir taki völdin í sínar hendur er vel greypt í réttlætisvitund og lög Vesturlanda. Borgaraleg handtaka hefur lengi verið lögleg á Vesturlöndum og var 26. mars 1991 bundin í „Lög um meðferð opinbera mála“ á Íslandi. Í 97. grein laganna segir:

„1. Lögreglu er rétt að handtaka mann ef rökstuddur grunur er á að hann hafi framið brot sem sætt getur ákæru, enda sé handtaka nauðsynleg til að koma í veg fyrir áframhaldandi brot, tryggja návist hans og öryggi eða koma í veg fyrir að hann spilli sönnunargögnum. 2. Sams konar heimild hefur hver sá sem stendur mann að broti sem sætt getur ákæru og varðað getur fangelsi. Afhenda skal hinn handtekna lögreglunni tafarlaust ásamt upplýsingum um ástæðu handtökunnar og hvenær hún fór fram.“

JÓN ÞÓR ÓLAFSSON

Ef við stöndum fólk í dag að broti sem sætt getur ákæru og varðað getur fangelsi getum við handtekið það. Það er gott að vita því spillingin grasserar enn. En er hægt að grípa til borgaralegrar handtöku núna vegna liðinna atburða? Mögulegt er að túlka lögin þannig að borgari sem stóð einhvern að verknaði sem hann vissi ekki að væri glæpsamlegur, gæti núna þegar hann veit betur framkvæmt borgaralega handtöku, til að ná fram tilgangi laganna: „að koma í veg fyrir áframhaldandi brot, tryggja návist hans og öryggi eða koma í veg fyrir að hann spilli sönnunargögnum.“ Þeir sem þora geta reynt á þetta fyrir dómstólum, því bankamennirnir munu án efa kæra handtökuna.

Mikið væri það góður dagur að sjá mennina sem orsökuðu hrunið handtekna og færða til lögreglu með myndavélar fjölmiðla í andlitinu. Þetta færi í heimspressuna og sýndi heiminum að það ábyrgasta sem Íslendingar gera er ekki að borga skuldir bankamannanna. Það ábyrgasta er að láta þá svara til saka.

Höfundur er borgari.

Nýja Ísland – kemur þú?

UMRÆÐAN
Ólína Þorvarðardóttir skrifar um íslenska samfélagsgerð

Þegar tvíturni heimsviðskiptahallarinnar í New York hrundi til grunna þann 11. september 2001 gaus upp kæfandi mökkur sem varð fjölda manns að fjörtjóni. Björgunarsveitir höfðu sumar hverjar orðið of skjótar á vettvang, með þeim skelfilegum afleiðingum að fjöldi slökkviliðs og björgunarmanna lét lífið þegar byggingarnar jöfnuðust við jörðu. Dágóður tími leið áður en rofaði til og menn gátu metið afleiðingar þess sem gerst hafði.

ÓLÍNA ÞORVARÐARDÓTTIR

Við hrun íslensku bankanna í október 2008 þyrlaðist líka upp þykkur mökkur. Almenningur hafði enga grein gert sér fyrir því hve hættulega háir turnar höfðu verið reistir á íslenskum fjármálamarkaði fram að því. En óbærilegur mökkurinn sem fylgdi hruninu segir sína sögu um skefjalausa viðskiptahætti, ábyrgðarleysi og hóflausa græðgi. Og sú saga varðar ekki einungis fjármálafíflin sem steyptu okkur því sem næst í glötun. Nei, hún fjallar líka um öll hin fíflin, sem eltu skinið af glópagullinu eins og vanvita börn. Fjölmiðlana sem góndu hrifnir upp í fjármálaspekúlantana, flöttu myndirnar af þeim á forsíður tímaritanna, kusu þá viðskiptasnillinga og frumkvöðla ársins á meðan þeir frömdu samsæri sitt gegn þjóðinni. Stjórnmálamenn okkar – jafnvel forsetinn – fylgdu þeim eins og skugginn í erlendar viðskipta- og kynningarferðir, studdu við „íslensku útrásina“ og fluttu um hana loðmullulegar lofræður við glasaglaum og ljósleiftur á blaðamannafundum. Almenningur horfði á í aðdáun og hrifningu.

Þjóðarskömmin

Nú situr óbragðið eftir – skömmin. Það er þjóðarskömm. Við finnum öll til hennar… öll, nema kannski þeir sem enn neita að horfast í augu við ábyrgð sína á því sem gerðist. Það gæti til dæmis átt við um þá þingmenn Sjálfstæðisflokksins sem flestir sátu hjá við afgreiðslu þingsins á ríkisábyrgð vegna Icesave samninganna. Flokkurinn sem ber höfuð ábyrgð á hugmyndafræði Hrunadansins, flokkurinn sem innleiddi þá taumlausu frjálshyggju sem dansað var eftir, hann „sat hjá“ þegar tekist var á við afleiðingarnar. Skilaði auðu. Það var átakanlegt að sjá.

Verður Ísland nokkurn tíma samt aftur? Vonandi ekki. Sannleikurinn er sá, að það Ísland sem við kvöddum í október 2008 var ekki gott í gegn. Þó að allt liti vel út á yfirborðinu, hagtölur sýndu almenna velmegun, landið mældist meðal tíu efnuðustu þjóða heims (jafnvel ein hamingjusamasta þjóð í heimi) og ríkissjóður væri orðinn nokkurn veginn skuldlaus, þá voru innviðirnir ekki í lagi.

Fjármálakerfið var ofþanið, neyslan óhófleg, skuldasöfnunin úr böndum – ekki síst í undirstöðuatvinnuvegi okkar, sjávarútveginum. En verst var þó að siðferðisþrek þjóðarinnar hafði látið undan síga. Um það vitna upplýsingar sem nú eru að koma í ljós um umfang skattsvika og svarta atvinnustarfsemi, hagsmunagæslu og krosseignatengsl í viðskiptalífinu, getuleysi eftirlitsstofnana og gáleysi stjórnvalda.

Já, stjórnvöld brugðust hlutverki sínu. Þau gleymdu sér við hrævareldana og uggðu ekki að sér. Í stað þess að safna í kornhlöðurnar til mögru áranna var slegið slöku við aðdrættina. Á góðæristímanum 1993-2007 var farið í skattalækkanir sem komu sér vel fyrir þá tekjuháu á meðan hlutfallslegar byrðar jukust á þá tekjulágu. Hinu mikilvæga jöfnunarhlutverki skattkerfisins var raskað og tekjulindin rýrð. Lætur nærri að ef skattalækkanir áranna 2003-2007 yrðu framreiknaðar á núvirði, hefðu þær náð langt með að greiða niður halla ríkissjóðs á þessu ári. En því er nú ekki að heilsa. Kornhlöðurnar eru galtómar, og fátt um aðföng.

Í hverju felast átökin?

Af þeirri óvægnu umræðu sem verið hefur í samfélaginu undanfarna mánuði mætti stundum ætla að þau stjórnvöld sem nú sitja hafi hætt sér of snemma inn á björgunarvettvanginn. Að minnsta kosti er enginn hörgull á fúkyrðum og úrtölum þeirra sem telja sig geta verið áhorfendur að björgunarstarfinu og hvorki þora né vilja leggja því lið. En endurreisn samfélags getur ekki orðið nema með þátttöku allra. Þá á ég annars vegar við atvinnuvegina, stéttarfélögin, stjórnvöld og almenning – hins vegar þá sem ráðandi eru í opinberri umræðu, þ.e. fjölmiðlana, fræðasamfélagið og stjórnmálamenn.

Okkar bíður mikið starf. Meinsemdir þær sem ollu bankahruninu eru margar hverjar enn til staðar í íslensku samfélagi, og það mun sjálfsagt taka ár og áratugi að vinna á þeim bug. Við sjáum þær

- í ósanngjörnu kvótakerfi;
- í þvermóðsku fjármálastofnana við að veita stjórnvöldum upplýsingar vegna rannsóknar á hruninu;
- á fáránlegum kröfum stjórnenda fjármálafyrirtækja um svimandi háar bónusgreiðslur;
- í afskriftum hárra skulda gagnvart útvöldum á meðan fjölskyldur eru að bugast og menn að brotna undan skuldabyrði;
- í upplýsingum um umfang skattsvika og misnotkun opinberra bóta.
- Síðast en ekki síst sjáum við meinsemdirnar í afneitun og afstöðuleysi þeirra sem stærsta ábyrgð bera á hruninu og hugmyndastefnu þess.

Nei, gleymum ekki á hvaða vettvangi við erum, íslensk þjóð. Við erum stödd í þrotabúi þeirrar skefjalausu frjálshyggju sem reið hér húsum. Og meinsemdirnar sem ollu hruninu eru flestar enn til staðar.

Átökin í íslenskum stjórnmálum næstu misserin munu m.a. snúast um það hvernig gert verður upp við fortíðina, og þá hugmyndafræði sem leiddi okkur í núverandi stöðu. Þau munu snúast um það

- hvaða aðferðum verði beitt við uppgjörið vegna bankahrunsins;
- hvaða aðferðum verði beitt við endurreisn efnahagskerfisins og hvort takast megi að verja grunnþætti velferðarkerfisins, mikilvæga almannahagsmuni, auðlindir o.s.frv.;
- hvort gerðar verða nauðsynlegar leiðréttingar á óréttlátu kvótakerfi;
- hvort leikreglur viðskiptalífsins verða endurhannaðar;
- hvort komið verður hér á nauðsynlegum lýðræðisumbótum;
- hvort siðbót muni eiga sér stað í íslenskum stjórnmálum og viðskiptalífi;
- já, hvort spilin verða stokkuð upp og hvernig gefið verður upp á nýtt.

Átök komandi missera í íslenskum stjórnmálum munu snúast um það hvort eitthvert uppgjör muni eiga sér stað yfirleitt.

Gleymum því ekki að það eru sterk öfl að verki í íslensku samfélagi sem vilja ekkert við ábyrgð sína kannast, og vilja því ekkert endurmat og engin skuldaskil.

Höfundur er alþingismaður.

HEILL FERSKUR KJÚLINGUR

539 kr/kg

~~898~~ kr/kg

40% afsláttur

TILBOÐ

Sláturtíð í Nettó!

BLÓÐMÖR 4stk.
Frosin og ósoðin

449 kr/kg

~~748~~ kr/kg

GOÐI

40% afsláttur

ÓDÝR LAMBASVIÐ

249 kr/kg

~~298~~ kr/kg

GOÐI

40% afsláttur

GOÐI

LIFRAPYLSA 4stk.
Frosin og ósoðin

479 kr/kg

~~798~~ kr/kg

3 SLÁTUR Í KASSA
Frosin og pökkuð, brytjaður mör

3.998 kr/kg

Sláturmarkaður!
Sama verð og í fyrra!

ÓDÝRT

LAMBAHRYGGUR, SAGAÐUR

1.384 kr/kg

~~1.798~~ kr/kg

FANTA APPELSÍN 2l

128 kr/stk..

HEILSUTÓMATAR

149 kr/pk.

~~298~~ kr/pk.

50% afsláttur

ÍSLENSKAR GULRÓFUR

129 kr/kg

~~258~~ kr/kg

50% afsláttur

HÖFUÐSALAT

99 kr/kg

~~198~~ kr/kg

www.markonnun.is

Birt með fyrirvara um prentvillur

Tilboðin gilda 17. - 20. september eða meðan birgðir endast

Skráðu þig á póstlistann á **www.netto.is**!

Mjódd - Salavegi - Hverafold - Akureyri - Höfn - Grindavík - Reykjanesbær

nettó

Ódýrt fyrir heimilið!

Borgir eru eins og maurabúfur

Gísli Marteinn Baldursson er kominn aftur í borgarmálin. Hann stýrir umhverfis- og samgöngunefnd sem hann segir draumavettvang sinn og þvertekur fyrir að ganga með borgarstjóra í maganum. *Steinunn Stefánsdóttir* hitti Gísla Martein á kaffihúsi í miðborginni þar sem hann tjáði sig af innlifun um umhverfismál, samgöngur, skipulag og líka svolítið um Sjálfstæðisflokkinn.

Gísli Marteinn er sem kunnugt er nýkominn heim frá Edinborg. Þar lagði hann stund á mastersnám sem heitir The City, eða Borgin. Hann var fyrst spurður að því hvað hann hefði eiginlega verið að læra. „Ég fékkst við borgarrannsóknir. Við vorum að skoða hvað gerir borg vel heppnaða og hvað ekki, reyna að kafa undir yfirborðið og sjá hvaða straumar þróast þar, kannski án þess að nokkur ætli sér það."

Sem dæmi um þetta nefnir Gísli að margir þeir sem rannsaka borgir hafi áhyggjur af því að samfélag þeirra sé allt of niðurhólfað. „Hver maður er bara í sínu hylki. Þetta var kannski sérstaklega áberandi í góðærinu. Efnað fólk gat til dæmis lifað einangrað í sínu hylki. Það átti sín hús og var kannski búið að kaupa húsin báðum megin við sig. Svo var farið upp í allt að því brynvarða bíla sem færði fólk á milli staða og tryggði að ekki þyrfti að eiga samneyti við neina aðra."

Öld borganna runnin upp

Gísli er mikill borgarmaður og leggur mikið upp úr því að borg sé í sjálfu sér ekki ónáttúrulegt fyrirbrigði. „Borg er bara eins og maurabúfa. Þetta eru híbýli sem við mennirnir höfum búið okkur til á jörðinni og verkefni okkar er að reyna að gera búfuna okkar, eða borgina, þannig úr garði að þegar við yfirgefum hana þá taki hún ekki allt of mikið pláss og ekki hafi verið unnar á henni varanlegar skemmdir til dæmis af völdum mengunar. Markmiðið er að við skilum henni helst betri en hún var þegar við tókum við henni."

Gísli tekur undir með þeim fræðimönnum sem telja að meðan 20. öldin hafi verið öld þjóðríkisins þá verði sú 21. öld borganna. „Ríkið getur ekki leyst alls konar vanda sem að okkur steðjar í umhverfismálum nema með hjálp borganna. 80 prósent af losun gróðurhúsalofttegunda kemur frá borgum. Það er því nánast ómögulegt fyrir ríkið að gera áætlanir um að draga úr þessari losun nema að borgirnar komi með. Og þannig er þetta um flest af okkar stóru málum svo ef ríkin ætla ekki að gefa borgunum meira vægi þá komumst við hvorki lönd né strönd."

En hvernig er það með svona mikinn borgarmann, fer hann nokkurn tímann út fyrir borgarmörkin? „Ég bjó í Breiðholti fyrstu 25 ár ævinnar og þekki þess vegna Elliðaárdalinn eins og lófann á mér. Eftir að ég fluttist vestur eftir, bjó í kjallara og tók sjálfan mig alvarlega sem miðbæjarmann, grínuðust vinir mínir með að ég fylltist óöryggi í Ártúnsbrekkunni en það er alls ekki þannig núna. Ég nota bæði útivistarsvæðin í austurhluta borgarinnar mikið og nýt þess að fara út úr bænum í bústað eða útilegu."

Vorum á rangri leið

Gísli segir námið í Edinborg hafa styrkt sýn hans á borgarmálefni: „Ég varð ekki fyrir vitrun og er ekki endurfæddur en mér finnst ég hafa betri rök fyrir skoðunum mínum og sé vonandi hlutina í stærra samhengi. Svo held ég að ég komi til baka ágætlega ferskur. Mér finnst borgarstjórn vera alveg ráðin í því að nýta þá peninga sem við höfum, sem eru minni en áður, til þess að gera góða hluti."

Umhverfis- og samgöngunefnd er draumanefndin. Gísli telur gerjun í borgarmálum mjög mikla í þessum málaflokkum. „Það er í raun ekki hægt að sinna samgöngumálum skynsamlega nema umhverfismálin séu líka undir. Þú getur ekki stækkað hraðbrautina án þess að hugsa um umhverfi fólks sem býr við hana og að sama skapi er ekki hægt að ná niður mengun án þess að hafa samgöngurnar undir. Hvort eru lestarmál umhverfis- eða samgöngumál? Það er hvort tveggja."

Gísli Marteinn telur að margt muni þróast öðruvísi en áformað hafði verið á árunum fyrir hrunið. „Við vorum á rangri leið. Við vorum að þenja borgina sífellt meira út. Vegalengdir sem borgarbúar þurftu að fara eftir þjónustu, eða hverju sem er, lengdust sem kallaði á mikla bílaeign. Það varð erfiðara að byggja upp almenningssamgöngur og við stóðum okkur ekki í uppbyggingu hjólreiðastíga." Frá miðjum tíunda áratugnum fjölgaði bílum á hverja þúsund íbúa úr 450 í 800. Hjólreiðamönnum fækkaði og einnig þeim sem notuðu strætó. „Þetta leiðir ekki til góðrar borgar að mínu mati. Þetta þýddi meðal annars að samfélög innan borgarinnar dóu. Það er ekki svo langt síðan að hvert hverfi hafði sitt samfélag, fólk hittist úti á götu eða í búðinni. Þetta hvarf meira og minna og borgin verður að taka á sig hluta af ábyrgðinni."

Þétting byggðar

Gísli telur þó gerlegt að snúa þróuninni við. „Við eigum að byggja upp hverfin því við eigum geysilega góð hverfi sem við eigum ekki að gera að gegnumaksturshverfum með því að leggja hraðbrautir í gegnum þau heldur að styrkja samfélag þeirra, hafa þar þá þjónustu sem fólk þarf að sækja, hæga umferð, hjóla- og göngustíga þannig að fólk geti búið í hverfinu sínu án þess að eiga bíl. Við getum boðið upp á betri tækifæri til þess að velja aðra farkosti þegar það hentar. Það mun líka létta umferðina á götunum sem er gott fyrir þá sem þurfa að vera á bílum. Það er óskynsamlegt að setja öll eggin í sömu körfuna og veðja bara á einn samgöngumáta. Það er miklu ódýrara fyrir borgina og betra fyrir borgarbúa ef hægt er að dreifa þessu."

Gísli Marteinn telur að nú eigi að hætta að þenja borgina út. „Þeir sem mótmæla byggð í Vatnsmýri og Örfirisey eru þar með að segja við eigum að byggja austan við núverandi byggð vegna þess að Reykvíkingum mun fjölga um svona 35 þúsund manns á næstu 40 árum. Þeir verða að átta sig á því líka að það mun auka umferðina um Miklubraut og gegnumakstur um íbúahverfi sem fyrir eru. Ég held að það sé ekki góð lausn." Hann vill draga línu norðan og austan við þau góðu hverfi sem fyrir eru austast í borginni, Úlfarsfell og Norðlingaholt. „Þetta eru flott og góð hverfi, við eigum að standa vörð um þau en ekki eyðileggja þau með því að tugir þúsunda manna þurfi að aka í gegnum þau dag hvern." Hann fellst á að fyrstu allmörg þúsundin muni vissulega hverfa inn í húsnæði sem þegar er byggt en telur ekkert veita af að nota tímann vel þar til að því kemur að huga þurfi að uppbyggingu nýrra hverfa því sá tími muni koma þótt það verði einhverjum árum síðar en búist hafi verið við.

GÍSLI MARTEINN BALDURSSON Gísli Marteinn lítur á það sem stórt umhverfis- og samgöngumál að þétta byggðina með því að byggja í Vatnsmýrinni. Hann telur að flugsamgöngur við borgina eigi heima í Keflavík og vill lestarsamgöngur milli borgar og flugvallar. FRÉTTABLAÐIÐ/ANTON

> Ríkisstjórn sem vill ná árangri í umhverfismálum, eins og sú stjórn sem nú situr vill, getur ekki haft flugvöll í Vatnsmýri.

Flugvöllinn til Keflavíkur

Gísli Marteinn er sem sagt hvergi nærri hættur að tala um flugvöllinn. „Ég held að það sé lífsspursmál fyrir Reykjavík að við flytjum flugvöllinn og við eigum að skoða það sem fjöldamargar borgir í Evrópu hafa gert, jafnvel borgir á stærð við höfuðborgarsvæðið hér, að leggja lest milli flugvallar og borgar. Ef við gerum það er ekkert því til fyrirstöðu að hafa flugvöllinn í Keflavík. Það kostar okkur fjóra milljarða króna á ári að reisa fimmtán þúsund manna byggð austast í borginni frekar en í Vatnsmýri," segir Gísli Marteinn. Tíminn sem borgarbúar verja í bílum sínum ásamt bensínkostnaði er metinn á þrjá milljarða króna á ári og við þetta bætist rekstur flugvallarins í Vatnsmýri sem kostar hátt í milljarð á ári. „Samt er þetta tabú í umræðunni um sparnað og að gera borgina hagkvæmari."

Gísli bendir einnig á skýrslu samráðsnefndar samgönguráðuneytisins og Reykjavíkurborgar.

BORGIR ERU FULLAR AF ORKU

Í fyrra varð sú vending að í fyrsta sinn í veraldarsögunni eiga fleiri jarðarbúar eiga heima í borgum, eða þéttbýli, heldur en í dreifbýli. Þessi þróun hefur verið hröð því fyrir hundrað árum bjó 10 prósent mannkyns í borgum. Árið 2050 er talið að 75 prósent mannskyns muni búa í borgum.

Tveir þriðju hlutar auðæfa heimsins verða til í borgum og 9 af hverjum 10 hugmyndum sem fá einkaleyfisskráningu verða til í borgum.

Þar var sýnt fram á að ef flugvöllurinn yrði fluttur og meira að segja byggð ný flugstöð þá yrði samt sem áður afgangur miðað við það að flugvöllurinn sé áfram um kyrrt á sama stað. Hann segist þó gera sér grein fyrir að borgarbúar séu ekki á eitt sáttir um flugvallarmálið. „Mér finnst skynsamlegt fyrir borgina og þar með landið allt að flytja flugvöllinn. Ríkisstjórn sem vill ná árangri í umhverfismálum, eins og sú stjórn sem nú situr vill, getur ekki haft flugvöll í Vatnsmýri. Þessi ríkisstjórn ætlar að draga verulega úr losun gróðurhúsalofttegunda. Mjög stór hluti þeirrar losunar kemur frá samgöngum á höfuðborgarsvæðinu. Til að draga úr því þá verður að hafa skynsamlegt skipulag. Þá er ekki hægt að þenja borgina sífellt út.“

Samkvæmt gildandi aðalskipulagi í Reykjavík þá á flugvöllurinn að fara. „Það er skipulag sem er í gildi og ber að fara eftir lögum samkvæmt. Þannig að ég er bjartsýnn. Landsbyggðarfólk segir að þetta sé ekki einkamál Reykvíkinga og það er rétt en Reykvíkingar hljóta samt að hafa mest um það að segja hvar flugvöllurinn er í borginni þeirra.“

Gjaldmælar á bílastæði

Gjaldmælar á bílastæðum við skóla og vinnustaði hafa verið nokkuð í umræðunni. Þegar hafa til dæmis verið settir upp gjaldmælar við Háskóla Íslands. „Stjórnendur beggja stóru háskólanna í borginni hafa sagt að þeirra framtíðarsýn sé að hafa ekki ókeypis bílastæði við skólana. Ekki vegna þess að þær séu á móti bílum eða bílastæðum heldur vegna þess að skólarnir þurfa á landinu sem fer undir bílastæðin að halda til að byggja á. Markmið okkar er ekki að fara um borgina eins og hvítur stormsveipur og setja upp gjaldskyldu. Okkar markmið er hins vegar að hvetja vinnustaði til þess að huga að þessum hlutum, að setja sér samgöngustefnu þar sem þau velta fyrir sér hvernig fólk fer í og úr vinnu. Svo stendur ekki á Bílastæðasjóði ef skólar eða vinnustaðir óska eftir að fá gjaldskyldu á bílastæðin.“

Reykjavíkurborg samþykkti nýverið samgöngustefnu þar sem hvatt er til að starfsmenn borgarinnar komi til vinnu með umhverfisvænum hætti. „Allt miðar þetta að sama marki að menn noti meira aðra samgöngumáta en bílinn en ég vil alltaf ítreka að þetta snýst ekki um að þrýsta fólki sem þarf að nota bíl út úr bílnum sínum. Margir þurfa að nota bíla og við eigum að veita þeim góða þjónustu.“

Gísli Marteinn er mikill áhugamaður um strætó og vill byggja upp almenningssamgöngurnar í borginni. „Allar kannanir sýna að fólk sem jafnvel notar ekki vagnana vill samt eiga heima í borg þar sem eru góðar almenningssamgöngur.“ Hann er því alls ekki á þeirri skoðun að færsla frá einkabílaborg yfir í almenningssamgangnaborg sé draumsýn. „Ég trúi á það og ég held að sú ferð sé hafin.“

Byggja upp án þess að rífa

Deilur hafa staðið um Ingólfstorg, flutning húsa inn á torgið og ekki síst hafa margir borgarbúar haft áhyggjur af gamla Sigtúni þar sem nú er tónleikastaðurinn Nasa. „Mér fannst mjög gott hvernig íbúarnir og kaupmenn á svæðinu létu í sér heyra. Við auglýsum tillögur til að kalla eftir viðbrögðum. Menn geta haft skoðanir á því hvort skipulagstillögurnar eru góðar eða slæmar en samkvæmt því skipulagi sem er í gildi má rífa bæði Hótel Vík og húsið á horni Aðalstrætis. Það skipulag var samþykkt í allt öðru andrúmslofti en nú þegar við teljum að við getum byggt upp án þess að rífa niður. Formaður skipulagsnefndar, Júlíus Vífill Ingvarsson, hefur sagt skýrt að ráðið muni fara vel yfir allar athugasemdir og finna skynsamlega niðurstöðu.“

Gísli segist ekki endilega hlynntur friðun allra gamalla húsa í borginni heldur vill hann að samband borgarbúa við borgaryfirvöld séu þannig að borgarbúar treysti því að yfirvöld sýni eldri húsum tilhlýðilega virðingu. „Ég vildi til dæmis ekki að Húsafriðunarnefnd friðaði Laugaveg 4 og 6 algerlega. Þessi hús voru byggð af verkviti og svo voru hagleiksmenn sem prjónuðu við þau, kvistur hér og bíslag þar. Við eigum að bera virðingu fyrir þessum húsum og átta okkur á hvað þau eru góð fyrir umhverfið en hafa samt frelsi til að breyta þeim lítillega eins og alltaf hefur verið gert.“

Borgaryfirvöld voru undir gífurlegri pressu að byggja í góðærinu og þeim var legið á hálsi fyrir að vera svifasein, til dæmis að rífa niður hús við Laugaveginn. „Ég held að margir sjái þessa hluti í öðru ljósi núna og nefni sem dæmi kaupin á Laugavegi 4 og 6 sem margir voru ósammála en ég var mjög hlynntur. Þar ætlum við að varðveita húsin þar sem þau standa, varðveita sólarljósið sem annars hefði verið blokkerað þannig að það hefði ekki náð niður á götuna. Ég veit ekki alveg hvernig menn ætla að verðmeta það næstu 200 árin að hafa sól á Laugaveginum. Við sýnum trú á menningararfi okkar og sýnum komandi kynslóðum og gestum borgarinnar hvernig við höfum búið þannig að ég held að þetta hafi verið hárrétt aðgerð þótt hún hafi vissulega verið dýr.“

Hefur enga þörf fyrir uppgjör

Gísli segist ekki spá mikið í pólitískri framtíð sinni. „Ég velti heilmikið fyrir mér hugmyndum mínum og hugsjónum sem ég vil koma í verk. Borgarstjórn er einn vettvangur fyrir það en ekki sá eini.“ Hann segist þó alls ekki vera að boða komu sína í landsmálin. „Mér finnst frábært í borgarstjórn og nýt hvers einasta dags. Ég þarf auðvitað að leita til kjósenda á fjögurra ára fresti og ef þeir vilja kjósa mig og minn flokk áfram þá er ég þakklátur fyrir það en þessi mál sem brenna á mér myndu halda áfram að gera það jafnvel þó að ég væri ekki á þessum stað.“

Gísli Marteinn er í beinu framhaldi spurður að því hvort hann sækist eftir að leiða lista flokks síns í vor. „Nei. Ég styð Hönnu Birnu eindregið og finnst hún hafa staðið sig frábærlega sem borgarstjóri. Kannanir sýna líka að borgarbúum finnst það. Hún hefur til dæmis einlægan vilja til að gera borgina grænni.“ Hann segist einnig ánægður með forystu Sjálfstæðisflokksins. „Ég er ánægður með nýjan formann. Ég held að það sé mjög mikilvægt að það sé komin ný kynslóð til verka. Við sjáum í borgarstjórn hvað Hönnu Birnu gengur vel og ég held að það muni sjást á Sjálfstæðisflokknum að þar er ungt fólk í forystu. Það eru nýjar hugmyndir í gangi í heiminum öllum og ýmsar gamlar bábiljur eru að ganga sér til húðar og ný hugsun að ryðja sér til rúms.“

Fyrir fáeinum vikum birtist hér í Fréttablaðinu grein eftir Vilhjálm Þ. Vilhjálmsson sem ekki var hægt að skilja öðruvísi en að uppgjör ætti eftir að fara fram milli hans og sexmenninganna í borgarstjórnarflokki Sjálfstæðisflokksins sem andæfðu gegn samruna REI og Geysis Green Energy. Það er ekki hægt að skilja við Gísla Martein án þess að bera þetta undir hann. „Ég upplifi það ekki þannig. Ég hef auðvitað verið mjög hugsi yfir þessu máli og haldið vel til haga öllu sem var sagt og gert í því en það brennur ekki á mér að fara í eitthvert uppgjör og allra síst við eigin samherja. Ég er mjög stoltur af því sem við gerðum og ég held að það gildi um okkur öll. Við stóðum á sannfæringu okkar. Við vorum hreinskiptin og heiðarleg við alla í þessu máli. Við vorum á móti þessum samruna og menn geta verið ósammála því mati okkar en mér heyrist fáir telja núna að samruninn hefði verið góð ráðstöfun.“

Þakklátur Íslendingum

Halldór Nguyen var 25 ára þegar hann flúði heimaland sitt á báti. Í flóttamannabúðum í Malasíu bauðst honum að fara til Íslands – lands sem hann hafði aldrei heyrt um en hljómaði spennandi í hans eyru.

„Ég verð að nota tækifærið og þakka Íslendingum fyrir að hafa boðið okkur að vera hérna. Ég hef aldrei fengið tækifæri til þess," segir Halldór Nguyen sem kom hingað til lands fyrir þrjátíu árum. „Íslendingar tóku mjög vel á móti okkur, ég verð að segja það." Hann segist aldrei hafa orðið var við annað en vinalegheit. „Það eru fordómar alls staðar í heiminum. En ég hef ekki fundið fyrir þeim. Íslendingar eru líka góðir að því leyti að ef þeim líkar ekki við annað fólk láta þeir það bara eiga sig."

„Ég trúi því varla að það séu þrjátíu ár liðin," segir Halldór, þegar hann rifjar upp aðdragandann að komu sinni til Íslands. „Ég flúði frá Saigon í apríl árið 1979. Ég hafði áður reynt að flýja en það tókst aldrei. Í þetta sinn vildu stjórnvöld losna við fólk af kínverskum uppruna eins og mig, svo ég greiddi þeim 2.000 dollara. Þá mátti ég fara."

Sjóferðin til Malasíu tók fimm daga. „Við vorum mjög heppin, lentum ekki í neinum sjóræningjum og allir á okkar báti lifðu. Ég var ekki nema í um mánuð í flóttamannabúðunum. Þar var erfitt að vera. Við fengum samt nóg að borða og drekka en það var erfitt að vita ekkert um hver framtíð manns yrði. Svo kom að því að ég hitti fulltrúana frá Íslandi," segir Halldór, og á þá við þá Björn Þórleifsson og Björn Friðfinnsson, sem sóttu flóttamennina til Malasíu. „Ég hafði lært um Danmörku og Svíþjóð. En ég hafði aldrei heyrt minnst á Ísland. Ice-land. Það hljómaði mjög kuldalega og furðulega. Þess vegna lenti ég hér. Ég varð svo spenntur."

Það tók Halldór ekki mörg ár að hefja nýtt líf og fjórum árum eftir komuna til Íslands fæddist honum drengur sem hann átti með þáverandi konu sinni. Þau skildu árið 1997 en höfðu þá eignast tvær dætur til viðbótar við soninn. Í dag á Halldór nýja konu og með henni eina dóttur sem er fimm ára. Dagsdaglega vinnur hann sem tölvunarfræðingur hjá Mími símenntun, þar sem hann er meðal annars í því að smíða beygingarforrit og kenna Víetnömum íslensku. Þá vinnur hann sem túlkur í aukavinnu. Hann hefur alla tíð haft nóga vinnu og vann meðal annars sem vélvirki hjá Reykjavíkurborg í fjórtán ár.

Halldór kom einn til Íslands en hann átti stóra fjölskyldu í Víetnam. „Við vorum sjö systkinin. Ein systir mín dó þegar hún reyndi að flýja. Ein systir mín býr í Frakklandi, einn bróðir í Bandaríkjunum og svo á ég þrjá bræður í Saigon, þar sem mamma mín býr líka. Ég er í ágætis sambandi við fjölskylduna mína í dag. Ef ég sakna bræðra minna eða mömmu minnar þá hringi ég bara í þau. Það var ekki svo auðvelt fyrst."

HALLDÓR NGUYEN Hann kom einn síns liðs til Íslands fyrir 30 árum. Þá var hann einhleypur og 25 ára. Í dag á hann fjögur börn á aldrinum fimm til 26 ára. FRÉTTABLAÐIÐ/PJETUR

Halldór hefur þrisvar heimsótt þau til Víetnam, fyrst árið 1995. Nú dreymir Halldór um að flytja aftur heim, þó ekki nema til að vera þar með annan fótinn. „Ég verð að viðurkenna að mig langar mjög mikið aftur heim. Sannleikurinn er nefnilega sá að ég þoli illa kuldann. Þetta var allt í lagi þegar ég var 25 ára, þá fannst mér ekkert mál að eiga við hann. En konan mín vill ekki flytja héðan, svo nú er ég að leita leiða til að geta verið þar með annan fótinn. Þegar ég fór frá Saigon var ástandið mjög slæmt. Það er skárra í dag, þótt það sé enn þá mikil fátækt í sveitunum. En ástandið er ágætt fyrir þá sem hafa efni á því að lifa."

holmfridur@frettabladid.is

Sótti hópinn til Malasíu

Björn Friðfinnsson fékk það hlutverk að velja í hópinn sem boðið var að setjast að á Íslandi. Hann fór til Malasíu í lok ágúst 1979 og sneri aftur tæpum mánuði síðar með 34 nýja Íslendinga. Margir þeirra eru góðir vinir hans enn í dag.

Björn Friðfinnsson, þáverandi fjármálastjóri Reykjavíkurborgar og stjórnarmaður í Rauða krossi Íslands, fór ásamt Birni Þórleifssyni, verkefnastjóra hjá Rauða krossinum, til Malasíu í lok ágúst 1979. Þeir höfðu fengið það vandasama hlutverk að velja hópinn sem tekin hafði verið ákvörðun um að bjóða heimili á Íslandi. Nafnarnir stigu á land á smáeyjunni Pulau Tengah, við sunnanverða vesturströnd Malasíu, 5. september 1979. Þar hafði 8.500 flóttamönnum frá Víetnam verið komið fyrir.

Hann segir aðstæður fólksins í flóttamannabúðunum hafa verið slæmar. „Þarna bjó fólk í pínulitlum klefum, byggðum úr bambus sem óx á eyjunni," segir hann. Í búðunum dvöldu þeir í um tvær vikur og völdu í hópinn. Þeir sneru aftur til Íslands með 34 manns hinn 20. september. Í hópnum voru fjórar barnmargar fjölskyldur, fjórir einhleypir og fjögur systkini.

Fljótlega upp úr heimkomunni var Flóttamannaráð stofnað, samstarfsvettvangur Rauða krossins og stjórnvalda í málefnum flóttamanna. Í því sat Björn fyrir hönd Rauða krossins. „Við höfðum mikið að gera við að hjálpa fólkinu. Við fengum fljótlega húsnæði á Kaplaskjólsveginum þar sem allt fólkið bjó til að byrja með. Við fengum mikla aðstoð frá sjálfboðaliðum, sem hafa alla tíð verið mikilvægir fyrir móttöku flóttamanna. Þeir söfnuðu til dæmis fötum og búsáhöldum sem fólkinu var gefið."

BJÖRN OG IÐUNN Margir af flóttamönnunum frá Víetnam urðu góðir vinir hjónanna Björns og Iðunnar, sem hafa unnið mikið starf í þeirra þágu í gegnum tíðina. FRÉTTABLAÐIÐ/VALLI

Heilt á litið segir Björn komu og aðlögun Víetnamanna hafa gengið vel og spár bölsýnismanna sem voru þó nokkrir, langt frá því ræst. „Ég fékk ótrúlegustu símtöl fyrstu vikurnar eftir að við komum til baka. Menn voru að mótmæla því að blanda ætti þessu útlenda kyni við þennan göfuga stofn sem fyrir var í landinu. En svo höfðu líka margir sem höfðu tekið kjörbörn frá Asíu samband. Það fólk var þakklátt, því nú voru það ekki bara þeirra börn sem litu öðruvísi út." Hann segir komu Víetnamanna því hafa verið góða reynslu fyrir Íslendinga. Hún hafi opnað augu þeirra fyrir kostum þess að búa í margbreytilegra samfélagi.

Alla tíð hefur Björn haldið sambandi við vini sína frá Víetnam. „Við höfum deilt með þeim okkar sorgar- og gleðistundum. Þetta hefur verið afar ánægjulegur þáttur í okkar lífi."

holmfridur@frettabladid.is

ÞRJÁTÍU ÁR LIÐIN FRÁ KOMU VÍETNAMSKA FLÓTTAFÓLKSINS

ÍSLENSKUKENNSLA Fljótlega eftir komuna til Íslands hóf fólkið íslenskunám í Námsflokkum Reykjavíkur.

ARI OG KÁRI ELDA Matarmenning Íslendinga breyttist með komu Víetnamanna. Ari stofnaði Indó-Kína og Kári stofnaði meðal annars veitingastaðinn Asíu.

ÁHUGI Fáir útlendingar voru á Íslandi árið 1979 og börnin, rétt eins og fullorðna fólkið, voru afar áhugasöm um þessa nýju íbúa Reykjavíkur.

Á KAPLASKJÓLSVEGI 12 Skortur á leiguhúsnæði var verulegur árið 1979. Eftir mikla leit að hentugu húsnæði keypti Rauði krossinn 90 fermetra hús á Kaplaskjólsvegi sem allur hópurinn bjó í fyrst um sinn.

NÝKOMIN Fólkið á götunni fylgdist með þegar Víetnamarnir stigu út úr rútunni frá Keflavíkurflugvelli, 20. september 1979.

➜ AÐDRAGANDI FÓLKSFLÓTTANS FRÁ VÍETNAM

Víetnam var frönsk nýlenda á 19. öld en Japanar hernámu landið í síðari heimsstyrjöldinni. Þeir voru brotnir á bak aftur af andspyrnuhreyfingu kommúnista sem lýsti yfir sjálfstæði árið 1945. Frönsku nýlenduherrarnir, með aðstoð Bandaríkjamanna, reyndu að vinna landið að nýju. Í nóvember 1946 hófust vopnuð átök sem lauk með ósigri Frakka árið 1954. Landinu var þá skipt í tvo hluta, Norður- og Suður-Víetnam. Árið 1975 lauk átökunum með sigri kommúnista. Skömmu síðar sameinuðu sigurvegararnir landshlutana tvo.

Samfélagið var í molum eftir þrjátíu ára styrjöld og ekki bætti úr skák þegar Bandaríkjamenn og fleiri þjóðir settu viðskiptabann á Víetnam. Hundruð þúsunda Víetnama flúðu heimaland sitt á þessum tíma. Flestir þeirra fóru á yfirfullum bátum til nálægra landa. Ferðirnar voru oftar en ekki erfiðar og létust margir þeirra sem flúðu á hafi út. Þeir sem náðu landi fengu margir hverjir aðstoð Alþjóða Rauða krossins við að finna ný heimkynni.

Heimild: Í þágu mannúðar - Saga Rauða kross Íslands

OPIÐ HÚS UM HELGINA

Laugardag frá kl. 11-17 · Sunnudag frá kl. 13-17 *KÍKIÐ INN!*

HTH

20% afsláttur

af öllum *HTH* innréttingum!

*... þú færð það aðeins **betra** hjá* HTH

RAUÐA LÍNAN

HTH í 10 ár hjá ORMSSON 1999-2009

Heimsæktu okkur í
Sýningarsal HTH innréttinga
í Lágmúla 8 þar sem söluráðgjafar okkar munu með ánægju veita þér góð ráð. Við leggjum allan okkar metnað í góða þjónustu – frá upphafi til enda.

HTH er metnaðarfullt danskt fyrirtæki sem sérhæfir sig í framleiðslu innréttinga í eldhús og baðherbergi auk fataskápa.

Innréttingar frá HTH eru lifandi dæmi um það allra besta í danskri hönnun – í senn sígild og nútímaleg, stílhrein og glæsileg.

Við munum aðstoða þig við að hanna eldhús og aðrar innréttingar sem eru í senn hagnýtar og aðlaðandi. Um leið og þú hefur komist að niðurstöðu um hvernig þú vilt hafa innréttinguna, hefst ein af verksmiðjunum HTH í Danmörku handa við framleiðsluna. Þar ábyrgjumst við þá vandvirkni sem hefur svo lengi einkennt danska húsgagnaframleiðslu.

Í tilefni af 10 ára afmæli HTH hjá ORMSSON bjóðum við nú 20% afslátt af þessum glæsilegu innréttingum.

ORMSSON

GERÐU KRÖFUR – VIÐ UPPFYLLUM ÞÆR
LÁGMÚLA 8 · SÍMI 530 2800

SETTU ÞAÐ SAMAN HTH

Af hverju að borga meira?

ELDHÚSINNRÉTTINGAR

BAÐINNRÉTTINGAR

GULA LÍNAN

FATASKÁPAR

HTH

20% afsláttur

af öllum *HTH* innréttingum!

ÞVOTTAHÚSINNRÉTTINGAR

TILBÚNAR INNRÉTTINGAR – TIL AFGREIÐSLU BEINT AF LAGER

Gæði innréttinga í gulu línunni ***SETTU ÞAÐ SAMAN*** eru á engan hátt lakari en þeirra í rauðu línunni. ***SETTU ÞAÐ SAMAN*** eru mun ódýrari innréttingar og fellst verðmunurinn einkum í því, að þær eru seldar ósamsettar beint af lager og krefjast því bara hóflegrar handlægni og dálítils dugnaðar. Báðar styðjast línurnar við hið danska ***HTH*** hugvit, smekkvísi og gæði, en úrvalið í rauðu línunni er yfirgripsmeira og þar er einnig hærra þjónustustig.

Gullið tækifæri að endurnýja! – 20% afsláttur.

ORMSSON

S Ö L U S T A Ð I R :
- SMÁRALIND · SÍMI 530 2907 & 530 2908
- MODEL–AKRANESI · SÍMI 431 3333
- RADIONAUST–AKUREYRI · SÍMI 461 5003
- ÁRVIRKINN–SELFOSSI · SÍMI 480 1160
- LÁGMÚLA 8 · SÍMI 530 2800

Charles Darwin á hvíta tjaldinu

Ný kvikmynd um **Charles Darwin** var heimsfrumsýnd í Toronto í vikunni. Höfundi þróunarkenningarinnar tekst enn að stuða bókstafstrúarfólk, myndin fær ekki dreifingu í vígi þess, Bandaríkjunum, út af umfjöllunarefninu. *Sigríður Björg Tómasdóttir* kynnti sér málið.

VÍSINDAMAÐUR AÐ STÖRFUM Darwin varði miklum tíma við rannsóknir á lífverum og náttúrugripum ýmiss konar. Hér er Paul Bettany í hlutverki vísindamannsins.

Frumsýningu myndarinnar ber heppilega upp á ár mikilla hátíðarhalda vegna Darwins, eins og kunnugt er eru 200 ár síðan hann kom í heiminn og 150 ár síðan höfuðrit hans, Uppruni tegundanna, kom út. Af því tilefni hafa verið haldnar ráðstefnur um víða veröld, endalausar greinar skrifaðar um Darwin og fjallað um þróunarkenninguna frá öllum mögulegum hliðum. Þess má einnig geta að í vikunni var opnuð miðstöð helguð Darwin í Náttúruvísindasafninu í London.

Þróunarkenningin var sett fram í Uppruna tegundanna, hún gjörbylti vísindum heimsins og telst til grundvallaratriða í nútímalíffræði. Kvikmyndin Creation setur þó útkomu bókarinnar ekki í þungamiðju, þótt vissulega sé hún til umfjöllunar, heldur er það annars vegar dótturmissir Darwins og sorgin sem honum fylgir og hins vegar togstreita í hjónabandi Charles og konu hans, Emmu, vegna viðhorfs til trúarinnar, sem eru til meginumfjöllunar.

Þróunarkenningunni, sem er óumdeild meðal vísindamanna, er þó enn hafnað af stórum hluta Bandaríkjamanna, um fjörutíu prósent ef marka má kannanir. Þess vegna ætti það ef til vill ekki að koma á óvart að myndinni um manninn sem setti hana saman skuli ganga erfiðlega að fá dreifingu í mekka kvikmyndanna, Bandaríkjunum, en svo er það nú samt.

Framleiðandi myndarinnar, Jeremy Thomas, sem meðal annars framleiddi Óskarsverðlaunamyndina Last Emperor, lét hafa eftir sér í vikunni að hann væri furðu lostinn yfir því að þessi viðhorf væru til 150 árum eftir að Uppruni tegundanna kom út. „Þetta er það sem við erum að kljást við, árið 2009, það er ótrúlegt," sagði hann.

HJÓNIN Jennifer Connelly og Paul Bettany við frumsýningu Creation í Toronto.

Þróun lífsins*

Darwin áttaði sig á að náttúrulegt val er óhjákvæmileg afleiðing þriggja staðreynda; breytileika á milli einstaklinga, því að hluti breytileikans erfist milli kynslóða og að æxlun er mishröð sem þýðir að einstaklingar eiga mismörg afkvæmi. Þessar staðreyndir eiga við allar tegundir.

Fyrst auðlindir eru takmarkaðar og samkeppni á milli lífvera óumflýjanleg leiða þessar staðreyndir til náttúrulegs vals. Náttúrulegt val er einföld vélræn útskýring á fjölbreytileika lífvera og aðlögun þeirra, þar sem óhjákvæmilegt er annað en valið verði gegn vanhæfum arfgerðum og fyrir hæfari. Afleiðingarnar eru þær að stofnar breytast og eiginleikar, eins og auga, verða betri til að sinna vissum störfum, aðlagast með öðrum orðum.

Hinn burðarás þróunarkenningarinnar er skyldleiki lífvera. Darwin sýndi fram á að lífverur raðast í þróunartré, þar sem svipaðar tegundir eins og menn og apar sitja á nálægum greinum og að ólíkar tegundir eins og menn og svampar, lenda á greinum sem aðskiljast neðarlega í trénu fyrir langa löngu.

*heimild: www.darwin.hi.is

Harmur Darwins

Handrit myndarinnar byggist á bókinni Annie's box, eða kassi Annie, sem kom út árið 2001. Höfundur hennar, Randal Keynes, er afkomandi Darwins og var kveikjan að bók hans um forföður sinn askja sem hann fann með hlutum Annie þegar hann var að fara yfir skjöl og gögn Darwins sem geymd voru á heimili hans í Kent. Annie þessi lést einungis tíu ára gömul, að því að talið er úr berklum. Hún var foreldrum sínum mikill harmdauði, Darwin lét hafa eftir sér að hún hefði verið í mestum metum meðal barna sinna. Þrátt fyrir það minntist hann aldrei á hana aftur, minningin um hana var geymd í kassanum, sorgin í sinninu.

Bók Keynes, sem heitir fullu nafni Annie's box: Charles Darwin, his Daughter and Human Evolution, eða Askja Annie: Charles Darwin, dóttir hans og þróun mannsins, er þannig ekki hefðbundin ævisaga um vísindamanninn Darwin heldur dregur hún upp mynd af manninum, fjölskylduföðurnum og hugsuðinum og vakti athygli við útgáfu hennar árið 2001.

Andstaða bókstafstrúarmanna

Ekki er að undra að meginefni Creation sé mannlegt eðli, missir og sorg. Slíkt er umfjöllunarefni ótal kvikmynda og flestar myndir á borð við Creation myndu fá dreifingu í Bandaríkjunum skyldi maður halda. En sterk staða bókstafstrúarmanna þar í landi gerir það að verkum að myndin mætir andstöðu. „Andstaðan við þróunarkenninguna er stórt og mikið mál í Bandaríkjunum og á sér langa sögu," segir Einar Árnason, prófessor í líffræði við Háskóla Íslands og sérfræðingur í þróunarkenningunni. Gott dæmi um andstöðuna eru fræg réttarhöld sem kennd eru við kennarann John Scobes, sem var árið 1925 dæmdur fyrir að kenna þróunarkenninguna í skóla í Tennessee, á þeirri forsendu að hún stangaðist á við lög ríkisins. Í þeim var kveðið á um að ekki mætti kenna neitt í skólum ríkisins sem hafnaði guðlegri sköpun mannsins. Málið var reyndar síðar fellt niður vegna formgalla.

Andstæðingar þróunarkenningar eru oft nefndir sköpunarsinnar (creationists) vegna þess að þeir trúa að guð hafi skapað heiminn í þeirri mynd sem við þekkjum hann. Að sögn Einars er annarri hugmynd þó frekar haldið á lofti af bókstafstrúuðum um þessar mundir, svokallaðri hönnunarkenningu, „intellectual design". „Sú hugmynd er í raun sköpunarhyggja í nýju formi, hún gengur út á að það hljóti að vera hönnuður að eiginleikum lífvera, þeir séu einfaldlega of fullkomnir til þess að hafa þróast með blindu náttúrulegu vali." Augu séu gjarnan tekin sem dæmi um þetta, þau séu svo fullkomin. Einar bendir hins vegar á að þetta standist ekki vísindalega skoðun, hægt sé að finna ótal millistig líffærisins auga.

Samkvæmt greinum í erlendum dagblöðum á borð við New York Times og The Guardian hefur tekist vel til við gerð Creation. Hjónin Charles og Emma Darwin þykja sannfærandi í túlkun hjónanna Pauls Bettanys og Jennifer Connelly. Á blaðamannafundi vegna sýningarinnar í Toronto kom fram að þau hefur lengi langað til að starfa saman, en þau giftust árið 2003. Þess má geta að þau kynntust við gerð myndarinnar A Beutiful Mind en tóku reyndar ekki saman fyrr en síðar.

Hjónaband höfuðpersóna myndarinnar, Charles og Emmu, var farsælt en stormasamt. Þau þekktust vel áður en þau giftust enda voru þau náskyld, systkinabörn. Áður en þau fóru að draga sig saman hafði Darwin farið í sína frægu heimsreisu á könnunarskipinu Beagle og gefið út frásagnir úr ferðinni. Hann var því þekktur maður þegar þau hófu tilhugalíf en illa farinn af veikindum sem líklega áttu orsakir sínar í streitu og álagi.

Togstreita um trú

Emma var mjög trúuð og gerði sér strax grein fyrir því að trúarhugmyndir hennar og Darwins gætu stangast á. Hann var alinn upp í trú blandinni skynsemi og rökhyggju. Eftir því sem vísindarannsóknum hans vatt fram urðu efasemdir trúnni yfirsterkari. En það var andlát dóttur hans sem varð til þess að hann gekk af trúnni. Þau hjónin tóku það gríðarlega nærri sér, hún leitaði huggunar í trúnni en hann gekk af henni og losnaði kannski við hömlur sem gerðu honum auðveldara að reka smiðshöggið á höfuðkenningu sína. Átta árum eftir að Annie dó kom bókin Uppruni tegundanna út. Henni var strax gríðarlega vel tekið, hugsuðir voru margir hverjir afar svekktir yfir því að hafa ekki komið auga sjálfir á þessa „einföldu" og augljósu hugmynd sem þróunarkenningin er.

Óumdeild vísindakenning

Þróunarkenningin er hornsteinn nútíma líffræði og algjörlega óumdeild út frá vísindalegu sjónarmiði. Þegar Darwin setti hana fram vantaði ýmislegt upp á vísindalegan rökstuðning kenningarinnar en síðari tíma uppgötvanir hafa styrkt hana í sessi og gert hana að kenningu í vísindalegum skilningi, sem þýðir að hún hefur staðist próf og er ekki lengur tilgáta – eins og andstæðingar hennar vilja gjarnan halda fram.

Þess má geta að andstæðingar eru ekki fjölmennir í öðrum nálægum ríkjum en Bandaríkjunum. Viðhorfskönnun til kenningarinnar sem gerð var fyrir nokkrum árum sýndi til dæmis að ríflega 80 prósent Íslendinga, Norðurlandabúa og Frakka aðhyllast hana.

En aftur að myndinni. Samkvæmt heimasíðu hennar hefur þegar verið samið um dreifingu hennar víða um lönd, til að mynda á Norðurlöndum. Væntanlega verður hún tekin til sýninga í íslenskum kvikmyndahúsum einnig þó að það liggi ekki enn ljóst fyrir.

➜ DARWIN Í 200 ÁR

- **1809:** Charles Darwin fæðist 12. febrúar í Shrewsbury á Englandi, fimmti í röð sex barna læknisins og auðjöfursins Roberts Darwins og eiginkonu hans Susannah.
- **1831:** Þekkist boð um þátttöku í heimsreisu á skipinu HMS Beagle undir stjórn Roberts FitzRoy. Reisan varir í fimm ár og Darwin safnar ótölulegum fjölda náttúrugripa, steingervinga og gerir athuganir sem nýtast honum til vísindastarf það sem eftir er ævinnar.
- **1839:** Giftist frænku sinni Emmu Hedgewood. Sama ár fæðist fyrsta barn þeirra en þeim hjónum varð tíu barna auðið. Tvö létust í frumbernsku. Til þess var tekið hversu náin þau voru börnum sínum.

- **1851:** Annie dóttir hans deyr, líkast til úr berklum.
- **1859:** Uppruni tegundanna kemur út og vekur mikla athygli í heimi vísindanna og víðar.
- **1865:** Tékkneski munkurinn Gregor Mendel gefur út rannsókn sína á erfðum, en mikilvægi hugmynda hans verðum lýðum ekki ljóst fyrir en í upphafi 20. Þegar það gerist styrkjast stoðir þróunarkenningarinnar.
- **1871:** Bókin Uppruni mannsins kemur út en í henni tengir Darwin með ljósum hætti menn og apa saman sem vakti hneykslan margra.



- **1882:** Darwin deyr.
- **1953:** James D. Watson og Francis Crick uppgötva byggingu DNA sem gerir það mögulegt að rannsaka sameindalíffræði þróunar.
- **2004:** Bókin Uppruni tegundanna kemur út í íslenskri þýðingu í lærdómsritaflokki Hins íslenska bókmenntafélags.
- **2009:** Haldið upp á afmælisár Darwins með ýmsum hætti víða um heim. Íslendingar hafa ekki látið sitt eftir liggja, eins og lesa má lesa á netsíðunni www.darwin.hi.is.

STIEG LARSSON ER ÓDÝRARI Í OFFICE 1

Stúlkan sem lék sér að eldinum

Fullt verð ~~5.480~~ kr.

Office 1 tilboðsverð

3.995 kr.

Tilboðsverð í Eymundsson: 4.900 kr.

Karlar sem hata konur - kilja

Fullt verð ~~2.490~~ kr.

Office 1 tilboðsverð

2.190 kr.

Opið allan sólarhringinn í Skeifunni

Ég ætla að spara í ár!

Office 1

PIPAR • SÍA • 91609

Hvaða kynlífsbylting?

Jóna Ingibjörg Jónsdóttir kynfræðingur hefur nýlokið við skrif á nýrri bók sem kallast Kynlíf – heilbrigði, ást og erótík. *Anna Margrét Björnsson* heyrði um hvernig hún lagði lokahönd á bókina þegar hún var handleggsbrotin á báðum höndum og forvitnaðist um hvernig kynlífi Íslendinga er háttað nú.

EITT AF FÖSTU GILDUM LÍFSINS. Jóna Ingibjörg vonar að kreppan kenni fólki að meta ást og kynlíf betur en það gerði.

„Stundum er sagt að lífið leggi fyrir mann þrautir til að athuga staðfestuna og það var svo sannarlega rétt í þessu tilfelli," útskýrir Jóna Ingibjörg Jónsdóttir kynfræðingur um hvernig skrifum á nýlokinni bók hennar var háttað. „Þetta var svolítið táknrænt. Ég var nýbúin að fá styrk frá launasjóði fræðirithöfunda sem gerði mér kleift að einbeita mér að skrifum í hálft ár. Strax í kjölfarið lenti ég í slysi. Ég var að spranga úti í Eyjum þegar ég missti tak á kaðlinum og féll niður á báða handleggi. Þegar ég reyndi að standa upp kom í ljós að ég var illa brotin á báðum handleggjum sem er nú ekki mjög hagkvæmt þegar maður er að reka smiðshöggið á heila bók! En ég stóðst prófið og tókst að ljúka bókaskrifunum með púða undir báðum olnbogum," segir hún og hlær.

Bók Jónu Ingibjargar, sem nefnist Kynlíf – heilbrigði, ást og erótík, kemur út innan skamms hjá bókaútgáfunni Opnu og er að eigin sögn bók skrifuð fyrir alla sem hafa faglegan áhuga á kynlífi eða vilja dýpka þekkingu sína á þessu sviði. „Þetta er bók sem fjallar um efnið á gagnrýninn hátt, skrifuð öðrum þræði fyrir fagfólk en líka fyrir almenning. Í henni er til dæmis að finna kafla sem lúta að einstöku kynlífi og erótík, það er að segja, hvað er gott kynlíf, hvað er frábær kynlífsupplifun, hvað er málið með erótík og svo framvegis."

Kynferðisþroski barna

Í bókinni er einnig kafli sem fjallar um kynferðisþroska. „Kynferðisþroski hefst ekki á unglingsárunum heldur byrjar á góðu atlæti í æsku þar sem við lærum á líkama okkar og tilfinningasvið. Það er mikilvægt nú á tímum upplýsingaveðingarinnar að við kennum börnum að sortera hvað þau megi sjá og hvað sé óviðeigandi." Spurð um neikvæð áhrif netveðingarinnar og klámsins sem þar sé að finna segir Jóna að ekki sé hægt að líta einungis á netveðinguna sem neikvæða. „Börn og unglingar geta aflað sér upplýsinga á Google þar í staðinn fyrir að vera skjálfandi á beinunum á bókasöfnunum. Það er hægt að sjá bæði það góða og það slæma í þessari þróun. Gott uppeldi skiptir máli þegar það kemur að því að börn og unglingar taki meðvitaðar ákvarðanir um hvað sé í lagi og hvað ekki. „Við verðum líka að vera mjög nákvæm og passasöm hvað þetta varðar, hvernig maður tekur á hlutunum á hvaða þroskastigi." Fólk ruglar saman svo mörgum hugtökum þegar það kemur að kynferðisþroska barna."

Klám og óhefðbundið kynlíf

Umræða um klám undanfarin ár hefur aðallega verið neikvæð og Jóna segir að kynfræðinni og kynjafræðinni sé stundum ruglað saman.

„Oftast er orðræðunni stjórnað þannig að allir eru mögulegir þolendur, oftast konur, og allir mögulegir gerendur, oftast karlmenn. Þetta varð kannski óafvitandi aukaverkun kynjafræðinnar sem varpað hefur mikilvægu ljósi á rótgróið kynjamisrétti. Kynfræði er þó annað en kynjafræði, en kynfræði snýst um þekkingu á manneskjunni sem kynveru. Konur eru oft settar í bása hvað þetta varðar og margir halda að flestar konur þoli ekki klám. Það er kannski líka vegna þess að allt klám er sett undir sama hatt.

Svo er líka hugtak sem á alveg að afmá úr íslenskri tungu og það er orðið barnaklám. Það er ekki til neitt sem heitir barnaklám, heldur á það að kallast réttu nafni, kynferðislegt ofbeldi á börnum. Það hefur ekkert með klám að gera. Við eigum að kalla hlutina réttum nöfnum." En eru Íslendingar opinskáir með kynlíf, og er ekki erfitt fyrir litla þjóð að stunda það sem mætti flokkast undir óhefðbundið kynlíf vegna smæðar hennar? „ Jú, stórborgarmenning þrífst eðli málsins vegna ekki á Íslandi. Við erum auðvitað bara þorp að stærð. Tökum sem dæmi samkynhneigða sem þurftu beinlínis að flýja land til stórborga eins og Kaupmannahafnar eða Berlínar til að forðast misrétti og geta bara lifað þolanlega. En afkimar og kynlífsklúbbar, til dæmis BDSM, þrífast samt hér á Íslandi og ég fékk sérfræðinga í þeim málum mér til hjálpar við ritun á þeim kafla bókarinnar." Sumum kann að finnast BDSM afbrigðilegt kynlíf en Jóna spyr á móti: „Hvað er afbrigðilegt kynlíf? Grundvallarskilmerkingar sem við höfum í því sambandi eru þrjár: að fólk má ekki nota yfirburði sína til að neyða einhvern til kynlífs eða valda skaða svo fólk sjái eftir því síðar meir. Eldri einstaklingar eiga heldur aldrei að nota líkamlega eða andlega yfirburði sína gagnvart börnum eða unglingum, hvorki til að sækjast eftir kynferðislegum greiða eða eiga frumkvæði að kynlífsvenjum sem hamla kynfrelsi viðkomandi. "

> Auðvitað eru allir frjálsir til að geta sofið hjá hverjum sem er. En hvaða frelsi er í rauninni fólgið í því? Maður á að fylla upp tómarúm í hjarta sínu með gleði og hamingju en ekki endilega kynlífi sem er laust við raunverulegar tilfinningar.

Órjúfanleg bönd milli kynlífs og tilfinninga

Kynlíf er eitt af föstu gildum lífsins, það er alltaf hægt að ganga að ást og kynlífi og þeirri nálægð og innileika sem þau nánu tengsl skapa, sama hvernig þjóðfélagsástandið er," segir Jóna Ingibjörg þegar hún er innt um áhrif kreppunnar á kynlíf Íslendinga. „Vonandi lærir fólk að meta ást og kynlíf betur. En ég hef hins vegar miklar áhyggjur af því hvað verður um kynfræðslu í skólum því ekki má spara þar. Kynfræðslan er olnbogabarn og gleymist oft í umræðunni. Bæði hvað varðar líkamlega heilsu, forvarnir og tilfinningalegt heilbrigði. Mér finnst að kynfræðsla eigi að byrja strax í leikskóla. Þá á ég ekki við að lítil börn séu að læra um kynmök heldur að læra heiti á kynfærum og hvað líkaminn gerir svo dæmi sé tekið.."

Jóna segist hafa komist að því í gegnum samtöl við kollega sína að Finnar séu hvað lengst komnir í þessum málum. „Þeir eru opnari og öflugri í kynferðismálum en margar aðrar þjóðir. Þeir kenna um kynferðisheilbrigði og um tilfinningalegt heilbrigði í kynlífi. Það er langt í land að við náum slíkri þróun hér á landi. Annars held ég að við Íslendingar séum bara álíka bæld og álíka opin og aðrar þjóðir hvað þessi mál varðar."

Jóna Ingibjörg starfar einnig sem kynlífsráðgjafi og fólk og pör leita til hennar með margvísleg vandamál, en auk þess rekur hún Kynfræðsluskólann þar sem eru haldin námskeið fyrir fagfólk auk fræðslu fyrir almenning.

„Það eru aðallega pör sem koma til mín í ráðgjöf, pör sem eru komin með ákveðinn doða í sambandið en vandamálin eru eins fjölbreytt og einstaklingarnir sem koma til mín í viðtöl. Ég hef fengið konur í heimsókn sem segja að þeim sé sama þótt þær lifi án kynlífs það sem eftir er." Jóna segir að það sem í raun hafi komið henni mest á óvart í öll þau ár sem hún hefur unnið á þessu sviði eru þau órjúfanlegu bönd sem eru á milli kynlífs og tilfinninga. „Það kann að hljóma sem klisja en það er ekki hægt að lifa kynlífi án tilfinninga, hvort sem þú heldur það eða ekki," útskýrir hún. Og þegar ást myndast hjá fólki þá er hún kannski ekki eins heit eftir áratug og hún var fyrst. Ást breytist með tímanum en hún þarf alls ekki að veikjast. En stundum eru ákveðnir hlutir sem hafa gerst hjá fólki í þess sambandi sem gerir það að verkum að tilfinningarnar breytast og þá kynlífið í kjölfarið. Það sem ég geri oft er að hjálpa fólki að sjá hlutina í öðru samhengi." "

JÓNA INGIBJÖRG JÓNSDÓTTIR
kynfræðingur

Þurfum að skrifa nýtt handrit um samskipti kynjanna

„Fólk er alltaf að tala um einhverja kynlífsbyltingu en það er frasi sem ég þoli ekki," segir Jóna Ingibjörg. „Hvaða kynlífsbylting? Í hverju fólst byltingin? Hverju hefur hún skilað? Já, auðvitað eru allir frjálsir til að geta sofið hjá hverjum sem er. En hvaða frelsi er í rauninni fólgið í því? Maður á að fylla upp tómarúm í hjarta sínu með gleði og hamingju en ekki endilega kynlífi sem er laust við raunverulegar tilfinningar."

Jóna Ingibjörg segir að ungir karlmenn séu stundum enn haldnir þeirri hugmynd að þeir eigi að vera tilbúnir í kynlíf, hvenær og hvar sem er með hverjum sem er. „Ég hitti til dæmis nýlega ungan mann sem var nýkominn úr sambandi þar sem hann sérðist og hann ætlaði ekki að fara í annað samband strax. Hann ætlaði sér frekar að sofa hjá eins mörgum stelpum og hann gat. Svo komst hann að því að hann bara gat ekki framkvæmt athöfnina í hvert skipti og kom til mín þá í ráðgjöf af því hann skildi ekkert í þessu. En ég sagði við hann, ef líkaminn þinn er að reyna að segja þér eitthvað, hvað er hann að reyna að segja þér? Það er ekkert nóg að bara stunda kynlíf. Kynlífsbyltingin er í rauninni sú að þora að líta á raunverulega hvað er að gerast í aðstæðunum, það er byltingin." Jóna varar líka við stinningarlyfjum eins og Viagra fyrir karlmenn sem eru við góða heilsu og hafa ekki greinst með stinningarvandamál. „Viagra hjálpar þeim ekki neitt ef blóðflæði þeirra er gott hvort eð er, svo ekki sé minnst á þá stórhættulegu þróun að ungir karlmenn séu að blanda saman eiturlyfjum og Viagra." Jóna Ingibjörg segir einnig undarlegt að það sé ákveðið tvöfalt siðgæði enn við lýði. „Konur til dæmis sem hafa sterkar kynferðislegar langanir hljóta ekki stuðning, hvorki frá karlmönnum né frá kynsystrum sínum. Þær fá iðulega á sig gagnrýni, ekki síst sinna kynsystra, ef þær sýna gleði og kátínu yfir því að vera kynverur. Það vantar klárlega eitthvað í þessa byltingu hvað það varðar. Kvenfólk er líka gjarnt á að setja sig í eitthvert fórnarlambshlutverk. Kynlífsmenningin náttúrlega mótar okkur og við lærum hvernig við eigum að haga okkur samkvæmt ákveðnum samfélagslegum handritum. Í raun þyrftum við að búa til ný handrit um samskipti kynjanna."

Helst vildi Jóna sjá umræðuþætti um kynlíf í íslensku sjónvarpi þar sem þessi málefni væru krufin til mergjar. „Ég vil sjá líflega umræðu um þessi málefni þar sem skyggnst er á bak við umræðuefnin og fólk gæti skerpt sína eigin sýn á efninu. Það þarf að hrista aðeins upp í þessum málum hér og sérstaklega að því sem lútir að kynfræðslu og kynheilbrigði. Það væri líka afleitt ef hlutfall kynsjúkdóma myndi hækka á næstu árum vegna niðurskurðar í þessum málum." En hvernig skyldi það vera að starfa sem kynfræðingur? „Það er stöðug áskorun en eitthvað sem ég hef valið vegna mikils áhuga á mannlegri kynverund. Ég hef auðvitað orðið fyrir einhverjum fordómum í gegnum árin en þá var það sérstaklega að á svona litlu landi var ég ein að starfa við þetta. Ég er í mínu öðru hjónabandi og eftir fyrsta hjónaband var ég ein í sex ár með son minn. Þá fann ég fyrir því að karlmenn höfðu fordóma gegn mér og sumir voru hálfhræddir við mig. Núna er ég í afskaplega góðu og nánu sambandi og auðvitað hefur kynfræðin hjálpað mér til þess að öðlast meiri skilning á sjálfri mér. Ég er eins og hver önnur kona!"

BÓNUS BÓNUS BÓNUS BÓNUS

20 ára BÓNUS 1989 - 2009

FERSKUR HEILL KJÖRFUGL

479

KJÖRFUGL FERSKUR HEILL KJÚKLINGUR
MERKT VERÐ 598 KR./KG. 20% AFSLÁTTUR **479 kr./kg.**

BÓNUS HEILL KJÚKLINGUR

489

BÓNUS FERSKUR HEILL KJÚKLINGUR
MERKT VERÐ 698 KR./KG. 30% AFSLÁTTUR **489 kr./kg.**

98
98 kr. 1 ltr.

498
BÓNUS ELDHÚSRÚLLUR 6 stk **498 kr.**
BÓNUS WC PAPPÍR 18 rúllur **498 kr.**

179
BÓNUS KORNBRAUÐ 1 kg **179 kr.**

98
MYLLU HEIMILISBRAUÐ *375g* **98 kr.**

NÝSLÁTRUN HAUST 2009

K.S FERSKT LAMBALÆRI HAUST SLÁTRUN 2009
MERKT VERÐ 1398 KR./KG. 15% AFSLÁTTUR
1189 kr./kg.

598
KJÖRFUGLS KJÚKLINGABRINGUR
MERKT VERÐ 1776 KR./KG. 10% AFSLÁTTUR **1598 kr./kg.**

598
ALI FERSKUR GRÍSABÓGUR
398 kr./kg.

ÍSLANDSLAMB HAUSTSLÁTRUN 2009

798
798 KR./KG. NIÐURSAGAÐUR Í POKA

HÁLFUR LAMBSSKROKKUR FROSINN

598
UNGNAUTAHAMBORGAR 4 STK M/BRAUÐI
MERKT VERÐ 798 KR./KG. 25% AFSLÁTTUR **598 kr.**

1198
UNGNAUTAHAKK
MERKT VERÐ 1498 KR./KG. 20% AFSLÁTTUR
1198 kr./kg.

3598
ES STÁLPOTTUR *10 ltr.* **3598 kr.**

1998
ES STÁLPOTTUR *fyrir pasta 4,5 ltr.* **1998 kr.**

598
ES BRAUÐBRETTI 2 STK. **598 kr.**

1298
ES STEIKARPANNA *26 sm* **1298 kr.**

1998
ES STEIKARPANNA *28 sm m/glerloki* **1998 kr.**

Opnað kl. 10.00

BÓNUS BÝÐUR BETUR

OPIÐ: LAUGARD: 10:00-18:00 SUNNUD: 12:00-18:00

VISA

NÝTT KORTATÍMABIL

ÞJÁLFUNIN Strangur hálfsárs undirbúningur fól meðal annars í sér langhlaup með bakpoka í misjöfnu veðri.

SANDÖLDURNAR Í SAHARA
Sandurinnn reyndist þéttari en Ágúst hafði haldið.
MYND/JUSTIN

LANDAR Áður en Ágúst, til vinstri, kom til Marokkó hafði hann heyrt í landa sínum Justin Bjarnason sem alinn er upp í Englandi. Hér eru þeir félagar að loknu hlaupinu.

ÞÁTTTAKENDUR 800 tóku þátt í hlaupinu og því var þröng á þingi við skráningu í hlaupið.

Maraþonið mikla yfir Sahara

Ágúst Kvaran lét draumurinn rætast um að taka þátt í keppnishlaupi yfir Sahara eyðimörkina nálægt landamæru Marokkó og Alsír. Á fjórum dögum hljóp hann ríflega 200 kílómetra í harðsnúnum hópi í einu erfiðasta langhlaupi heimsins. *Sigríður B. Tómasdóttir* tók saman.

Ágúst Kvaran prófessor í eðlisefnafræði hafði lengi haft hug á að taka þátt í þrekrauninni miklu í Sahara, „Marathon des sables," margra daga langhlaupi yfir Sahara eyðimörkina þar sem þátttakendur hlaupa með vistir, svefnpoka og dýnu á bakinu. Meiðsli komu í veg fyrir að hann tæki þátt í hlaupinu 2008, en þá hafði hann skráð sig til leiks. Þess í stað var hann mættur ásamt 800 öðrum þátttakendum á flugvöllin Quartzazate í Marokkó sunnan Atlasfjallana í marslok 2009 tilbúinn í slaginn. Miklar rigningar settu strik í reikninginn og fyrsti hlaupadagur féll niður og hlaupaleiðum var breytt.

Alls var hlaupin 202,2 kílómetra vegalengd á fjórum hlaupadögum. En gefum Ágústi orðið .

Fyrsti hlaupadagur: 33 kílómetrar

Vegna mikilla rigninga var hlaupaleiðunum breytt og upphafsdagur frestaðist. En svo rann fyrsti dagurinn upp. Við rásmarkið blöktu fánar allra þátttökuþjóðanna við hún. Loks reið af hávært púðurskot. Hlaupið var hafið.

Fyrstu mínúturnar einkenndust af háværum orðaskiptum milli hlaupara, hlátrasköllum og mishröðum takti hlaupara sem voru að finna sinn rétta sess í mannþrönginni. Smám saman minnkuðu orðaskiptin, og nágrannahlauparar liðu áfram með svipuðum hraða. Fyrr en varði vorum við komin að sandöldunum, sem reyndust mun hærri en sýndist úr fjarska. Hópurinn dreifðist talsvert yfir sandöldurnar þótt meginstefnan héldist sú sama og markaðist af stikum sem birtust með reglulegu millibili. Það var unaðslegt að koma í mark þegar 33 km hlaupaleið í afar fjölbreyttu landslagi var lokið. Þetta lofaði góðu. Ég var strax farinn að hlakka til næsta hlaups.

Annar hlaupadagur: 36 kílómetrar

Litlar sem engar vísbendingar bárust fyrsta hlaupadaginn um hvert framhaldið yrði. Það var ekki fyrr en morguninn eftir þegar hlauparar voru að matast eða að gera sig klára fyrir annað hlaup að flokkur manna úr hópi skipuleggjenda gekk á milli tjalda, dreifði kortum af breyttri hlaupaleið og tilkynnti að hlaup dagsins yrði hringleið frá og til sömu tjaldbúða, um 36 km leið. Hlaupið hófst á slaginu kl. 9.00. Að þessu sinni var talsverður mótvindur í fyrstu sem breyttist í meðvind á bakaleiðinni. Sem fyrr var hlaupaleiðin fjölbreytt og skiptust á sandöldur, klettaklungur, sléttar sandauðnir og rysjóttar gróðurlendur. Reynslunni ríkari eftir gærdaginn var ég nú öruggari og hraðari en þá, enda kom á daginn að ég færði mig fram um allnokkur sæti milli hlaupa, úr 192. sæti í fyrsta hlaupinu í 113. sæti í öðru hlaupinu.

Þriðji hlaupadagur: 91 kíómetri

Við morgunverðarsnæðing daginn eftir kom ung stúlka aðvífandi, dulítið sposk á svipinn, og ávarpaði okkur á bjagaðri ensku: „Þið eigið að hlaupa 91 km í dag. Hlaupið hefst eftir tvær klukkustundir. Hér er kort af leiðinni. Nokkrar spurningar?" Það var eins gott að hafa hraðann á og pakka saman pjönkunum hið skjótasta. Fram undan var lengsta dagleið í sögu Sahara-maraþonsins, nokkurs konar „sárabót" fyrir að sleppa þurfti fyrsta hlaupinu. Ekki bara það, heldur var hlaupaleiðin með erfiðara móti og fól meðal annars í sér fjallaklifur og hlaup um stórar sandöldur.

Í minningunni eftir á situr lítið eftir varðandi fyrri hluta hlaupsins. Ég leið áfram í einhvers konar leiðslu milli þriggja fyrstu áningarstaðanna og kom á þriðja áningarstað eftir 50 kílómetra á ágætis millitíma. Þar gaf ég mér góðan tíma endurskipulagði mig með tilliti til þess að fyrr en varði færi að rökkva. Þar fengu allir hlaupararnir sérstaka hólka til að mynda sjálflýsandi vökvablöndur, svokallaða ljómunarhólka, sem nota átti þegar dimma tæki.

Skyndilega skall á niðamyrkur. Ég kveikti á ennisljósi. Með reglulegu millibili mátti greina sjálflýsandi græna ljómunarhólka sem vísuðu leiðina að fjórða áningarstað. Þar var okkur uppálagt að gera okkar eigin ljómunarhólka klára. Líkt og aðrir hlauparar gerðu, beygði ég minn hólk þannig að skærgulu ljósi stafaði frá honum, festi hann aftan á bakpokann og hélt út í myrkrið í átt að fimmta áningarstað. Nú hófst einn eftirminnilegasti kafli hlaupsins. Auk sjálflýsandi ljósastika með reglulegu millibili mátti greina gular ljósastikur hlaupara, sem virtust líða áfram á hægri hreyfingu í myrkrinu fram undan. Geislar frá ennis- eða vasaljósum flöktu óreglulega til og frá.

Nú var þreytan óneitanlega farin að segja sín. Það hrísladist um mann gleðitilfinning að ná á síðustu áningarstöðina þegar tæpir 80 kílómetrar voru búnir. Nú var að duga eða drepast. Einungis tólf kílómetrar voru eftir. Ég hóf að beita mig sálfræði niðurtalningarinnar. Hversu oft hafði ég ekki hlaupið um 12 km á æfingahlaupum heima og fundist það létt verk. Því skyldi það ekki líka eiga við nú. Ég hélt sprækur út í myrkrið á nýjan leik.

Smám saman birtist kunnugleg mynd, upplýstir turnbelgir sem vörðuðu marklínuna. Mynd af brosandi andlitum sem birtust mér handan við marklínuna mun seint hverfa mér úr minni. Andlitin voru eins og spegilmynd á vatnsfleti sem skyndilega hóf að gárast. Við féllumst í faðma.

Fjórði hlaupadagur: 42 kílómetrar

Dagurinn á eftir var hvíldardagur. Hann fór að mestu í svefn. Ég hafði lokið við dagleiðina, 91 kílómetra, laust fyrir miðnætti, 14 klukkustundum og 43 mínútum eftir að ræst var og lent í 138. sæti. Það var framar björtustu vonum.

Síðasti hlaupadagurinn heilsaði bjartur, stilltur og fagur. Hitinn jókst jafnt og þétt er á leið maraþonhlaupið og náði um 40°C um hádaginn. Sökum þess hve rakastig eyðimerkurlofsins er lágt var hitinn þó aldrei óbærilegur. Það virtist eins og margir hlauparar hefðu hugsað sér að fullnýta þá orku sem þeir áttu eftir í þetta síðasta áfangahlaup því hraðinn var meiri en í fyrri hlaupum. Ég hreifst með, yfir fjallgarða, grýttar sléttur, klappir, sanda og hóla. Er nær dró lokum hlaupsins fjölgaði innfæddum áhorfendum sem stóðu álengdar og hrópuðu hvatningarorð á frönsku. Ég leit öðru hvoru upp til að sjá rautt flagg við marklínuna stækka og stækka er nær dró endapunktinum. Mín upplifun var sú að ég hlypi síðustu metrana fekihratt, og bandaði út höndunum og öskraði af veikum mætti þegar ég sté yfir endamarkslínuna. Hlaupið var búið.

Afrekið mikla

Draumurinn sem ég hafði gengið með undanfarin ár hafði ræst. Ég hafði klárað „Marathon des Sables", þrekraunina miklu í Saharaeyðimörkinni og hún stóðst allar væntingar og ríflega það. Á afstæðum mælikvarða hafði hlaupið gengið vel. Ég lenti í 140. sæti af tæplega 800 hlaupurum sem kláruðu og í 9. sæti af 103 keppendum í mínum aldursflokki, 50-59 ára, en minningarnar um ógleymanlegar upplifanir taka þó öllu slíku fram. Á fimm dögum hafði mér verið kippt út úr venjubundnu lífi Vesturlandabúans og fengið það hlutverk að kljást við ofurþraut, náttúruna og sjálfan mig.

VERÐHRUN!

LAGER SALA

FORLAGANNA

BORGARTÚNI 29

Komdu og sparaðu!

ALLT AÐ 90% AFSLÁTTUR

Allir sem versla fá bók að gjöf

(Meðan birgðir endast!)

~~4.480,-~~ 1.990,-



~~4.680,-~~ 790,-

~~9.980,-~~ 4.490,-



~~1.780,-~~ 990,-

~~1.980,-~~ 990,-

~~4.680,-~~ 1.490,-

~~4.680,-~~ 990,-

~~2.450,-~~ 990,-

UPPHEIMAR · Veröld · Salka · SKRUDDA · BÓKAÚTGÁFAN HÓLAR · BJARTUR

Gleði og sorgir á Skjá einum

Skjár einn heldur upp á tíu ára afmælið sitt í október. Saga stöðvarinnar er viðburðarík og með hæðum og lægðum eins og í klassískri kvikmynd. *Dr. Gunni* rifjar skrautlega sögu Skjás eins upp, þættina, stjórnendurnar og sjónvarpsstjörnurnar.

Saga Skjás eins framan af er eins og eitthvað úr Hollywood-mynd. Við höfum margoft séð svona sögur. Tveir ungir vinir, vel til hafðir og myndarlegir, brjótast til álna með útsjónarsemi og ákefð. Þeim gengur allt í haginn og allt í kringum þá er uppsveifla og stuð. Svo kemur babb í bátinn og stuðið minnkar – hverfur jafnvel alveg.

Prestssonurinn Árni Þór Vigfússon var andlit Skjás eins á meðan Kristján Ra (Ragnar) Kristjánsson hélt sig að mestu á bak við tjöldin. Þeir höfðu kynnst í Versló og komu að markaðssetningum á leiksýningum eins og Stone Free og Evita. Tvíeykið hitti á algjöra gullæð þegar það setti upp Hellisbúann með Bjarna Hauki í Gamla bíói 1998. Þessi uppsetning er enn mest sótta sviðsverk Íslandssögunnar.

„Það var ágóðinn af Hellisbúanum sem gerði mér og Kristjáni kleift að kaupa Skjá einn," sagði Árni í viðtali við DV árið 2000. Þá hafði Skjár einn verið til sem hálfgert skjávarp um nokkra hríð. „Við sáum sóknarfæri fyrir sjónvarpsstöð sem keyrði aðallega á íslensku efni. Peningar eru hreyfiafl og þeir eiga að vera notaðir til þess að skapa eitthvað nýtt, hvort sem það er sjónvarpsstöð, kvikmyndir eða eitthvað af allt öðrum toga, og því kom aldrei til greina að láta hagnaðinn af Hellisbúanum liggja óhreyfðan í bankakerfinu."

UNGIR MENN Á UPPLEIÐ Árni Þór og Kristján Ra á góðri stundu skömmu eftir aldamótin. FRÉTTABLAÐIÐ/TEITUR

Ógeðslega skemmtilegir tímar

Sjónvarpsstöðin kom sér fyrir í húsnæði við Skipholt, þar sem hún er enn, og Skjár einn fór í loftið 20. október 1999. Daginn eftir sagði Árni Þór í viðtali við Moggann að innlenda dagskrárgerðin yxi þeim ekki í augum enda hafi tækninni fleygt svo mikið fram. Þetta reyndist rétt. Stöðin var óhrædd við að gefa óreyndu fólki lausan tauminn og fyrstu árin var boðið upp á alls konar innlenda þætti, misgáfulega eins og gefur að skilja. Sumt lifði árum saman eins og Innlit-útlit, eða lifir enn góðu lífi eins og Silfur Egils.

Það var samheldni í starfsfólki Skjás eins. Þetta var ungt og frískt fólk á uppleið og Prikið, sem Árni og Kristján höfðu einnig keypt fyrir gróðann af Hellisbúanum, varð fljótlega aðal samkomustaður Skjás eins-fólksins. Allflestir starfsmenn stöðvarinnar voru með reikning á Prikinu svo það var djúsað stíft. Ekki skemmdi fyrir að barreikningana þurfti bara „stundum" að borga. „Þetta voru ógeðslega skemmtilegur tímar, ég man það, þó ég muni ekki mikið meira," segir fyrrverandi starfsmaður.

Endalaus hamingja

Skjárinn var ókeypis og það kunnu áhorfendur að meta. Áhorfsmælingar á stöðina sýndu ágætar niðurstöður, sérstaklega eftir að dreifingarkerfið stækkaði. Oddur Þórisson stílisti og Ari Magg ljósmyndari pössuðu upp á að allt „lúkkaði" almennilega. Í dagblöðum og tímaritum birtust auglýsingar af starfsfólkinu í miklu stuði eða næstum því í sleik – slík var hamingjan. Flennistórar auglýsingar í svipuðum dúr dúkkuðu upp á fjölförnum stöðum í borginni og vöktu athygli, enda hafði dagskrárgerðarfólki sjaldan verið hampað jafn gríðarlega fyrr. Nýir innlendir þættir bættust sífellt á dagskrána og gleðin á Prikinu hélt áfram eins og enginn væri morgundagurinn.

Árni og Kristján, sem voru ekki nema 23 ára þegar stöðin fór í loftið, lifðu hátt svo eftir var tekið. Þeir keyptu sér hvor sína þakíbúðina í háhýsi við Skúlagötu og fundu sér kærustur í starfsliði Skjás eins.



ALLTAF PARTÍ! Eins árs afmælið kallaði á veisluhöld. Nýstirnið Egill Helgason var á miðanum.

Kristján og Dóra Takefusa voru par og Árni og Marikó Margrét Ragnarsdóttir byrjuðu saman. Árni og Marikó eru hjón í dag og búa í Svíþjóð, en þar er Kristján einnig skráður til heimilis.

Alvara lífsins

Smám saman rjátlaðist stuðið af mönnum. Auglýsing í Mogganum í september 2001 gaf sterklega til kynna að lífið væri ekki eintómur dans á rósum: „Við vitum að það er aumingjalegt að biðja áhorfendur um peninga!" – stóð með risastöfum yfir opnu og gefið var upp reikningsnúmer. Lagt var til að 4.290 kr. yrðu lagðar inn á reikninginn, það sama og mánaðaráskrift að Stöð 2 kostaði. Tekið var fram að þetta yrði í eina skiptið sem stöðin myndi betla peninga af almenningi. Undirtektir voru ágætar, en mörgum fannst þetta dálítið skondið.

Eftir kjaftasögufár um mitt ár 2003 féll loks stóra bomban þegar upp komst að Sveinbjörn Kristjánsson, bróðir Kristjáns, hafði sem aðalféhirðir Símans, sem þá var ríkisfyrirtæki, „lánað" Skjásstrákunum alls 261 milljón króna. Þetta þóttu miklir peningar þá þó þetta þyki varla upp í nös á ketti í darraðardansinum í dag.

Megnið af peningunum hafði runnið til félags sem hét því kaldhæðnislega nafni Alvara lífsins, en sumt hafði verið þvegið í gegnum Prikið. Fyrir dómi kom fram að „lánastarfsemin" hafði fyrst verið rædd í hálfkæringi í ársbyrjun 1999. Eftir á að hyggja var þetta „heimskuleg greiðasemi" að mati Sveinbjarnar og hann greindi frá því fyrir dómi að þessi tími hefði hjá sér einkennst af langvarandi svefnleysi og streitu. Fyrir fjárdráttinn var Sveinbjörn dæmdur í fjögurra og hálfs árs fangelsi og áfrýjaði ekki dómnum. Hæstiréttur mildaði hins vegar refsingu Kristjáns og Árna eftir að þeir áfrýjuðu dómi héraðsdóms. Kristján var dæmdur í 18 mánaða fangelsi fyrir hylmingu, móttöku og ráðstöfun fjármuna og Árni fékk 15 mánuði fyrir sama brot.

Dóra sér um veisluhöld

Líklega vegna „fyrirframgreiðslunnar" þótti eðlilegast að Síminn tæki Skjá einn yfir. Kristinn Þ. Geirsson tók við sem karlinn í brúnni og nú snerist kúrsinn algjörlega við. Kristinn fékk fljótlega viðurnefnið „baunateljarinn" meðal starfsfólksins. Leikarinn Magnús Ragnarsson tók síðar við stöðunni. Skorið var hressilega niður og stefnt á að búa til „alvöru sjónvarpsstöð". Innlend dagskrárgerð dróst verulega saman og erlend dagskrá, langmest bandarísk, varð allsráðandi. Skjár einn var undirlagður af enska boltanum í tvö leiktímabil, frá 2004 til

SILVÍA NÓTT Vinur og svo óvinur þjóðarinnar á einu kvöldi.

september 2009
menning
[SÉRBLAÐ FRÉTTABLAÐSINS UM MENNINGU OG LISTIR]

Ástríður

sápa, drama eða spaug.

LEIKDÓMUR Á SÍÐU 6

Leikhúsaðsókn á landinu í fyrra.

Fegrar leikhúsfólk stöðuna?

BLS 4

OP Á ÍSLANDI ENN *ókannað*

Sýningin Blik í Listasafni Reykjavíkur dregur fram verk nokkurra listamanna hér á landi sem stunduðu formkönnun í anda op-listarinnar. En eru öll kurl komin til grafar?

MYNDLIST PÁLL BALDVIN BALDVINSSON



Án titils eftir Eyborgu Guðmundsdóttur 1975.

Sýningin er kærkomin. Op-listin sem átti sér forgöngumenn í Bauhausskólanum og tengdist rannsókn á sjónskynjun á form og liti framar öðru var skammlíft fyrirbæri á sjöunda áratugnum. Á sýningunni á Kjarvalsstöðum eru dregin fram nokkur verk Eyborgar Guðmundsdóttir frá hennar stutta ferli 1959-1977 og studd verkum eftir nokkra aðra íslenska myndlistarmenn sem reru á sömu mið, Arnar Herbertsson og Jón Gunnar, Ransu, Helga Þorgils og Ólaf Elíasson. En sýningin gerir ekki á réttmætan hátt grein fyrir op-listinni hér, né heldur hlut Eyborgar sérstaklega.

Í grein helgaðri Eyborgu í Skírni 2007 furðar Hrafnhildur Schram listfræðingur sig á því að gengið var hjá Eyborgu í yfirlitssýningu um geometríuna í Listasafni Íslands 1998. Ári fyrr settu þeir Pétur Arason og Ingólfur Arnarson upp sýningu með verkum hennar á Annarri hæð við Laugaveg og kvörtuðu sáran yfir að hún væri gleymd.

Eyborg var fædd 1924. Hún átti ung við vanheilsu að stríða og stundaði aldrei formlegt listnám. Þegar hún hleypti heimdraganum og fór til Parísar 1959 hætti hún við að setjast á skólabekk en hóf nám hjá Vasarely hinum ungverska, upphafsmanni op-sins. Hann var umsagnaraðili á umsóknum hennar um styrki 1961 og 1962. Hún sýndi með Group Mesure í Evrópu á þessum árum en hingað heim komin urðu einkasýningar hennar þrjár: 1965 í Bogasal, á Mokka 1966 og loks í Norræna húsinu 1975. Hún lést tveimur árum síðar af völdum krabbameins.

Greina má á sýningunni Blik að um 1965 hefur Eyborg verið á svipuðu róli og Bridget Riley hin breska sem enn heldur sig í fullu fjöri við op-tilbrigði í verkum sínum. Hversu skarpt Eyborg hendir sér í op-listina má vísast skýra með kynnum hennar af Sigríði Björnsdóttur og Dieter Roth. Reyndar má telja bækur hans unnar í Reykjavík 1957 og 1958 skýrar tilraunir með op. Þeirra áhrifa gætir í ýmsum verkum hans allt til 1965. Má í því sambandi nefna plakat hans fyrir Louisiana og Stedeliijk 1961 og allt til verka á borð við Goodbye Sharpie 1965. En hann er ekki tekinn með á þessa sýningu og eru þó hæg heimatökin.

Ekki er nokkur vegur að gera sér grein fyrir tengslum milli verka Eyborgar frá nærri tólf ára tímabili og til dæmis límbandsverkum Harðar Ágústssonar, og reyndar annarra manna í Evrópu sem unnu með svipaða tækni. Líkindin eru mikil. Og könnun hennar í dýptarverkum á átakamætti litar og línu í dýptarverkum á sér margar hliðstæður í verkum op-ista frá Suður-Ameríku til Ítalíu. Og vitandi af framlagi hennar þá saknar maður þess í hvert sinn sem fram kemur yfirlitsverk um þessa áhrifamiklu listastefnu að hennar skuli ekki getið þar að verðleikum. En það er líka vegna þess að hún er ekki þekkt hér og enginn sótt að rétta hlut hennar.

Upplifun í skynjun augans á samspili forms og litar var eitt mesta einkenni op-listamanna og með því færðist þunginn á skynjun áhorfanda sem nú er mikið látið með, ekki síst fyrir vasklega framgöngu Ólafs Elíassonar sem fær að fljóta með á sýningunni með sitt fræga verk um litbrigðin. Og þá rifjast enn upp þakkarskuld hans við Gerhard Richter og litaskala-tilraunir hans upp úr 1970. Því enginn er eyland, en það er löngu kominn tími til að sannaður sé staður Eyborgar Guðmundsdóttur á meginlandi Op-listarinnar. Það er enn eftir með stórri yfirlitssýningu með verkum hennar og skyldi þess vera vant af einni ástæðu – jú hún var kona.

eitthvað alveg
einstakt

Gallerí List
Skipholt 50A • sími: 581 4020
www.gallerilist.is

Þórarinn Eldjárn er skökk skjaldbaka

FLÓTTINN FRÁ REYKJAVÍK
Höfundur:Hugleikur Dagsson
★★

Ef þú ert að lesa þetta þarf líklega ekkert að segja þér að Hugleikur er æðislegur. „Okkur“-bækurnar eru náttúrulega algjör snilld og eitthvað af leikritunum hans var hola í höggi. Ég hef þegar tjáð mig um fyrri hlutann af þessari kreppusögu um eineygða köttinn Kisa (minnir að ég hafi kallað það „of Hitt hús-legt fyrir minn smekk“) og þessi bók gerir ekkert til að fá mig til að fíla kreppusögu kattarins meira en áður. Satt að segja finnst manni að Hugleikur hafi skrifað þessa bók „með rassgatinu“, sem sé ekki legið neitt svakalega yfir henni.

Enda veit Hugleikur upp á sig sökina og blandar inn í teiknimyndasöguna ljósmyndasögu þar sem hann og Egill Jóhannsson, útgefandi hjá JPV útgáfu, ræða söguna og hvert hún er að stefna. Egill vill fá beitta samfélagsádeilu, en góðæris-Hulli finnur sig ekki í því og segir: „Blööggh! Ég nennessekki! Þetta er svo banal! Davíð Oddsson?! Frumlegi vondi kallinn! Það voru mistök að byrja á þessu!“

Hugleikur Dagsson

Nei nei, kannski ekki mistök. Maður er alveg hress í þetta korter sem tekur að lesa bókina. Hún er flott og Hugleikur er alltaf að verða betri og betri teiknari. Ég held hann ætti bara að taka að sér færri verkefni og ekki dæla stöffinu alveg svona ört út. Ég meina, hann dældi heilli símaskrá út úr sér á svipuðum tíma og hann var að skrifa þessa bók og það verður að taka tillit til þess.

Það hefði alveg mátt vera fyndið í þessari bók. Það sem mér finnst fyndnast er að Þórarinn Eldjárn sé hassreykjandi ofbeldisskjaldbaka. Svo finnst mér þessi rammi líka mjög fyndinn. Kisi: „Svona svona þetta reddast.“ Kata: „Reddast? Kisi, við erum meira fokkt en múffa í togara.“

- Dr. Gunni

Reyfarakenndir

Það steypast yfir markaðinn reyfarar sem eru nýskroppnir út úr prentsmiðjum, heima og heiman. Dan Brown er að seljast upp á ensku eftir fáa söludaga og annað bindið í Þúsaldar-róman Stígs Larsson, Stúlkan sem lék sér að eldinum, kom út í gær og er búist við kröftugri sölu næstu daga.

Kínverji Mankells hefur setið í efsta sæti sölulista Eymundsson en fellur þaðan líklega þegar Stúlkan sem lék sér að eldinum kemur inn á lista.

Þá er að koma út fimmta bók Camillu Läckberg í þýðingu: Ástandsbarnið eða Tyskungen sem gekk vel víða um norræn lönd þar sem menn hafa enn móral yfir samstarfi við Þjóðverja.

Ekki mun von á nýrri þýðingu á bók eftir Jo Nesbø en hann er að gefa út nýja sakamálasögu um Harry Hole sem heitir Panserhjerte. Hún er prentuð í 100 þúsund eintökum í Noregi og kemur út 5. október. Danir eru tilbúnir með þýðingu sem kemur út í fjörutíu þúsund eintökum.

Jo Nesbø gerir það gott á reyfaraskrifum eins og fleiri. FRÉTTABLAÐIÐ/VILHELM

Reyfaraskrif gefa vel af sér ef menn ná fótfestu á alþjóðamarkaði; Dagens Næringsliv hélt því fram í vikunni að fyrirtæki Nesbø hefði haft fimmtíu milljónir norskar í tekjur af sölu á útgáfurétti. Það hefur jafnframt veitt sjö milljónum norskra króna í sjóð sem styrkir lestrarkennslu í þróunarlöndum.

Kæru þið! Upp með gleði og kjark
Hin vinsælu byrjendanámskeið halda áfram í
Yogastöðinni Heilsubót
Síðumúla 15, sími: 588-5711
www.yogaheilsa.is yogaheilsa@yogaheilsa.is
Nýtt námskeið hefst 1. október. Innritun hafin.
Vanir yogaiðkendur hjartanlega velkomnir
Í morguntíma, hádegis, síðdegis og kvöldtíma.

Yogastöðin Heilsubót
Síðumúla 15, sími: 588-5711
www.yogaheilsa.is yogaheilsa@yogaheilsa.is
Kæru barnshafandi konur
Yogaleikfimi fyrir ykkur!
Bjóðum við sérstakar æfingar sem þið getið stundað alla meðgönguna.
Að þið myndið huglæga og andlega tengingu við fóstrið.
Að þið lærið sérstaka fæðingaröndun og að þið upplifið slökun.
Að þið njótið meðgöngunnar á sérstakan hátt!

ÍSLENSKT EFNI KEPPIR UM *verðlaun*

Samtök útvarpsstöðva í Evrópu eru gömul og sterk. Þau hafa getið af sér margs konar samstarfsverkefni og hafa með breytingum á einokunarstöðu ríkisstöðvanna lagað sig að nýjum rásum í fjölmiðlun. Á þeirra vegum er hin virta keppni um gæðaútvarpsefni, Prix Europe.

Leiklistardeildir útvarpsstöðva Evrópu standa á gömlum meiði og víða um Evrópulönd er útvarpsleikhúsið mikilvægur og mikilsmetinn þáttur í starfi útvarpsstöðva. Það er því ekki að undra að fyrir löngu hafi tíðkast í samstarfi þeirra keppni og viðurkenning í framleiddum verkum. Verðlaunin kallast Prix Europe og eiga sér systurverðlaun sem nefnast Prix Italia og eru veitt sjónvarpsefni í nokkrum deildum. Evrópuverðlaunin taka líka til heimildarþátta.

Íslenskar útvarpsstöðvar hafa lítið sinnt þátttöku í þessum keppnum. Einkastöðvarnar hafa ekki áhuga á því og eru að auki ekki í framleiðslu sem er samkeppnishæf. Ríkisútvarpið hefur nokkrum sinnum lagt í þátttöku: 2002 tók það þátt í Prix Europe með verki Braga Ólafssonar, Gróið hverfi, og 2004 var verk Kristínar Ómarsdóttur, Afmælistertan, sent í keppnina.

Fyrr á þessu ári sendi Útvarpsleikhúsið á Rás 1 upptöku á leikverkinu Augu mín sáu þig í keppnina og var það eitt 118 verka sem komu inn. Í vikunni var tilkynnt að verkið væri komið í hóp fjörutíu verka sem myndu keppa um verðlaunin og mun það því keppa við önnur útvarpsleikrit frá 35 löndum Evrópu til verðlauna sem besta leikna útvarpsverk Evrópu í ár. Keppnin verður haldin í Berlín 17.–24. október næstkomandi.

Augu mín… er leikgerð Bjarna Jónssonar á samnefndri skáldsögu eftir Sjón og var Bjarni jafnframt leikstjóri verksins. Hljómsveitin múm, með þá Örvar Smárason Þóreyjarson og Gunnar Örn Tynes í fararbroddi, skapaði hljómheiminn í útvarpsgerðinni, sem frumflutt var á síðustu jólum af Útvarpsleikhúsinu á Rás 1.

Skemmst er að minnast þess að Svefnhjólið, sem Bjarni vann líka með múm árið 2005, fékk verðlaun í norrænni keppni útvarpsleikrita.

Það er stór áfangi, segir Viðar Eggertsson, að koma verkinu þetta langt í keppninni. „Við erum að keppa við færustu listamenn útvarpsleiksins í Evrópu, lönd þar sem list leiksins í útvarpi stendur á gömlum merg, á borð við Bretland, Þýskaland og mörg austantjaldsríkjanna sem voru.“

Nú er að ganga frá tvítyngdu handriti að verkinu og senda það í tugum eintaka á þá sem velja verðlaunaverkið. Söguefnið kann að eiga greiðan aðgang að fólki á meginlandinu en því er lýst svo: Smábær í Neðra-Saxlandi að næturlagi – er nokkur staður friðsælli og ólíklegri til tíðinda? En hvað ef þetta er á stríðsárunum og dularfullur maður er nýkominn á gistiheimili staðarins, þar sem meðal annars þjónustustúlkan Marie-Sophie gengur til verka? Og hvernig getur stúlkan fagra orðið honum að liði?

Framlag Útvarpsleikhússins er ekki það eina sem íslenskar stofnanir leggja fram í keppnina: Kvikmyndaskóli Íslands tók fyrir tveimur árum þátt í samnorrænu verkefni sem miðaði að því að þjálfa frekar þáttagerðarmenn til afreka á því sviði. Lauk verkefninu á liðnu vori. Tvö verkefna úr því dæmi eru nú tilnefnd til verðlauna í deild heimildarþátta fyrir útvarp: þættirnir Ég nenni ekki að tala í dag eftir Þorgerði E. Sigurðardóttur og Angutit iloqqasut (Í lokuðum hring) eftir Henriette Rasmussen.

Leiklist Frami Sjóns kann að styrkja þátttöku Útvarpsleikhússins í Evrópuverðlaununum fyrir besta útvarpsleikverkið. FRÉTTABLAÐIÐ/ÞÖK

Ég nenni ekki að tala í dag er persónuleg, tragíkómísk frásögn af mánaðarlegu ferðalagi á vit þunglyndis og brjálsemi. Að minnsta kosti fimm prósent kvenna þjást af alvarlegri fyrirtíðaspennu að því er talið er og er höfundur þáttarins ein þeirra.

Í Lokuðum hring fer Henriette Rasmussen um götur Nuuk og veltir því fyrir sér hvers vegna svo margir grænlenskir karlmenn séu óhamingjusamir. Hún uppgötvar hóp manna sem hittast í lokuðum umræðuhring til að ræða afbrýðisemi sína, reiði og vanmátt.

Þjálfunarbúðirnar sem urðu til þess að þættirnir tveir voru gerðir miðuðu að því að styrkja gerð heimildarþátta á Íslandi og Grænlandi. Námið fór fram í Nuuk, Stokkhólmi, Kaupmannahöfn og Reykjavík og voru leiðbeinendur margreyndir útvarpsmenn. Útkoman úr náminu eru fjölmargir útvarpsþættir: Eiríkur Orri Ólafsson dregur upp nærmynd af listakonunni Kiru Kiru og Jóni Þorsteinssyni óperusöngvara; Elísabet Indra Ragnarsdóttir vann upp svipmyndir úr járnvöruversluninni Brynju og af Helga Ásmundssyni myndlistarmanni; Freyr Arnarson gerði þátt um þúsundþjalasmiðinn Jónas Guðlaugsson og fléttuþátt um listakonuna Ástu Guðrúnu Eyvindardóttur og fjölskyldu hennar; Þorgerður fjallaði um föðurmissi í þættinum Í briminu, ásamt því að gera fyrirtíðaspennu skil.

Niðurstaðan af framgangi þeirra Sjóns, múm, Bjarna og samstarfsmanna, Þorgerðar og Henriettu verður ljós þá langt er liðið á október.

pbb@frettabladid.is

einfaldlega betri kostur

Tree. Fataprestur. H 174 cm.
Verð **9.900,-**

vasi H 19cm
1.995,-

vasi H 16 cm
1.695,-

vasi H 14 cm
995,-

Mikið úrval af litlum keramik-vösum

Bottle. Keramikvasi. 4 í einum. 28 x 4 x 19 cm. Verð **1.995,-**
Laureen. Keramikvasi. 5 í einum. 28 x 11 x 16 cm. Verð **1.695,-**
Endo. Keramikvasi. 2 í einum. 13 x 4,5 x 14 cm. Verð **995,-**

Bird. Svört klukka. Plast. Notar 2xAA rafhlöðu. 38 x 3 x 52 cm.
Verð **8.495,-**

Outdoor. Öskubakki. Svartur eða krómaður. H 14,5 cm. Ø10,5 cm.
Verð **1.990,-**

NÝJAR VÖRUR
Í VERSLUN

All. Kertastjaki ál fyrir 9 sprittkerti.
18,5 x 18,5 x 2,5 cm. Verð **2.995,-**

Viskastykki 3 stk.
795,-

Cuisine. Viskastykki, 50 x 70 cm.
3 stk. Verð **795,-** *Einnig til rauð og brún.*

All. Kertastjaki. 2 armar. Ál.
28,5 x 6,5 x 26 Verð **6.995,-**

Betty. Glervasi, fjólublár. H 30 cm.
Ø23 cm. Verð **3.995,-**

kertaglas
295,-

Tealight. Kertaglas. H 6 cm.
Ýmsir litir. Verð **295,-**

Icon. Kanna. H 21 cm. Keramik.
Verð **3.495,-** *Einnig til hvít.*

hurðastoppari
995,-

Doorstop. Hurðastoppari. Króm/stál. 7 x 7 cm. Verð **995,-**

Bulp. Salt og piparsett. H 8 cm.
Verð **1.695,-**

Clay. Kökufat á fæti með glerloki.
Gler/nikkelhúðað messing.
H 22 cm. Ø22 cm. Verð **4.995,-**

borðlampi
7.995,-



Tea House. Borðlampi. Málmur, Opal gler. 15 x 32 cm. Verð **7.995,-**

blaðagrind
3.995,-

Louis. Blaðagrind m/hönkum.
25 x 36 x 35 cm.
Verð **3.995,-**

H 21 cm
1.295,-

Buddha. Búddahöfuð silfrað. H 30 cm. Verð **1.895,-**
Búddahöfuð silfrað. H 21 cm. Verð **1.295,-**

ILVA kaffi

499,-
Smurbrauð m/rækjum og kaffi

499,-
Smurbrauð m/hangikjöti og kaffi

VISA Lán - VAXTALAUST
Bjóðum uppá vaxtalaust lán til 6 mánaða

www.ILVA.is
ILVA Korputorgi, Blikastaðavegi 2-8, 112 Reykjavík s: 522 4500
laugardaga 10-18 sunnudaga 12-18 mánudaga - föstudaga 11-19
kaffihús: laugardaga 10-17 sunnudaga 12-17 mánudaga-föstudaga 11-18

ILVA sendum um allt land

© ILVA Ísland 2009

Fös	18/9	kl. 20:00	U	Lau	26/9	kl. 20:00	U	Fim	8/10	kl. 20:00	U
Lau	19/9	kl. 20:00	U	Fös	2/10	kl. 20:00	U	Fös	9/10	kl. 20:00	Ö
Fös	25/9	kl. 20:00	U	Lau	3/10	kl. 20:00	Ö	Lau	10/10	kl. 20:00	Ö

Fjögurra sýninga leikhúskort kostar aðeins **9.900** kr.

Sölu áskriftarkorta lýkur 30. september!

FÁÐU ÞÉR KORT!
Hringdu í síma **551 1200** eða smelltu þér á **leikhusid.is**

ÞJÓÐLEIKHÚSIÐ

AÐSÓKN HEFUR ALDREI VERIÐ MEIRI...

Aðsókn að leiksýningum leikhúsa og leikflokka jókst á síðasta leikári ef marka má útgefnar tölur frá leikhúsunum fyrir leikárið. Þá hafa undanfarna daga borist þær fréttir að sala á áskriftarkortum taki nú afar vel við sér. En hvað er að marka stórar tölur um aðsókn á liðnu ári?

LEIKLIST **PÁLL BALDVIN BALDVINSSON**

Þannig segja tilkynningar frá LR að þar á bæ verði sölumet síðasta árs slegið: áskrifendafjöldi frá vetrinum 2007-2008 átjánfaldist, stefni nú í ríflega níu þúsund áskrifendur.

Leikhúsiðnaðurinn í landinu sendir í lok hvers leikárs aðsóknartölur til Hagstofunnar og þar er haldið utan um sýningafjölda, hversu margar sviðsetningar komu upp og hvernig þær deilast niður eftir greinum. Þessar tölur eru ekki greindar eftir verkefnum, nema í tilviki Þjóðleikhússins. Hvorki Borgarleikhús né Leikfélag Akureyrar vildu við undirbúning þessarar greinar leggja fram sundurgreindar tölur um aðsókn á verkefni. Bæði félögin þiggja stóra styrki frá opinberum aðilum, bæði sveitarfélagi og ríki, en samt telja forráðamenn þeirra ekki ástæðu til upplýsingagjafar um einstök verk.

207.576 gestir

LR hefur gert mikið með gestafjölda á síðasta ári, en þeir voru taldir rúmlega 207 þúsund. Hafði heildarfjöldi gesta í Borgarleikhúsið milli ára aukist um tíu prósent frá síðasta starfsári Guðjóns Pedersen. Við nánari eftirgrennslan fengust þær tölur hjá LR að gestafjöldi á leiksýningar og danssýningar Íd í Borgarleikhúsi á liðnu ári næmi 169.502 en gestir á leikferðir væru 9.150. Önnur starfsemi í leikhúsinu hefði dregið til sín 28.924 gesti.

Leiksýningar í Borgarleikhúsi á því ári voru ýmist verkefni sett á svið af Leikfélagi Reykjavíkur eða samstarfsverkefni við aðra leikhópa og fyrirtæki.

Vinsælasta sýning ársins var Fló á skinni en hana sóttu bæði norður á Akureyri og í Reykjavík yfir 54 þúsund gestir, þar af um þrjátíu þúsund gestir á Akureyri leikárið 2007-2008. Önnur sýning kom að norðan á fjalir Borgarleikhúss: Ökutímar. Þá eru ótaldar samstarfssýningar eins og Sannleikurinn sem um fimmtán þúsund gestir sáu og sýning Ladda, en hana sáu á liðnum vetri nær 4.000 gestir eftir því sem næst verður komist.

Þagnargildi

Forráðamenn LR hafa ekki fengist til að greina sundur þær tölur um aðsókn sem birtast hér og verður því að fá þær eftir öðrum leiðum. Þannig hefur fengist staðfest að nær tíu þúsund gestir á leikferðum félagsins eru útlendingar sem sáu samstarfsverkefni Vesturports og LR.

Samkvæmt gögnum virðist allt benda til að gestir á leiksýningar LR í húsinu hafi verið á bilinu 120 til 125 þúsund. Er það mesta aðsókn í sögu LR og er helst að jafna við toppa Þjóðleikhússins á sjötta og áttunda áratug síðustu aldar þegar LR var í Iðnó með útibú í Austurbæjarbíói.

Því er þetta til skoðunar að sjálfstæðir leikhópar hafa verið gagnrýnir á að LR – og Þjóðleikhúsið – telji samstarfsverkefni sem hluta af sínum gestafjölda. Eða er það kannski öfugt? Og þegar lengra er lesið skýrist af hverju.

Sjálfstæður rekstur

Yfirlit frá sjálfstæðu leikhúsunum leiðir í ljós að þeirra verkefni njóta mikilla vinsælda: Heildaráhorfendafjöldi á sýningar þeirra var 147.856. Af því komu 70.740 gestir á sýningar þeirra innanlands en gestir erlendis voru 80.866. Ef frá eru taldir gestaleikir eru áhorfendur innanlands á 66 sviðsetningar og 681 sýningu 68.589 alls.

Þessi breyting sætir tíðindum en útflutningur á leiksýningum til fjarlægra staða er orðinn staðreynd og virðist ekki vera tímabundið fyrirbæri; lungann af þessum gestum eiga sýningar Vesturports, bæði í samstarfi við LR og Þjóðleikhús. Aftur vakna spurningar hvort tvítalið er; stór hluti gestahópsins er talinn með í heildartölum LR, LA og Þjóðleikhússins.

Og á Hverfisgötu ...

Tölur frá Þjóðleikhúsinu liggja skýrar fyrir en tölur frá Borgarleikhúsi: þar er ekki legið á sundurgreindum tölum. Áhorfendur á sviðsetningar Þjóðleikhússins voru á liðnu leikári 81.330. Þar af sóttu gestaleiki 2.883 gestir. Flestir voru gestir á Kardemommubæinn, ríflega 24 þúsund. Inni í tölum Þjóðleikhússins eru ekki tölur frá sýningum á samstarfsverkefnum erlendis en Þjóðleikhúsið átti hlut í Hamskiptunum í samstarfi við

Í MESTU UPPÁHALDI
Uppáhaldshlutur Þuríðar Sigurðardóttur listakonu á sér sérstaka sögu.
BLS. 3

PLÖNTUR TIL PRÝÐIS
Elísabet Halldórsdóttir blómaskreytir mælir með hentugum pottaplöntum fyrir haustið.
BLS. 2

PITT UNNIR HÖNNUN
Leikarinn Brad Pitt fjárfestir í hönnun hins efnilega Nacho Carbonell.
BLS. 3

heimili&hönnun

FRÉTTABLAÐIÐ LAUGARDAGUR 19. SEPTEMBER 2009

POSTULÍN OG BLÁIR TÓNAR

Spáð í helstu strauma og stefnur í hönnun vorið 2010.

Panasonic VILDARVERÐ

SÉRTILBOÐ FYRIR FÉLAGA Í VILD

VILD

Panasonic TXP42S10
42" Full HD 1080p Plasma BREIÐTJALD með 1920x1080 punkta upplausn, Vreal Pro3, 400Hz Intelligent Frame Creation Pro, 24p Playback, Viera Link, x.v Colour, 30.000:1 skerpu, 3D Colour, Motion Pattern Noise Reduction, 3D Comb Filter C.A.T.S, stafr. háskerpu DVB-T móttakara, SD/SDHC kortalesara, 20w Nicam Stereó V-Audio Surround hljóðkerfi, 2 x Scart, 3 HDMI, Comp., SVHS, CVBS og PC tengi, CI rauf ofl.

TILBOÐ 219.990
FULLT VERÐ kr. 319.990

Alltaf gæði og góð kaup! 1971 - 2009

Sjónvarpsmiðstöðin
RAFTÆKJAVERSLUN • SÍÐUMÚLA 2 • SÍMI 568 9090 • www.sm.is

hönnun

● **SKRINGILEGT SKILRÚM** Notalegheit eða nýting hafa sjálfsagt ekki verið efst í huga hönnuðarins Mona Hatoum þegar hún hannaði þetta skilrúm sem kallast réttilega Ouch eða Ái. Fyrirmyndin að því er sótt beint í eldhúsið þar sem skilrúmið líkist stækkuðu rifjárni. Það segir sig kannski sjálft að varla getur verið gott að halla sér upp að því meðan fataskipti eru höfð. Sjálfsagt borgar sig heldur ekki að hengja föt á það.

● **KÆRULEYSISLEG KOMMÓÐA** Vagabond Cabinet of Curiosities kallast þessi kommóða sem er úr smiðju hönnuðanna hjá Blue Green & Co. Engar tvær skúffur eru eins, ýmist gerðar úr furu, eik eða öðrum viði, og sömu sögu er að segja um handföngin, sem eru ólík að lit og lögun. Tilganginn segir hönnuðurinn vera að hlutgera í gripnum kæruleysi.

● **Forsíðumynd:** Nordicphotos/Getty Images **Útgáfufélag:** 365 miðlar ehf., Skaftahlíð 24, 105 Reykjavík, s. 512 5000 **Ritstjórar:** Sólveig Gísladóttir solveig@frettabladid.is og Roald Eyvindsson roald@frettabladid.is **Auglýsingar:** Hlynur Þór Steingrímsson s. 512 5439 **Útlitshönnuður:** Kristín Agnarsdóttir kristina@frettabladid.is.



Blow away kallast þessi fallegi postulínsvasi sem Moooi kynnti í Mílanó nú í ár.

Það sést kannski vel á nýjustu línunni frá Moooi hvaða breytinga er að vænta en lampar úr fallegum viði eru meðal þess sem væntanlegt er frá Hollendingunum. Margir kannast við vörur Moooi (til að mynda hesturinn úti í glugganum á B5) sem hefur einkum verið þekkt fyrir svarta og hvíta tóna í húsgagnahönnun sinni á undanförnum árum.

Flowerpot-ljós Verners Pantons er hægt að fá hjá Epal afar fallegum blágrænum lit.

Barokk er víst líka á leiðinni nema nú má það alls ekki vera í svörtu og hvítu. Ítalirnir hjá Byblos Casa hafa unnið hjörtu fagurkera víðs vegar um heiminn með móderníska flúri sínu en þessi sófi kallast Murelli.

Postulín, dekkri viður og blár það sem koma skal

● Samkvæmt frömuðum helstu hönnunartímarita heims mun þrennt einkum eiga sterka innkomu með vorinu. Blár litur, klassískt postulín og allur viður mun dökkna eilítið.

Nú þegar eru farin að sjást þess merki. Hvítt og svart er af hinu dásamlega sænska Elle interiör sagt á útleið og hlýlegt yfirbragð, sem einkum er hægt að skapa með viði og fallegu leirtaui, mun fylla upp í skarðið sem kalt stál skilur eftir sig. Eikin, sem hefur verið nær allsráðandi síðustu árin, er að sama skapi að víkja fyrir dekkri viði: hnotu, mahóní og svo tekki sem hefur að vísu átt vinsældum að fagna um nokkurt skeið. Tónarnir eru kakó- og súkkulaðibrúnir og veggirnir munu loks fá liti eftir langt og strangt hvítt skeið. *- jma*

Súkkulaðibrúnn viður sem og leður við dimmblátt gler er óneitanlega fagurt.

Blátt flúrað veggfóður er upplagt í vor. Einnig mætti mála lista og hurðir í bláu.

Notalegt og blómstrandi haust

Það er ekki erfitt að hugsa um blóm heldur þarf bara að finna blóm við hæfi.

Drungi haustsins fer misjafnlega í fólk. Sumir kjósa að hengja haus og hugsa með stöðugum söknuði til sumarins en aðrir reyna að glæða heimili sitt birtu og lífi með því að færa brot af sumrinu inn á heimili sitt með vel völdum pottablómum. Elísabet Halldórsdóttir, blómaskreytir hjá Blómavali, segir að ekki þurfi að hafa mikið fyrir pottaplöntum ef réttar tegundir eru valdar. Fréttablaðið fékk hana til að mæla með þremur tegundum sem líklegar eru til að minna eiganda sinn á sumarið og náttúruna þótt vetur færist yfir landið. *- kdk*

1. Orkedíur eru falleg blóm sem mjög auðvelt er að hugsa um. Hún blómstrar fallega og blómin standa lengi.

2. Friðarliljan er frábær planta sem gefur til kynna hvenær hana vantar vökvun með því að leggja niður blöðin.

3. Tannhvassa tengdamamman Maður þarf lítið sem ekkert að hugsa um hana eftir að hún er sett út í glugga. Hún þolir nánast hvaða birtu sem er, þarf sjaldan vökvun en vel af henni í hvert skipti.

SJÁLFLÍMANDI HNÍFAPARASKORÐUR

Hjálpa þér að halda öllu í skorðum í skúffum.Einning sjálflímandi filt til að klæða skúffur og filt með verjandi efni svo ekki falli á silfur og silfurplett.Við eigum líka fægilög,fægiklúta og ídýfulög til að hreinsa.
SENDUM Í PÓSTKRÖFU.

Gullkistan - Frakkastíg 10 - Sími: 551-3160.

Vegghengdur gashitari.

Tilboðsverð
20% afsláttur

Verð áður kr. 68.572.-
Verð nú kr. 54.858.-

Gildir út september.

Þriggja brennara gas geislahitari
Tvær hitastillingar, neistakveikja.
Afköst 22.000.BTU / 6,5 kWh
B:60cm x H:48cm x D:37cm.

HEAT
DESIGN BY TOBIAS JACOBSEN

JÁRN&GLER

Járn & Gler ehf. - Skútuvogur 1h.
Barkarvogsmegin. - 104 Reykjavík
S: 58 58 900. www.jarngler.is

BLIKSMIÐJA er barna- og fjölskyldusýning á Kjarvalsstöðum. Í dag klukkan 14 tekur fræðslufulltrúi Listasafns Reykjavíkur á móti fjölskyldufólki. Farið verður um sýninguna Blik en á eftir bíður gesta skemmtileg glíma í Bliksmiðjunni þar sem hægt er að spreyta sig á ýmsum verkefnum sem tengjast sjónblekkingum og vísindum. Aðgangur er ókeypis og allir velkomnir.

STIGAR

Allar mögulegar gerðir og stærðir smíðað eftir óskum hvers og eins

* Beygjanlegir Handlistar & Gólflistar
* Loftastigar, Innihurðir, Gerefti
* Gólflistar, Franskir gluggar í hurðir
* Smíðum Harmonikkuhurðir eftir máli
* Bílkerrur úr Áli frá Anssems í Hollandi

Mex - byggingavörur
Sími 567 1300 og 848 3215
www.byggingavorur.com





GLÓFAXI HF.
Ármúla 42 - Sími 581 2900
glofaxi@simnet.is

Bílskúrs-, útidyra- og iðnaðarhurðir
• Hurðir til á lager • Smíðað eftir máli
• Eldvarnarhurðir • Öryggishurðir

Meirapróf

ÖKU SKÓLINN Í MJÓDD
Upplýsingar og innritun í síma 567 0300 / 894-2737
NÝTT NÁMSKEIÐ HEFST 23. SEPTEMBER

vísir.is
"...ég sá það á vísi"

Oddur og Margrét hlakka til að fara í sveitina í dag og hitta fólk og fénað. FRÉTTABLAÐIÐ/VILHELM

Smölun og lærdómur

Annasöm en vonandi ánægjuleg helgi bíður Margrétar Sveinbjörnsdóttur almannatengslaráðgjafa. Hún ætlar að taka þátt í fjársmölun og réttarstússi í sinni sveit í dag og leggjast svo yfir lexíur á morgun.

„Ég er að fara í smalamennsku austur í Þingvallasveit. Byrja á að heilsa upp á fólkið mitt á Heiðarbæ I. Þar búa Jóhannes bróðir og Björg kona hans og ég vona að Jóhannes verði búinn að finna einhvern góðan hest handa mér í smölunina. Það mál var í vinnslu síðast þegar ég vissi. En þetta eru ekkert langar göngur, það er bara verið að smala Mosfellsheiðina.“ Þetta segir Margrét og hlakkar greinilega til dagsins enda segir hún eftirsóknarvert að taka þátt í haustsmölun á heiðinni. „Ég veit dæmi þess að erfiðlega gengur að fá fólk í smalamennsku en það er ekki vandamál hjá okkur því mikið einvalalið af frændum, frænkum, vinum og vandamönnum hefur boðað komu sína. Það liggur við að fólk verði að taka númer,“ segir hún hlæjandi.

Um miðjan dag á Margrét von á að féð verði komið í rétt og þá verði tekið til óspilltra málanna við að handsama það og draga í dilka. Sonur Margrétar, Oddur Auðunsson, á fimmta ári, ætlar ekki að láta sig vanta við þá athöfn. Hann er spenntur að sjá hvort hann heimti kindina sína, hana Margréti Þórhildi. Móðir hans á hins vegar enga kind – ekki lengur. „En ég átti fé í gamla daga,“ segir hún og man vel fjármarkið sem hún fékk í arf frá móður sinni og gekk til bróðurdóttur hennar, Svanborgar Signýjar, heimasætu á Heiðarbæ. „Það er jaðrað framan hægra og biti aftan vinstra.“ Þegar hváð er eftir „jaðrað“ segir hún það kallað „hálftaf“ í sumum sveitum.

Á morgun halda flestir smalamenn fjárleitum áfram. Þá verður farið í Botnssúlur, Búrfell og Ármannsfell en hún gerir ráð fyrir að nýta sunnudaginn í lestur. „Ég er komin í nám aftur og enn,“ útskýrir hún. „Það er meistaranám í hagnýtri menningarmiðlun í Háskóla Íslands og ég er í því meðfram starfi svo ég verð að nota hverja stund til að lesa.“

gun@frettabladid.is

Tungumála námskeið

KVÖLDSKÓLI KÓPAVOGS

Verkleg námskeið

Tungumál
10 vikna námskeið
20 kennslustundir
Áhersla á talmál
Kennt er í byrjenda - framhalds – og talæfingaflokkum

ENSKA
Enska I - II
Enska III
Enska V
Enska tal og les
Enska fyrir útlendinga

DANSKA
Danska I – II

NORSKA
Norska I – II
Norska III

SÆNSKA
Sænska I – II
Sænska tal og les

FRANSKA
Franska I
Franska III

ÍTALSKA
Ítalska I
Ítalska II
Ítalska III

SPÆNSKA
Spænska I
Spænska II
Spænska III
Spænska IV
Spænska tal og les

ÞÝSKA
Þýska I
Þýska II

Icelandic for foreigners I-V
10 weeks courses
60 class hours

Kurs jezyka Islandzkiego dla obcokrajowcow I-V
Kurs 10-tygodniowy
60 godzin lekcyjnych

Verklegar greinar
Frístundamálun
Glerbrennsla
Skrautritun

Prjónanámskeið
Grunnnámskeið í að prjóna
Peysuprjón

Saumanámskeið
Að breyta fötum og endursauma
Crazy quilt
Fatasaumur
Skrautsaumur
Þjóðbúningur -saumaður

Tölvunámskeið
Fingrasetning
Tölvugrunnur
Word
Excel

Matreiðslunámskeið
Hráfæði
Matarmiklar súpur
og heimabakað brauð
Matargerð fyrir karlmenn

Garðyrkjunámskeið
Garðurinn allt árið
Trjáklippingar

Förðunarnámskeið
Að farða sig og aðra

Fjöldi annarra námskeiða eru í boði.

Innritun og upplýsingar: http:// kvoldskoli.kopavogur.is
eða á skrifstofu Kvöldskólans í Snælandsskóla við Furugrund í síma 564 1507- Nánari upplýsingar eru einnig á vefsíðu skólans

HELGIN

RAUÐI KROSSINN dreifir nú í samvinnu við Eimskip, Sorpu og Pósthúsið, sérmerktum fatapokum um allt land til að auðvelda landsmönnum að taka til hjá sér og koma gömlum fatnaði í notkun að nýju eða í endurvinnslu. www.redcross.is

Næstu fyrirlestrar og námskeið

Heilsuvörumarkaður
Opið virka daga kl. 10–20
laugardaga kl. 10–17
maður lifandi
Borgartúni 24 og Hæðasmára 6
www.madurlifandi.is

22. sept. Erum við andleg og líkamleg eiturefnaúrgangs-ruslaskrímsli...?!
Edda Björgvinsdóttir

01. okt. Hvað á ég að gefa barninu mínu að borða?
Ebba Guðný Guðmundsdóttir

13. okt. Góð heilsa er auðveldari en þú heldur
Matti Oswald

20. okt. Hvað er málið með aukakílóin
Matti Oswald

Þórir SF 77 er gerður út frá Höfn í Hornafirði.

Sigurjón Steindórsson yfirvélstjóri að störfum.

Svipmyndir af sjónum

Brynja Dögg Friðriksdóttir áhugaljósmyndari hefur sett upp sýningu í Gallerí Verðandi í bókabúðinni Skuld. Þar sýnir hún myndir sem hún tók af áhöfn Þóris SF 77 sem gerður er út frá Höfn í Hornafirði.

„Ég tók þessar myndir í febrúar þegar ég var að safna mér efniviði í möppu þar sem ég hugðist sækja um skólavist í nokkrum skólum," segir Brynja Dögg Friðriksdóttir, sem heldur ljósmyndasýningu í Gallerí Verðandi í bókabúðinni Skuld á Laugavegi 51. Þar sýnir hún myndir sem hún tók af áhöfn Þóris SF 77.

En af hverju þetta skip? „Það voru hæg heimatökin því skipið er gert út frá Höfn, sem er minn heimabær. Þeir voru á dagróðratúrum á þessum tíma og ég fékk að fljóta með einn túr og mynda karlana í bak og fyrir," segir Brynja og þakkar fyrir að hafa sloppið algerlega við sjóveiki. „Enda var þessi dagur yndislegur og lygnt í sjóinn," segir hún dreymin.

Brynja var einnig mjög ánægð með fyrirsæturnar. „Karlarnir voru alveg frábærir, stilltu sér upp þegar það átti við og hundsuðu myndavélina þess á milli," segir hún glaðlega.

Sjóferðin góða var þó aldrei hugsuð sem eitthvað meira en lítið verkefni. „Svo fékk ég svo góð viðbrögð við myndunum að ég ákvað

Brynja Dögg Friðriksdóttir hefur unnið á fjölmiðlum síðustu ár en er nú á leið í nám í heimildarmyndargerð í Manchester. FRÉTTABLAÐIÐ/VALLI

að halda sýningu," segir Brynja.

Hún hefur unnið á fjölmiðlum síðustu fjögur ár, meðal annars í Kompási, en var sagt upp þar í byrjun árs. Hún dvaldi um tíma á Höfn en hélt síðan utan til Noregs þar sem hún vann á hóteli í nokkra mánuði. Í næstu viku er stefnan sett út á ný, nú í nám í heimildarmyndagerð við Salford-háskólann í Manchester í Englandi.

Sýning Brynju var opnuð í gær og stendur til 16. október. Bókabúðin Skuld og Gallerí Verðandi eru opin virka daga frá 12-18 og á laugardögum 12-16 en lokað er á sunnudögum. *solveig@frettabladid.is*

Réttir og ratleikur í Grindavík

LÍF OG FJÖR VERÐUR VIÐ ÞÓRKÖTLUSTAÐARÉTT Í GRINDAVÍK Í DAG.

Fé sem smalað var af afrétti Grindvíkinga í gær verður dregið í dilka í Þórkötlustaðarétt í dag. Auk þess verður fjölskylduratleikurinn Finna féð í nágrenni réttarinnar. Hann gengur út á að leita að vísbendingum og svara léttum spurningum um sauðkindina. Dregið verður úr réttum svörum og þrír ullarvinningar verða í verðlaun. Í tengslum við réttardaginn verður einnig markaður á svæðinu frá klukkan 13 þar sem fólk getur skoðað og keypt ýmsar handunnar vörur, skartgripi, sultur, áletruð kerti og fleira. Júdódeild UMFG verður með kjötsúpu á boðstólum og starfsfólk á leikskólanum Króki með kaffisölu. Einnig verður tónlistaratriði frá Harmóníkufélagi Suðurnesja.
Hestar verða í reiðhöllinni í Grindavík og þar verður teymt undir börnum sem langar að fara á bak. *- gun*

Mannamál og jarmur blandast saman í réttunum. MYND/GRINDAVIK.IS

MaxMara HÆTTIR
LOKA-SALA
17.-27. september
ALLT Á AÐ SELJAST
MaxMara
HVERFISGÖTU 6 • 101 REYKJAVÍK • SÍMI 562 2862

LAGERSALA
LAGERSALA
Opið hús að Dalshrauni 17, Hafnarfirði,
fimmtudaga frá kl. 12-18 og
laugardaga frá kl. 12-15.
SKART • HÁRSKRAUT
TÖSKUR • HÚFUR
VETTLINGAR • SOKKAR
OG MARGT FLEIRA

Tai chi fyrir líkama og sál

• opnar orkuflæði
• slökun
• losar um spennu og kvíða
• dregur úr verkjum
• styrkir líkamann
• o.fl.
HEILSU DREKINN
Kínversk heilsulind
Skeifunni 3j · Sími 553 8282 · www.heilsudrekinn.is

ALLT NÁM
Leitið upplýsinga hjá sölufulltrúum;
Jóna María 512 5473
Hugi 512 5447

KERRUVARAHLUTIR

Úrval af varahlutum og kerruhlutum í flestar gerðir af kerrum.
BRIMCO
Flugumýri 8 - 270 Mosfellsbæ
Sími 894 5111 - www brimco.is

vísir.is
"...ég sá það á vísi"

Dúettakvöld í kirkju óháðra

Kristjana Stefáns og Svavar Knútur halda síðasta dúettakvöld þessarar helgar í Kirkju óháða safnaðarins í kvöld klukkan 21.

Ástin, kærleikurinn og angurværðin svífa yfir vötnum á tónleikum Kristjönu og Svavars Knúts. Þau leiddu fyrst saman hesta sína fyrir tæpu ári á litlum tónleikum í Viðeyjarstofu. Nú hafa þau tekið upp þráðinn aftur en með endurnýjuðu lagavali. Á dagskrá eru nokkur sígild lög með Abba, Bítlunum, Gram Parsons, Robert Plant og Alison Krauss, Kenny Rogers og Dolly Parton, ásamt frumsömdu efni frá þeim báðum. Því verður um auðugan garð að gresja fyrir unnendur góðrar tónlistar. Aðgangseyrir er aðeins eitt þúsund krónur.

Ást, kærleikur og angurværð mun svífa yfir vötnum.

Litir og form

Haukur Snorrason opnar sýningu á abstrakt náttúruljósmyndum í Gallerí Fold á Rauðarárstíg klukkan 15 í dag.

„Þetta er gæluverkefnið mitt. Það sem ég er að gera frá hjartanu," segir Haukur spurður út í myndefnið á sýningunni. „Ég er búinn að fljúga yfir Ísland í 20 ár og er farinn að sjá það með aðeins öðrum augum en áður. Er ekki endilega að horfa á heildarmyndina heldur hið smáa sem leynist á stöðum sem fyrirfram þykja kannski ekki merkilegir. Því hef ég verið að færa mig meira yfir á afstrakt línu í myndatökunum. Maður þarf að þefa þessa staði uppi, eltast við birtuna og fanga á filmu þessa miklu og sterku liti og fallegu form."

Fegurð landsins á sér margar birtingarmyndir. MYND/HAUKUR SNORRASON

Allar myndirnar eru teknar á mjög fínkornótta filmu í stærðinni 6x7 sem gefur myndinni meiri áþreifanleika heldur en ef um stafræna mynd væri að ræða. Sýningin verður opin til 2. október. *- gun*

Boðið verður upp á úrval af nýju íslensku grænmeti.

Á Flúðum er eina garðyrkjustöðin á landinu þar sem jarðarber eru ræktuð og seld.

Matarkistan opnuð

Uppskeruhátíð verður haldin í Hrunamannahreppi í dag og geta gestir og gangandi smakkað kjöt, fisk, egg, hunang, vínber og mjólkurvörur beint úr sveitinni.

Uppskeruhátíðin Matarkistan Hrunamannahreppur verður haldin í Hrunamannahreppi í dag og af því tilefni verður ýmislegt um að vera á Flúðum og í nágrenninu.

Svæðið er þekkt fyrir fjölbreytta matvælaframleiðslu og grænmetisræktun og í félagsheimilinu verður boðið upp á úrval af nýju íslensku grænmeti. Á Flúðum er til að mynda eina sveppaverksmiðja landsins og eina garðyrkjustöðin þar sem jarðarber eru ræktuð og seld. Handverks- og listafólk verður á staðnum og ferðaþjónustuaðilar kynna þjónustu sína.

Ýmsir fleiri viðburðir verða á dagskrá en boðið verður upp á hreppasúpu á Hótel Flúðum og reiptog yfir Litlu-Laxá. Eins verður sveppaveisla hjá Flúðasveppum og gestakokkarnir Beggi og Pacas laga grænmetisrétti á Kaffi Grund. Opna íslenska grænmetismótið í golfi fer fram á golfvellinum Efra-Seli og á Útlaganum verða tónleikar og dansleikur. Nánari upplýsingar er að finna á www.fludir.is *- ve*

Heilsuþorp í Hrunamannahreppi.

Hugleitt í Salnum

Hugleiðsluskólinn Lótushús stendur fyrir hugleiðslustund í Salnum í Kópavogi á sunnudag klukkan 17. Þar verða leiddar hugleiðslur og flutt lifandi tónlist en tónlistarflutningurinn verður í höndum tónlistarkonunnar Ólafar Arnalds og flautuleikarans Hallfríðar Ólafsdóttur.

Atburðurinn er liður í alþjóðlegu verkefni þar sem hugleiðslumiðstöðvar í yfir hundrað löndum sameinast um að skapa friðsælt andrúmsloft og leggja þannig sitt af mörkum til að stuðla að friðsælli og betri heimi. Hann er einnig liður í alþjóðlega friðardegi Sameinuðu þjóðanna sem er mánudaginn 21. september.

Markmiðið með uppákomunni er að veita sem flestum tækifæri til að stíga um stund úr amstri hversdagsleikans og upplifa frið og styrk en margir hafa að undanförnu misst sambandið við þessa eiginleika. *-ve*

Ólöf Arnalds og Hallfríður Ólafsdóttir sjá um tónlistarflutninginn. FRÉTTABLAÐIÐ/STEFÁN

Fatasöfnun
Rauða kross Íslands

Er fatapokinn kominn til þín?

Rauði kross Íslands í samvinnu við Eimskip, Pósthúsið og SORPU dreifa nú sérmerktum fatapokum um allt land til að auðvelda landsmönnum að taka til hjá sér og koma gömlum fatnaði í endurvinnslu. Með því að gefa fatnað leggur fólk Rauða krossinum lið og styrkir neyðaraðstoð bæði hér á landi og erlendis.

Alls ekki henda ónýtum fatnaði eða öðrum efnisbútum!

- Við tökum líka við ónýtum fatnaði sem við seljum í endurvinnslu
- Handklæði, dúkar, gardínur og slíkt eru einnig verðmæti fyrir okkur
- Tökum ennfremur við skóm, töskum, leikföngum og annarri smávöru

Stuðlum að aukinni endurvinnslu og endurnýtingu!

SORPA
styrkir birtingu þessarar auglýsingar

Rauði kross Íslands
Fatasöfnun

TÍSKA

TÍSKUVIKAN Í LONDON hófst í gær. Þetta er í 25. skipti sem hátíðin er haldin en þar sýnir aragrúi tískuhönnuða tískulínur sínar fyrir vorið og sumarið næsta.

Lindsay fær frekjukast

LINDSAY LOHAN MÆTTI Á TÍSKUSÝNINGU Í NEW YORK Í VIKUNNI OG GERÐI ALLT VITLAUST.

Leikkonan og söngkonan Lindsay Lohan var illa þokkuð á tískusýningu G-star á tískuvikunni í New York í vikunni. Þegar dívan mætti á staðinn og sá hvar henni var ætlað að sitja þótti henni að sér vegið. Í reiði sinni tætti hún niður sætaskipanina, ruglaði spjöldum og henti sumum þeirra í gólfið. Er talið að Juliette Lewis og Taylor Momsen hafi lent í jörðinni við lítinn fögnuð þeirra sem til sáu.

Lindsay Lohan kemur sér stöðugt í vandræði, nú síðast á tískusýningu.

Sumarlegur kjóll að hætti George Chakra. NORDICPHOTOS/GETTY

Bláddoppóttur kjóll eftir Tracy Reese sem verður góður í vorsólinni.

Flæðandi kjóll í bláum tónum eftir Carlos Miele.

Í bláum tónum í NY

Tískuvikan í New York stendur yfir til fimmtudags. Þar sýnir fjöldi frægra hönnuða tískulínur vorsins 2010.

Fjöldinn allur af heimsfrægum fatahönnuðum á borð við Calvin Klein, Carolinu Herrera, Donnu Karan og Ralph Lauren er saman kominn í New York. Þar sýna hönnuðirnir þá tísku sem verður í hávegum höfð í vor. Blátt virðist mörgum þeirra hugleikið enda sást liturinn í ýmsum tónum í fötum hönnuðanna. *- sg*

Strákar verða líka í bláu ef Davidelfin hefur rétt fyrir sér.

Töfrar fram fallegar flíkur

Leikkonan unga Emma Watson, sem best er þekkt fyrir leik sinn í hlutverki Hermione Granger í myndunum um Harry Potter, ætlar að hefja kynningu á eigin fatalínu næstkomandi febrúar sem fyrirtækið People Tree framleiðir.

Leikkonan hefur að undanförnu vakið athygli fyrir smekklegan klæðnað. Þó að hún hafi viðurkennt að hún óttist að umræður um fatnað sinn eigi eftir að skyggja á feril sinn sem leikkona segist hún hafa verið tilbúin að taka þátt í hönnun þessarar fatalínu þar sem það er gert fyrir fyrirtækið People Tree. Það fyrirtæki hefur unnið að því að bæta siðferði í tískuheiminum, stunda sanngjörn viðskipti við bændur og kaupa lífrænt ræktað hráefni í klæðin.

Fatalínan er ætluð ungum konum á aldrinum sextán til 24 ára. „Hugmyndin um að hægt væri að nota tísku sem tæki til að draga úr fátækt heillaði mig," segir Emma. Hún segist bjartsýn á viðtökurnar, mikil vakning sé meðal ungs fólks um mannréttindabaráttu og umhverfismál. Fatalínan hennar eigi að vera góður valkostur fyrir þetta fólk.

Emma Watson hannar föt undir merkjum People Tree.

Höfum hafið störf á 101 Hárhönnun
Skólavörðustíg 8, S: 5513130
Heiður Óttarsdóttir og Inga Hrönn Óttarsdóttir

TaL
Getraunaleikur Tals og Vísis
Drögum vikulega út veglega vinninga
Taktu þátt á Vísir.is
PEPSI DEILDIN
VÍSIR.IS

Nýjar vörur
H.J.O.R.T COPENHAGEN

kammakarlo copenhagen
Bæjarlind 12, Kópavogi
www.kammakarlo.is

Capacent Ráðningar

UMSJÓNARMAÐUR VÖRUHÚSS

Fyrirtækið býður viðskiptavinum sínum upp á sveigjanlegar heildarlausnir sem byggja á sérþekkingu á sviði hraðsendinga, sjó- og flugfraktar. Þjónustunet DHL nær til meira en 220 landa og svæða og yfir 285.000 starfsmenn starfa hjá fyrirtækinu um heim allan. Hjá DHL á Íslandi starfa um 54 manns og góður starfsandi einkennir vinnustaðinn sem býður upp á alþjóðlegt og krefjandi starfsumhverfi.

DHL óskar eftir að ráða öflugan einstakling til að hafa umsjón með rekstri vöruhúss fyrirtækisins.

Starfssvið
- Umsjón og ábyrgð á daglegri starfsemi vöruhússins
- Ábyrgð á því að afkasta- og gæðamarkmiðum sé náð
- Hámarka nýtingu vöruhússins og afla nýrra viðskipta
- Þjónusta- og ráðgjöf til viðskiptavina
- Önnur verkefni í samráði við vöruhússtjóra

Menntunar- og hæfniskröfur
- Menntun á sviði viðskipta og/eða vörustjórnunar skilyrði
- Reynsla af verkefnastjórnun
- Leiðtoga- og samskiptahæfni
- Kostnaðarvitund og skipulagshæfni
- Góð enskukunnátta nauðsynleg
- Frumkvæði og metnaður til að ná árangri í starfi

Umsjón með starfinu hafa Helga Jónsdóttir (helga.jonsdottir@capacent.is) og Jóna Björk Sigurjónsdóttir (jona.sigurjonsdottir@capacent.is) hjá Capacent Ráðningum. Umsóknarfrestur er til og með 27. september nk. Umsækjendur eru vinsamlegast beðnir að sækja um starfið á heimasíðu Capacent Ráðninga, **www.capacent.is**

Capacent Ráðningar
Borgartúni 27
Sími 540 1000

capacent

Capacent Ráðningar

BREYTTIR TÍMAR NÝJAR ÁHERSLUR

Sjálfstæðisflokkurinn óskar eftir að ráða drífandi og metnaðarfulla einstaklinga til starfa. Í boði eru ný og áhugaverð störf á sviði samskipta og innra starfs flokksins. Viðkomandi starfsmenn þurfa að búa yfir framúrskarandi hæfni í mannlegum samskiptum, hafa brennandi áhuga á þjóðmálum og getu til að hvetja fólk til dáða í starfi.

FORSTÖÐUMAÐUR SAMSKIPTASVIÐS

Starfssvið
- Ábyrgð á samskiptum við fjölmiðla, m.a. gerð fréttatilkynninga og greinaskrif
- Miðlun upplýsinga til flokksfólks, fulltrúa og almennings
- Tengsl við auglýsingastofur vegna verkefna
- Umsjón með vef- og upplýsingakerfum sem og ábyrgð á heimasíðu
- Úrvinnsla skoðanakannana
- Útgáfa rita á vegum flokksins
- Önnur tilfallandi verkefni á þessu sviði

Menntunar- og hæfniskröfur
- Háskólamenntun sem nýtist í starfi
- Starfsreynsla af ofangreindum verkefnum
- Geta til þess að koma fram fyrir hönd flokksins
- Reynsla af textaskrifum og góð ritfærni
- Góð kunnátta í íslensku og ensku
- Frumkvæði og sveigjanleiki í starfi sem og hugmyndaauðgi og víðsýni

VERKEFNASTJÓRI

Starfssvið
- Skipulag og framkvæmd átaksverkefna
- Almenn verkefnastjórnun
- Umsjón með styrktarmannakerfi
- Önnur tilfallandi verkefni innan deildarinnar

Menntunar- og hæfniskröfur
- Haldgóð menntun sem nýtist í starfinu
- Reynsla af sölumálum og samskiptum nauðsynleg sem og reynsla af stjórnun starfsmanna
- Söluhæfileikar og brennandi áhugi á verkefninu
- Góð almenn tölvukunnátta skilyrði
- Hæfni til þess að vinna undir álagi

Umsjón með störfunum hafa Ragnheiður S. Dagsdóttir (ragnheidur.dagsdottir@capacent.is) og Tómas Oddur Hrafnsson (tomas.hrafnsson@capacent.is) hjá Capacent Ráðningum. Umsóknarfrestur er til og með 5. október nk. Umsækjendur eru vinsamlegast beðnir að sækja um störfin á heimasíðu Capacent Ráðninga, **www.capacent.is**

Capacent Ráðningar
Borgartúni 27
Sími 540 1000

capacent

Capacent Ráðningar

KÍKTU Á WWW.CAPACENT.IS

capacent

ÞAR SEM ALLTAF ER GAMAN

ÍTR ÓSKAR EFTIR FÓLKI TIL STARFA

FRÍSTUNDAHEIMILI FYRIR BÖRN FRÁ 6-9 ÁRA Í ÖLLUM HVERFUM BORGARINNAR

HELSTU VERKEFNI
- Skipulagning á faglegu frístundastarfi fyrir 6-9 ára börn
- Leiðbeina börnum í leik og starfi
- Samráð og samvinna við börn og starfsfólk
- Samskipti og samstarf við foreldra

KRÖFUR Í STARFI
- Menntun eða reynsla sem nýtist í starfi
- Áhugi á að starfa með börnum
- Frumkvæði og sjálfstæði
- Færni í samskiptum

FRÍSTUNDAHEIMILI FYRIR FÖTLUÐ BÖRN FRÁ 6-9 ÁRA OG FRÍSTUNDAKLÚBBA FYRIR 10-16 ÁRA.

Um er að ræða frístundaheimili og klúbba við Öskjuhlíðarskóla og frístundaklúbba í Austurbæ, Breiðholti og Grafarvogi. Þar er boðið upp á fjölbreytt tómstundastarf þegar hefðbundnum skóladegi lýkur.

HELSTU VERKEFNI:
- Skipulagning á faglegu frístundastarfi fyrir börn og unglinga með fötlun á aldrinum 6-16 ára
- Leiðbeina börnum og unglingum í leik og starfi
- Samráð og samvinna við börn, unglinga og starfsfólk
- Samskipti og samstarf við foreldra og starfsfólk skóla

KRÖFUR Í STARFI
- Menntun eða reynsla sem nýtist í starfi
- Áhugi á að starfa með börnum
- Frumkvæði og sjálfstæði
- Færni í samskiptum

Í BOÐI ERU HLUTASTÖRF MEÐ SVEIGJANLEGUM VINNUTÍMA EFTIR HÁDEGI.

Laun eru samkvæmt kjarasamningi Reykjavíkurborgar við Starfsmannafélag Reykjavíkurborgar. Símaver Reykjavíkurborgar gefur samband við þá starfsmenn sem veita upplýsingar um störfin í síma 411 11 11.

HÆGT ER AÐ SÆKJA UM RAFRÆNT Á WWW.REYKJAVIK.IS

Nánari upplýsingar á
www.itr.is

Vinnslustöðin Vestmannaeyjum VSV

Starfsfólk óskast

Vinnslustöðin hf. í Vestmannaeyjum auglýsir eftir starfsfólki í snyrtingu og pökkun í frystihúsi félagsins.

Upplýsingar gefur Þór Í. Vilhjálmsson, starfsmannastjóri í síma 488 8010 eða 897 9615.

Eignatorg

Eignatorg fasteignasala óskar eftir öflugum og sjálfstæðum aðila til sölu fasteigna.

Viðkomandi þarf að vera vanur sölu fasteigna, hafa ríka þjónustulund og getu til að ná árangri. Það er kostur ef viðkomandi hefur löggildingu sem fasteignasali en ekki skilyrði.

Farið verður með allar fyrirspurnir og umsóknir sem trúnaðarmál.

Allar nánari upplýsingar gefur Björgvin Guðjónsson löggiltur fasteignasali í síma 615-1020 eða bjorgvin@eignatorg.is

Eignatorg leggur mikið upp úr heiðarleika, vönduðum vinnubrögðum og góðum árangri fyrir viðskiptavini sína.

Eignatorg - Sóleyjargata 17 - 101 Reykjavík - s: 510-3500

Þessa dagana erum við að bæta við okkur sölufólki í fullt starf í bæði Levi's og Benetton.

Sækjumst sérstaklega eftir skemmtilegu og lífsglöðu fólki sem sparar ekki brosið.

Frekari upplýsingar um störfin veitir Ótta rekstrarstjóri í verslun Benetton Smáralind eða síma 8223360.

Áhugasamir eru hvattir til að senda inn umsókn á otta@denim.is. Umsóknum þarf að skila inn fyrir miðvikudaginn 23. September.

UNITED COLORS OF BENETTON.

www.vinna.is

vinna.is
sími: 511 1144

FULLTINGI
Lögfræðiþjónusta

LÖGFRÆÐINGUR

hjá Fulltingi – lögfræðiþjónustu

Fulltingi – lögfræðiþjónusta óskar eftir að ráða lögfræðing til starfa hjá stofunni. Um er að ræða starf við almenna lögfræðiráðgjöf, skjalagerð, samskipti við viðskiptavini og fleira.

Umsækjendur skulu hafa lokið fullnaðarprófi í lögfræði (cand.jur / meistaraprófi), vera færir í mannlegum samskiptum og ástunda sjálfstæð vinnubrögð. Æskilegt er að umsækjendur hafi aflað sér málflutningsréttinda og nokkurrar reynslu af lögfræðistörfum.

Fulltingi – lögfræðiþjónusta er framsækin og traust lögfræðistofa, sem veitir einstaklingum, fyrirtækjum og stofnunum alhliða sérfræðiþjónustu, hérlendis sem erlendis. Hjá stofunni starfar áhugasamt, vel þjálfað og sérhæft kunnáttufólk í krefjandi en hvetjandi umhverfi. Sérstök áhersla er lögð á að starfsfólk stofunnar taki virkan þátt í framþróun hennar með frumkvæði og sjálfstæðum vinnubrögðum.

Nánari upplýsingar veitir Guðmundur Siemsen í síma 5332050 / tölvupóstur: gudmundur@fulltingi.is.

Farið verður með allar umsóknir sem trúnaðarmál. Umsóknarfrestur er til og með 2. október nk.

Viltu vera í okkar liði?

Actavis er alþjóðlegt fyrirtæki sem sérhæfir sig í þróun, framleiðslu og sölu hágæðasamheitalyfja. Hjá Actavis starfa um 10 þúsund einstaklingar í 40 löndum, sem eru reiðubúnir að taka áskorunum með það að markmiði að koma Actavis í fremstu röð samheitalyfjafyrirtækja.

Actavis leitar að metnaðarfullum einstaklingum til starfa sem eru tilbúnir að takast á við krefjandi verkefni.

Actavis Group auglýsir eftirfarandi störf laus til umsóknar

Sérfræðingur í fjárstýringu

Fjárstýring Actavis Group hefur yfirumsjón með greiðsluflæði fyrirtækisins og dótturfélaga þess. Einnig hefur deildin umsjón með lánum, gjaldeyris- og vaxtaáhættum, tryggingum og bankasamskiptum svo eitthvað sé nefnt.

Starfið felur m.a. í sér þátttöku í áhættu- og fjárstýringu, greiðsluflæði, aðstoð í tryggingamálum, skýrslugerð til framkvæmdastjórnar og samstarf við bókhald Actavis Group.

Við leitum að einstaklingi með háskólapróf á sviði viðskiptafræði, hagfræði, verkfræði eða sambærilega menntun. Gerð er krafa um góða enskukunnáttu, þekkingu á reikningshaldi, mjög góða Excel-kunnáttu, nákvæm og sjálfstæð vinnubrögð. Viðkomandi þarf að vera skipulagður og talnaglöggur.

Sérfræðingur innlendra skráninga

Starfið tilheyrir markaðssviði Actavis Group og eru helstu verkefni sviðsins skilgreining markaðsstefnu, markaðssetning og kynning á vörum fyrirtækisins, gerð sölu- og kynningaráætlana, birgðastýring og skráning lyfja á innlendan markað.

Starfið felur í sér umsjón með innlendum skráningarumsóknum og þýðingum á þeim, umsjón með vinnslu breytingarumsókna vegna íslenskra markaðsleyfa, upplýsingagjöf vegna framvindu skráningamála og annarra skráningartengdra mála. Sérfræðingurinn er í miklum samskiptum við yfirvöld, samstarfsaðila og aðrar deildir Actavis.

Við leitum að einstaklingi með háskólapróf í raunvísindum, lyfjafræði eða sambærilega menntun, háskólapróf í ensku kemur einnig til greina. Gerð er krafa um góða íslensku- og enskukunnáttu, góða almenna tölvukunnáttu, hæfni í mannlegum samskiptum, sjálfstæð, öguð og nákvæm vinnubrögð.

Fulltrúi lyfjaupplýsinga

Lyfjaupplýsingadeild tilheyrir skráningasviði Actavis Group og ber ábyrgð á gerð lyfjaupplýsinga (Product Information) þegar verið er að sækja um markaðsleyfi fyrir lyf sem og viðhald á lyfjaupplýsingum eftir veitingu markaðsleyfa.

Starfið felur í sér aðstoð við gerð upplýsingatexta um lyf ásamt aðstoð við öflun gagna og frágang á gögnum á tölvutæku formi. Fulltrúi er í miklum samskiptum við starfsmenn skráningarsviðs Actavis samsteypunnar bæði hérlendis og erlendis.

Við leitum að einstaklingi með stúdentspróf eða lyfjatæknimenntun. Gerð er krafa um færni í textagerð auk nákvæmni, sjálfstæði og mjög góða ensku- og tölvukunnáttu.

Sérfræðingur í þróunardeild lyfjaforma

Þróunardeild lyfjaforma tilheyrir þróunarsviði Actavis Group og sér um þróun á lyfjum, framleiðslu á tilraunalotum, uppskölun lota í framleiðslustærð og gildingu framleiðsluferla.

Starfið felur í sér gerð mastera fyrir framleiðslu á þróunarlotum, yfirferð framleiðslu- og pökkunarskráa á vegum þróunar, gerð tæknipakka til að styðja flutning verkefna frá þróun til framleiðslu. Jafnframt sér sérfræðingurinn um gerð skriflegra leiðbeininga og þjálfun.

lLus veiðileyfi í kornakur í Skagafirði. Möguleiki að blanda saman stangveiði og skotveiði. Hús fylgir. Uppl. í s. 868 4043.

Super salmon fishing in Vancouver B.C. Kings up to 20 kg.Coho, Sockeye etc. Persons interested in forming a small party for July/Aug.2010 for 6 day's fishing, 7 nights stay, please contact at ; bjorn03@ru.is

Sjóstöng/Skotveiði Nýr bátur og gamall skipsstjóri. Reykjavíkurhöfn. S. 892 0099.

Hestamennska

Mjög gott hey í litlum böggum og rúllum til sölu á Álftanesi. Uppl. í s. 896 5016.

EIK
Eik í hesthúsagrindur og veggjaklæðningar. Hefluð, nótuð og vel þurrkuð. Uppl. í s. 691 8842.

HÚSNÆÐI

Húsnæði í boði

Til leigu er miðhæð á Marbakkabraut, Kópavogi. Stofa, svefnherb., bað og eldhús. Leiguverð kr. 80þ. á mán. + hiti og rafm. Trygging. Leigist með húsg.: íssk., þvottav., sófa, sófab. og sjónvarpi. Uppl. sendist á smaar@frett.is merkt "marbakkabraut"

LMH.IS
Leigumiðlun Hafnarfjarðar
517-0150

Vantar eignir á skrá í Hafnarfirði, Kópavogi og nágrenni, www.lmh.issími 517-0150.

www.leiguherbergi.is

1-2 manna herb.Funahöfða 17a -19 Rvk og Dalshraun 13 Hfj aðganur að internet, bað. eldh., þurrkara og þvottavél. 824 4535.

Room for rent 1-2 person,. Funahöfða 17a -19 Rvk og Dalshraun 13 Hfj Internet, bath, kitch, washing room incl. Uppl/info í S. 824 4535. www.leiguherbergi.is

Þarftu að leigja?
Hringdu í síma 440 6100 eða skoðaðu rentus.is
Rentus
LEIGUMIÐLUN

Íbúð til leigu í 105 3 herb. íbúð til leigu á Teigunum, fyrir reglusamt fólk. Áhugasamir sendi póst á perlab@simnet.is

4ra herb. endaíbúð til leigu í Laufengi, Grafarvogi, á 3ju hæð. Verð 120 þús. á mán. Uppl. í s. 824 4535.

Herb. til leigu m. húsgögnum á svæði 101. Uppl. í s. 899 6255.

Tveggja herb. nýuppg. íbúð í einbýli í Seljahverfi til leigu. Laus strax. V.85.000. Nánari upplýsingar í 860-1099.

City center - miðbær
Room all incl. no internet. Herb. með öllu. 2 room apartment in 105. 2 herb. íb. á sv. 105 Uppl. í s. 860 0360.

Til langtímaleigu 3 herb. íbúð við Skipasund. 85 fm. Uppl. í s. 893 3102.

HERB.TIL LEIGU MEÐ HÚSB. 8-20 FM. VERÐ FRÁ 35.000 LEIGUTÍMI ALLT FRÁ EINNI VIKU TIL MARGRA MÁNAÐA SJÁ WWW.HOTELFLOKI.IS BJARNI S.660-7799.

38 fm stúdíó íbúð til leigu í vesturbæ Kópavogs, jarðhæð, sérinng. Uppl. s. 856 4443.

3 herb. íbúð í Seljahverfi til leigu. Upplýsingar í síma 840 6643.

Studio apt. and rooms with private bathroom for rent in Stapahraun 2 Hfj. Kitchen, washer, dryer and free internet. Furniture if needed. Tel 893 6060.

Rúml. 70fm 2-3 herb. ný íbúð á jarðhæð sv.105, vel staðsett. Parket og góðar innréttingar. Laus 1 okt. Trygging 3 mán. Leiga 100þ. S. 895 8359.

1-2 manna herb. í Hfj. Að. að bað. eldh., þurrkara og þvottavél. Uppábúin rúm. S. 892 5309.

Til leigu snotur 43fm studíóíbúð m/ svefnkrók á sv. 110. Húsg. að hluta, íssk., leigist á 70þ. með hita & hússj. Gevihnattatv, sérbílastæði. Leigist frá 14 okt. S. 5871420 & 8453860.

Til sölu/leigu 4 herb.íbúð m.bílskúr samt.140m2 á Eskifirði. Laus 1.október. Leiguverð 140.000. Uppl. í síma 893-3450.

Parhús í Hveragerði til leigu. 189fm. í lokaðri götu á góðum stað. Heitur pottur. sólstofa. sólpallur með hitalampa og sólskyggni.sjá nánar á http://fasteignir.visir.is/fasteignir/eign/112523/135þús á mán. Upplýsingar í síma +4798281428

TIL LEIGU SNYRTILEG OG FULLB. 8-20 FM. HERB. Í 105, ALLT INNIF. UPPL S.660-7799

2 herb. 68fm íbúð á Arnarneshæð í Garðabæ. Nýtt fjölbýli, bílskýli. s 8497209

Leigjendur, takið eftir!
Þið eruð skrefi á undan í leit að réttu íbúðinni með hjálp Leigulistans. Kíktu inn á www.leigulistinn.is eða hafðu samb. við okkur í s. 511 1600.

2 herb. sameign. Miðb. Rvk. húsg. fylgja. Leiga 60þ. með hússj. S. 895 0482.

Til leigu einstaklings risíbúð í 101 Rvk. M. eða án húsgagna. Uppl. í S. 862 8551.

Stúdíóíbúðir. Skyndileiga, skammtímaleiga, langtímaleiga. Uppl. í s. 568 1848 / 661 1247 / 618 2698.

Húsnæði óskast

Einbýli eða íbúð með bílskúr óskast. Og iðnaðarhúsnæði með hreinlætisaðst. S. 857 7055.

Er 27 ára reglusöm og reyklaus kona, óska eftir að leigja 2 eða litla 3 herb íbúð í kópavogi í smárahverfi, lindahverfi, salahverfi eða kórahverfi. Hafið samband í síma 893-5066

39 ára reglusamur kk með tvo mjög vel alda hunda óskar eftir íbúð á höfuðborgarsvæðinu. Uppl. í s. 861 2645.

Óska eftir 3ja herb. íbúð í 104. Í nágrenni við Holtagarða. Uppl. í s. 696 4222.

Húsnæði til sölu

Björt og falleg íbúð í 220 kóp., fæst gegn yfirtöku á lánum. Uppl. í s. 868 1276.

Atvinnuhúsnæði

Til sölu 2 samhliða bílsk. rúmir 50fm. Eingöngu yfirtaka á láni. Mjög gott útisvæði. S. 891 9193 & 892 5309.

Bjart og gott 113m² verslunar-/skrifstofuhúsnæði í Hlíðasmára í Kóp. til leigu og afh. strax. Opið rými og 2 lokuð herb. Dúkur á gólfum, gott skápapláss, flúrósent lýsing. Mánaðarleiga aðeins kr. 135.000.- Leigulistinn s. 5111-2900.

Til leigu iðnaðarh.næði í Hafnarf. 105-210m2 lofthæð 4,20 Uppl. í síma 892-9260.

Geymsluhúsnæði

FRUMHERJI HF
BIFREIÐASKOÐUN

FERÐAVAGNAGEYMSLA
Geymsla fyrir tjaldvagna og fellihýsi í Reykjavík. Tjaldvagnar á 37 þús. vetrinn, fellihýsi á 42 þús. Greiðsludreifing í boði.
Örugg upphituð hús og ýmis viðbótarþjónusta í boði, s.s. trygging, þrymuhleðsla, mínmeagrymsla og úðun næsta vor.

Upplýsingar og pantanir hjá
Frumherja hf í síma 570-9090 milli kl 8 og 17 virka daga, einnig í tölvupósti á geymsla@frumherji.is.

FRUMHERJI HF
BIFREIÐASKOÐUN

Nokkur pláss laus í upphituðu geymsluhúsnæði fyrir tjaldvagna, fellihýsi og húsbíla í Garðarbæ. Uppl. í síma 894 1333.

Geymsluplass
Upphitað á höfuðborgarsvæðinu. Pláss til 1. maí fyrir hjólhýsi, fellihýsi, tjaldvagna eða annað. Verð 5000kr. á m2. Uppl. í s. 862 4685 / 893 9777.

Geymsluhús.is
Mjög gott 3000 m2 upphitað geymsluhús í Innri Njarðvík, hjólhýsi, fellihýsi, tjaldvagnar, bílar ofl. ATH!gott verð!! Uppl. í síma 770-5144 og 770-2175.

Geymsluhúsnæði
Geymi fellihýsi, tjaldvagna. Staðsetning Breiðholt. Uppl. í s. 892 4424.

Ódýr þurr óupphituð vetrarg. á tjaldvögnum til hjólhýsa í nágrenni Rvk-ur. Uppl. í síma 8939950

Hlýjar vagnageymslur
Í Borgarfirði. Löng reynsla, gott verð. Ferðavagnar bátar og fl. S. 663 2130 & magnus1220@hotmail.com

Tek í geymslu Tjaldvagna og Fellihýsi. Uppl. í s. 865 1166.

Geymsluhúsnæðið Auðnum II, 190 Vogar.
Tjaldvagnar, fellihýsi, bílar, bátar, mótorhjól ofl. Uppl. í s. 864 3176

Geymsla á farartækjum
Vetrargeymsla fyrir bíla, húsbíla, fellihýsi, hjólhýsi, tjaldvagna, ofl. Upphitað og vaktað húsnæði,Sanngjarnt leiguverð. Uppl. í s. 899 0274, Gylfi, eða á www.husbilageymslan.net"

Tjaldvagna geymsla nokkur laus pláss í nágr. Flúða. Uppsk. mark. á Flúðum lau. 13-17. S. 863 8099.

www.buslodageymsla.is
Búslóðageymsla Olivers 100 kr á dag hvert bretti. Starfað í yfir 20 ár. S. 567 4046 & 892 2074.

geymslur.com
Geymslur frá 3990.- kr á mán.Í Garðabæ (hjá Ikea) og Reykjavík (Fiskislóð) Upphitað, vaktað & öryggismyndavélar. S. 555 3464

Gisting

stracta
CONSTRUCTION AND DEVELOPMENT

GISTING Í KAUPMANNAHÖFN GÓÐ STAÐSETNING GOTT VERÐ!
Fullbúnar lúxus íbúðir í göngufæri frá miðbænum. Góður kostur fyrir fyrirtæki og einstaklinga. Verð 950 dkr. nóttin fyrir 3ja herb. íbúð. Nánari uppl. í s. 891-8612, +45 27111038, www.stracta.com eða annalilja@stracta.com

Frábær einbýlishús með einkasundlaug til leigu á golfvelli í Florida. Nánari uppl. á www.floridafri.is, rurik@floridafri.is og í S 618 2596.

2 herbergja íbúð fullbúin húsgögnum með svefnplássi fyir 2-4. Leigist 1 nótt í senn eða fleiri. Staðsett við Kringluna. Uppl. í s. 843 9776 & 899 7188 eða limoutaxi@hotmail.com.

ATVINNA

Atvinna í boði

Vaktstjóri óskast
Íslenski barinn óskar eftir að ráða vaktstjóra í fullt starf. Reynsla skilyrði. Viðkomandi þarf að búa yfir ríkri þjónustulund, dugnaði og hæfni í mannlegum samskiptum. Umsóknir sendist á info@islenskibarinn.is

Café KONDITORI Copenhagen

Café Konditori Copenhagen
Auglýsir eftir duglegu starfsfólki í fullt starf og hlutastarf við afgreiðslu í bakarí/kaffihúsi. Ekki yngri en 18 ára. Uppl. á staðnum, Suðurlandsbraut 4.

SUBWAY

Ert þú næturmanneskja?
Subway auglýsir eftir duglegum starfsmanni með mikla þjónustulund á næturvaktir. Um 100% starf er að ræða. Unnið er 7 nætur í röð á 10 tíma vöktum og 7 nætur frí. Íslenskukunnátta er skilyrði. Lágmarksaldur er 20 ár.
Umsóknareyðublöð á staðnum (Subway BSÍ) eða gegnum subway.is

JOLLI

Sölutuminn Jolli í Hafnarfirði óskar eftir starfsmanni í fullt starf. Vinnutími 8-16 alla virka daga. Lágmarksaldur 20 ára og þess er krafist að starfsmaður sé stundvís og heiðarlegur. Vinsamlegast sækið um á www.umsókn.foodco.is

Eldri maður eða roskin hjón óskast á sveitabæ á Vestfjörðum frá 1 nóv- 31 maí. Reglusemi skilyrði. Uppl. í s. 456 4814.

Starfsmaður óskast til þjónustustarfa á veitingahúsi í Reykjavík. Heiðarleiki, dugnaður og Íslenskukunnátta skilyrði. Kvöld og helgarvinna. Áhugasamir hafi samband í netfangið spice@visir.is. og í s. 868 0049.

Stýrimaður óskast
Traust úgerðafélag á höfuðborgarsv. óskar eftir stýrimanni tímabundið. Uppl. í s. 843 5640.

Verkamenn / Workers
Ósk eftir verkamönnum, mikil vinna í boði. Stundvísi og reglusemi skilyrði. Workers wanted, a lot of work. S. 696 6676.

Vegna sérstakna aðstæðna vantar Hárgreiðslustofunni á Hótel Loftleiðum hársnyrtifólk í stólaleigu, rekstrarleigu eða kaup á rekstrinum. 3 stólar, 1 vaskur, lág leiga, frábær staðsetning og nóg að gera. Ásbjörg S: 8613434

Óskum eftir sölumanni. Fullkomið aukastarf fyrir ungan drífandi kennara eða framtaksömu fótboltamömmuna/pabban. Sjálfstætt starf. Vinsamlegast sendið póst á solumaduroskast@gmail.com

STARFSFÓLK ÓSKAST. Óskum eftir duglegum og jákvæðum starfsmanni í Bianco Footwear Smáralind í fullt starf. Hægt er að fylla út umsóknareyðublað á staðnum eða senda umsókn á 301@shop.bianco.com

Fjöreggið
Grill og góður matur. Starfsfólk óskast í dagvinnu og í aukavinnu um helgar. Íslenska skilyrði. Uppl. í s. 555 7030.

Atvinna óskast

BAKARA VANTAR VINNU Bakari með góða reynslu óskar eftir vinnu sem fyrst, allt kemur til greina. Er fær í brauð sem brúðartertur og allt þar á milli. Er stabíll og reglusamur. Sigurður 8975576

Bakari og konditor óskar eftir vinnu, þó ekki á milli 08-13 á daginn v/skóla. Uppl í síma 8479763/erk0403@gmail.com

Skemmtanir

Hamraborg 11
200 Kópavogur
Café Catalina
S: 554-2166

Í kvöld og annað kvöld spilar hljómsveitin
SÍN
Catalina
Allir velkomnir
Snyrtilegur klæðnaður áskilin
Frítt inn

Hádegismatur alla virka daga
Sérréttaseðill – Smáréttaseðill
Allar veitingar á vægu verði.
Hamborgaratilboð !
Útleigusalur
Boltatilboð

Boltinn í beinni!

Fasteignir

husasala.is
FYRSTA FLOKKS FASTEIGNASALA
Guðfinna Jóh. Guðmundsdóttur hdl og lögg.fasteignasali

Eigendur skoða skipti á ódýrari eign eða dýrara sérbýli.

Opið hús sunnudaginn 20. september milli 16:00 og 18:00 að

Álakvísl 84 , Reykjavík

Sérlega snyrtileg, vel skipulögð og mikið endurnýjuð 4-5 herbergja íbúð í litlu fjölbýli ásamt stæði í bílageymslu samtals 144 m2 skv. fmr á þessum eftirsótta stað. Neðri hæð telur ; tvöfalda stofu með útgengi útá svalir, endurnýjað eldhús , forstofu og gestasalerni. Efri hæðin: þrjú góð svefnherbergi, hol og ný standsett baðherbergi með sturtu og baðkari. Gott geymsluloft. Gólefni : nýlegt parket á öllum gólfum nema votrýmum sem eru flíslögð

Ásett verð 33.9 millj. Úrvals eign sem vert er að skoða.

Nánari upplýsingar gefur Atli sölufulltrúi s: 899-1178 eða atli@husasala.is

---

GARÐATORG
EIGNAMIÐLUN

Bæjarhraun Hafnarfirði 222 fm
300 fm byggingaréttur fylgir

Glæsilegt 221,7 fm og vel staðsett verslunar og skrifstofu-húsnæði til sölu. Húsnæðið sem er á einni hæð fylgir byggingaréttur á 300 fm til viðbótar. Samþykktar teikningar og gatnagerðargjöld greidd. **Áhugasamir hafi samband við Þórhall í síma 896-8232** (thor@gardatorg.is).

Upplýsingar : Þórhallur sími 896-8232.

Kinnargata 3-5 Urriðaholti Garðabæ

Til sölu glæsilegt parhús með einstöku útsýni í Urriðaholti.

Opið hús laugardag og sunnudag á milli kl. 14-16

Fallegt 208 fm. 4 svefnh. parhús á tveimur hæðum. Fokhelt og fullbúið að utan. Sjón er sögu ríkari!
Verð: 39.8 millj.

Nánari upplýsingar í síma: 663-4736, 899-9485

MIKLABORG - *ÖRUGG SALA* - MIKLABORG - *ÖRUGG SALA*

FASTEIGNASALAN
MIKLABORG
569-7000 | Síðumúli 13 | www.miklaborg.is

Leiðhamrar - Grafarvogi






Eitt best staðsetta einbýlið í Hamrahverfinu
Glæsilega uppgert hús
Sérsmíðaðar innréttingar
Instabus rafkerfi
Óviðjafnanlegt útsýni til norðurs og vesturs

Stærð hússins er 268,7 fm

Nánari upplýsingar veitir Ragna S. Óskardóttir, löggiltur fasteignasali í síma 892 3342

v. 95 m.

SÍMAÞJÓNUSTUR

Stefnumót
905 2000 (símatorg)
535 9920 (kreditkort)
535 9923 (fritt karlar)
555 4321 (fritt konur)
Spjall
904 5454 (símatorg, karlar)
535 9940 (kreditkort karlar)
555 4321 (fritt, konur)
Gay spjall
535 9988 (kreditkort)
Sögur
905 2002 (símatorg)
535 9930 (kreditkort)
Spjalldömur
908 6000 (símatorg)
535 9999 (kreditkort)

Hákon Svavarsson, löggiltur fasteigna-, fyrirtækja og skipasali

VALFELL
FASTEIGNAMIÐLUN OG RÁÐGJÖF

BORGARTÚN 30-A
opið hús á sunnudag frá kl 13-14

Sérlega björt, opin og afar rúmgóð 137,6 fm íbúð á 1. hæð í lyftuhúsi auk stæðis í bílakjallara. Íbúðin er mjög vel skipulögð og með miklu og björtu stofurými. Innan íbúðar eru tvö svefnherbergi. Gestabaðherbergi við hlið minna svefnherbergis. Hjónaherberginu fylgir sér baðherbergi með sturtuklefa og baðkari, flíslagt í hólf og gólf. Inn af baðherbergi er þvottahús með glugga. Hjónaherberginu fylgir einnig fataherbergi með opnum fataskápum. Tveir inngangar, annar úr sameiginlegum stigagangi, og sérinngangur úr lyftu sem gengur m.a. niður í bílakjallara og geymslur. Hol, eldhús, stofa og borðstofa er í stóru alrými. Úr borðstofu er gengið út á suðurverönd. Á öllum gólfum nema baðherbergjum er eikarparket. Íbúðinni fylgir sérgeymsla í kjallara.Þetta er sérstaklega falleg og björt íbúð á eftirsóttum stað. Íbúðin getur verið laus strax. Íbúðir í húsinu eru byggðar sem lúxusíbúðir og er sérstaða þeirra hversu ríkulega búnar þær eru og mikið lagt upp úr þægindum. Þær eru sérstaklega miðaðar við þarfir fólks sem komið er yfir miðjan aldur.

Ásett verð 49,5 millj. Ekkert áhv.

Sími 570-4824, fax 570-4820, gsm 898-9396
www.valfell.is

Kaupleiguíbúðir í Reykjanesbæ

Nýjar íbúðir til leigu, án vísitölu.

Leigan gengur beint upp í kaupin að leigutíma liðnum.

Íbúðinar eru fullbúnar með gluggatjöldum og öllum heimilistækjum, þ.m.t. þvottavél og þurkara.

Kynnum líka nýtt sölufyrirkomulag við kaup í beinni sölu.

Eignamiðlun Suðurnesja, Hafnargötu 91, Reykjanesbæ, Sími 420-4050 – 894-2252

---

vísir.is
"...ég sá það á vísi"

---

2 menn óska eftir vinnu. Málarar, múrara, flísar, hellulagnir, járnabindingar, smíðar, viðgerðir, gips ofl. S. 849 2908.

Hraustur 25 ára handlæginn maður óskar eftir vinnu. Vanur bílstjóri. Vinutími helst e-ð á milli 07-17. Má vera hlutastarf.

Vanur vélamaður og vörubílstjóri óskar eftir vinnu.upl í sima 8924093

Sjálfstæður smiður getur bætt við sig verkefnum. Uppl. í s. 770 0970.

Starfsfólk frá Lettlandi óskar eftir vinnu á Islandi: smiðir, verkamenn, bilstjórar, fiskvinnslufólk o.fl. S.8457158

Viðskiptatækifæri

We need help! Do you need 30-200 IKR? health.and.wealth.iceland@gmail.com

TILKYNNINGAR

Tapað - Fundið

Gul slæða m/brúnu og ljós blágrænu munstri tapaðist nýlega í nóatúni - nóatúni. Uppl. í s. 553 6595.

Einkamál

Símaþjónusta Spjalldömur

S. 908 6666 & 908 2000. Opið þegar þér hentar

Flottar símadömur
Dömurnar á Rauða Torginu eru síbreytilegur hópur yndislegra kvenna sem hafa óskaplega gaman af að daðra við karlmenn í síma. Hver verður vinkona þín í kvöld? Símar 908-6000 (símatorg) og 535-9999 (kreditkort).

Ný og spennandi upptaka
Ung kona ein með sjálfri sér nýtur sín í heitum leik og lýsir því sem hún er að gera og henni þykir gott svo djúpt og innilega að þú hrifst með og getur ekki annað! Sögur Rauða Torgsins, s. 905-2002 (símatorg) og 535-9930 (kreditkort), uppt.nr. 8215.

Hún horfir á þig
Heit upptaka með ungri konu sem er að horfa á vídeó í tölvunni sinni, af karlmanni sem leikur sér. Mjög örvandi upptaka! Sögur Rauða Torgsins, s. 905-2002 (símatorg) og 535-9930 (kreditkort), uppt.nr. 8592.

Spennandi kynni
Konar leitar kynna við heiðarlegan mann með tilbreytingu í huga. Augl. hennar er á Rauða Torginu Stefnumót, s. 905-2000 (símatorg) og 535-9920 (kreditkort), augl.nr. 8643.

Athugið
Ekkjumaður með fjármálin í lagi vill kynnast góðri konu 55-75ára. Rúmgóð íbúðarhæð, sumarhús o.fl. til staðar S. 553 4231.

Blaðberinn bíður þín

Þú færð Blaðberann þinn í Skaftahlíð 24 alla virka daga frá kl. 8-17.

Auglýsingasími 512 50 50

– Mest lesið

Myndin er minning um lífgjafa

Ég velti því mikið fyrir mér hversu lífið er hverfult og hvers vegna ég sé hér," segir Þuríður Sigurðardóttir, myndlistarmaður og söngkona, sem er með þessum orðum að vísa til myndlistarnáms síns í Listaháskóla Íslands, þaðan sem uppáhaldshluturinn hennar kemur.

„Ég get ekki sagt að ég eigi mér uppáhaldshlut, þar sem ég tengist yfirleitt ekki hlutum," segir myndlistarkonan Þuríður Sigurðardóttir sem málar undir nafninu Þura. „Ég á hins vegar eina mjög sterka minningu sem tengist Laugarnesinu þar sem ég ólst upp og Listaháskólanum en þar málaði ég mynd, sem mér þykir afar vænt um vegna þeirrar sögu sem liggur henni að baki," segir hún alvarleg.

„Umhverfið í Laugarnesinu var vitaskuld allt öðruvísi þegar ég var að alast upp heldur en það er núna. Það sem nú er uppfylling fyrir framan Listaháskólann var fjara og sjór og hún var oft leikvöllur eldri barna. Bróðir minn, Ævar, sem er fimm árum eldri en ég, fór til dæmis oft út á steypta bryggju sem þar var og veiddi fisk á færi. Ég var fjögurra ára og mátti ekki fara með en stalst til þess í þetta sinn. Hann var ekki hrifinn af tiltækinu en til að gera mig nýtilega reyndi ég með hælnum að rota kola sem hann hafði veitt af syllu, sem lá neðar. Bryggjan var aflíðandi og þar sem ég var svo upptekin við að rota kolann gáði ég ekki að mér og rann út af bryggjunni og út í sjó. Mig rak samstundis frá og bróðir minn, sem æpti á hjálp, gat ekki náð í mig. Til allrar lukku heyrðu í honum tveir drengir, nýfermdir, sem voru að koma úr fermingarkaffi hjá séra Garðari, presti í Laugarneskirkju. Annar þeirra, Birgir, stökk í sjóinn á eftir mér og synti því ég flaut á úlpunni minni og rak lengra og lengra frá landi.

Listakonan Þuríður við verkið góða. FRÉTTABLAÐIÐ/ANTON

Það var töluvert erfitt fyrir hann að synda með mig að bryggjunni því undiraldan var nokkur á þessum stað en vinur hans, Ágúst, kom á móti honum og saman komu strákarnir þrír mér upp á bryggjuna sem var enn eitt þrekvirkið. Það næsta sem ég man eftir er þegar þeir voru að drösla mér upp á bryggjuna og sjórinn gúlpast upp úr mér. Við það hef ég líklega byrjað að draga andann aftur," segir Þuríður.

„Þegar ég svo var í Listaháskólanum í Laugarnesi varð mér oft hugsað til þessa atburðar og að lokum varð hann að mynd. Lífgjafi minn, Birgir Gunnarsson, drukknaði nefnilega tvítugur að aldri þegar vitaskipið Hermóður fórst árið 1959. Málverkið er unnið með olíu og vaxi á dúk. Bókin sem kolinn liggur á er um pabba minn, Sigurð Ólafsson, en þar er þessum atburði lýst. Rammann smíðaði ég og blómin eru hugsuð sem krans. Myndin er því í raun minning um Birgi og lífgjöfina og er mér því kær." *- uhj*

Skipulag í skápnum

Ef halda á heimili snyrtilegu er best að byrja á því að koma röð og reglu á hlutina. Þannig getur þú gengið að því sem þig vantar á vísum stað og dregur úr líkum á að skapa óreiðu í kringum þig, því þú setur það sem þú ert að nota einfaldlega á sinn stað eftir notkun.

Til að koma öllu í röð og reglu er gott að skipuleggja hirslur vel. Auka má plássið í skápunum með því að koma fyrir skóhillu í botninum. Þá getur þú flokkað aukahlutina í litla kassa merkta þeirri árstíð þegar þeir eru helst notaðir og raðað í hillurnar.

Skipulagður skápur dregur úr óreiðu annarstaðar í húsinu. NORDICPHOTOSGETTY

Síðast en ekki síst skaltu hugsa vel um flíkurnar þínar. Mundu bara að nota góð herðatré sem fötin haldast vel á en ekki fylla slána af beygluðum vírherðatrjám sem gera skápinn þinn óaðlaðandi, auk þess sem fæstar flíkur tolla á slíkum herðatrjám. *- kdk*

Mini Capsule Hotel. Ágætis hugmynd til að hýsa marga gesti.

Listunnandinn Brad Pitt

Leikarinn Brad Pitt þótti sýna sig sem mikill unnandi fallegrar hönnunar þegar hann mætti á hönnunarhátíð sem haldin var í Basel í Sviss í júní. Hann festi kaup á hinum ýmsu munum og borgaði fyrir stórfé.

Meðal þess sem hann keypti var öll hönnunarlína hins unga og upprennandi hönnuðar Nacho Carbonell. Kallast línan Evolution og borgaði Pitt fyrir hana 84 þúsund evrur. Þá keypti hann heilt hótel, eða svokallað Mini Capsule Hotel frá Atelier Van Lieshout auk fleiri muna frá vinnustofunni. Einnig legustól sem kallast Fossil Chaise Lounge á 23 þúsund evrur og lampa á 17.500 evrur en hann hafði árið áður keypt lampa í sömu línu.

Brad Pitt keypti hollenska hönnun í sumar.

Evolution eftir Nacho Carbonell.

Fyrir Fossil Chaise Lounge stólinn borgaði Pitt 23 þúsund evrur.

PÍANÓSLÖKKVARI OG NÁTTBORÐSLJÓS Sniðugar hugmyndir virðast ekki vera af skornum skammti hjá fyrirtækinu Brion Experimental. Þar má finna skemmtilegar lausnir á hversdagslegum vandamálum sem um leið fegra heimilið. Sem dæmi má nefna slökkvara í formi píanólykla og náttborð þar sem skúffan breytist í ljós. Sjá www.brionexperimental.com.

Litríkur hjólastóll

Hönnuðir á vinnustofu Sergios Calatroni í Mílanó hönnuðu nýlega þennan sérstaka hjólastól fyrir ítalska liststjórnandann Fabrizio Sclavi. Stóllinn heitir eins og vera ber Hjólastóll Sclavi og lítur út eins og bútasaumsteppi enda litríkur með eindæmum.

Hönnuðirnir litu svo á að hjólastóll sem notaður er á hverjum degi eigi að passa eigandanum. Stóllinn þurfi þannig að vera nokkurs konar tískulegur fylgihlutur sem passi við lífsstíl eigandans.

- sg

hönnun

● **FLÓTTI TIL PARÍSAR** Louise Best er grafískur hönnuður sem skrifar ferðabækur og sérhæfir sig í gerð bókakápa. Nýjasta afrekið er þessi skemmtilega vasabók sem líkist helst vegabréfi, en er sérstaklega stíluð á París og hefur að geyma fróðleik og myndskreytingar um borgina fögru. Sjá louloulovesbooks.blogspot.com.

heimili

● **HEILUNARLAMPAR** Dagsinn er að stytta og þar með eykst notkun kerta og lampa. Ametystlampar eru engir venjulegir ljósgjafar því ýmsir telja bergtegundina ametyst hafa heilunarkrafta. Þannig fylgja lampanum fyrirheit um að bæta svefn, milda mígreni og að auka bjartsýni fólks, drauma og lífsgleði.

Stærstu ametystnámur heims eru í Brasilíu og Úrúgvæ en slíkir bergkristallar finnast þó víða um heim, meðal annars á Íslandi.

Ametystlamparnir fást í Dalíu, blómabúð sem hefur nýlega fært sig úr Faxafeni á Hrísateig 47.

BYLGJAN
Í FYRSTA SÆTI



BYLGJAN ÞAKKAR HLUSTENDUM SAMFYLGDINA Á HVERJUM DEGI

Hlustendur Bylgjunnar eru í eftirsóttasta markhópnum og stærsta neysluhópnum. Bylgjan ber af og tryggir að skilaboð auglýsenda komist áleiðis til mikilvægasta markhópsins.

Samkvæmt mælingum Capacent á hlustun í mínútum í aldurshópnum 18 – 49 ára, vika 33, 2009.

LÉTT BYLGJAN 967 GULL BYLGJAN 909

BYLGJAN 989
- ALLIR ERU AÐ HLUSTA!

Sýningar Vesturports í samstarfi við Þjóðleikhús og Leikfélag Reykjavíkur, heima og erlendis, eru teknar að hafa mikil áhrif á aðsóknartölur, bæði leikhúsanna og sjálfstæðra leikhúsa. Nína Dögg Filippusdóttir og Björn Hlynur Haraldsson í Woyzeck.
MYND VESTURPORT/EDDI

Vesturport sem fóru víða, bæði á sýningarferðalag um Bretland og sex vikna ferð um Ástralíu. En áhorfendur þar eru ekki taldir með, né heldur gestir á sýningar Sædýrasafnsins í Frakklandi. Gögn frá Þjóðleikhúsi sýna að heildaraðsókn að sýningum þar hefur aukist á liðnu ári.

Aftur voru samstarfsverkefni við sjálfstæða leikhópa mörg á liðnu ári.

Tölur frá Akureyri

Um miðjan ágúst sendi LA frá sér fréttatilkynningu þar sem því var lýst að aldrei fyrr í sögu félagsins hefðu áhorfendur verið fleiri: „Rúmlega 96.000 gestir sáu sýningar í leikhúsinu og upprunalegar uppfærslur LA í Reykjavík á síðasta ári sem er meira en helmingi fleiri gestir en árin á undan.“ Við nánari eftirgrennslan er staðfest að um þriðjungur þeirra er leikhúsgestir á Akureyri: 32.000.

Þannig er raunin orðin sú að stofnkostnaður sýninga er tekinn að eiga sér fleiri stoðir en bara í heimabyggð. 64 þúsund gestir sáu verk upprunnin hjá LA í Reykjavík.

Forráðamenn LA standa fast á því að gera ekki skýrari grein fyrir aðsókn að einstökum verkefnum, en það vekur athygli að á komandi leikári eru þrjú verkefni LA, fjórar gestasýningar og eitt samstarfsverkefni.

Fegrunaraðgerðir

Hvers vegna ástunda leikhúsin í landinu svona talnaleiki? Öllum liggur lífið á að fegra sinn hlut.

Allt bendir til að fjárveitingavaldið muni skera niður framlög til leiklistarstarfsemi á komandi fjárhagsári. Raunar tók LR á sig niðurskurð þegar við afgreiðslu fjárhagsáætlunar Reykjavíkur fyrir þetta ár og mætti því með niðurskurði og hagræðingu. Forráðamönnum Þjóðleikhússins hefur verið tilkynnt um niðurskurð en ekki er opinbert hversu mikill hann er.

Í greinargerð um stöðu mála frá Sjálfstæðu leikhúsunum segir: „Einungis um 12 verkefni á vegum sjálfstæðra atvinnuleikhópa njóta árlega stuðnings frá ríki og borg fyrir því sem nemur helmingi af uppsetningarkostnaði.“ Talið er að um 400 manns starfi árlega hjá sjálfstæðum atvinnuleikhópum fyrir tiltölulega lítinn kostnað af hálfu ríkis og bæja. Það hefur kreppt nokkuð að í aðstöðu þessara hópa; nú er staðan sú að erfitt getur verið fyrir leikhópana að finna hentugt húsnæði þar sem nýlega hefur húsnæði á borð við Möguleikhúsið, Austurbæ (sem er hús unga fólksins) og Skemmtihúsið verið lokað og óvissa ríkir um framtíð Hafnarfjarðarleikhússins þar sem samningar við það eru lausir nú um áramótin.

Listræn forysta úti í bæ

Endurbætur á Tjarnarbæ með tilstyrk Reykjavíkurborgar hófust í fyrra og var von á að þeim lyki á þessu ári, en þær eru í uppnámi vegna aukins kostnaðar vegna verðlagshækkana á markaði og óvíst hvenær og hvort húsið verður opnað. Og Sjálfstæðu leikhúsin benda á ljósa staðreynd: „Þróunin hefur því orðið sú að í ár munu 8 af 10 verkum sem hlutu styrk frá menntamálaráðuneytinu vera sýnd í samstarfi við Leikfélag Reykjavíkur í Borgarleikhúsinu og Þjóðleikhúsið.“ Raunar verða átta af verkefnum í Borgarleikhúsi unnin af sjálfstæðum leikhópum í samstarfi við LR á komandi leikári, nokkru færri í Þjóðleikhúsinu. Og er það svo slæmt?

Aðstöðumunur

Samkeppnisstaðan í íslenskum leikhúsrekstri ræðst af tvennu: beinum peningastyrkjum og aðstöðu. Og hinn tölulegi árangur er vopn til að styðja áframhaldandi styrki eða bætta, og til að tryggja aðstöðu. Þannig er það lífsnauðsyn fyrir sjálfstæðu hópana að aðstaða í Hafnarfjarðarleikhúsinu verði áfram í rekstri, en það er aðeins tryggt með endurnýjun þríhliða samnings menntamálaráðuneytis, Hafnarfjarðarbæjar og Hermóðs og Háðvarar á síðari hluta þessa árs.

Þá er ekki síður brýnt að breytingar á Tjarnarbæ verði kláraðar – annars eru sjálfstæðu hóparnir á vergangi, þurfa að sækja í óhentug hús, kosta til leigu á búnaði og stólum. Eða leita á náðir stóru leikhúsanna. Sem virðast sannarlega þurfa á frumkvæði sjálfstæðu leikhópanna að halda.

Mismunandi húsakostur

Aðstaða Þjóðleikhússins til starfsemi er að mörgu leyti erfið þótt það njóti mestra styrkja: öll svið hússins eru þung í rekstri og nýtur nú Borgarleikhúsið þess að það er nær hálfri öld yngra í byggingu en Þjóðleikhúsið. Og svo þess að Borgarleikhúsið hefur yfir þremur stórum sölum að ráða með nær þúsund sætum meðan fullskipuð áhorfendasvæði Þjóðleikhússins taka aðeins um 700 gesti í sæti. Skýrir það að einhverju leyti aðsóknarmun þessara stofnana?

Leikhús um land allt

Aðstöðumunurinn í styrkjum, húsnæði og forgangi hefur lengi verið mönnum starfandi í sjálfstæðum leikhúsum þyrnir í augum. Og þegar herðir að blæðir enn meir... Víða um land er nú verið að ljúka byggingu fyrstu menningarhúsanna sem eru reyndar aðeins færri en íþróttahúsin sem hafa risið á liðnum áratug. Stjórnvöld hafa lengi skellt skollaeyrum við allsherjar endurskipulagningu á opinberum styrkjum til leikhúsrekstrs í landinu – sem er furðulegt miðað við þann mikla áhuga sem leiklistarstarfsemi nýtur. Ef talin er með aðsókn að áhugamannaleiksýningum er hér enn staðfest gamalt met; hver Íslendingur fer í leikhús einu sinni á ári – sem er vitaskuld heimsmet.



Ekki gefin fyrir drama, þessi dama

ÁSTRÍÐUR
Höfundur: Ilmur Kristjánsdóttir og fleiri
Leikstjóri: Silja Hauksdóttir
Framleiðandi: Saga Film fyrir Stöð 2.
★★★

LEIKLIST PÁLL BALDVIN BALDVINSSON

Sjónvarpsstöð sem hefur alla tíð byggt áskriftir sínar á konum sér loksins hag í því að láta framleiða efni sem höfðar beint til kvenna, leikið efni, söguna af Ástríði, ungum forritara sem situr vor og sumar 2008 í einum af glerköstulum borgarinnar. Þættirnir eru samdir af nokkrum hópi; leikkonunum Ilmi Kristjánsdóttur og Kötlu Margréti Þorgeirsdóttur, Silju Hauksdóttur leikstjóra og Sigurjóni Kjartanssyni. Fyrstu þrjá þættina semur Ilmur, en þá tekur Silja við sem handritshöfundur. Fimm þættir hafa birst í áskrifendadagskrá Stöðvar 2. Sagan er ekki hálfnuð.

Það er ekki á færi þess sem hér skrifar að kveða upp úr um hvenær endurreisn leikins efni í sjónvarpi hófst. Þar verður þó að nefna nokkur nöfn: Jón Þór Hannesson hjá Saga film, Guðmund Ólafsson leikara og rithöfund, Laufeyju Guðjónsdóttur, forstöðukonu og fyrrverandi dagskrárstjóra Stöðvar 3, og svo þá Jón Gnarr og Sigurjón Kjartansson. Að ógleymdum þeim bræðrum á Skjá 1, Árna og Kristjáni. Framgangur leikins efnis varð á ný lifandi í gegnum sketsaþætti sem höfðu miklu víðari umfjöllunarefni en tíðkast hafði, og svo beinar tilraunir til að gera sitcom-þætti. Og nú er svo komið að Stöð 2 og Sjónvarpið byggja réttlætingu sína að verulegu leyti á leiknu efni. Krimmaseríur eru komnar til og þættir um fegurð hversdagsins eru teknir að birtast.

ÁSTRÍÐUR Í aðalhlutverkum: Ilmur Kristjánsdóttir, Kjartan Guðjónsson, Friðrik Friðriksson og Rúnar Freyr G.

Konseptið fyrir Ástríði mun vera komið frá Ilmi. Þáttaröðin er ekki án fyrirmynda: nægir þar að nefna Ally McBeal og Nynne hina dönsku. Grunngerðin er titilpersónan, staða hennar á vinnustað og í einkalífinu: hvenær kemur prinsinn sem sviptir henni á hamingjugrundir. Þetta er grunntema úr ævintýrum og ekki verra fyrir það. Hér eru nokkrar staðalmyndir í boði: hinn kómíski ráðgjafi, kalda samstarfskonan, væni drengurinn sem gengur líklega brátt upp í hlutverki prinsins, slarkarinn og kvennabósinn og hin afskiptasama móðir. Hér er úr nógu að moða og galleríið gefur tækifæri til árekstra. Mætti halda.

Atburðarásin er miðjuð um Ástríði sjálfa: atvik til þessa hafa flest verið smávægileg og í raun hefði mátt þjappa þessum fyrstu fimm þáttum í einn vænan klukkutíma: okkur er farið að fýsa í átök. Leikurinn er án undantekninga prýðilegur: þungamiðjan er viðbrögð Ástríðar sjálfrar og þar hvílir allt á svipbrigðum og textanæmi Ilmar. Hún hefur í huga sér afar skýra mynd af þessari óráðnu persónu og við bíðum spennt eftir að kynnast skapi hennar og að hún taki ákveðið á örlögum sínum. Það á reyndar við um fleiri persónur kringum hana: átakafælni hrjáir handritshöfundana, það eru ekki byggðir inn í fléttuna neinir slíkir hagsmunaárekstrar að úr verði átök og við fáum að finna fyrir því hvaða fólk þetta er: allt er hér í kyrrum polli. Þessi höfundaafstaða lýsir sér í öllum frágangi, smart setti, fallegum fötum skrifstofufólks, takmarkaðri notkun í vali á staðsetningarrömmum sem eru ekki boðandi um átök: í fimmta þættinum brá fyrir útisenu að kvöldi til sem gaf vonir um að nú færi eitthvað í gang. Þá er tónlistin með lyftublæ og ekki notuð til að styrkja dramað.

Allt þetta vekur spurninguna hvert er verið að fara? Hver er ætlunin? Svo koma inn smádrættir sem gætu vakið einhver hvörf, fleytt persónum fram: Kjartan Guðjónsson tók slíkt skref þegar hann lagðist með karlkyns eiganda fyrirtækisins. Guðbjörg Thoroddsen stormaði inn í fimmta þáttinn en var svo send til útlanda. Gaman að sjá hana á skjánum í banastuði. Þá stal Valur Freyr senunni í atvinnulausum skrifstofuþræl. Þetta eru smámyndir en sumar óborganlegar, til dæmis hjá Hilmi Snæ milli kvenna. Þórir er næs strákur og kærastan hans er tepruleg tæfa í fínum leik Þóru Karítasar.

Á endanum er þetta spurning um kröfuhörku framleiðenda og sjónvarpsstöðvarinnar og það er kostulegt að sjá framvindu sögu sem gerist 2008 ef í henni er hvergi tæpt á því sem gerðist það ár. Það væri til marks um hvað við vorum algerlega úr sambandi – ef svo færi.

En þetta efni er kærkomið, vandlega framborið en máski ekki hugsað til fulls nema menn hafi sett sér það mark að búa til heldur yfirborðskennt efni. Við spyrjum að leikslokum nú þegar gera má kröfur um almennilega unnið íslenskt sjónvarpsefni. Tími forgjafar er liðinn.

Harry, Heimir og Örn Árna

LEIKLIST
Harry og Heimir
eftir Karl Ágúst Úlfsson, Sigurð Sigurjónsson og Örn Árnason og leikið af þeim.
Hljóðmynd: Ólafur Thoroddsen. Leikmynd: Snorri Freyr Hilmarsson. Ljós: Freyr Vilhjálmsson
★★★★

LEIKLIST PÁLL BALDVIN BALDVINSSON

Þetta eru fyndnir strákar og flinkir. Sérkennilegt að trúðsleikurinn skyldi verða þeim öllum þremur sú ástríða sem raun varð á. En mörgum leikaranum finnst það miklu þægilegra viðmót að láta hlæja að sér. Það felst svo afdráttarlaus viðurkenning í hlátrinum, heilshugar undirtektir. Ef hlegið er dátt. Og það var hlegið dátt á laugardagskvöld á litla sviðinu. Leikmyndasmiðurinn Snorri Freyr heldur áfram tilraunum sínum að búa til hring úr áttstrendingi en leikmyndin samanstendur af örfáum stoðgripum: effektahurð, fatastandi, fjórum klappstólum, gömlu útvarpstæki og síma. Annað þurfti ekki: jú vandlega unna hljóðrás, þaulhugsað ljósaplan og svo þessa þrjá stráka.

Efnið er ekki rýrt. Sampressað klisjubúnt, en útheimtir þol, snögga hugsun, enn hraðari hreyfingu, tónbreytingar, hraðabreytingar, semsé allt sem prýða má leikara. Og það verður að segjast að í öllu einleikaraflandrinu þá hefur maður séð marga sem eru miklu síðri þessum þremur í að hlaupa úr einum ham í annan.

LEIKLIST Höfundar og leikendur í leikbúningum.

Þetta er græskulaust gaman og leitar ekki mikið niður til klofsins eins og gömlum árshátíðarspaugurum er svo hætt, stundum svo að hausinn á þeim er langa stund í klofinu. Því er þetta sagt að Harry og Heimir eru prýðileg fjölskylduskemmtun. Sýningin leiðir líka í ljós nokkra virtúós-kafla í leik, þar sem strengurinn er þaninn til hins ýtrasta. Það er því merkileg lífsreynsla að sjá svona sýningu og margt úr henni, í lausnum, hraðri hugsun og hugkvæmni, mætti sjást í mörgum öðrum leiksýningum um þessar mundir. En þrátt fyrir það fór svo að brandarinn varð dálítið langur og staglsamur.

Lifandi þvottapoki, landnámsmenn og leynimál

HORN Á HÖFÐI

eftir Berg Þór Ingólfsson og Guðmund Brynjólfsson

Leikarar: Víðir Guðmundsson, Sólveig Guðmundsdóttir, Sveinn Ólafur Gunnarsson, Leikstjóri: Bergur Þór Ingólfsson

Tónlist: Vilhelm Anton Jónsson

Leikmynd og búningar: Eva Vala Guðjónsdóttir

Lýsing: Magnús Arnar Sigurðsson

✶✶✶✶✶

LEIKLIST **ELÍSABET BREKKAN**

Frumsýning atvinnuleikhússins í Grindavík á sunnudag kom svo sannarlega skemmtilega á óvart.

Gríðarvel unnið handrit lá til grundvallar margbreytilegri og skemmtilegri sýningu sem hafði allt það til að bera sem prýðir góða leiksýningu fyrir börn á öllum aldri.

Úti börðust regndropar við að vinna hver annan í stríði úr öllum áttum en inni í litlu leikhúsi inn af veitingahúsinu Mamma Mía áttu vinirnir Björn og Jórunn fullt í fangi við að leita að festi sem þau þurftu að ná til þess að geitarhorn hættu að vaxa út úr höfði Björns.

Hér er snilldarlega vafið saman fornum sögum um landnámsmanninn Hafur-Björn og konu hans Jórunni ásamt með örnefnasögum. Bjössi litli vaknar einn morgun með lítil horn sem eru farin að vaxa upp úr höfðinu og smám saman stækka þau. Jórunn fær að gista hjá Birni þar sem litli nýfæddi bróðir hennar er veikur og allir í fjölskyldu hennar eru á skítalaunum. Vinirnir leita fyrst lausna á Netinu en þar er ekkert að finna þannig að þau leita á náðir bókasafnsins og eftir að vera búin að glugga í Landnámu og Íslendingabók finna þau lausnina í Rúnabók.

Þau kunna ekkert að lesa svona rúnir þannig að skemmtileg vera hjálpar þeim við það. Sagan um Hafur-Björn sem gerði bandalag við Bergbúa og verður auðugur af fé er listilega notuð. Samkvæmt Landnámu var Þórir haustmyrkur Vígbjóðsson landnámsmaður í Krísuvík og hér verður hann fulltrúi hins illa og þarf baráttu til að sigra hann með hinu góða. Þar koma til hjálpar þjófar ekkert ósvipaðir Bakkabræðrum sem verða góðir og skila þjófagóssi sínu um leið og þeir hjálpa börnunum.

Hér er unnið í mörgum víddum þó að aðalbækistöðin sé svefnherbergið hans Bjössa litla. Bjössi býr eins og Einar Áskell með einstæðum föður og Sveinn Ólafur Gunnarsson sem fór með hlutverk hins ofurmyndarlega pabba var í einu orði sagt yndislegur í hjákátlegri nálgun sinni á manni sem gerir sitt besta í að vera í senn pabbi og mamma. Víðir Guðmundsson sem fer með hlutverk Bjössa hendist og skoppar, dansar og bölsótast um leið og hann er svo ofurblíður. Jórunn vinkona hans sem talar við hann á lenemali (leynimáli) er leikin af Sólveigu Guðmundsdóttur sem einnig smeygir sér í hlutverk Más sem er bróðir Kára en þeir félagar lifa í þjófagjánni sem opnast um nótt í veggnum í herbergi Bjössa litla.

Það sem gerir sýninguna svo ljómandi góða er að listamennirnir slá hvergi af kröfum sínum að vinna vel, íslenskan er í hávegum höfð, barnssálin og það sem í henni býr er hvergi ýkt upp í eitthvert barnatímarugl heldur er unnið af mikilli virðingu fyrir börnum sem vitsmunaverum. Hér er greinilegt að listamennirnir gera sér grein fyrir þeim víddum sem búa í góðum sögum og menningarheimi barna. Þau eru á einn máta þegar þau umgangast pabba, eða bókasafnskonuna, á annan máta þegar þau eru tvö ein og svo enn öðru vísi í baráttu við vonda karlinn og í samskiptum sínum við þjófana.

Hér er dansað, hér er sungið, hér er skipt ört um hlutverk án þess að rugla nokkurn tíma áhorfendur í ríminu. Hreinleikinn í sögunni er alger og markmiðið skýrt. Þetta er þröngt og lítið rými en engu að síður er töfraheimur leikhússins gjörnýttur í haglega unninni leikmynd Evu Völu Guðjónsdóttur. Bæði lýsingin og tónlistin lyftu ævintýrinu. Þessir vandvirku og snjöllu listamenn gefa svo út glimrandi disk í sérlega skemmtilegu hefti með myndum þannig að Bjössi og Jórunn verða örugglega uppáhaldsvinir margra sem séð hafa sýninguna.

Vel til fundið hjá þeim í Grindavík að styðja verkefni eins og þetta. Vonandi rata einhverjir nefndarmenn á þessa sýningu þannig að hún verði tilnefnd til verðlauna fyrir meðferð á íslensku máli.

Leikararnir voru hver öðrum betri og hlutverkin einkar vel unnin, bæði af þeirra hálfu og frá hendi höfunda. Ein dásamlegasta senan er þegar þjófarnir hafa skilað góssinu en geta samt ekki alveg hugsað sér að skila öllu heldur halda eftir meðali í krukku frá Eyvindi og Höllu. Þeir dansa með þessa dýru dollu sem inniheldur einhverja undrablöndu af birki, bláberjum og mosa sem læknar allt. Þeir dansa með hana og engjast sundur og saman af fýlunni úr henni sem verður til þess að salurinn liggur í hlátri eins og á mörgum öðrum stöðum.

Gaman!!!! Kannski á þessi texti ágætlega við núna: „Við getum aldrei alltaf skilað öllu…“

Ertu með ábendingu er varðar dreifingu Fréttablaðsins ?

Við tökum vel á móti öllum ábendingum.

FRÉTTABLAÐIÐ www.visir.is/posthusid – sími 585 8330

GERÐUBERG Menningarmiðstöð 2009

Kvæðamannafélagið Iðunn 80 ára

Afmælishátíð í Gerðubergi

19. og 20. september kl. 14.00 – 17.00

Tónleikar á heila tímanum • Umræður á hálfa tímanum
Afmælissýning í hliðarsal • Kvæðamenn á kaffistofu
Tekið á móti upptökum af kveðskap
Afmælissýning í hliðarsal • Aðgangur ókeypis

Laugardagur 19. september

14.00 Brot úr Hrafnagaldri • Steindór Andersen, Sigur Rós, Páll á Húsafelli, Hilmar Örn Hilmarsson

14.30 Rímnalög á heimsvísu • Steindór Andersen og félagar í Sigur Rós ræða samstarf sitt

15.00 Disneyrímur eftir Þórarin Eldjárn • Bára Grímsdóttir, Njáll Sigurðsson, Pétur Björnsson og Rósa Jóhannesdóttir kveða

15.30 Glíman við Disneyrímur • Þórarinn Eldjárn skáld segir frá

16.00 Úr gullakistu Sigurðar Breiðfjörð • Þórarinn Hjartarson kveður

16.30 Um Jónas og Sigurð Breiðfjörð • Guðmundur Andri Thorsson rithöfundur segir frá

17.00 Afmælisveisla • Lúðrasveit Reykjavíkur leikur

Sunnudagur 20. september

14.00 Rímnalög, barnagælur og þulur • Ása Ketilsdóttir kveður

14.30 Kveðskaparhefðin á Ytra-Fjalli í Aðaldal • Ása Ketilsdóttir segir frá

15.00 Hagyrðingamót • Kvennalið Iðunnar: Sigrún Haraldsdóttir, Bjargey Arnórsdóttir, Halla Gunnarsdóttir Karlalið Iðunnar: Steindór Andersen, Helgi Zimsen, Jón Ingvar Jónsson

16.00 Þjóðlagatónleikar • Spilmenn Ríkínís og Voces Thules

Umræðum stjórna Gunnsteinn Ólafsson og Rósa Þorsteinsdóttir

Viltu vita meira um Kvæðamannafélagið Iðunni?
www.rimur.is

Nánari upplýsingar um dagskrána á www.gerduberg.is

Gerðubergi 3-5 ı 111 Reykjavík ı Sími 575 7700 ı www.gerduberg.is

AÐ TJALDABAKI

Í dag opnar Jóhann G Jóhannsson, tónlistarmaður og listmálari, málverka-

sýningu í Tjarnarsal Ráðhússins. Á sýningunni verða um 40 verk til sýnis og sölu. Flest verkanna eru unnin á árunum 2008-9. Jóhann telur að þessi sýning gefi góða mynd af þróun myndlistar hans síðasta áratuginn en hann hefur unnið að myndlist og tónlist samhliða frá 1970.

Ljóðskáld eru tekin að segja sitt um hrunið: Sindri

Freysson, fyrrverandi blaðamaður á Viðskiptablaðinu, hefur sent frá sér ljóðabók, Lýðveldið Ísland, og Haukur Már Haraldsson sendir frá sér ljóðabálkinn Rigningin gerir ykkur frjáls sem er uppgjör við gamla Ísland.

Friðrik Vignir heldur fjórðu og síðustu tónleika sína á morgun í Seltjarnarneskirkju kl. 17 en hann hefur leikið á orgel eftir hagleiksmanninn og orgelsmiðinn Björgvin Tómasson á Stokkseyri. Fyrri tónleikar Friðriks voru í Grindavíkurkirkju, Hjallakirkju og Laugarneskirkju.

[KENSKA/SÍA/F14727 09/09]

Austur Indía fjelagid
INDIAN RESTAURANT

HÉR
ERU SMÁATRIÐIN
ENGIN SMÁ ATRIÐI

Hefðir indverskrar matargerðar eru í þvílíkum hávegum hafðar í þessu litla veitingahúsi við Hverfisgötu að matgæðingar *COLUMBUS TRAVEL GUIDES* hafa gefið því einkunnirnar „*One of the best in Europe*“ og „Excellent value for money“ og *LONLEY PLANET* sagði einfaldlega: „The best Indian restaurant in Europe“.

Viðskiptavinirnir vita að hér eru engar tilviljanir.
Allir réttir eru nákvæmlega eins og þeir eiga að vera.
Kunnáttan í eldhúsinu er algjör. Þjónustan til slíkrar fyrirmyndar
að þú tekur ekki eftir henni. Það er eins og allt sé fyrirhafnarlaust.
En það er það ekki.

Verið velkomin á Austur Indía fjelagið.

HVERFISGATA 56 · 101 REYKJAVÍK · SÍMI 552 1630

512 50 50
Auglýsingasími
FRÉTTABLAÐIÐ
– Mest lesið

➜ MANSTU EFTIR ÞESSUM Á SKJÁ EINUM?

Leyndardómar Skýrslumálastofnunar - „Leikinn“ erótískur sjónvarpsþáttur gerður eftir handriti Barða í Bang Gang.
Pétur og Páll - Sindri Kjartansson sýndi svipmyndir af hinum ýmsu vinahópum.
Samfarir Báru Mahrens - Bjarni Haukur stýrði spjallþætti í kjól og með hárkollu.
Rósa - Rósa „á Spotlight“ lá á gæruskinni og hringdi í fólk. Samtölin heyrðust þó illa því Rósa var alltaf að blanda eitthvað í blandara.
Skotsilfur - Helgi Eysteinsson með spjallþátt um verðbréfaviðskipti. Þótti ægilega nýmóðins og flott.
Nonni sprengja - Gunnar Helgason með leikinn Jerry Springer-þátt.
Djúpa laugin - Stefnumótaþáttur Skjás eins gekk í nokkur ár með ýmsum þáttarstjórnendum, en Kristbjörg Karí og Laufey Brá Jónsdóttir áttu hugmyndina og stjórnuðu þættinum í upphafi.
Fréttir - metnaðarfull sjónvarpsstöð verður að vera með fréttir. Alræmdasta augnablik Skjásfrétta var þegar Hannes H. Gissurason strunsaði í burtu frá Sigursteini Mássyni sem hafði spurt hann út í krassandi kjaftasögur.
Íslensk kjötsúpa - Erpur Evyvindarson, sem **„Johnny National“,** tók sér Ali G til fyrirmyndar í vinsælum þætti.
Konfekt - Barði í Bang Gang og Henrik í Singapore Sling með útúrflippaðan grínþátt. Er vinsæll á Youtube í dag.
Sílikon - Fyrirsætan Anna Rakel og Börkur úr Jagúar (og síðar Finnur Vilhjálmsson) með tíðarandaþátt fyrir ungt fólk.
Teikni/leikni - Vilhjálmur Goði og Hannes í Buffinu með „pictionary“ í einföldustu sviðsmynd sjónvarpssögunnar.
Axel, Gunni og loks Björn og félagar - Hér var ameríska spjallþáttahugmyndin nýtt. Hljómsveitin Buff varð til í þessum þætti.
Bingó - Villi naglbítur með bingó í beinni. Vinningar voru meðal annars baðker og bíldruslur.
Tantra - Guðjón Bergmann og fólk sem fljótlega varð þekkt sem „Tantrafólkið“ ræddi kynlíf.
Heiti potturinn - Hugmyndin var að Finnur Vilhjálmsson væri með spjallþátt ofan í heitum potti. Það gekk ekki upp tæknilega að hafa vatn í pottinum sem dreginn var inn í stúdíóið. Því var þátturinn alltaf frekar hallærislegur þegar allir sátu kappklæddir ofan í tómum potti.
Íslenski Bachelorinn - Þjóðin fylgist agndofa með Steingrími velja sér kærustu.
Fyrirgefðu - Felix Bergsson reyndi að finna fólk til að biðjast afsökunar. Þetta gekk ekki vel í góðærinu, en gengi kannski betur í dag.
Rockstar Supernova - Hér varð Magni þjóðhetja.
Sjáumst með Silvíu Nótt - Hér varð Silvía þjóðhetja. Og svo óvinur þjóðarinnar númer eitt.
Atvinnumaðurinn - Þorsteinn Guðmundsson með snjalla grínþætti.
Sigtið - Sjónvarpsstjarnan Frímann Gunnarsson slær í gegn.

ROKKSTJARNAN Þjóðin fylgdist með þegar Magni geði það gott í Rockstar Súpernóva.

GOTT GRÍN Þorsteinn Guðmundsson með glens á Skjá einum.

HRESS Helgi Þór Arason og Gunnhildur Helga Gunnarsdóttir stjórnuðu þættinum Djúpu lauginni um skeið.

2006, þar af var fyrri leiktíðin sýnd órugluð. Stöð 2 hirti að lokum sýningarréttinn á enska boltanum aftur með ævintýralegu yfirboði. Sigríður Margrét Oddsdóttir tók við árið 2007 og er enn framkvæmdastjóri Skjás eins.

Upprunalegi Skjás eins-fílingurinn er einstakur í íslenskri sjónvarpssögu. Innlend dagskrárgerð hefur aldrei verið jafn flippuð, framsækin og tilraunagjörn og þegar „lánsféð“ frá Símanum flaut um allt. Eftir á að hyggja hefði verið hægt að eyða stolnu almannafé á margan verri hátt, eins og seinni tíma dæmi sanna.

Haldið verður upp á tíu ára afmæli Skjásins með tveggja tíma skemmtidagskrá á afmælinu, þriðjudaginn 20. október. Fjögur þriðjudagskvöld þar á undan verða sýndir skemmtiþættir í umsjón Dóru Takefusa þar sem stiklað verður á stóru í sögu stöðvarinnar. Eflaust verður boðið upp á margt sem fyndið og skemmtilegt er að rifja upp. Skjár einn er enn ókeypis og í mjög góðu stuði miðað við allt og allt.

Draumahelgin er einmitt núna

Stuttmyndin Villingur verður frumsýnd í Háskólabíói í kvöld á Alþjóðlegri kvikmyndahátíð í Reykjavík. Myndin fjallar um skrifstofumann sem leggur í leiðangur til að týna sjálfum sér, þol mannsins úti í náttúrunni, þörfina sem rekur fólk áfram og afleiðingar heimtufrekjunnar. *Hólmfríður Helga Sigurðardóttir* yfirheyrði leikstjóra myndarinnar, **Hákon Pálsson.**

Hvað er það skemmtilegasta sem þú gerir? Að láta koma mér á óvart, hvort sem það er í leik eða starfi.

En það leiðinlegasta? Andleysi.

Hvaða tímabil lífs þíns er eftirminnilegast? Satt að segja er ég ekki mikið fyrir að hugsa mikið um fortíðina. En ég man mikið eftir æsku minni á Húsavík, að hjóla upp að Botnsvatni og kasta mér í snjóskafla.

Besti maturinn? Búlluborgarar laga öll mein en annars er það lasanja hjá mömmu.

En sá versti? Sjoppuborgari á ónefndri bensínstöð á Íslandi.

Af hverju ertu stoltastur? Stolt er kannski ekki falleg tilfinning. Samt er ég stoltur af þeim verkum sem ég komið að og unnið vel, og þeim vinum sem ég hef haldið í gegnum tíðina.

Hverjar eru þínar helstu fyrirmyndir? Ég veit til margra sem ég lít upp til. Ég reyni samt ekki að verða eins og þau nema kannski ómeðvitað.

Fallegasti staður sem þú hefur heimsótt? Ég eyddi nokkrum vikum í að taka upp sólsetur og sólarupprás allt í kringum Ísland. Þegar við vorum of langt í burtu frá byggð lögðum við okkur bara á jörðina þar sem við vorum. Ég á margar fallegar minningar þaðan.

Hvernig væri draumahelgin? Ég held að draumahelgin sé núna.

Hvar ætlar þú að eyða elliárunum? Úti í geimi. Í þyngdarleysi verður allt léttara.

Hvaðan færð þú þinn innblástur? Úr myndum, sviðsverkum, tónlist en mest úr umhverfinu. Mér finnst mikilvægt að hafa forvitni og kynnast nýju fólki og hlutum sem mér finnst áhugaverðir.

Hver er besta kvikmynd allra tíma? Ómöguleg spurning að svara. Stundum held ég að ég hafi séð fullkomna kvikmynd en síðan sé ég einhverja sem gerir eitthvað betur en sú síðasta. Ef ég ætti að velja uppáhalds væri það líklega The Thin Red Line. Samt er það meingölluð mynd að mörgu leyti. Oft eru það samt gallarnir sem draga fram sjarmann.

Hverjir eru þínir uppáhaldsleikarar? Víkingur á sérstakan stað í mínu hjarta. Ef ég má nota ósmekklega samlíkingu þá eru leikarar svolítið eins og verkfæri. Maður sagar ekki spýtu með bor frekar en maður ræður Gunnar Eyjólfs til að leika samkynhneigðan ritstjóra tískurits með skelfilegt leyndarmál. Eða?

Hvað vekur gleði í þínu hjarta? Forvitni.

Eftirlætis lykt? Vöfflur.

Hvað er það fallegasta sem nokkur hefur sagt við þig? Stundum þarf ótrúlega lítið til að gleðja mann. Stundum fær maður hrós eftir langt verkefni sem ég hélt að myndi ganga af mér dauðum. Það gerir það þess virði að halda áfram.

Hvað heldur fyrir þér vöku? Youtube. Annars sef ég frekar vel.

Hverju í fortíð þinni myndir þú breyta ef þú gætir? Engu. Eins og Marty McFly sýndi er það ekki alltaf lausnin og getur valdið tveimur framhaldsmyndum.

Hvað veist þú sem við hin vitum ekki? Í Typhoon-kafbátum Sovétmanna var líkamsræktarstöð og sundlaug. Vissuð þið það?

Hvernig hljómar síðasta SMS-ið í símanum þínum? Virkar segull á ál eða stál? Það er aldeilis hnýsnin.

ÞRIÐJA GRÁÐAN

NAFN OG GÆLUNAFN: Hákon Pálsson, gælunöfn virðast ekki festast við mig.

STJÖRNUMERKI: Vog.

FÆÐINGARÁR OG ÞAÐ MERKILEGASTA SEM GERÐIST Á ÞVÍ ÁRI: 1984, árið sem kviknaði í hárinu á Michael Jackson við gerð á Pepsi-auglýsingu. Einnig lagði Indland undir sig megnið af Siachen-jöklinum í Kasmír í bardögum í apríl það ár, samkvæmt Wikipediu.

HÁKON PÁLSSON Hákon veit fátt leiðinlegra en andleysi. Það hrjáði hann ekki þegar hann eyddi nokkrum vikum í að taka upp sólsetur og sólarupprás í kringum Ísland. FRÉTTABLAÐIÐ/ANTON

www.HalloNorden.org

Að flytja til annars Norðurlands

Námskeið um flutning innan Norðurlandanna

Halló Norðurlönd og EURES standa fyrir stuttum námskeiðum fyrir þá sem undirbúa búferlaflutninga til Danmerkur, Noregs eða Svíþjóðar. Farið verður yfir atriði sem snúa að flutningi, svo sem skráningu, almannatryggingar, atvinnu- og húsnæðisleit.

Þriðjudaginn 29. september
- kl. 18:00 – Að flytja til Danmerkur
- kl. 20:00 – Að flytja til Noregs

Þriðjudaginn 6. október
- kl. 18:00 – Að flytja til Svíþjóðar
- kl. 20:00 – Að flytja til Noregs, Svíþjóðar og Danmerkur

Námskeiðin eru **ókeypis** og verða haldin í húsnæði Norræna félagsins að Óðinsgötu 7. Þau eru öllum opin og henta jafnt námsmönnum og þeim sem flytja vegna atvinnu eða í öðrum erindagjörðum. Fjöldi þátttakenda er takmarkaður. Skráning hjá Norræna félaginu í síma 5111808 og á netfanginu hallo@norden.is. Nánari upplýsingar á **www.norden.is** og **www.eures.is**

EURES *(EURopean Employment Services) er samstarf um vinnumiðlun milli ríkja á Evrópska Efnahagssvæðinu (EES). Markmið EURES eru að leiðbeina fólki í atvinnuleit erlendis, veita upplýsingar um búsetu- og starfsskilyrði og aðstoða vinnuveitendur sem hafa áhuga á að ráða til sín fólk frá öðrum EES-löndum.* **www.eures.is**

www.HalloNorden.org

Halló Norðurlönd *er upplýsingaþjónusta sem veitir norrænum borgurum aðstoð og upplýsingar í tengslum við flutning milli Norðurlandanna. Verkefnið er rekið af Norræna félaginu.* **www.hallonorden.org**

MÆLISTIKAN

■ **Á uppleið**

Tónlist. Réttir á næsta leiti, tvö ný plötufyrirtæki, nýir bókarar á tónleikastaði bæjarins og svo Gogoyoko til að toppa þetta allt saman.Gósentíð fyrir tónlistarunnendur.

Húfur. Það er orðið kalt í veðri og einhvern veginn verða allir sætari með húfu á hausnum hvort eð er.

Pallíettur. Skjóttu smá glamúr inn í hversdagsleikann með smá glimmeri að kvöldlagi.

Mjó bindi. Fallegt og rokkabillílegt á strákana við fallegan þröngan „blazer“.

■ **Á niðurleið**

Verkamannaúlpur. Ókei, það er komið haust en það er engin afsökun til að vera lúðalegur í einhverju yfirskini um að vera artí.

Eighties-tónlist. Nei! Ekki eina ferðina enn! Þurfum við í alvörunni að hlusta á gamla slagara á öldurhúsum bæjarins til að koma okkur í gírinn?

Eftirpartí. Fullt af hundleiðinlegu fólki sem á enga samleið nema að leiðast og vera drukkið.

Konur að ræða um óléttur á Facebook. Er ekki allt í lagi? Það er virkilega ekki góður status að auglýsa bleiuskipti og brjóstamjólk.

LENDA MILLJÓNIRNAR HJÁ ÞÉR?

Nú stefnir **fimmfaldur Lottópottur** á hraða ljóssins í **35 milljónir**.
Leyfðu þér smá Lottó!

Lottó

FARÐU Á NÆSTA SÖLUSTAÐ EÐA Á WWW.LOTTO.IS OG FÁÐU ÞÉR MIÐA

Fíton/SÍA FI030563

JÓHANN HAFSTEIN FORSÆTISRÁÐHERRA VAR FÆDDUR ÞENNAN DAG ÁRIÐ 1915.

„Frumskilyrðið til þess að styrkja heildina er að stæla og vernda persónuleika einstaklinganna.“

Jóhann Hafstein var lögfræðingur að mennt. Hann var bankastjóri Útvegsbankans í ellefu ár, formaður þingflokks Sjálfstæðisflokksins um tíma, dóms- og kirkjumála- og iðnaðarráðherra um árabil og forsætisráðherra í eitt ár, frá júní 1970.



tímamót

timamot@frettabladid.is

ÞETTA GERÐIST: 19. SEPTEMBER 1977

Jón L. sextán ára heimsmeistari

Jón L. Árnason vann það afrek að verða heimsmeistari sveina í skák, þennan dag árið 1977, aðeins sextán ára gamall. Eini keppandinn sem sigraði Jón var Garrí Kasparov en hann hafnaði í þriðja sæti.

Heimsmeistaramót unglinga í skák var haldið í Frakklandi þetta ár. Jón L. hlaut þar níu vinninga af ellefu mögulegum. Í öðru sæti var Bandaríkjamaðurinn Jay Whitehead með átta og hálfan vinning og þriðji varð Garrí Kasparov, eins og áður sagði. Hann var þá unglingameistari Sovétríkjanna og hlaut átta vinninga á heimsmeistaramótinu.

Árangur Jóns á mótinu vakti að vonum eftirtekt og var honum vel tekið við heimkomuna. Aðstoðarmaður hans var Margeir Pétursson.

Jón L. var nemandi við Menntaskólann við Hamrahlíð á þessum tíma. Hann byrjaði að tefla tólf ára gamall og rakti upphaf skákáhugans til heimsmeistaraeinvígis Fischers og Spasskys hér á landi.

HEIMSMEISTARINN Jón L. við komuna til landsins. Með honum eru Óli Tynes og Ólafur Ragnarsson.

MERKISATBURÐIR

- **1667** „Gullskipið“ Het Wapen van Amsterdam strandar á Skeiðarársandi með farm af gulli og dýrum steinum. 140 manna áhöfn ferst.
- **1802** Síamstvíburar, samvaxin stúlkubörn, fæðast í Rangárvallasýslu.
- **1874** Blaðið Ísafold hefur göngu sína.
- **1905** Vígð er 170 metra hengibrú í Öxarfirði yfir Jökulsá á Fjöllum.
- **1981** Tungufoss sekkur á Ermarsundi en áhöfninni var bjargað.
- **1985** Jarðskjálfti sem mælist 8,1 á Richter skekur Mexíkóborg og 5.000 manns bíða bana.

100 ára afmæli

Klara Vemundsdóttir

Í tilefni af 100 ára afmæli mínu þann 21. september langar mig að bjóða vinum og ættingjum mínum í kaffi, sunnudaginn 20. september frá kl. 15.00-18.00 á Café Easy sem er í húsi ÍSÍ að Engjavegi 6, nánar tiltekið í Lottóhúsinu í Laugardal.

Skilti
á krossa og legsteina
skilti.123.is - 588 9960

Alhliða útfararþjónusta
Símar: 567 9110 & 893 8638
www.utfarir.is • runar@utfarir.is
Útfararþjónustan ehf.
Stofnað 1990

Legsteinar og fylgihlutir
• Mikið úrval
• Yfir 40 ára reynsla
• Sendum myndalista
MOSAIK Hamarshöfða 4 - 110 Reykjavík
Sími 587 1960 www.mosaik.is

†

Ástkær sonur minn og faðir okkar,
Svanberg Teitur Ingimundarson
vélstjóri, Klappastíg 5, Keflavík,

lést á krabbameinsdeild Landspítalans hinn 14. september. Jarðarförin fer fram frá Grafarvogskirkju miðvikudaginn 23. september kl. 13.00. Þeim sem vilja minnast hans er bent á Krabbameinsfélagið.

Fyrir hönd aðstandenda,
Jóna Hjaltadóttir
Hafþór Ingi og Sóley Ingunn Svanbergsbörn.

†

Ástkær móðir okkar, fósturmóðir, tengdamóðir, amma og langamma,
Guðrún Guðmundsdóttir
Hrafnistu í Reykjavík,

lést fimmtudaginn 17. september.

Guðmundur I. Kristófersson
Guðríður Kristófersdóttir
Sigurður Kristófersson
Ingveldur Þ. Kristófersdóttir
Hannes Kristófersson
Helgi Kristófersson
Valgerður Eygló Kristófersdóttir
barnabörn og barnabarnabörn.

Ósk Davíðsdóttir
Hallgrímur Jónasson
Hjördís Árnadóttir
Helgi Már Guðjónsson
Guðríður Ólafsdóttir
Guðrún Eysteinsdóttir

†

Innilegar þakkir til allra sem sýndu elskulegum manninum mínum, föður og afa,
Einari Strand
Hraunbæ 49, Reykjavík,

hjálpsemi í veikindum og fjölskyldunni samúð og hlýhug við andlát hans og útför. Virðing ykkar við Einar helgar minninguna um hann.

Erla Strand
Einar Þór Strand
Ágúst Níls Einarsson Strand
Ásgerður Erla Einarsdóttir Strand
Ingibjörg Helga Ágústsdóttir.

†

Ástkær móðir okkar, tengdamóðir, amma og langamma,
Margrét Guðmundsdóttir
frá Leiðólfsstöðum, Laxárdal, Dalasýslu, áður til heimilis í Hraunbæ 87, Reykjavík,

verður jarðsungin frá Langholtskirkju 22. september kl. 15.00.

Svanur Ingvason
Sigmar Hlynur Sigurðsson
Eygló Björk Sigurðardóttir
Elfa Brynja Sigurðardóttir
Margrét Ögn Rafnsdóttir
Berglind Sigmarsdóttir
Sigurður Grétar Sigmarsson
Sóley Sigmarsdóttir
makar og langömmubörn.

Rán Einarsdóttir
Anna Guðný Guðjónsdóttir

Sigfús Haraldsson
Hrund Rafnsdóttir
Harpa Rut Svansdóttir
Brynjar Örn Þorleifsson

†

Ástkær eiginkona mín, móðir okkar, tengdamóðir, amma og langamma,
Áslaug Kristín Sigurðardóttir
Nesvegi 45 í Reykjavík,

lést á Landakotspítala þriðjudaginn 15. september.

Jón Eiríksson
Björn Baldursson
Hrafnhildur Baldursdóttir
Bergljót Baldursdóttir
Kolbrún Baldursdóttir
barnabörn og barnabarnabörn.

Sigurður Kristjánsson
Stefán Jökulsson
Jón Guðmundsson

SIGRÚN KLARA Bókartitillinn Samtaka systur er að hluta sóttur í þýðingu á orðinu soroptimist. Það kemur úr latnesku orðunum tveimur soror sem þýðir systir og optimae sem þýðir bestur. FRÉTTABLAÐIÐ/VILHELM

SOROPTIMISTAKLÚBBUR REYKJAVÍKUR: FAGNAR 50 ÁRA AFMÆLI MEÐ BÓK

Glöddu Breiðavíkurdrengi

„Soroptimistaklúbbur Reykjavíkur hefur unnið hljóðlátt starf í fimmtíu ár og þegar ég fór að grúska í sögu hans kom mér á óvart hversu mikið hann hefur gefið þeim sem hafa verið hjálpar þurfi. Konur eru meira fyrir að láta verkin tala en tala um verkin.“ Þetta segir Sigrún Klara Hannesdóttir prófessor, ein þriggja kvenna í ritnefnd nýrrar bókar, Samtaka systur - Soroptimistaklúbbur Reykjavíkur fyrstu fimmtíu árin, 1959-2009. „Erla Björnsdóttir og Sigurlín Gunnarsdóttir fóru í gegnum fundargerðarbækur og drógu saman það markverðasta í starfinu og ég bjó til texta utan um það en margar fleiri konur í okkar klúbbi hafa lagt hönd á plóg,“ lýsir Sigrún Klara. „Svo eru viðtöl í bókinni og hún er mikið myndskreytt. Við erum til dæmis með myndir af öllum klúbbsystrum, ásamt æviágripum þeirra.“

Sigrún Klara kveðst hafa gengið í klúbbinn 1984. „Ég hafði unnið með Halldóru Eggertsdóttur sem var eiginlega Soroptimistakona númer eitt og hún dreif mig inn. Mér fannst þetta spennandi en hafði ekki mikinn tíma því ég var þá að skrifa doktorsritgerðina mína. Halldóra hlustaði ekki á neinar mótbárur og ég er henni þakklát fyrir það,“ segir Sigrún Klara og lýsir hefðum á fundum klúbbsins sem haldnir eru fyrsta mánudag í hverjum mánuði. „Við hittumst á veitingastað og borðum kvöldverð og fyrst á dagskránni er hvatning og síðan nafnakall. Orð til umhugsunar eru líka fastur liður og síðan fáum við alltaf fyrirlesara sem miðlar okkur einhverjum fróðleik.“

Það fyrsta sem klúbburinn beitti sér fyrir var að gleðja Breiðavíkurdrengina með gjöfum og heimsóknum að sögn Sigrúnar Klöru. „Þetta stóð hjarta Soroptimista næst fyrir fimmtíu árum og þess vegna hefur verið sárt að heyra að undanförnu hvað drengirnir máttu líða. Í okkar klúbbi eru konur alls staðar úr samfélaginu, með fingur á púlsi og á uppgangstímum hjá þjóðinni beindust sjónir að konum erlendis. Ein félagskonan vann á vegum þróunarstofnunar í Malaví. Við sendum þangað gáma með hjálpargögnum sem var dreift á sjúkrahús og barnaheimili og endaði með að gámurinn var gerður að bókasafni. Við höfum styrkt Konukot og veitt konum námsstyrki sem þær hefur munað um þó ekki væru þeir stórir.“

Servíettusala og framleiðsla ferðafatapoka eru dæmi um fjáröflun klúbbsins gegnum tíðina. Nú er fyrirhugað að halda opið kvenna-golfmót 5. júní 2010 í Golfklúbbnum Oddi og Sigrún Klara hvetur golfkonur til að taka daginn frá. „Allur ágóði af mótinu rennur til styrktar málefnum barna á Íslandi,“ tekur hún fram.

Soroptimistaklúbbur Reykjavíkur er elsti klúbburinn af sextán á landinu. Auk hins veglega rits hefur verið haldið upp á hálfrar aldar afmæli hans með haustfundi og blómsveigur verið lagður á leiði Halldóru Eggertsdóttur, „gúrú klúbbsins“ eins og Sigrún Klara orðar það. Í dag verður svo hátíð í Súlnasal Hótels Sögu.

gun@frettabladid.is

Innilegar þakkir til allra sem sýndu okkur samúð og hlýju við andlát móður okkar, tengdamóður, systur og ömmu,

Else Þorkelsson
Funafold 48, Reykjavík.

Starfsfólk á 3-S á hjúkrunarheimilinu Eir fær sérstakar þakkir fyrir frábæra umönnun og hlýju.

Björn Sigurðsson
Einar Sigurðsson
Pétur Sigurðsson
Elna Rathje
ömmubörn.

Sigrún Guðmundsdóttir
Jóhanna Ólafsdóttir

Innilegar þakkir til allra þeirra sem auðsýndu okkur samúð og hlýhug við andlát og útför ástkærrar móður okkar, tengdamóður, ömmu og langömmu,

Katrínar Jónsdóttur
Hrafnistu, Hafnarfirði,
áður til heimilis að Kópavogsbraut 1b.

Sérstakar þakkir færum við starfsfólki á Hrafnistu Hafnarfirði fyrir einstaka alúð og umhyggju.

Jón Kristinn Valdimarsson
Gunnar Valdimarsson
Dóróthea Valdimarsdóttir
barnabörn og fjölskyldur þeirra.

Margrét Örnólfsdóttir
Guðrún Oddgeirsdóttir
Kristján Antonsson

Innilegar þakkir til allra sem sýndu okkur samúð og hlýhug við andlát og útför móður okkar og tengdamóður,

Sigríðar Sigurðardóttur,
Siggu frá Litlu-Brekku
Gnoðarvogi 26.

Ingibjörg Eiríksdóttir
Margrét Eiríksdóttir
Laufey Eiríksdóttir
Leifur Eiríksson
Jón Eiríksson

Jan H. Sörby
Einar Már Árnason
Emil B. Björnsson
Guðrún Jóhannsdóttir
Sigríður Ó. Geirsdóttir

Þökkum öllum þeim sem sýndu samúð og hlýhug vegna andláts og útfarar elskulegs eiginmanns, föður og tengdaföður, afa og langafa,

Jóns Þorsteins Hjaltasonar
(Glóa),

sem lést á Akureyri þann 29. ágúst sl. Þakkir til allra þeirra er önnuðust hann í veikindum hans.

Sigríður Steindórsdóttir
Steindór Jónsson
Helgi Vigfús Jónsson
Lára Magnea Jónsdóttir
afabörn og langafabörn.

Anna Þórný Jónsdóttir
Ingibjörg Jónasdóttir
Ólafur Guðmundsson

Helga Sigríður Eysteinsdóttir
húsfreyja á Hrauni í Ölfusi,

er látin. Útför hennar fer fram frá Þorlákskirkju í Þorlákshöfn mánudaginn 21. september kl. 15.00. Blóm og kransar eru vinsamlega afþakkaðir, en þeim sem vilja minnast hennar er bent á að láta dvalarheimilið á Blesastöðum í Árnessýslu njóta þess (reikningur 0152 05 001735 kt. 560695 2929).

Þórdís Ólafsdóttir
Guðrún Ólafsdóttir
Hjördís Ólafsdóttir
Ásdís Ólafsdóttir
Þórhildur Ólafsdóttir
Herdís Ólafsdóttir
og fjölskyldur.

Ólafur Þór Ólafsson
Helgi Ólafsson
Marc Origer
Sverrir Matthíasson
Hannes Sigurðsson
Þórhallur Jósepsson

Elskuleg móðir og tengdamóðir okkar, amma og langamma,

Inga Arnórsdóttir

lést miðvikudaginn 16. september sl. Útför hennar verður frá Fossvogskirkju kl. 13, miðvikudaginn 23. september nk.

Einar Sigurjónsson
Arnór Sigurjónsson
Kolbeinn Sigurjónsson
Sturla Sigurjónsson
Inga Sigurjónsdóttir
barnabörn og barnabarnabörn.

Þóra Bjarnadóttir
Guðrún Matthíasdóttir
Guðleif M. Þórðardóttir
Elín Jónsdóttir
Hörður Sigurðarson

Systir okkar og mágkona,

Hjördís Kristín Hjörleifsdóttir

lést á líknardeild Landspítalans Landakoti miðvikudaginn 9. september. Útför verður gerð frá Dómkirkjunni í Reykjavík mánudaginn 21. september kl. 15.00. Þeim sem vilja minnast hennar er bent á líknarfélagið Karitas.

Gerður Hjörleifsdóttir
Ásgeir Hjörleifsson

Hjördís Sigurðardóttir

Innilegar þakkir til allra þeirra sem auðsýndu okkur samúð og vinarhug við andlát og útför móður okkar, tengdamóður, ömmu og langömmu,

Friðriku Margrétar Guðjónsdóttur
dvalarheimilinu Dalbæ, Dalvík.

Starfsfólki Dalbæjar eru færðar sérstakar þakkir fyrir góða umönnun.

Anna Jóna Friberg
Elsa Björg Friðjónsdóttir
Sveinbjörn Friðjónsson
ömmubörn og langömmubörn.

Bjarni Oddsson
Sigrún Árnadóttir

Innilegar þakkir fyrir auðsýnda samúð og hlýhug við andlát og útför ástkærs eiginmanns míns, föður, tengdaföður, bróður, mágs og afa,

Harðar Halldórssonar

Þórdís Sigtryggsdóttir
Eiríkur A. Harðarson
Haukur Harðarson
Sigtryggur Harðarson
Vildís Ósk Harðardóttir
Svanur Halldórsson
og barnabörn.

Katrín Helga Reynisdóttir
Steindór Guðmundsson
Jóhanna Jóhannsdóttir

Elskuleg föðursystir okkar og frænka,

Stefanía Einarsdóttir
Austurbrún 4, Reykjavík,

andaðist á líknardeild Landspítala föstudaginn 4. september. Jarðarförin hefur farið fram í kyrrþey að ósk hinnar látnu.

Bjarni Garðarsson
Einar Oddur Garðarsson
Hjördís Garðarsdóttir
Hrefna Garðarsdóttir
og ættingjar.

Tilkynningar um merkisatburði, stórafmæli og útfarir má senda á netfangið **timamot@frettabladid.is.**

Við færum öllum þeim, sem sýndu fjölskyldunni vináttu og samúð vegna andláts móður okkar,

Guðrúnar Stefánsdóttur
frá Vestmannaeyjum,

innilegar þakkir. Einnig þökkum við þá virðingu sem minningu hennar hefur verið sýnd.

Fyrir hönd fjölskyldunnar,
Sigtryggur, Páll, Guðrún, Arnþór og Gísli.

Innilegar þakkir til allra sem sýndu okkur samúð og hlýju við andlát og útför ástkærs eiginmanns míns, föður okkar, tengdaföður, afa og langafa,

Eggerts Snorra Símonsen.

Brynja Símonsen
Ottó W. Eggertsson
Sigrún B. Eggertsdóttir
Hafdís L. Eggertsdóttir
Þórunn M. Eggertsdóttir
afabörn og aðrir aðstandendur.

Rut Guðmundsdóttir
Magnús G. Gunnarsson
Böðvar B. Þorvaldsson

Við þökkum öllum þeim sem sýndu okkur ómetanlega hlýju og vináttu við andlát og útför elskulegs eiginmanns míns, föður, tengdaföður og afa,

Sigurðar Kristjáns Oddssonar
þjóðgarðsvarðar á Þingvöllum.

Herdís Tómasdóttir
Tómas Már Sigurðsson
Kristín Vilborg Sigurðardóttir
Sigríður Björg Sigurðardóttir
og barnabörn.

Ólöf Nordal
Haukur Hauksson

Ástkær eiginmaður minn,

Sverrir Jóhannesson
fyrrverandi yfirlæknir,

andaðist í Kungälv, Svíþjóð, laugardaginn 12. september. Jarðarför hans fer fram í kyrrþey.

Fyrir hönd, barna, tengdabarna og barnabarna,
Christina Liewendahl.

Faðir okkar,

Eggert Brekkan
læknir,

lést í Uppsölum 16. september. Útförin fer fram í kyrrþey.

Einar Brekkan
Estrid Brekkan
Eggert Friðrik Brekkan

Innilegar þakkir fyrir auðsýnda samúð og hlýhug við fráfall móður okkar, tengdamóður, ömmu og langömmu,

Halldóru Guðmundsdóttur
Gullengi 13, Reykjavík.

Guðmundur Borgþórsson
Arndís Borgþórsdóttir
Jón Gunnar Borgþórsson
Ólafur Borgþórsson
barnabörn og barnabarnabörn.

Margrét Tryggvadóttir
Ísleifur Gíslason
Kristín Jóhannsdóttir
María Lea Guðjónsdóttir

NOKKUR ORÐ
Atli Fannar Bjarkason

Piparsveinalífið

Þegar ég bjó í foreldrahúsum á Selfossi fyrir nokkrum árum dreymdi mig um piparsveinalíf framtíðarinnar. Ég sá fyrir mér að upp úr tvítugu myndi ég flytja í höfuðborgina, fá góða vinnu og taka flotta íbúð á leigu. Svo myndi ég hlaða öllum helstu þægindum í íbúðina; kveikt yrði á ljósum með klappi (slökkt með tveimur), rúmið yrði á snúningsfæti, sjónvarpið heill veggur að stærð og ísskápurinn fullur af litlum gos- og bjórdósum.

Nú er piparsveinalífið hafið fyrir alvöru þó að ekkert bóli á klapprofunum fyrir ljósin. Þá færist rúmið ekki úr stað nema við sérstök tilefni og sjónvarpið er skitnar 32 tommur. Ef ég á að vera fullkomlega hreinskilinn þá er piparsveinalífið kvöð. Ég þarf reglulega að taka til eftir pókerpartí-in og eftir að ég gafst upp á að gera skúlptúr úr pítsukössum hefur ruslapokaferðum fjölgað á dramatískan hátt.

Stritið hefur þó gert mig auðmjúkan. Þegar ég tíni upp sígarettustubba eftir félagana úti á svölum horfi ég á bílinn minn sem er gamall – en ekki keyptur með hjálp bakrýtingsláns í erlendri mynt. Ónei. Og þegar ég geng um klístrað stofugólfið og tíni bjórdósir í poka lít ég á sjónvarpið sem ég keypti í staðinn fyrir að spara fyrir íbúð. Þvílík hamingja.

Eftir stritið geng ég að ísskápnum og opna. Verður þá ljós og við blasa fimm litlar kókdósir í kippu og fjórar glansandi gylltar bjórdósir. Þær eru leifar brostinna drauma veruleikafirrta unglingsins frá Selfossi sem hélt að hamingjan væri í klapprofum. Þvílík fáviska. Veraldleg gæði eru lítilfjörleg í samanburði við óhollustu í fljótandi formi. Vinir mínir, hamingjan felst í sykruðum gosdrykkjum og brugguðum lager. Klapp klapp.

myndasögur

Pondus

Eftir Frode Øverli

Gelgjan

Eftir Jerry Scott & Jim Borgman

Handan við hornið

Eftir Tony Lopes

Kjölturakkar

Eftir Patrick McDonnell

Barnalán

Eftir Jerry Scott & Rick Kirkman

MENNING Þingað verður um Sigurð Pálsson í dag kl. 13 í Kassanum. FRÉTTABLAÐIÐ/E.ÓL.

Sextíu ára galdurinn

Málþing er haldið í dag kl. 13 í Kassanum helgað skáldskap Sigurðar Pálssonar. Málþingið er haldið í gamla Ármannssalnum þar sem áður glímdu Ármenningar hver við annan. Glíma Sigurðar við orðin hefur verið löng og ströng: Sigurður Pálsson varð sextugur á síðasta ári og af því tilefni er efnt til þings um hann á vegum Bókmenntastofnunar Háskólans, að þessu sinni í samstarfi við Þjóðleikhúsið sem sýnir um þessar mundir Utan gátta, verk hans frá í fyrra sem var margverðlaunað á Grímunni snemmsumars. Dagskráin hefst í dag kl. 13 og þar fer fyrst um Sigurð orðum Sigríður Albertsdóttir bókmenntafræðingur en hún hefur unnið að rannsóknum á skáldskap hans. Hún kallar erindi sitt: Lífsgleðin er skylda.

Í hennar slóð fetar svo Kristján Þórður Hrafnsson skáld: hann helgar innlegg sitt Erosi. Sveinn Yngvi Egilsson prófessor talar um vegi ljóðsins og samfélag götunnar í skáldskap Sigurðar Pálssonar, og síðan þræðir Magnús Þór Þorbergsson lektor dyr og gáttir í leikritum Sigurðar Pálssonar en frá áttunda áratugnum hefur Sigurður verið mikilvirkur sem leikskáld.

„Minnið er alltaf að störfum“ heitir erindi Gunnþórunnar Guðmundsdóttir. Þar hefst endurminningatal því Jóhann Páll Valdimarsson, útgefandi Sigurðar, rifjar upp fundi þeirra og samstarf. Jóhann hefur gefið verk Sigurðar út alla tíð. Ég og Pálsson kallar Jóhann spjall sitt. Þá talar Pétur Gunnarsson rithöfundur: Til Sigurhæða … og áfram er yfirskrift ræðu hans. Að lokum fær Sigurður tækifæri til að botna. Þegar hann var spurður á fimmtudag hvernig það væri að vera þangað kominn við sextugt að þingað væri um lífsstarfið sagði Sigurður: „Ég vil bara leggja áherslu á að lesturinn er frjáls og lestur er skapandi athöfn. Í lestrinum er merkingin framleidd. Ég vil færa vegasaltið þannig að þegar höfundur hefur klárað sitt verk getur lesandinn fabúlerað, þó sú fabúlasjón sé jafnvel vitleysa. .“

Málþingið er öllum opið meðan húsrúm leyfir.

Frá og með 1. október 2009 hefst tunnuhirðing sorps frá heimilum í Bláskógabyggð og Grímsnes- og Grafningshreppi. Þá verða heimilissorpgámar fjarlægðir af opnum svæðum í sveitarfélögunum. Samhliða verða breytingar á móttökusvæðum úrgangs í Bláskógabyggð, en móttökusvæði úrgangs í Grímsnes- og Grafningshreppi verður áfram á Seyðishólum.

Frá og með 1. október 2009 verða í Bláskógabyggð tvær móttökustöðvar fyrir úrgang, að Lindarskógum 10-14 á Laugarvatni og Vegholti 8 í Reykholti. Einnig verður opið sameiginlegt móttökusvæði sveitarfélaganna fyrir úrgangs að Heiðarbæ, Þingvallasveit, yfir sumarmánuðina. Öðrum móttökustöðvum í sveitarfélaginu verður lokað.

Móttökustöðvar sveitarfélaganna verða opnar á ákveðnum tímum, gerð verður krafa um flokkun úrgangs og allur úrgangur sem ekki ber úrvinnslugjald verður gjaldskyldur.

Kynningafundir verða haldnir sem hér segir:

21. september kl. 20.00 í Tjaldmiðstöðinni á Laugarvatni
22. september kl. 20.00 í Félagsheimilinu Borg í Grímsnesi
23. september kl. 20.00 í Félagsheimilinu Aratungu í Reykholti
28. september kl. 20.00 í Þjónustumiðstöðinni á Þingvöllum.

Nánari upplýsingar hjá hvoru sveitarfélagi fyrir sig:
Bláskógabyggð: www.blaskogabyggd.is/sorpmal eða þjónustumiðstöð í síma 486-8726.
Grímsnes- og Grafningshreppur: www.gogg.is eða áhaldahús í síma 892-1684.

BLÁSKÓGARBYGG

GRÍMSNES- OG GRAFNINGSHREPPUR

SORPSTÖÐ SUÐURLANDS

ARGHI 0909

sloggi®

Vandaðar Maxi nærbuxur 3 í pakka á tilboðsverði

flottar, þægilegar og sniðnar að þér

3.990 kr/pk

Verð áður 4.599.-

3 í pakka

Gildir til 5. október eða á meðan birgðir endast.

50 ára HAGKAUP fyrir íslendinga í 50 ár

Örnefnum safnað

Örnefnasöfnun og örnefnaskráning eru hugðarefni manna um land allt. Svavar Sigmundsson, stofustjóri Örnefnasafns Stofnunar Árna Magnússonar, fer brátt um landið og verður á fræðslufundum um örnefni. Hann hefur um langt árabil rannsakað örnefni og mun hann m.a. ræða um söfnun örnefna á svæðunum, mikilvægi þeirra og skráningu. Stofnunin og menningarráð á landsbyggðinni standa fyrir fundunum í samstarfi við ýmis félög á svæðunum sem lesa má um á heimasíðu stofnunarinnar: www.árnastofnun.is.Fundirnir verða sem hér segir: Norðurland vestra: 22. september, kl. 16 í Snorrabúð á Hótel Blönduósi. Norðurland eystra: 23. september, kl. 20.30 í Litlulaugaskóla í Reykjadal, Þingeyjarsýslu. Austurland: 24. september, kl. 17 í Kaupvangi á Vopnafirði. Vesturland: 30. september. kl. 13 í Snorrastofu í Reykholti og síðar kl. 20 í Átthagastofu í Ólafsvík.

- pbb

FAAS

FAAS, félag áhugafólks og aðstandenda Alzheimerssjúkra og annarra skyldra sjúkdóma minnir á Hátíðarfundinn á morgun, sunnudag kl. 13.00 að Grand Hóteli.

Fjölbreytt og fræðandi dagskrá verður á fundinum sem haldinn er í tilefni alþjóðlega Alzheimersdagsins. Allir áhugsamir eru velkomnir, húsið verður opnað kl. 12.30

Líttá grallaralegar stelpur

Japanska popplistin hefur á liðnum áratug farið sem eldur í sinu um heimsbyggðina og sett mark sitt á fleiri listgreinar þar eystra sem náð hafa mikilli útbreiðslu, bæði í teiknimyndum og myndasögum og skreytilist af ýmsu tagi.

MYNDLIST Einn fremsti og virtasti myndlistarmaður Japans síðustu áratugi, Yoshitomo Nara, sýnir nú í Listasafni Reykjavíkur. Myndin sýnir einn kimann sem boðið er upp á sýningunni. MYND/LISTASAFN REYKJAVÍKUR/GALERIE ZINK/MÜNCHEN/BERLIN

Margir japanskir listamenn standa að baki þessari áhrifamiklu hreyfingu, en þar eru jafnan nefndir fyrstir þeir Narakami eins og tvístirnið er stundum kallað, Yoshitomo Nara og Takashi Murakami.

Á fimmtudagskvöld opnaði annar þeirra forkólfa japanska poppsins, Nara, sýningu í Listasafni Reykjavíkur – Hafnarhúsi. Málverk Nara tengjast mjög japanskri teiknimyndahefð og popplist en umgjörð verkanna er breytileg eftir sýningarstað. Í Hafnarhúsinu eru verkin sýnd í sérsmíðuðum flutningagámum sem hægt er að skoða inn um opnar hliðar, glugga eða gægjugöt. Inni í gámunum eru lítil og stór málverk af grallaralegum smástelpum eða furðuverum ásamt þrívíðum verkum, sem minna helst á leikföng.

Vegleg sýningarskrá er væntanleg um sýningu Nara í Hafnarhúsinu þar sem Guðmundur Oddur Magnússon, Jón Proppé, Markús Andrésson og Úlfhildur Dagsdóttir skoða listamanninn út frá ólíku samhengi.

Jón Proppé segir svo í greiningu sinni á listamanninum og verkum hans: „Myndlist Nara sameinar marga strauma og menningarheima eins og ferill hans gefur líka vísbendingu um. Hann hefur líka verið þátttakandi í ólíkum listheimum í Japan og í Evrópu. Verk hans fjalla jöfnum höndum um klassíska list, poppmenningu og fjöldaframleidda menningu; áhrifin og viðfangsefnin spanna vítt svið og hafa ótrúlega breiða skírskotun sem útskýrir kannski að nokkru vinsældir hans. En þótt sumar myndir Nara hafi náð næstum ótrúlegri útbreiðslu á síðustu árum – einkum hinar léttu en ögrandi barnamyndir hans – er líka í verki hans dökkur þráður sem kannski mætti helst kenna við evrópskt þunglyndi eða efahyggju."

Sýningar Nara höfða til breiðs hóps fólks en líklega er henni best lýst með yfirskrift greinar Úlfhildar Dagsdóttur, Lager af ævintýrum. Sýningin er styrkt af The Japan Foundation. Hún stendur til ársloka. Á sýningartímabilinu verður boðið upp á fjölskylduleiðsögn og listsmiðju, námskeið fyrir framhaldsskólanema og málþing í samstarfi við Borgarbókasafn Reykjavíkur.

pbb@frettabladid.is

HVAÐ? HVENÆR? HVAR?

Laugardagur 19. september 2009

Tónleikar

14.00 **Ingunn Sigurðardóttir** sópran og **Renata Ivan** píanóleikari verða með tónleika í kirkjunni á Sóheimum í Grímsnesi. Á efnisskránni verða lög eftir m.a. Inga T. Lárusson, Sigvalda S. Kaldalóns og Sveinbjörn Sveinbjörnsson.

16.00 **Kór Áskirkju** heldur tónleika í Áskirkju við Vesturbrún þar sem á efnisskránni verða ættjarðarlög.

22.00 Rokkhljómsveitin **Retron** heldur útgáfutónleika á **Grand Rokki** við Smiðjuveg.

Dansleikir

Bermuda verður á skemmtistaðnum **Spot** við Bæjarlind í Kópavogi.

Opnanir

14.00 **Steinunn Einarsdóttir** opnar sýninguna **„Hún rís úr sumarsænum"** í Boganum hjá Gerðubergi við Gerðuberg 3-5.

15.00 **Sigurður Örlygsson** opnar sýninguna **„Stiklað á stóru"** í Listhúsi Ófeigs við Skólavörðustíg 5.

15.00 **Haukur Snorrason** opnar ljósmyndasýningu í Gallerí Fold við Rauðarárstíg. Opið mán.-föst. kl. 10-18, lau. kl. 11-16 og sun. kl. 14-16.

16.00 **Ernir Eyjólfsson** opnar ljósmyndasýninguna **„Portrett á dag"** í Gallerí Tukt í Hinu húsinu við Pósthússtræti 3-5. Sýningin verður opin alla virka daga kl. 9-17. Allir velkomnir og aðgangur ókeypis.

Ráðstefna

10.00 Ráðstefna undir yfirskriftinni **„Náttúran í ljósi fyrirbærafræði og austrænnar heimspeki"** fer fram í HÍ, Öskju (st. 132) við Sturlugötu. Meðal fyrirlesara eru **Páll Skúlason**, **Geir Sigurðsson** og **Jóhann Páll Árnason**. Allir velkomnir. Nánari upplýsingar á www.hi.is.

Málþing

10.00 **Bókmenntafræðistofnun Háskóla Íslands** efnir til málþings til heiðurs **Sigurði Pálssyni** rithöfundi í samstarfi við Þjóðleikhúsið. Málþingið fer fram í Kassanum við Lindargötu. Aðgangur ókeypis og allir velkomnir.

Leikrit



14.00 **GRAL-leikhópurinn** sýnir barna- og fjölskylduleikritið **„Horn á höfði"** í húsnæði leikhópsins við Hafnargötu 11 í Grindavík. Nánari upplýsingar á www.midi.is.

21.00 **Bjartmar Þórðarson** flytur einleikinn Skepna eftir Daniel MacIvor og Daniel Brooks í Leikhúsbatteríinu við Hafnarstræti 1. Nánari upplýsingar á www.midi.is.

Hláturjóga

11.00 **Ásta Valdimarsdóttir** verður með námskeið í Hláturjóga hjá verslunninni og fræðslumiðstöðinni Maður lifandi við Borgartún 24. Nánari upplýsingar á www.hlatur.com.

Sýningar

Á **Listasafni Íslands** við Fríkirkjuveg, stendur yfir sýning á verkum úr söfnum ríkisbankanna þriggja ásamt völdum verkum úr safneign Listasafns Íslands. Opið alla daga kl. 11-17 nema mánudaga. Aðgangur er ókeypis.

Pétur Pétursson sýnir akrílmálverk hjá World Class í Laugum við Sundlaugaveg (á svölunum á milli æfingaherbergjanna). Opið mán.-fös. kl. 6-23.30, lau. kl. 8-22, og sun kl. 8-20.

Í **Gallerí Ágúst** við Baldursgötu 12, hefur verið opnuð samsýning fimm listamanna sem samanstendur af nýjum verkum sem unnin eru í ýmsa miðla. Opið mið.-lau. kl. 12-17.

Í **Tré og list** stendur yfir sýningin **„Hennar fínasta púss"** sem er sýning á upphlutssettum, skyrtum, svuntum og slifsum. Einnig er þar sýning á gömlum vefstól og íslenskum vefnaði, það elsta frá 1875-1880. Tré og list er staðsett að bænum Forsæti III í Flóahreppi í Árnessýslu. Nánari upplýsingar og akstursleiðbeininga á www.treoglist.is.

Síðustu forvöð

Í **Skaftfelli**, Menningarmiðstöð við Austurveg á Seyðisfirði lýkur tveimur sýningum á sunnudag.
Leiðréttingar, sýning **Þórunnar Hjartardóttur** í Bókabúðinni.
hér.e, sýning **Kristínar Örnu Sigurðardóttur** og **Þórunnar Grétu Sigurðardóttur** á Vesturvegg. Opið mið.-sun. kl. 13-17.

Kvikmyndir

16.00 **Kvikmyndasafn Íslands** sýnir myndina **„L'année dernière á Marienbad"** (Á síðasta ári við Marienbad) eftir leikstjórann Alain Resnais. Myndin verður sýnd með enskum texta í Bæjarbíói við Strandgötu í Hafnarfirði. Nánari upplýsingar á www.kvikmyndasafn.is.

Dagskrá

Fjölbreytt dagskrá verður í tengslum við 80 ára afmæli **Kvæðamannafélagsins Iðunnar** milli kl. 14 og 17 í dag og á morgun í Gerðubergi (Gerðuberg 3-5). Aðgangur er ókeypis og öllum heimill. Nánari upplýsingar og dagskrá á www.gerduberg.is.

Sunnudagur 20. september 2009

Kvikmyndir

15.00 Í **MÍR** salnum við Hverfisgötu 105 verður sýnd rússneska kvikmyndin „Ekki af brauði einu saman" eftir leikstjórann **Stanislav Govorúkhin**. Aðgangur er ókeypis og allir velkomnir.

16.00 Sérstök barna- og unglingamyndadagskrá verður í tengslum við kvikmyndahátíð í Reykjavík (RIFF) í Listasafni Reykjavíkur við Tryggvagötu þar sem sýndar verða barnastuttmyndir.

Ópera

20.00 **Sigrún Hjálmtýsdóttir**, **Jóhann Friðgeir Valdimarsson** og **Óskar Pétursson** flytja bæði íslensk og erlend lög og aríur á tónleikum sem fram fara í Íslensku óperunni við Ingólfsstræti.

Dansleikir

Dansleikur Félags eldri borgara í Reykjavík og nágrenni verður haldinn að Stangarhyl 4, milli kl. 20 og 23.30. Borgartió leikur fyrir dansi.

Listamannaspjall

15.00 **Ingibjörg Birgisdóttir** verður með listamannaspjall ásamt **Sirru Sigurðardóttur** á sýningunni Hvergi sem nú stendur yfir í D-sal Listasafn Reykjavíkur við Tryggvagötu. Aðgangur ókeypis og allir velkomnir.

hugleiðsla

Lótushús stendur fyrir hugleiðslustund í Salnum við Hamraborg í Kópavogi undir yfirskriftinni **„Innri styrkur og vernd"**. Aðgangur er ókeypis og allir velkomnir á meðan húsrúm leyfir. Nánari upplýsingar á www.lotushus.is



S·K·Í·F·A·N

Laugavegi · Kringlunni · Leifsstöð
www.skifan.is

AFSLÁTTAR DAGAR

17. TIL 28. SEPTEMBER

10% afsláttur



25% afsláttur

Enn meiri afsláttur af sérvöldum vörum
í Skífunni Laugavegi 26 - Verð frá 199kr!

> TÍSKUVIKAN HEFST Í LONDON

Tískuvikan er nú haldin í tuttugusta og fimmta sinn í London og mun verða með glæsilegra móti í ár. Matthew Williamson, Jonathan Saunders og Burberry munu halda sýningar á næstu dögum ásamt þeim hönnuðum sem eru búsettir í London eins og Roksanda Ilincic, Christopher Kane og Erdem.

still

utlit@frettabladid.is

Dásamlega frísklegt og fallega angandi sturtufroðu með ilminum Chance frá Chanel.

Ofurkremið Rénergie Morpholift frá Lancôme sem á hreinlega að endurfæra manni unglegri andlitsdrætti.

OKKUR LANGAR Í ...

Leg laser-kremið frá Biotherm sem felur misfellur, styrkir húðina og kemur í veg fyrir æðaslit.



DAÐRAÐ VIÐ TÍSKUNA
Anna Margrét Björnsson

Loftkossar og skjallyrði

Þessi þróun byrjaði hægt og laumulega. Fyrir örfáum árum var ég byrjuð að sjá konur smella loftkossum hver á aðra og kalla hver aðra „ást“. Svo fór tískuliðið að taka þetta upp hjá sér, þið vitið, gengið sem myndi ekki láta sjá sig dautt án nýjustu Rykiel-skónna eða Vibskov-peysunnar af því að fólkið í París myndi bara hlæja að því annars. „Ýkt sæta megasega beibíkeiks ást,“ segja þau og dásama hvert annað. Nú er önnur hver kona farin að kalla kynsystur sína „darling“ og „elskuleg“, hvort sem þær þekkjast vel eða ekki. Ég er á báðum áttum með þessa þróun. Að vissu leyti er það svakalega kjút og dáldið „fasjon“ að taka upp slíkan talsmáta og auðvitað er yndislegt að elska alla. Á hinn bóginn get ég ekki að því gert að finnast þetta yfirborðslegt og dálítið of amerískt fyrir okkur viðmótsköldu Íslendinga. Svo er eitt að faðma fólk á bar og smella kossi á vanga en annað að dásama það á internetinu. Konur eru óspart farnar að kommenta á myndir annarra kvenna og lofa fegurð og allsherjar kúlleika þeirra. Ein setur inn mynd á Facebook og degi síðar má lesa ekki færri en tíu athugasemdir, „Ó fagra kona, sætust, flottust, geðveikt ýkt sæta sæta, bara VÁ!“ Er þetta fólk að meina þetta í alvöru eða býst það við að fá þetta speglað yfir á sínar myndir? Að sjálfsögðu býður Facebook ekki upp á neitt annað en helberan narsissisma þar sem flestir henda inn af sér ofurpósuðum svalheitamyndum til að gefa einhverja ímynd af sér sem þeir vilja að annað fólk sjái. Í kjölfarið fylgir svo auðvitað eitthvert yfirborðslegt skjall og þvaður á veggjum hvers annars. Svei mér þá, ég veit ekki hvað mér finnst um þetta. Ætti maður að prufa að henda inn „Mér finnst þú gersamlega ömurleg og ég hata þig,“ og sjá hvort það veki viðbrögð?



Verð kr. 265.000.-

Rainbow

Bjóðum nokkrar Rainbow á **186,000**
Eða gömul Rainbow upp í nýja tilboð 155,000

Eigum einnig notaðar yfirfarnar rainbow
með ábyrgð **verð 80.000 tilboð 58.000**
meðan byrgðir endast.

Hrein fjárfesting ehf
Dalbraut 3 105 reykjavík • rainbow@rainbow.is
Sími verslun 567 7773 . kvöld og helgar 893 6337
www.rainbow.is

VESPU-GLERAUGU Æðislegur svartur stuttur flauelskjóll og sólgleraugu sem minna á olíubrák, frá Proenza Schouler.

PARADÍSAR-FUGL Fallegur, stuttur kjóll með fjaðra-skreytingum og pallíettum.

TÖFFARALEGT Flauelsjakki við svartar buxur, hvíta skyrtu og sólgleraugu.

FRAMTÍÐIN ER BJÖRT HJÁ PROENZA SCHOULER

Dásamlegir litir og töffaraleg sólgleraugu

Þrátt fyrir að haustið sé rétt að byrja eru bandarískir hönnuðir að sýna vorfatnað sinn á tískuvikunni í New York sem lýkur nú um helgina. Ein sú sýning sem mesta lukku vakti var Proenza Schouler sem færði okkur súpersvalt sumar 2010. Þar gaf að líta dásamlega óhefðbundna vorliti eins og dimmblátt, flöskugrænt og fjólublátt sem minnti helst á páfugla en þó með skærgulum áherslum. Einnig var að finna klassískt svart og hvítt ásamt eitursvölum sólgleraugum. Glamúr, litir og rokk og ról er greinilega útlitið þegar sólin fer aftur að hækka.

- amb

HEIÐGULT Þröngur bolur við stutt blátt pils.

PÁFUGLALITIR Skærblár toppur við ægifagurt fjaðrapils.

ALLT FYRIR HÁRIÐ:

Ný og spennandi lína frá Sebastian

Hárvörurnar frá Sebastian hafa notið mikilla vinsælda bæði meðal fagfólks og almennings á Íslandi og um heim allan undanfarinn áratug. Þau merku tíðindi urðu hins vegar fyrir tveimur árum að vinna hófst við að endurhanna alla línuna með það að markmiði að vita nákvæmlega hvað viðskiptavinirnir vildu. Nýja línan sem var kynnt hjá Sebastian á Íslandi í síðustu viku er sumsé afrakstur um tíu þúsund viðtala og tveggja ára þróunarvinnu og má ætla að þar séu magnaðar vörur á ferð. Vörurnar skiptast í fjórar línur: Foundation, Flow, Form og Flaunt. Foundation er sjampó og næring, Flow er fyrir þá sem vilja léttleika og náttúrulega fegurð, Flaunt fyrir þá sem vilja gljáa og Form fyrir þá sem vilja mikið hald og vilja vera aðeins öðruvísi. - amb

MÓTANDI EFNI Flott matt hárvax sem gefur mjög flott og rokkað lúkk.

FALLEGUR GLJÁI Blástursvökvi sem færir hárinu óviðjafnlegan gljáa.

Blaðberinn bíður þín

Þú færð Blaðberann þinn í Skaftahlíð 24 alla virka daga frá kl. 8-17.

Blaðberinn...

...góðar fréttir fyrir umhverfið

KLASSÍSKT Fallegur stutt-ur, svartur og grár kjóll við flauelsjakka.

LITADÝRÐ Geggjað grænt, blátt og gult dress.

NÝTT KORTATÍMABIL

17.-20. september

Haustsprengja

25% AFSL. AF ÖLLU

nema **15%** afsláttur af snyrtivöru og hjá NTC

Afslátturinn fæst ofan á aðra afslætti og tilboð.
Gildir fimmtudag til sunnudags.

DEBENHAMS
HINN FULLKOMNI FATASKÁPUR

Lífsstílsbúð í SMÁRALIND
KONUR HERRAR BÖRN SNYRTIVÖRUR HEIMILI

fólk

folk@frettabladid.is

> VER KANYE

Rapparinn **Jay-Z** hefur komið fram og varið starfsbróður sinn, Kanye West, eftir uppákomuna á MTV-verðlaunahátíðinni. „Hann er bara rosalega ástríðufullur maður," sagði Jay-Z um félaga sinn.

Frá Seyðisfirði til Havarí

„Það var gríðarlegur þrýstingur frá poppsenunni í Reykjavík að fá okkur aftur í bæinn, svo það var bara opnuð búð til að hafa okkur í," segir Svavar Pétur Eysteinsson í hljómsveitinni Skakkamanage. Hann og Berglind Häsler, kona hans, hafa búið á Seyðisfirði um nokkra hríð en eru flutt aftur á mölina til að stýra nýrri verslun, Havarí. „Seyðisfjörður er náttúrulega algjört unaðspleis og við eigum örugglega eftir að fara þangað aftur, en svona er þetta: Ævintýrið er búið í bili."

Havarí er í Austurstræti 6, á milli Gyllta kattarins og Shalimar. Verslunin er samstarfsvettvangur fjögurra fyrirtækja á sviði tónlistar og hönnunar, Kimi Records, Borgin hljómplötur, Gogoyoko og Skakkapopp. „Þetta verður besta búðin," segir Svavar. „Þarna verður til tónlist, fatnaður, hönnun, list og bara það sem okkur dettur í hug. Það er svið í búðinni sem hægt verður að troða upp á. Svo verður bara dansað og tjúttað. Það er gott að hafa svona lókal yfir Réttir og Airwaves og svo í jólaösinni. Eftir jól verður bara metið hvernig gekk og hvort við pökkum saman eða höldum áfram."

Havarí verður formlega opnuð í dag kl. 13. Reggígeltirnir í Hjálmum troða upp og hefja forsölu á nýju plötunni IV, sem kemur út á mánudaginn. Þá verða léttar karíba-veitingar í boði, sem og ýmis tilkippileg tilboð.

- drg

KOMIN AFTUR Á MÖLINA Svavar og Berglind standa vaktina í Havarí. FRÉTTABLAÐIÐ/VALLI

Miðarnir að klárast

PÁLL ÓSKAR Páll Óskar kemur fram á Airwaves-hátíðinni ásamt Hjaltalín.

Aðeins 450 miðar eru eftir á Iceland Airwaves-tónlistarhátíðina sem verður haldin 14. til 18. október í Reykjavík og því fer hver að verða síðastur að tryggja sér miða. Nú hafa Páll Óskar og Hjaltalín staðfest komu sína á hátíðina. Þessir tveir vinsælu flytjendur ætla að sameina krafta sína og munu þeir flytja vinsælustu lög Palla í útsetningum Hjaltalíns. Þetta form var frumflutt á síðustu Gay Pride-hátíð við góðar undirtektir og því þótti tilvalið að endurtaka leikinn á Airwaves. Þetta verður í fyrsta sinn sem Palli kemur fram með fulla dagskrá á Airwaves en hann hefur áður stigið á svið sem gestasöngvari með Gus Gus og Hjaltalín.

ÞRÍR ÆTTLIÐIR Bryndís Schram ásamt barnabarni sínu, Magdalenu Björnsdóttur, og Kolfinnu Baldvinsdóttur. FRÉTTABLAÐIÐ/DANÍEL

VEL HEPPNAÐ OPNUNARHÓF

Alþjóðleg kvikmyndahátíð í Reykjavík, RIFF, var sett í Háskólabíói á fimmtudagskvöld með sýningu myndarinnar Ég drap mömmu. Móttaka var haldin í anddyri bíósins af þessu tilefni og var þar margt um manninn.

Ríflega 120 kvikmyndir verða sýndar á hátíðinni í ár í níu flokkum. Í flokknum Vitranir tefla nýir leikstjórar fram sinni fyrstu og annarri mynd og sigurvegarinn hlýtur aðalverðlaun hátíðarinnar, Gyllta lundann. Heiðursgestur í ár verður hinn heimsfrægi leikstjóri Milos Forman sem á að baki myndir á borð við Gaukshreiðrið og Amadeus. Upplýsingamiðstöð RIFF verður í Eymundsson í Austurstræti og þar fer jafnframt fram sala miða, afsláttarkorta og passa.

Rithöfundurinn Thor Vilhjálmsson ásamt Hrönn Marínósdóttur, aðalskipuleggjanda RIFF.

Markmaðurinn fyrrverandi Birkir Kristinsson mætti með Ranghildi Gísladóttur upp á arminn.

Leikarinn Tómas Lemarquis og Emiliano Monaco voru á meðal gesta.

Leikstjórinn Hrafn Gunnlaugsson og Nanna Hauksdóttir mættu í opnunarhófið.

Atli ein af uppgötvunum ársins

Íslenska tónskáldið Atli Örvarsson er tilnefndur sem uppgötvun ársins af The World Soundtrack Academy sem eru samtök kvikmyndatónskálda. Þau voru stofnuð 2001 og er ætlað að kynna það mikla og merka starf sem kvikmyndatónskáld inna af hendi. Sigurvegarar verða tilkynntir hinn 17. október á árlegri hátíð tónskálda í Gent í Belgíu.

Atli er eitt af fimm tónskáldum sem tilnefnd eru í þessum flokki en honum þykir hafa tekist einstaklega vel upp með tónlistina fyrir Babylon A.D. Meðal annarra í þessum flokki eru Nico Muhly sem samdi tónlistina fyrir verðlaunamyndina Reader og Andrew Lockington sem samdi tónlistina fyrir Journey to the Center of the Earth. Allar hafa þeir tengingu við hið litla Ísland. Journey to the Center of the Earth skartar jú Anitu Briem í aðalhlutverki og Nico Muhly er á mála hjá hinu íslenska útgáfufyrirtæki Bedroom Community og hefur spilað oft hér á Íslandi. Atli er síðan að sjálfsögðu Íslendingur.

Af íslenska tónskáldinu er það hins vegar að frétta að hann er í óða önn að semja tónlist fyrir miðaldamyndina The Season of the Witch sem skartar engum öðrum en Nicolas Cage í aðalhlutverki auk Ron Perlman. Leikstjóri er Dominic Sena, þekktastur fyrir Swordfish og Gone in Sixty Seconds.

GENGUR ALLT Í HAGINN Atla Örvarssyni gengur vel í Hollywood sem tónskáldi og er hann tilefndur sem ein af uppgötvunum ársins hjá Samtökum kvikmyndatónskálda.

ÁNÆGÐ Í NEW YORK Zoe er að hluta til upp alin á Íslandi. Hún er nú í starfsnámi hjá einu elsta vikuriti Bandaríkjanna.

Ánægð í vinnu hjá The Nation

Zoe Zenowich flutti til Íslands ellefu ára gömul og tók ástfóstri við landið. Hún er nú búsett í New York og starfar hjá virtu tímariti.

„Ég er í starfsnámi hjá rithöfundinum og blaðamanninum Eric Alterman, en hann er með mánaðarlegan dálk í The Nation. Ég er aðallega að aðstoða hann við heimildaleit fyrir nýjustu bók hans en einnig við skrif fyrir The Nation. Hann var að kenna kúrs sem ég sat í skólanum og var svo hrifinn af verkefnunum sem skilaði inn að hann bauð mér að koma og vinna fyrir sig. Ég hef samt hugsað mér að sækja um fasta vinnu hjá blaðinu næsta sumar og er bjartsýn á að fá hana," segir Zoe Zenowich, sem er í starfsnámi hjá tímaritinu The Nation í New York. Tímaritið er eitt elsta vikurit Bandaríkjanna og hefur verið gefið út frá árinu 1865.

Zoe er bandarísk en ólst að hluta upp á Íslandi og talar reiprennandi íslensku, hún flutti héðan fyrir einu ári til að hefja nám í blaðamennsku við Háskólann í Brooklyn. „Ég flutti til Íslands ellefu ára gömul þegar mamma mín fékk styrk til að koma hingað og klára lokaritgerðina sína. Við ætluðum bara að vera hér í sex mánuði en mamma heillaðist af landi og þjóð og við ílengdumst," segir Zoe.

Hún segist hafa átt erfitt með að aðlaga sig breyttum aðstæðum í fyrstu en eftir að hún lærði tungumálið hafi það breyst. „Mér finnst ótrúlega gott að vera á Íslandi og

RITHÖFUNDURINN ALTERMAN Blaðamaðurinn og rithöfundurinn Eric Alterman hreifst svo af skrifum Zoe að hann réði hana í vinnu til sín.

því lengur sem ég dvel hér í New York því meira sakna ég alls heima á Íslandi. Það er í raun ekki hægt að bera Ísland saman við neitt annað því náttúran, menningin og fólkið er alveg einstakt. En lífið hér í Brooklyn er gott líka, maður hefur nóg að gera við að sækja listasýningar og kvikmyndahús."

Að blaðanáminu loknu hyggst Zoe fara í lögfræðinám og halda áfram skrifum sínum. „Ég er búin að sækja um starf hjá tímaritinu the Economist og er að fara í mitt annað viðtal núna á næstu dögum. Ef ég fæ að halda áfram að vinna við að skrifa um samfélagsleg málefni þá verð ég sátt," segir Zoe að lokum.

sara@frettabladid.is

Sama endurunna formúlan

Eftir að hafa fengið fyrirboða um hræðilegt slys tekst Nick O'Bannon, vinahópi hans og öðrum heppnum aðilum að bjarga sér frá bráðum bana. En Dauðinn eirir engum og fara eftirlifendur fljótlega að týna tölunni.

The Final Destination er fjórða innslagið í Final Destination-seríunni og sú fyrsta í þrívídd. Það er rúmur áratugur liðinn síðan fyrsta Final Destination-myndin kom í bíó, og hefur engin framför orðið á framhaldsmyndunum. Líkt og Saw-serían gengur myndin út á það eitt að skemmta áhorfendum með sadískri og skrautlegri atburðarás sem leiðir til dauðdaga persóna myndarinnar. Eina leiðin til þess að fríska upp á seríuna var að smella myndinni í þrívídd.

Þrátt fyrir að The Final Destination sé sama endurunna formúlan, rennur hún auðveldlega í gegn og skilur lítið sem ekkert eftir, sem hentar þeim áhorfendum sem eru í leit að heilalausri skemmtun. Aðdáendur fyrri mynda fá trúlega meira fyrir sinn snúð þar sem myndin er í þrívídd.

Vignir Jón Vignisson

KVIKMYNDIR
The Final Destination
★★
Sama myndin í fjórða sinn, nú í þrívídd.

SJÚKRATRYGGINGAR ÍSLANDS
LAUGAVEGI 114-118
150 REYKJAVÍK

Sjúkratryggingar Íslands

Sjúkraþjálfarar

Til að veita sjúkraþjálfun fyrir einstaklinga sem eru sjúkratryggðir skv. lögum nr. 112/2008 óska Sjúkratryggingar Íslands (SÍ) eftir sjálfstætt starfandi sjúkraþjálfurum eða sjúkraþjálfunarstofum til að gerast aðilar að rammasamningi frá 1. október 2009.

Þjónustan hefur hingað til verið veitt samkvæmt samningi Sjúkratrygginga Íslands við Félag sjálfstætt starfandi sjúkraþjálfara.

Þeir sem áhuga hafa á að veita ofangreinda þjónustu geta nálgast rammasamninginn og umsóknareyðublað á heimasíðu Sjúkratrygginga Íslands www.sjukra.is eftir 22. september.

Nánari upplýsingar veitir Guðlaug Björnsdóttir, framkvæmdastjóri samninganefndar, í síma 560-4539 eða í tölvupósti gudlaug.bjornsdottir@sjukra.is.

Auglýsing þessi byggir á 40. gr. laga nr. 112/2008 um sjúkratryggingar.

Sjúkratryggingar Íslands annast framkvæmd sjúkratrygginga ásamt því að semja um og greiða fyrir heilbrigðisþjónustu. Markmið stofnunarinnar eru að gæta réttinda sjúkratryggðra, tryggja aðstoð til verndar heilbrigði óháð efnahag og að stuðla að hagkvæmni og hámarksgæðum í heilbrigðisþjónustu.

Vísindakaffi 2009

21. 22. 23. & 24. september...
...kl. 20.00 – 21.30 hvert kvöld

Í aðdraganda Vísindavöku er hellt upp á hið sívinsæla Vísindakaffi, þar sem fræðimenn munu kynna rannsóknir sínar fyrir almenningi

Vísindakaffi á Súfistanum í Reykjavík:

SÚFISTINN KAFFIHÚS

Mánudagur 21. september
Sturlunga: Handbók fyrir ráðvillta nútímaþjóð
Dr. Guðrún Nordal forstöðumaður Árnastofnunar fjallar um hvernig fíkn ungra karlmanna í völd og fé réði miklu um fall í íslensku samfélagi í tíð Sturlunga. Þetta þykir mörgum ríma óþægilega við atburði nútímans. Alvarlegt málefni með léttum undirtóni!

Þriðjudagur 22. september
Veistu hvað þú vilt? - neytendasálfræði og markaðssetning matvæla.
Dr. Valdimar Sigurðsson frá viðskiptadeild HR fjallar um greiningu og mótun neytendahegðunar í verslunum. Er hægt að breyta verslun í tilraunastofu? Er eitthvað að marka neytendur?

Miðvikudagur 23. september
Harðsnúin klíka föðurlandssvikara
Magnús Árni Magnússon forstöðumaður Félagsvísindastofnunar HÍ fjallar um umræður um ESB aðild Íslands og rökin sem notuð eru í henni af fylgjendum og andstæðingum. Umræðan er borin saman við umræðuna á Möltu og skoðað hvað er líkt og ólíkt með umræðunni á eyjunum tveimur.

Fimmtudagur 24. september
Forvarnir í læknisfræði - Góðmennska á villigötum?
Dr. Jóhann Ágúst Sigurðsson yfirlæknir Þróunarstofu Heilsugæslu höfuðborgarsvæðisins og Dr. Linn Getz trúnaðarlæknir á LSH og dósent við læknadeild NUST, velta upp gildi forvarna og heilsuverndar og hvort of mikið sé gert úr sölu á þjónustu til hinna frísku á kostnað þeirra veiku og þannig gert meira úr vandamálum en efni standa til.

● **Kaffistjóri er Davíð Þór Jónsson**

Vísindakaffi á Norðurlandi:

Í ár verður einnig boðið upp á Vísindakaffi á Norðurlandi sem hér segir:

Fimmtudagur 24. september. Friðrik V. á Akureyri.
Mun Eyjafjörður gera okkur að ríkasta fólk í heimi?
Spekingarnir sem hefja spjallið koma frá Háskólanum á Akureyri, Hreiðar Þór Valtýsson lektor, Jón Þorvaldur Heiðarsson lektor og Steingrímur Jónsson prófessor. Pétur Halldórsson útvarpsmaður stýrir.

Fimmtudagur 24. september. Kaffi Krókur, Sauðárkróki.
Er vit í vísindum á landsbyggðinni?
Hvert er förinni heitið? Háskólinn á Hólum og Rannís boða til umræðna um hlutverk vísinda og rannsókna á landsbyggðinni.
Umræðum stýrir Þórarinn Sólmundarson, Byggðastofnun.

Allir velkomnir. Láttu sjá þig!

Vísinda Vaka
Opið hús!
Listasafni Reykjavíkur Hafnarhúsinu
Föstudaginn 25. september
kl. 17:00 til 22:00

FORLAGIÐ

Menntamálaráðuneytið
Iðnaðarráðuneytið

rannís
Laugavegi 13, 101 Reykjavík
sími 515 5800, rannis@rannis.is
www.rannis.is

www.rannis.is/visindavaka
11001111010011

Kreppan styrkir Kiru

„Kreppan hefur gert okkur sterkari," segir Kira Kira í nýlegu viðtali við þýska dagblaðið Berliner Zeitung. Í greininni er fjallað á jákvæðan hátt um verkefnið Norðrið þar sem íslenskir flytjendur eru kynntir til sögunnar í Þýskalandi. Talað er um kreppuna og hvernig hún hefur þjappað íslensku tónlistarfólki saman. Einnig er fjallað um Helga Hrafn Jónsson, sem hefur verið búsettur í Austurríki. Kira Kira er farin í tónleikaferð um Þýskaland, Austurríki og Sviss ásamt tónlistarmanninum Klive. Stendur túrinn yfir til 4. október.

KIRA KIRA Söngkonan Kira Kira er farin í tónleikaferð um Þýskaland, Sviss og Austurríki.

Fjögur þúsund eintök í viðbót

Annað upplagið af matreiðslubókinni Matur og drykkur eftir Helgu Sigurðardóttur er komið í verslanir, alls fjögur þúsund eintök. Fyrsta upplagið, sem var prentað í tvö þúsund eintökum, kláraðist á sjö dögum og síðan eru liðnar um það bil þrjár vikur.

Af eintökunum fjögur þúsund var þegar búið að panta um átta hundruð fyrirfram af áhugasömum Íslendingum. „Þetta er ótrúleg sala á svona gamalli bók," segir Sigurður Svavarsson útgefandi. Bókin kom fyrst út árið 1947 en útgáfan sem nú kemur út er byggð á endurútgáfu frá árinu 1954.

Sala á matreiðslubókum hefur aukist um rúmlega hundrað prósent á þessu ári enda hafa að minnsta kosti þrettán nýjar íslenskar matreiðslubækur komið út. „Hundrað prósenta aukning í matreiðslubókum er alveg svakalega mikið," segir Svavar. „Það er svo gaman að þessu vegna þess að bókamarkaðurinn er samfélagsspegill. Þess vegna getur maður með því að skoða hann gefið sér hvað er á seyði í samfélaginu." Jói Fel sá um baksturinn. - fb

FRÉTTABLAÐIÐ/PJETUR

KÖKUHLAÐBORÐ Það voru miklar kræsingar í boði í Odda þegar annað upplag Matar og drykkjar var kynnt til sögunnar.

RETRÖN Ingimundur ekki byrjaður.

Retrön spilar

Hljómsveitin Retrön verður með útgáfutónleika á Grand Rokk í kvöld. Þá verður frumburðurinn Swordplay & Guitarslay kynntur á viðeigandi hátt. Kimi-útgáfan kom plötunni út í ágúst. Retrön, sem leikur lítt sunginn 8-bita metal, mun kynna til sögunnar nýjan hljómborðsleikara. Hann heitir Ingimundur og spilar einnig í hljómsveitinni Caterpillar Man. Til upphitunar verða eðalböndin Retro Stefson, Mammút og Sudden Weather Change. Búast má við að stuðið hefjist um k1. 22 og það er ókeypis inn. - drg

Fagna opnun í næstu viku

Sameiginlegur gleðskapur Nikita og GusGus fer fram laugardaginn 26. september, en ekki í dag eins og kom fram í Föstudegi í gær.

Partíið verður haldið í tilefni af opnun verslunar Nikita að Laugavegi 56 og útgáfu nýrrar breiðskífu frá GusGus. Að baki verslunarinnar er bakgarður þar sem tónleikarnir fara fram. - hhs

Rifjuðu upp gamla takta

Tuttugu ár eru liðin síðan KA-menn urðu Íslandsmeistarar í knattspyrnu í fyrsta og eina sinn. Af því tilefni hittust þeir í heimabæ sínum á dögunum og spiluðu fótbolta. Sumir voru reyndar léttari á fæti en aðrir en það kom ekki að sök því ánægjan sem af þessu hlaust var ósvikin. Um kvöldið snæddu menn síðan hátíðarkvöldverð á Hótel KEA í sínu fínasta pússi og skemmtu sér fram á rauða nótt.

20 ÁRA MEISTARAR KA-menn stilltu sér upp á sama máta og þeir gerðu á meistaraárinu 1989. MYND/SÆVAR GEIR SIGURJÓNSSON

ÞORVALDUR ÖRLYGSSON Núverandi þjálfari Fram sýndi gamla takta í boltanum.

ERLINGUR KRISTJÁNSSON Fyrirliðinn fyrrverandi þótti með sprækari mönnum á æfingasvæðinu.

SNJÖLL TILÞRIF Ormarr Örlygsson var einbeittur á svip á æfingasvæðinu.

Leitar enn að Daisy

Smáhundur söngkonunnar Jessicu Simpson hvarf af heimili hennar fyrir mánuði. Söngkonan sagðist hafa séð til sléttuúlfa í nágrenni við heimili sitt og óttast hún að hundurinn Daisy hafi lent í kjafti þeirra. Söngkonan hefur þrátt fyrir þetta ekki gefið upp alla von um að finna Daisy á lífi og hefur meðal annars leitað aðstoðar fyrirtækis sem sérhæfir sig í að finna týnd gæludýr.

„Ég held enn í vonina, þrátt fyrir hálfvitana sem segja mér að það sé heimskulegt. Daisy er barnið mitt af hverju ætti ég að hætta að leita. Ég er móðir," skrifaði söngkonan á Twitter-síðunni sinni fyrir skemmstu.

JESSICA SIMPSON Söngkonan kunna leitar örvæntingarfull að hundi sínum.

Hvernig væri lífið án mannanna?

Sláandi hugvekja um hvað veröldin græddi á að losna við okkur. Höfundurinn, Alan Weisman, leiðir lesandann um heiminn í nútíð og framtíð á áhrifamikinn hátt og afhjúpar um leið hvaða mark við höfum sett á umhverfi okkar.

Mun vera okkar á jörðinni nokkru skipta?

Eða eru mistök mannfólksins óafturkræf?

JPV ÚTGÁFA
www.forlagid.is

„*Mannlaus veröld* bregður upp myndum og spurningum. Forvitnilegum, aðkallandi og fræðandi."
Andri Snær Magnason, úr formála

Ekki enn farnir að plana útgáfu eða útrás

„Við kynntumst í Borgarholtsskóla í fyrra á fyrsta ári á listnámsbraut og komumst fljótlega að því að við vorum með nákvæmlega sama tónlistarsmekk. Hljómsveitin var svo stofnuð stuttu eftir það, í október í fyrra," segir Guðlaugur Halldór Einarsson, sem skipar raftónlistarsveitina Captain Fufanu ásamt Hrafnkeli Flóka Einarssyni.

Drengirnir leika svokallaða „deep house"-tónlist, sem á rætur að rekja til teknó-tónlistarstefnunnar. Þeir hafa að eigin sögn verið mjög iðnir við spilamennskuna undanfarið og tóku meðal annars þátt í Músíktilraunum nú í ár og munu einnig leika á Airwaves-tónlistarhátíðinni í haust. „Það er mjög spennandi að vera svona ungur og fá að taka þátt í hátíð eins og Airwaves. Þetta er frábært tækifæri fyrir okkur að kynna tónlistina og reyna að koma okkur áfram," segir Guðlaugur Halldór.

Hljómsveitarmeðlimirnir eru báðir ungir að árum, aðeins sautján ára gamlir. Guðlaugur segir að það hafi verið skrítin tilfinning að fá að leika á skemmtistað í fyrsta sinn en nú séu þeir orðnir því vanir. Aðspurður segir hann að framtíðin sé enn óráðin, „Eins og er erum við bara að vinna að tónlistinni okkar, við erum ekki enn farnir að plana útgáfur eða útrás." - sm

CAPTAIN FUFANU Guðlaugur Halldór og Hrafnkell Flóki skipa danstónlistarsveitina Captain Fufanu. FRÉTTABLAÐIÐ/ANTON

Björk fílar Micachu

Á heimasíðu Bjarkar Guðmundsdóttur var nýverið tekið upp á þeirri nýbreytni að sýna nýtt myndband með annarri tónlistarkonu. Sú er Lundúnamærin Mica Levi sem kallar sig Micachu og hefur verið að gera það gott með hljómsveit sinni, The Shapes, og plötunni Jewellery sem kom út í mars. Björk hefur þegar farið fögrum orðum um Micachu í fjölmiðlum. Hún hefur meðal annars sagt að hún fíli það hvernig Micachu nálgast hlutina með „gerðu það sjálf“-viðhorfi pönksins.

Micachu & The Shapes er ein þeirra erlendu sveita sem leika á Iceland Airwaves í október. Á Bjarkarsíðunni er ýjað að því að umfjöllunin tengist þeirri heimsókn. Má kannski búast við samstarfi Bjarkar og Micachu? Af Björk er það annars að frétta að hún vinnur nú að nýrri plötu, meðal annars úti í Púertó Ríkó. Alls óljóst er hvenær þessi plata kemur í plötubúðirnar. - drg

KOMA Á AIRWAVES Micachu & The Shapes.

Europe með sína níundu plötu

Níunda plata sænsku eitís-rokkaranna í Europe, Last Look at Eden, kemur út á mánudaginn.

Europe sló í gegn með laginu The Final Countdown árið 1986 en hætti störfum 1992 eftir tíu ára sigurgöngu og tuttugu milljóna plötusölu. Hún sneri síðan aftur á sjónarsviðið fyrir sex árum, enn með söngvarann Joey Tempest í fararbroddi. Hann er orðinn 46 ára og býr í London með breskri eiginkonu sinni og ungum syni. „Við höfum gengið í gegnum ýmislegt. Okkur dreymdi frá upphafi um að spila rokk og ról úti um allan heim og núna erum við enn þá að gera það,“ sagði Tempest í viðtali við BBC. „Við erum svipaðir náungar og þegar við vorum unglingar. Það er frábær tilfinning.“ Hann segist ekkert skammast sín fyrir hártískuna á níunda áratugnum. „Við vorum mjög ungir og vorum eitt stærsta bandið á MTV. Eiginlega langaði mig bara að líta út eins og Robert Plant.“

Tempest samdi píanóstefið við The Final Countdown þegar hann var í menntaskóla. Hann fékk lánað hljómborð hjá eina stráknum í skólanum sem átti slíkt hljóðfæri og fór með það heim. „Ég prófaði nokkra hljóma og samdi síðan þetta stef. Mér fannst það mjög sérstakt og geymdi það í skúffunni minni, allt þar til við gáfum út þriðju plötuna okkar mörgum árum seinna,“ sagði hann. Viðtökurnar voru rosalegar og lagið er vafalítið eitt það vinsælasta sem kom út á níunda áratugnum.

JOEY TEMPEST Sænsku rokkararnir í Europe eru mættir aftur með sína níundu plötu í farteskinu.
NORDICPHOTOS/GETTY

KLEERUP Sænski plötusnúðurinn spilar á tónleikaröðinni Réttum sem hefst á næstunni.

Glaumgosi í Réttum

Sænski plötusnúðurinn Kleerup spilar á tónleikaröðinni Réttum sem verður haldin í Reykjavík 23. til 26. september. Kleerup er rísandi stjarna í heimalandi sínu og jafnframt þekktur fyrir kynni sín af fjölda fyrirsæta og fegurðardísa. Núna á hann von á barni með sænska plötusnúðnum Sonju Berggren. Lag hans With Every Heartbeat sem var sungið af Robyn komst í toppsæti breska vinsældalistans. Hann hefur einnig unnið með Cyndi Lauper og Lykke Li á ferli sínum. Kleerup er einnig þekktur sem meðlimur hljómsveitarinnar The Meat Boys.

SYSTUR Lindsay og Ali Lohan djamma saman.
NORDICPHOTOS/GETTY

Lohan slæm fyrirmynd

Í nýjasta hefti tímaritsins Life & Style er greint frá því að Lindsay Lohan sé furðu dugleg að bjóða yngri systur sinni með sér út á lífið. Það væri ekki í frásögur færandi nema fyrir þær sakir að systir Lindsay, fyrirsætan Ali Lohan, er aðeins fimmtán ára gömul.

Systurnar eyða miklum tíma í félagsskap hvor annarrar og nú er það orðið svo að Lindsay er farin að bjóða Ali með sér á skemmtistaði í Los Angeles. „Lindsay virtist ekki vera að passa mikið upp á Ali. Hún kom fram við hana eins og hún væri ein af vinkonum hennar. Þær reyktu eins og strompar og dönsuðu langt fram eftir,“ var haft eftir gesti skemmtistaðarins Crown Bar í Los Angeles. Þegar faðir stúlknanna var spurður út í þetta svaraði hann því að hann væri ánægður með það að systurnar væru svo nánar.



ROBBIE WILLIAMS Syngur opinberlega í fyrsta skipti í þrjú ár í Bretlandi.

Robbie snýr aftur í X-Factor

Robbie Williams snýr aftur í sviðsljósið í næsta mánuði þegar hann treður upp sem gestur í X-Factor þættinum breska. Þetta verður í fyrsta sinn síðan 2006 sem Robbie syngur opinberlega í Bretlandi. Robbie mun syngja glænýtt lag, Bodies. Áttunda sólóplata hans er svo væntanleg í nóvember og heitir Reality Killed the Video Star. Platan er unnin af Trevor Horn og titillinn er tilvitnun í lagið Video Killed the Radio Star, sem Trevor flutti með hljómsveit sinni The Buggles árið 1979.

ANNA KRISTJÁNSDÓTTIR Formaður Trans Íslands tekur þátt í málþinginu á morgun. FRÉTTABLAÐIÐ/STEFÁN

Kyngervi og sjálfsmynd

Bandaríski leikstjórinn Kimberly Reed tekur þátt í málþingi í kjölfar sýningar á mynd sinni Efnispiltar í Norræna húsinu á morgun. Myndin fjallar á einstakan hátt um kyngervi og sjálfsmynd og hefur hvarvetna vakið mikla athygli. Kemur upp úr kafinu að ættleiddur bróðir Kimberly er barnabarn Orsons Welles og Ritu Hayworth. Myndin er sýnd kl. 14 í tilefni af Alþjóðlegri kvikmyndahátíð. Sigursteinn Másson, formaður Geðhjálpar, og Anna Jonna Kristjánsdóttir, formaður Trans Íslands, taka þátt í málþinginu. Ítalska myndin Hádegisverður um miðjan ágúst verður einnig sýnd í Norræna húsinu á morgun og í beinu framhaldi verður í boði málsverður á Dill.

Auðvitað er fyndið að syngja með GusGus þegar maður er orðinn afi

Það er í nógu að snúast hjá Daníel Ágústi Haraldssyni. Hann varð faðir í annað sinn fyrir skemmstu en þarf að taka sér frí frá bleyjuskiptingum innan tíðar til að spila á tónleikum úti í heimi með teknóhljómsveitinni sinni, GusGus.

MEÐ MÖRG JÁRN Í ELDINUM Auk þess að syngja með nokkrum hljómsveitum er Daníel Ágúst orðinn faðir á ný. Hann segir mikið líf og fjör ríkja á heimilinu þessa dagana. FRÉTTABLAÐIÐ/STEFÁN

Hljómsveitin GusGus hefur verið starfrækt frá árinu 1995 og hefur síðan þá gengið í gegnum þó nokkrar breytingar. Sveitin, sem í upphafi var tólf manna fjöllistahópur, er nú skipuð þeim Daníel Ágústi Haraldssyni, Birgi Þórarinssyni og Stephan Stephensen, en Daníel Ágúst gekk aftur til liðs við hljómsveitina í lok ársins 2007 eftir brotthvarf söngkonunnar Urðar Hákonardóttur. Auk þess að hafa gengið til liðs á ný við GusGus sinnir Daníel Ágúst öðrum tónlistarverkefnum ásamt því að vera nýbakaður faðir.

Aðspurður segir Daníel Ágúst að það hafi verið mjög auðveld ákvörðun að ganga aftur til liðs við hljómsveitina og að hann hafi í raun aldrei alveg hætt. „Ég hef alltaf átt lög á plötum GusGus eftir að ég hætti og því var þetta mjög eðlileg ákvörðun. GusGus er fyrirbæri líkt og einfrumungur sem breytist og mótast á ófyrirsjáanlegan hátt þannig að maður er stanslaust að upplifa eitthvað nýtt og fær því aldrei nóg," segir söngvarinn. Hljómsveitin tók upp sína sjöttu breiðskífu, sem ber nafnið 24/7, í Tankinum við Flateyri í vetur. Platan, sem þykir nokkuð rólegri en fyrri plötur hljómsveitarinnar, hefur hlotið góða dóma gagnrýnenda. „Ég held að það megi alveg kalla þetta rólegra partí, en tónlistin er á ágætum hraða fyrir mig því ég er orðinn svo gamall," segir Daníel Ágúst brosandi.

Erfitt að fara frá fjölskyldunni

Fyrir gerð plötunnar ákváðu hljómsveitarmeðlimir að breyta ímynd sinni með aðstoð hárdoktorsins Jóns Atla Helgasonar og segir Daníel Ágúst að útlitsbreytingin hafi komið í kjölfar mannabreytinganna innan sveitarinnar. „Eftir að við ákváðum að vera bara þrír strákar í strákabandi ákváðum við að hafa snyrtimennskuna í fyrirrúmi og vera svolítið strákslegir þrátt fyrir að vera komnir á miðjan aldur og fengum Jón Atla til að aðstoða okkur við þá umbreytingu," útskýrir hann.

GusGus mun fylgja nýrri plötu eftir með ströngu tónleikahaldi og segist Daníel Ágúst bæði kvíða fyrir ferðalaginu og hlakka til. „Þetta verður þriggja vikna ferðalag og sextán tónleikar þannig að þetta verður mikið álag bæði á sál og líkama. Það verður líka erfitt að vera frá fjölskyldunni í þennan tíma, en ég treysti á félagana til að gera þetta skemmtilegt," segir Daníel Ágúst, sem eignaðist sitt annað barn hinn 11. september síðastliðinn með sambýliskonu sinni, listakonunni Kitty von Sometime. Fyrir á hann dóttur úr fyrra hjónabandi og á sú tveggja ára gamla dóttur. „Fæðingin gekk mjög vel og allir eru ánægðir og hamingjusamir. Eldri dóttir mín og barnabarn búa hjá okkur þannig að ég sem karlmaður er í miklum minnihluta á heimilinu." Aðspurður segir hann vissulega skrýtið að hugsa til þess að hann sé nú afi í teknóhljómsveit. „Það er fyndið að hugsa til þess að maður sé teknóafi, en fólk sem er komið yfir miðjan aldur hættir ekki að skapa fyrir það og tónlistin er það sem ég geri," segir Daníel Ágúst.

Tónlistin er eins og leikvöllur

Auk þess að starfa með GusGus er Daníel Ágúst að sinna sólóverkefnum og syngur einnig með hljómsveitunum Nýdönsk og Esju. Hann segist ekki eiga í vandræðum með að skipta svo ört á milli tónlistarstefna, heldur sé það orðið honum eðlislægt. „Tónlistin er eins og leikvöllur fyrir mér, maður hefur ekki gaman af því að hanga alltaf í sama leiktækinu. Það sem ég fæ til dæmis út úr því að spila með Nýdönsk er að þar syng ég á íslensku, sem er allt öðruvísi en að syngja á ensku eins og ég geri með Esju og GusGus," útskýrir Daníel Ágúst.

Þrátt fyrir að vera þaulvanur söngvari segist Daníel Ágúst enn finna fyrir örlitlum sviðsskrekk fyrir tónleikahald. „Ég kann vel við mig á sviðinu. Það sem gerist er að það eiga sér stað einhver hamskipti og maður hverfur algjörlega inn í tónlistina og það myndast orka sem verður aðeins til þegar maður er uppi á sviði. Það er eins og áhorfandinn taki þátt í því hvernig tónlistarflutningurinn þróast. En ég neita því ekki að ég fæ enn smá sviðsskjálfta fyrir tónleika," segir Daníel Ágúst að lokum.

Útgáfutónleikar GusGus fara fram laugardaginn 26. september næstkomandi í bakgarði verslunarinnar Nikita við Laugaveg 56. Aðgangur er ókeypis og hefjast tónleikarnir klukkan 21.00.

sara@frettabladid.is

Átök hjá Ryan

Ryan Seacrest, fíngerði kynnirinn í American Idol, varð fyrir óskemmtilegri reynslu á dögunum. Hann var að koma út af spítala í Kaliforníu þegar ókunnugur maður bað hann um eiginhandaráritun. Ryan varð við bóninni en þá færði maðurinn sig upp á skaftið og elti Ryan að bíl hans og var með skæting. Lífvörður Ryans gekk á milli og kom til slagsmála. Þegar fjaðurhnífur fannst á aðdáandanum æsta þótti ástæða til að kalla á lögguna sem mætti á svæðið og fjarlægði þann óða. Ryan var brugðið en hann verður örugglega búinn að jafna sig þegar American Idol hefst að nýju í janúar.

RYAN SEACREST

Sýning
Haukur Snorrason

Svavar Guðnason

Allir velkomnir

Listmunauppboð
mánudaginn 12. október
Erum að taka á móti verkum

LISTMUNASALA fold

Sýningin stendur til 4. október
Opið í Galleríi Fold á Rauðarárstíg, virka daga 10–18, laugardaga kl. 11–16 og sunnudaga kl. 14–16

Rauðarárstígur 14, sími 551 0400 · www.myndlist.is
Gallerí Fold · þekkt fyrir trausta þjónustu

HÖFUM OPNAÐ Á NÝJUM STAÐ..

Við höfum flutt Outlet, Vintage % One off verzlunina þar sem að kvenverzlun okkar var áður að Laugavegi 86-94.
Enn meira Úrval.

Allar vörur með 60-70 afslætti.

Andersen & Lauth
Reykjavík

Outlet, Vintage & One off

p.s. erum að undirbúa glæsilega opnun á herra og dömuverzlununum á nýjum stað að Laugavegi 7...
Látum þig vita eftir nokkra daga...

www.andersenlauth.com

60-70%

Pönksýning hefst í Kópavogi

Pétur Ólafsson og Aðalheiður Erlendsdóttir standa fyrir sýningunni Heilbrigð æska – pönkið og Kópavogurinn 1978-1983, sem hefst í dag.

PÖNK Í KÓPAVOGI Pétur og Aðalheiður standa fyrir pönksýningu sem verður opnuð í Kópavogi í dag. FRÉTTABLAÐIÐ/ANTON

„Lista- og menningarráð Kópavogs auglýsti eftir styrkjum í einhvers konar verkefni og þá datt okkur í hug að það væri skemmtileg sumarvinna að fókusera á pönktímabilið og Kópavog af því að Kópavogur er hinn raunverulegi fæðingarstaður pönksins á Íslandi," segir Pétur. Hann bætir við að vinnan hafi verið mjög skemmtileg. „Það er virkilega gaman að vinna við eitthvað sem maður hefur áhuga á."

Sýningin opnar klukkan 15 í Tónlistarsafni Íslands við Hábraut 2 og hálftíma síðar hefjast tónleikar á efri hæð hússins þar sem gamlar pönksveitir í bland við nýjar troða upp. Þar stíga á svið nokkrir meðlimir Fræbbblanna, Blóð og HFF. Að loknum tónleikunum verður gestum boðið að ganga niður í gömlu undirgöngin sem verða opnuð á ný í tilefni af sýningunni.

Pönkið og Kópavogurinn eru tengd sterkum böndum. Hljómsveitin Fræbbblarnir var stofnuð í MK veturinn 1978 með tónleikum á fyrstu Myrkramessu skólans. Pönkhljómsveitirnar Snillingarnir, Taugadeildin og Þeyr höfðu allar á að skipa meðlimum úr Kópavoginum en auk þess var starfræktur fjöldinn allur af hljómsveitum í bænum sem tróðu reglulega upp við margvísleg tilefni líkt og F-8, Dordinglar, Geðfró, Stífgrím og NAST.

Sýningin stendur yfir til áramóta og hvetur Pétur alla pönkara og áhugamenn um dægurmenningu til að láta sjá sig. freyr@frettabladid.is

Laugardagur, 19. september
Saturday, September 19th

Reykjavík International Film Festival Sep 17—27 2009

13:00	Dagdrykkja	• Hellubíó
	Amadeus	• Háskólabíó 3
14:00	Óður til kvikmyndanna: Málþing um kvikmyndagagnrýni	• Þjóðminjasafnið ATH! Breytt staðsetning
16:00	Móðirin	• Norræna húsið
	Max vandræðalegur	• Háskólabíó 1
	Ég drap mömmu	• Háskólabíó 2
	Mamma er hjá hárgreiðslumanninum	• Háskólabíó 4
16:00	Draugastelpan: myndin	• Norræna húsið
	Stormur	• Háskólabíó 4
	Tveir þræðir	• Háskólabíó 3
	Ískossinn	• Háskólabíó 1
	Ísland erfðagreint	• Háskólabíó 2
18:00	Ramirez	• Norræna húsið
	Aðdáendur kúrekasýningarinnar	• Hafnarhúsið
	Á vegum tvíkynhneigðra	• Hellubíó
	Allt á floti	• Háskólabíó 1
	Uppklapp	• Háskólabíó 3
	Lourdes	• Háskólabíó 4
	Persona non grata	• Háskólabíó 2
20:00	Móðir Jörð	• Norræna húsið
	Ófrægð	• Hafnarhúsið
	Dauður snjór	• Háskólabíó 1
	Vofan	• Háskólabíó 3
	Óumbúin rúm	• Háskólabíó 4
	Íslenskar stuttmyndir 2	• Háskólabíó 2
22:00	Hrátt	• Norræna húsið
	North	• Háskólabíó 1
	Slóvenska stúlkan	• Háskólabíó 3
	Lourdes	• Háskólabíó 4
	Er ég nægilega svartur, að þinu mati?	• Háskólabíó 2
22:20	Efnispiltar	• Hellubíó
00:00	Miðnæturbíó	• Háskólabíó 1

Óður til kvikmyndanna: Málþing um kvikmyndagagnrýni

Norðurlandafrumsýning á samnefndri heimildamynd. Kvikmyndagagnrýnandinn Gerald Peary veltir upp spurningum og hugleiðingum um kvikmyndagagnrýni á málþingi í **Þjóðminjasafninu** kl. 14:00. Á undan málþinginu verður sýnd heimildamyndin For The Love of Movies: The Story of American Film Criticism en þar ræðir Peary við kollega sína vestanhafs á borð við Roger Ebert og Kenneth Turan. Sýning myndarinnar hefst kl. 14:00 í **Þjóðminjasafninu** og málþingið strax á eftir kl. 15:00, í samstarfi við Blaðamannafélag Íslands. Ásgeir H. Ingólfsson, blaðamaður á Morgunblaðinu, stýrir málþinginu.

Iceland Express PÓSTURINN CENTER HOTELS

STÓRKOSTLEG ÆVINTÝRAMYND FYRIR ALLA FJÖLSKYLDUNA

ALGJÖR SVEPPI

OG LEITIN AÐ VILLA

HREYFIMYNDASMIÐJAN EHF. KYNNIR - ALGJÖR SVEPPI OG LEITIN AÐ VILLA - AÐALHLUTVERK SVERRIR ÞÓR SVERRISSON OG VILHELM ANTON JÓNSSON
ÖNNUR HLUTVERK GUÐJÓN DAVÍÐ KARLSSON - ILMUR KRISTJÁNSDÓTTIR - RAGNHILDUR STEINUNN JÓNSDÓTTIR - AUÐUNN BLÖNDAL OG EGILL ÓLAFSSON
TÓNLIST ARNAR HELGI AÐALSTEINSSON - KVIKMYNDATAKA JÓHANN MÁNI JÓHANNSSON OG ÆGIR J. GUÐMUNDSSON - FRAMKVÆMDARSTJÓRN GUNNHILDUR GUNNARSDÓTTIR
FÖRÐUN OG HÁR KRISTÍN HULDA HINRIKSDÓTTIR - LEIKMYND ÞÓRDÍS JÓHANNESDÓTTIR - HLJÓÐVINNSLA GUNNAR ÁRNASON - SÉRSTAKAR BRELLUR MIÐSTRÆTI EHF.
FRAMLEIÐENDUR BRAGI ÞÓR HINRIKSSON OG SVERRIR ÞÓR SVERRISSON - MEÐFRAMLEIÐENDUR ALFREÐ ÁSBERG ÁRNASON OG ÁRNI SAMÚELSSON
HANDRIT BRAGI ÞÓR HINRIKSSON OG SVERRIR ÞÓR SVERRISSON
LEIKSTJÓRN BRAGI ÞÓR HINRIKSSON

DOLBY DIGITAL SAMBÍÓIN

FRUMSÝND 25. SEPTEMBER

FORSALA HAFIN Á MIDI.IS OG Í MIÐASÖLUM SAMBÍÓANNA!

25.sept.		26-27.sept.	
	Keflavík kl. 6 - 8		Keflavík kl. 2 – 4 – 6 – 8
Álfabakki kl. 4 – 6 – 8 *(Digital)*	Selfoss kl. 6 - 8	Álfabakki kl. 2 – 4 – 6 – 8 *(Digital)*	Selfoss kl. 2 – 4 – 6 – 8
Kringlan kl. 4 – 6 – 8 *(Digital)*	Akranes kl. 6	Kringlan kl. 2 – 4 – 6 – 8 *(Digital)*	Akranes kl. 4
Akureyri kl. 6 - 8	Ísafjörður kl. 6	Akureyri kl. 2 – 4 – 6 – 8	Ísafjörður Sunnudag kl. 2 - 4 - 8

TRYGGÐU ÞÉR MIÐA Í TÍMA

VERTU AÐDÁANDI SVEPPA Á FACEBOOK
http://www.facebook.com/ALGJORSVEPPI

midi.is

SAMbio.is SAMBÍÓIN

DOLBY

> Katrín var fyrirliði í þrítugasta sinn

Katrín Jónsdóttir, fyrirliði kvennalandsliðsins, spilaði ekki bara sinn 90. landsleik í 12-0 stórsigri á Eistlendingum í fyrrakvöld heldur bar hún einnig fyrirliðabandið í þrítugasta sinn. Katrín tók við fyrirliðabandinu af Ásthildi Helgadóttur, sem er enn sá leikmaður kvennalandsliðsins sem hefur oftast borið fyrirliðabandið. Ásthildur var fyrirliði landsliðsins í 34 af 69 landsleikjum sínum.
Katrín hefur hins vegar verið fyrirliði landsliðsins í 24 leikjum í röð, sem er met, en Vanda Sigurgeirsdóttir átti gamla metið þegar hún var fyrirliði kvennalandsliðsins í 19 leikjum í röð frá 1992 til 1996.

sport

sport@frettabladid.is

BRYNDÍS GUÐMUNDSDÓTTIR LANDSLIÐSKONA Í KÖRFU: ER Á HEIMLEIÐ EFTIR STUTTA DVÖL Í BELGÍU

Ég var ekki tilbúin og vildi ekki pína mig lengur

Landsliðskonan Bryndís Guðmundsdóttir fór út til Belgíu í haust til að spila með liði Charleroi en hefur nú ákveðið að snúa aftur heim og spila með Keflavík í vetur.

„Eftir að móðir mín lést í desember á síðasta ári hef ég átt mjög erfitt, ég hélt ég væri tilbúin að takast á við þetta verkefni og fara út og spila körfubolta en raunin var bara sú að ég var ekki tilbúin," segir Bryndís hreinskilin og bætir við: „Ég var hugsa á hverjum degi hvað mig langaði að vera heima. Ég hringdi í pabba á hverjum degi og oftar en einu sinni á dag. Í hvert sinn sem ég skellti á fór ég að gráta því mig langaði svo heim. Ég vildi ekki vera að pína mig lengur," segir Bryndís, sem er aðeins 21 árs gömul. Hún er systir knattspyrnumannsins Haraldar Guðmundssonar. Bryndís spilaði ekki nema einn leik með liðinu en hún meiddist á ökkla á síðustu æfingu fyrir leik tvö. Hún segir liðið ekki hafa verið jafn sterkt og í fyrra. „Kaninn sem er hjá þeim er ekki nægilega góður en stelpurnar í liðinu eru frábærar og mjög skemmtilegar," segir Bryndís en borgin Charleroi í frönskumælandi hluta Belgíu.

„Körfuboltinn í Belgíu er ekkert mikið öðruvísi nema að það er spilaður aðeins hraðari bolti hér og dómararnir flauta mun minna en heima," segir Bryndís.

Belgarnir tóku ekki allt of vel í að missa íslensku landsliðskonuna og umboðsmaðurinn hennar hefur heldur ekki verið að standa sig. Hún hafði smá áhyggjur af því að fá ekki leikheimildina aftur til Íslands en segist fá góða hjálp við að leysa það, þar á meðal frá þjálfara Keflavíkur, Jóni Halldóri Eðvaldssyni. „Jonni er minn maður og hann er alveg með þetta," segir Bryndís.

Bryndís ætlar að spila með Keflavík í vetur og hjálpa til við að brúa kynslóðabilið hjá félaginu. „Það kom aldrei annað til greina en að fara aftur í Keflavík því það er mitt lið. Þetta verður mjög spennandi í vetur. Við erum að fá mikið af yngri leikmönnum inn í liðið sem eru ekkert nema frábærir leikmenn. Stefnan er sett á að berjast um toppsætið, er það ekki alltaf þannig?" segir Bryndís.

BJARTSÝNN Steven Gerrard lætur ekki slæma byrjun Liverpool draga sig niður. FRÉTTABLAÐIÐ/GETTY

Steven Gerrard hjá Liverpool:

Afríkukeppnin hjálpar okkur

FÓTBOLTI Steven Gerrard, fyrirliði Liverpool, trúir því að Afríkukeppni landsliða muni hjálpa Liverpool til að vinna enska titilinn í fyrsta sinn í 20 ár.

Liverpool er með enga afríska leikmenn innan sinna raða en Chelsea, Manchester City og Arsenal munu öll missa lykilmenn í að minnsta kosti þrjár vikur í upphafi næsta árs. Afríkukeppnin fer fram 10. til 31. janúar 2010.

„Öll lið munu lenda í lægðum á löngu tímabili og sum lið munu missa mikilvæga hlekki á meðan Afríkukeppninni stendur. Chelsea, Tottenham og Manchester City hafa öll byrjað tímabilið vel en við eigum eftir að spila marga leiki til viðbótar áður en við sjáum hvaða lið koma til með að berjast um titilinn," sagði Gerrard. - óój

Formsatriði að skrifa undir

Allt útlit er fyrir að Ólafur Jóhannesson verði áfram landsliðsþjálfari karla í knattspyrnu. Geir Þorsteinsson, formaður KSÍ, er í engum vafa um að landsliðið sé á réttri braut undir stjórn Ólafs og hann horfir björtum augum á framhaldið.

FÓTBOLTI Geir Þorsteinsson, formaður Knattspyrnusambands Íslands, segir aðeins formsatriði að ganga frá nýjum samningi sambandsins við Ólaf Jóhannesson, landsliðsþjálfara. Sjálfur hefur Ólafur mikinn hug á að halda áfram en undir hans stjórn varð liðið í neðsta sæti síns riðils í undankeppni HM 2010.

„Ég er ekki í nokkrum vafa um að liðið sé á réttri leið undir stjórn Ólafs," sagði Geir. „Það eru margir ungir leikmenn að stíga fram á sjónarsviðið og þá fannst mér einnig jákvætt að Eiður Smári Guðjohnsen lýsti því yfir fyrir stuttu að hann ætli að halda áfram að spila með landsliðinu. Það skiptir miklu máli."

Ólafur hefur stýrt landsliðinu í um 20 leikjum og segir stefnuna hafa verið markaða strax í upphafi. „Við höfum lagt áherslu á að notast alltaf við sömu leikaðferð með ákveðnum áherslubreytingum þó. Ég viðurkenni að þetta hefur allt tekið sinn tíma en síðustu leikir hafa verið betri. Í þeim þorðum við að halda boltanum meira innan liðsins og tel ég það nauðsynlegt til að ná lengra á þessum vettvangi. Ef við gerum það ekki stöndum við alltaf í stað."

Ólafur hefur notast við marga leikmenn á þessum tveimur árum og var það með ráðum gert. „Í dag tel ég mig vita nánast allt það sem ég vil og þarf að vita um þá leikmenn sem koma til greina í landsliðið. Auðvitað koma alltaf nýir leikmenn fram á sjónarsviðið og það er enginn útilokaður frá landsliðinu. En við vitum mikið um leikmennina í dag," sagði Ólafur. „Ég er því ekki viss um að það verði miklar breytingar á landsliðinu á næstunni og lítið um tilraunastarfsemi með leikmenn."

HELDUR ÁFRAM Allar líkur eru á að Ólafur Jóhannesson verði áfram þjálfari A-landsliðs karla. FRÉTTABLAÐIÐ/ANTON

Þátttöku Íslands í undankeppni HM 2010 er lokið en framundan eru tveir vináttulandsleikir. Ísland mætir Suður-Afríku á Laugardalsvelli þann 13. október næstkomandi og svo Lúxemborg ytra þann 14. nóvember.

Dregið verður svo í riðla í undankeppni EM 2012 í byrjun febrúar á næsta ári. eirikur@frettabladid.is

FAGNIÐ Emmanuel Adebayor eftir markið sitt á móti Arsenal. NORDICPHOTOS/GETTY

Fagn Emmanuel Adebayor:

City mun berjast gegn banni

FÓTBOLTI Manchester City ætlar að berjast á móti því að Emmanuel Adebayor fái leikbann hjá enska knattspyrnusambandinu, fyrir að hlaupa allan völlinn til þess að fagna fyrir framan stuðningsmenn Arsenal þegar hann skoraði á móti sínu gamla félagi um síðustu helgi.

„Við fáum tíma til að koma fram með okkar hlið á málinu," sagði Mark Hughes, stjóri Manchester City og bætti við: „Hann yfirgaf aldrei völlinn og lagðist bara á hnén. Þetta voru venjuleg fagnaðarlæti og það er ekki góð þróun ef að menn ætla að taka tilfinningarnar úr fótboltanum," sagði Hughes.

„Kringumstæðurnar og það sem Ade mátti þola fyrir leikinn var honum mjög erfitt og átti sinn þátt í að hann réð ekki við tilfinningar sínar," sagði Hughes. City áfrýjaði ekki þegar Adebayor var dæmdur í þriggja leikja bann fyrir að traðka á andliti Robin van Persie. - óój

Mónakó og Nice mætast í alvöru í grannaslag:

Hundraðasti leikur Mónakó og Nice

FÓTBOLTI Landsliðsframherjinn Eiður Smári Guðjohnsen fær kjörið tækifæri til þess að vinna hug og hjörtu stuðningsmanna Mónakó þegar liðið mætir Nice í grannaslag á frönsku Rivíerunni í dag en leikurinn er sýndur í beinni útsendingu á Stöð 2 Sport og hefst kl. 17.

Leikurinn fer fram á heimavelli Nice, Stade du Ray-leikvanginum, en tilefnið er sér í lagi sögulegt að þessu sinni þar sem þetta verður í hundraðasta skipti sem félögin mætast, ef allar keppnir eru taldar til. Mónakó hefur haft yfirhöndina til þessa og unnið 40 af 99 leikjum á móti 29 sigurleikjum hjá Nice.

Þegar liðin mættust í deildarkeppninni fyrra unnust báðir leikirnir á útivelli og vonast Mónakó-menn væntanlega eftir því að það mynstur haldi áfram.

Mónakó hefur farið betur af stað á þessu tímabili en Nice og er fyrir leiki helgarinnar í sjöunda sæti eftir þrjá sigurleiki og tvo tapleiki á meðan Nice er í þriðja neðsta sæti deildarinnar eftir einn sigur og fjögur töp eftir fimm umferðir.

Eiður Smári náði ekki að sýna sitt rétta andlit í fyrsta leik sínum fyrir Mónakó í 2-0 sigurleik gegn Paris St. Germain um síðustu helgi og kvaðst í viðtölum í leikslok þurfa smá tíma til þess að aðlagast nýjum liðsfélögum og frönsku deildinni.

„Ég er ánægður af því að liðið vann. Ég á enn eftir að venjast öllu og læra inn á samherjana, leikkerfið og allt sem tengist þessu. Ég er viss um að hinn sanni Guðjohnsen kemur í ljós á næstu vikum. Það er samt ekki mikilvægt hvernig ég spila heldur skiptir öllu hvernig liðið spilar," sagði Eiður Smári í viðtali sem birtist á opinberri heimasíðu Mónakófélagsins. - óþ, óój

EIÐUR SMÁRI Verður í eldlínunni með Mónakó í dag. MYND/WWW.ASM-FC.COM

ÓLAFUR STEFÁNSSON Skoraði þrjú mörk í gær. NORDIC PHOTOS/BONGARTS

Rhein-Neckar Löwen tapaði:

Íslenski krafturinn dugði ekki

HANDBOLTI Íslendingaliðið Rhein-Neckar Löwen tapaði í gær fyrir Hamburg á heimavelli, 34-30, í þýsku úrvalsdeildinni í gær.

Lið Rhein-Neckar Löwen er skipað þremur fastamönnum úr íslenska landsliðinu en þeir, frekar en liðsfélagar sínar, náðu ekki að fylgja eftir góðri byrjun liðsins í leiknum. Löwen var með yfirhöndina í hálfleik, 16-15, en gestirnir sneru leiknum á sitt band strax í upphafi síðari hálfleiksins.

Ólafur Stefánsson skoraði þrjú mörk fyrir Löwen og þeir Snorri Steinn Guðjónsson og Guðjón Valur Sigurðsson tvö hvor. - esá

BT VERÐHRUN Á FARTÖLVUM AÐEINS ÞESSA HELGI

BT HEFUR OPNAÐ VERSLUN Í ORMSSON SMÁRALIND

BENQ G2410 HD

24" WIDESCREEN SKJÁR

24''LCD 16:9,
1920X1080
Full HD 1080P
40.000:1 DCR,
2ms, 300nits,
DVI/VGA,
Glossy svartur

12.000 KR VERÐLÆKKUN

37.999 (49.999)

ACER ASPIRE TIMELINE 5810

ALLT AÐ 8 TÍMA RAFHLÖÐUENDING

Skjár: 15,6" WXGA (1366x768) high brigtness
Örgjörvi: Intel Pentium Processor SU2700
Skjástýring: Intel GMA 4500MHD
Vinnsluminni: 3 GB DDR2-667 SDRAM
Harður diskur: 320 GB SATA 5400rpm
Minniskortalesari 5 in 1
Innbyggð vefmyndavél

20.000 KR VERÐLÆKKUN

AÐEINS 15 STK

119.999 (139.999 / 149.999)

BT LÁN 7,7% Til allt að 24 mánaða

ZANUSSI ÞVOTTAVÉLAR

AÐEINS FÁANLEG Í BT Í SKEIFUNNI

NÝTT Í BT

ZWG-3105	ZWG-6125
6KG	7KG
1000 SNÚNINGA	1200 SNÚNINGA
79.999	89.999

ACER ONE 751

ALLT AÐ 9 TÍMA RAFHLÖÐUENDING

A0751H-1192

11.6" HD LED CineCrystal 16:9 skjár með 1366x768 upplausn
Intel Atom Z520 1.33GHz örgjörvi
1GB DDR2 667MHz vinnsluminni
160GB SATA 5400RPM
256MB Intel GMA 500 DX10 skjástýring
6-Cell LI-ion 5200mAh rafhlaða með allt að 9 tíma endingu
Innbyggð 0.3MP Crystal Eye vefmyndavél og MIC

15.000 KR VERÐLÆKKUN

AÐEINS 10 STK

69.999 (84.999)

BT LÁN 7,7% Til allt að 24 mánaða

MINI NINJAS

PC, PS3, XBOX 360, NDS, WII

Svakalegur hasarleikur frá höfundum Hitman leikjanna. Þetta er einstakt Ninja ævintýri þar sem leikmenn fara í hlutverk minnstu Ninju í heimi, Hiro. Hér er blandað saman hasar, slagsmálum og fleira fjöri.

91 af 100 – GamingTrend
80 af 100 – Total Video Games

10.999 PS3

SAMSUNG 37" LCD

MEÐ HÁSKERPU SJÓNVARPSMÓTTAKARA

Upplausn: 1366 x 768
· Stafrænn sjónvarpsmóttakari
· 10-bita litvinnslubúnaður
· Svartími: 8 ms
· Contrast: 30.000:1 (dynamic)
· Birta: 500 cd/m2
· Sjónsvið: 175°/175°
· Mynd-í-mynd (1 tuner)
· Tvö HDMI tengi tryggja einfalda tengingu við nýjustu tæki
· Tengingar: HDMI x 3, Component, SCART x 2, PC (VGA D-sub), AV, S-Video,

199.999 (219.999)

BT LÁN 7,7% Til allt að 24 mánaða

NEED FOR SPEED SHIFT

PC, PS3, PSP, XBOX 360

Nýjasti leikurinn í metsöluseríunni Need for Speed. Hér er áherslan lögð á raunverulega spilun, en leikurinn inniheldur alla helstu kappaksturs- og sportbíla heimsins sem leikmenn geta notað til að þeysast um fjölmargar brautir.

Dómar
90 af 100 – IGN.com
90 af 100 – Official PlayStation Magazine

10.999 PS3

ROCK BAND BEATLES

FÁANLEGUR Á PS3, XBOX 360 OG WII

Nú geta leikmenn Rock Band seríunnar brugðið sér í hlutverk Bítlanna í nýjasta Rock Band leiknum eða Rock Band Beatles. Leikurinn inniheldur 45 af heitustu lögum Bítlanna og geta leikmenn spilað í gegnum sögu þeirra og komið þar við á þekktum tónleikastöðum. Hægt er að nota Rock Band eða Guitar Hero hljóðfæri við leikinn.
PS3, Xbox 360, Wii

10.999 Wii

CHAMPIONSHIP MANAGER 2010

Nýjasta útgáfan af hinum fornfræga CM leik, en leikurinn er loksins komin í fantaform, eftir nokkur mögur ár. Leikurinn skartar einhverri flottustu þrívíddarvél sem sést hefur í managerleik.

Dómar
90 af 100 – Totalvideogames.com
80 af 100 – Eurogamer.net
100 af 100 – Four Four Two

5.999 PC

BATMAN ARKHAM ASYLUM

FÁANLEGUR Á PS3 OG XBOX 360

Batman svalari en nokkru sinni fyrr í þessum hrikalega tölvuleik.

6.999 PC

BT LÁN 7,7% Til allt að 24 mánaða — ALLAR packard bell FARTÖLVUR — 20.000 KR VERÐLÆKKUN

BT LÁN 7,7% Til allt að 24 mánaða — ALLAR TOSHIBA FARTÖLVUR — 20.000 KR VERÐLÆKKUN

BT LÁN 7,7% Til allt að 24 mánaða — ALLAR ASUS FARTÖLVUR — 20.000 KR VERÐLÆKKUN

ACER 5536

AMD DUAL CORE X2 QL65, 2,1GHZ

AMD Dual Core x2 QL65, 2,1Ghz
3GB DDR2-667
15.6" WXGA (1366x768) Acer CineCrystal TFT LCD
512MB ATI HD3200 skjástýring
320GB SATA 5400rpm
DVD±RW Dual Layer Skrifari
True 5.1 Channel Surround
Gigabit Ethernet;
1.3MP vefmyndavél
windows vista home premium

20.000 KR VERÐLÆKKUN

99.999 (119.999)

BT LÁN 7,7% Til allt að 24 mánaða

LENOVO IDEAPAD U330

13,3" SKJÁR LED HD

Skjár: 13,3" LED
Örgjörvi: Intel T4200 2,0 Ghz
Vinnsluminni: 3 GB
Harður diskur: 320 GB SATA 5400rpm
Minniskortalesari
Innbyggð vefmyndavél

20stk á ótrúlegu verði

119.999 (129.999 / 149.999)

20.000 KR VERÐLÆKKUN

BT SKEIFAN - BT SMÁRALIND - BT AKUREYRI - www.BT.is - 550-4444

MARKI FAGNAÐ Margrét Lára Viðarsdóttir kann vel við sig á Laugardalsvellinum. FRÉTTABLAÐIÐ/VILHELM

Margrét Lára og landsliðið:

Þrenns konar fullkomnun

FÓTBOLTI Íslenska kvennalandsliðið hefur náð fullkomnum árangri undir stjórn Sigurðar Ragnars Eyjólfssonar á Laugardalsvellinum og á því varð engin breyting í fyrstu tveimur leikjum liðsins í undankeppni HM.

Það er þrennt sem leikirnir sjö undir stjórn Sigurðar Ragnars í Laugardal eiga sameiginlegt. Íslenska liðið hefur unnið leikina, íslenska vörnin hefur haldið marki sínu hreinu og markadrottningin Margrét Lára Viðarsdóttir hefur skorað og þá oftast fleiri en eitt mark.

Markatala íslenska liðsins í síðustu sjö leikjum á Laugardalsvellinum er 38-0.

Margrét Lára Viðarsdóttir skoraði samtals sjö mörk í sigurleikjunum á Serbíu (4) og Eistlandi (3) en hefur þar með skorað fimmtán mörk í þessum leikjum liðsins í Laugardalnum og hefur komist á blað í þeim öllum.

Hún hefur þar af skorað 13 mörk í síðustu fimm leikjum. Margrét Lára varð í leiknum á móti Serbíu fyrsti landsliðsmaður Íslands sem nær því að skora tuttugu mörk en hún hefur nú skorað 23 A-landsliðsmörk á Laugardalsvellinum. - óój

Meistarabarátta 1.deildar:

Selfoss nægir stig á móti ÍA

FÓTBOLTI Lokaumferð 1. deildar karla fer fram klukkan 14.00 í dag. Það er þegar ljóst að Selfoss og Haukar fara upp í Pepsi-deildina og að Afturelding og Víkingur Ólafsvík falla en það á enn eftir að krýna meistarana þótt allt bendi til þess að bikarinn fari á loft á Selfossi.

Selfyssingar eru með þriggja stiga forustu og miklu betri markatölu en Haukar eiga samt smá von. Selfoss fær ÍA í heimsókn og nægir stig til að tryggja sér sinn fyrsta meistaratitil í B-deild. Haukar þurfa hins vegar að vinna Þór stórt fyrir norðan og treysta á að ÍA vinni líka Selfoss stórt. - óój

Úrslit Íslandsmótsins í knattspyrnu sumarið 2009 gætu ráðist í 21. umferð Pepsi-deildar karla um helgina:

FH getur enn á ný tryggt titilinn heima

FÓTBOLTI FH-ingar geta orðið Íslandsmeistarar á morgun í fimmta sinn á sex árum þegar 21. umferð Pepsi-deildar karla fer fram. FH-liðið tekur þá á móti Val á sama tíma og KR-ingar fá Stjörnumenn í heimsókn en þetta eru einu liðin sem eiga möguleika á titlinum. FH-liðið verður meistari ef liðið vinnur sinn leik eða ef KR tapar stigum í sínum leik.

FH-ingar gætu því fagnað þrátt fyrir tap en þeir fá nú annað tækifærið á stuttum tíma til þess að tryggja sér Íslandsmeistaratitilinn á heimavelli. Leikmenn liðsins vilja væntanlega gera betur á heimavelli en upp á síðkastið og byggja ofan á 5-0 heimasigur á ÍBV í síðasta leik.

FJÓRTÁN MÖRK Á MÓTI VAL Tryggvi Guðmundsson hefur verið Valsmönnum erfiður. FRÉTTABLAÐIÐ/DANÍEL

FH-liðið hefur náð í 25 af síðustu 27 mögulegum stigum á útivelli en hefur hins vegar tapað tveimur af síðustu þremur heimaleikjum sínum. FH-liðið væri orðið meistari í dag ef annar þeirra hefði unnist en liðið tapaði 2-4 á móti KR og 0-3 á móti Grindavík áður en liðið vann ÍBV í síðasta heimaleik.

Mótherjar þeirra Valsmenn hafa aðeins náð í 6 stig af síðustu 30 mögulegum og steinlágu 5-0 á heimavelli í fyrri leik liðanna. FH vann líka báða leiki liðanna í fyrra með markatölunni 4-0. Valsmenn hafa örugglega sérstakar gætur á Tryggva Guðmundssyni í dag en hann hefur skorað 4 mörk í síðustu tveimur Valsleiknum og alls fjórtán mörk á móti þeim á ferli sínum í efstu deild.

Vinni FH titillinn kemst Hafnarfjarðarfélagið í hóp fjögurra annarra félaga sem hafa unnið fimm Íslandsmeistaratitla á sex árum. Hin eru Fram (1913-1918), KR (1926-31), Valur (1935-40 og 1940-45) og ÍA (1992-1996).

Aðrir leikir næstsíðustu umferðar eru ÍBV-Fylkir (í dag klukkan 14.00), Grindavík-Fram, Þróttur-Keflavík og Fjölnir-Breiðablik en allir leikir sunnudagsins hefjast klukkan 17.00. - óój

Haukar fá stúku en ræða samt við FH

Bæjarráð Hafnarfjarðar afgreiðir á næsta fimmtudag beiðni Hauka um að reisa áhorfendaaðstöðu fyrir 500 manns á Ásvöllum. Samt sem áður er óvíst hvort Haukar muni spila heimaleiki sína þar á næsta ári.

FÓTBOLTI Lúðvík Geirsson, bæjarstjóri Hafnarfjarðar, segir miklar líkur á því að meirihluti bæjarráðs muni samþykkja fyrir sitt leyti tillögur um flýtiframkvæmdir á aðstöðu fyrir áhorfendur á Ásvöllum, heimavelli Hauka í Hafnarfirði. Heimir Heimisson, varaformaður Hauka, segir það vilja félagsins að ráðist verði í framkvæmdirnar. Engu að síður muni félagið ræða við FH um að lið Hauka fái að spila heimaleiki sína á Kaplakrikavelli, heimavelli FH, næsta sumar í Pepsi-deildinni.

Ef bæjarráð Hafnarfjarðar samþykkir framkvæmdina á Ásvöllum og FH-ingar samþykkja einnig að leyfa Haukum að spila í Kaplakrika standa Haukum því tveir kostir til boða fyrir næsta sumar. Kostirnir eru að spila við lágmarksskilyrði á Ásvöllum eða í Kaplakrika þar sem nýbúið er að reisa glæsilega áhorfendastúku.

Heimir Heimisson segir óvíst hvor kosturinn verði valinn, standi þeir báðir til boða yfirleitt.

„Það væri óábyrgt af okkur að ræða ekki við FH-inga og skoða hvað okkur stendur til boða þar. En það er ljóst að farið verður í þær framkvæmdir að reisa áhorfendaaðstöðu á Ásvöllum hvort sem við spilum í Kaplakrika eða ekki.“

Framkvæmdirnar sem hér um ræðir er 500 manna óyfirbyggð stúka vestan megin við gervigrasvöllinn á Ásvöllum. Spurður hvort það væri mat Hauka að slík aðstaða væri ekki nógu góð fyrir félagið sagðist Heimir ekki vilja svara því.

„En við teljum Kaplakrika vera með betri aðstöðu,“ sagði Heimir. „Við fengum 700 manns á fjölmennustu leiki okkar í 1. deildinni og búumst við að fá fleiri í úrvalsdeildinni, sérstaklega þegar um stórleiki er að ræða.“

Fulltrúar frá Haukum eiga nú í viðræðum við FH-inga og er búist við því að niðurstaða fáist í þær viðræður á næstu dögum. Málið sé þó flókið. „Það er að mörgu að huga en við eigum von á niðurstöðu innan tveggja vikna.“

ÁSVELLIR EÐA KAPLAKRIKI? Haukar eiga nú í viðræðum við FH-inga um að fá að spila heimaleiki sína á Kaplakrikavelli. Þó stendur til að reisa áhorfendaaðstöðu á Ásvöllum. FRÉTTABLAÐIÐ/ANTON

Lúðvík Geirsson, bæjarstjóri, sagði bæjarráð Hafnarfjarðar hafa tekið jákvætt í að skoða þær framkvæmdir sem lagt er til að ráðist verði í á Ásvöllum. „Málið snýst um það núna hvaða ákvörðun Haukarnir ætla að taka sjálfir. Þeir eru að skoða sína valkosti.“

Framkvæmdirnar kosta tæplega 30 milljónir króna. „Okkar framlag yrði um 80 til 90 prósent en fjármögnun og fjármögnunarkostnaður yrði í höndum félagsins. Við horfum til þess að geta deilt út okkar framlagi á næstu þremur árum. Ég tel að þessi framkvæmd sé innan skynsamlegra marka og á frekar von á því að bærinn muni samþykkja þetta fyrir sitt leyti.“

Fyrir þremur árum voru áætlanir um að reisa stúku fyrir 1500 áhorfendur á Ásvöllum. Hætt var við þær þegar kreppan skall á í fyrra. „Það er ljóst að ekki verður farið í svo stórt verkefni miðað við núverandi aðstæður,“ sagði Lúðvík.

Mikillar óánægju gætir meðal margra stuðningsmanna FH sem ekki vilja að Haukar spili heimaleiki sína í Kaplakrika. „Ég er viss um að það séu líka margir stuðningsmenn Hauka sem eru ekki spenntir fyrir því að spila í Kaplakrika. En þessi félög hafa áður deilt með sér húsi og lít ég því ekki á að þetta sé vandamál,“ sagði Lúðvík.

Það er Hafnarfjarðarbær sem á mannvirkin á Kaplakrika að stærstum hluta en rekstur þeirra er í höndum FH.

Knattspyrnusamband Íslands hefur þegar lagt blessun sína yfir framkvæmdirnar á Ásvöllum. Það er því ljóst að ný áhorfendaaðstaða á Ásvöllum mun standast kröfur leyfiskerfis KSÍ og að Haukar fengju því leyfi til að spila sína heimaleiki á Ásvöllum næsta sumar. eirikur@frettabladid.is

Láttu sjá þig, frír prufutími.

1907 2007 100 ára

Taekwondo

Fullorðnir byrjendur: 12.500 kr. önnin
Mánud., þriðjud., fimmtud. kl 19:00 og laugard. kl. 10:30

Börn (8-12 ára): 8.500 kr. önnin
Þriðjud. kl 18:10 og fimmtud. kl 18:00

Æfingar fara fram í ÍR-heimilinu Skógarseli 12
Nánari uppl. í síma 823-4074 og 825-7267 eða á
www.irtaekwondo.net

United og City mætast í rosalegum Manchester-borgarslag á sunnudaginn:

Hatrömm barátta um borgina

FÓTBOLTI „Samkeppnin á milli United og City er vissulega að færast í aukana, sérstaklega eftir meteyðslu City-manna í sumar. Ég lít hins vegar alltaf á leikina við Liverpool sem aðal „derby-slagina“ fyrir okkur,“ segir knattspyrnustjórinn Sir Alex Ferguson hjá Manchester United fyrir grannaslaginn gegn Manchester City á sunnudag.

„Annars finnst mér City-menn vera orðnir heldur ánægðir með sig án þess að hafa unnið neitt og það sýndi sig sérstaklega í auglýsingaherferðinni í kringum Tevez í sumar. Miðað við eyðsluna hjá félaginu ætti félagið náttúrlega að vinna titilinn, en það er meira en að segja það. Þeir eiga eftir að komast að því,“ segir Ferguson.

TEVES Vonast til þess að verða klár í slaginn á sunnudag. NORDIC PHOTOS/AFP

Knattspyrnustjórinn Mark Hughes hjá City er vongóður fyrir leikinn gegn United þrátt fyrir að hann verði líklega án margra lykilmanna.

„Við hlökkum mjög til leiksins og það verður gott próf fyrir okkur að spila á Old Trafford. Það er því mikilvægt að við stöndum okkur og höldum áfram á sömu braut og í leiknum gegn Arsenal. Eins og staðan er er hins vegar bara einn framherji leikfær en við bindum vonir við að Tevez verði klár í leikinn,“ segir Hughes.

City er búið að vinna alla fjóra leiki sína til þessa í deildinni en Chelsea er á toppi deildarinnar fyrir leiki helgarinnar eftir að hafa unnið alla fimm leiki sína.

Chelsea mætir Tottenham í öðrum risastórum grannaslag á Brúnni á sunnudag. - óþ

LEIKIR HELGARINNAR

Laugardagur:	
Burnley-Sunderland	kl. 11.45
Arsenal-Wigan	kl. 14
Aston Villa-Portsmouth	kl. 14
Bolton-Stoke	kl. 14
Hull-Birmingham	kl. 14
West Ham-Liverpool	kl. 16.30
Sunnudagur:	
Man. United-Man. City	kl. 12.30
Wolves-Fulham	kl. 13
Everton-Blackburn	kl. 14
Chelsea-Tottenham	kl. 15

SPORT
besta sætið

EIÐUR SMÁRI
Í BEINNI Á STÖÐ 2 SPORT Í VETUR

LANGMARKAHÆSTI LANDSLIÐSMAÐUR ÍSLANDS FRÁ UPPHAFI
ENGLANDSMEISTARI MEÐ CHELSEA 2005 OG 2006
SKORAÐI 54 MÖRK FYRIR CHELSEA
SPÁNARMEISTARI MEÐ BARCELONA 2009
MEISTARADEILDARMEISTARI 2009
SKORAÐI 10 MÖRK FYRIR BARCELONA

HVAÐ GERIR EIÐUR SMÁRI Í FRAKKLANDI?

BARCLAYS PREMIER LEAGUE

Í DAG
NICE–MÓNAKÓ KL. 16:50

Á MORGUN
MAN.UTD.–MAN.CITY KL. 12:00
CHELSEA–TOTTENHAM KL. 14:30

Í DAG
ARSENAL–WIGAN KL. 13:50
WEST HAM–LIVERPOOL KL. 16:20

vodafone Iceland Express 1011 vörður

SPORT 2
enski boltinn

512 5100 | STOD2SPORT.IS | VERSLANIR VODAFONE | VERSLANIR OG ÞJÓNUSTUVER SÍMANS 800 7000

dagskrá
sunnudagur

> Amy Brenneman

„Þegar ég var yngri vildi ég náttúrulega alls ekki vera eins og móðir mín en í dag er ég stolt af því hvað ég líkist henni mikið."

Brenneman fer með hlutverk í kvikmyndinni The Jane Austen Book Club sem Stöð 2 Bíó sýnir í kvöld.

SUNNUDAGSKVÖLD

STÖÐ 2 KL. 19.35

Sjálfstætt fólk

Fyrsti gestur vetrarins í Sjálfstæðu fólki á níunda starfsári þáttarins er Helgi Björnsson, leikari og söngvari. Jón Ársæll fylgir honum út til Berlínar þar sem hann er að reisa úr öskustónni eitt elsta og virtasta leikhús borgarinnar sem búið var að leggja niður og átti að rífa. Jón á einnig stefnumót við Helga heima á Íslandi þar sem þeir fara m.a. á bak en Helgi er forfallinn hrossaræktarráðunautur.

▸ VIÐ MÆLUM MEÐ

Lífsaugað - NÝTT

Skjár einn kl. 20.20

Þórhallur Guðmundsson miðill stýrir skyggnilýsingum fyrir gesti sína í sal og sjónvarpsáhorfendur. Hann freistar þess að skyggnast inn í aðrar víddir og heima sem flestum okkar eru huldir. Síðan ræðir Guðrún Möller við gestina um frammistöðu miðilsins. Í Lífsauganu getur allt gerst og þú gætir meira að segja átt von á því að fá fréttir að handan.

SJÓNVARPIÐ

08.00 Morgunstundin okkar Friðþjófur forvitni, Lítil prinsessa, Þakbúarnir, Með afa í vasanum, Stjáni, Alvöru Dreki og Einu sinni var... Jörðin.

10.10 Formúla 3 Bein útsending.

10.55 Sterkasti fatlaði maður heims

11.30 Hún snýst nú samt (e)

12.30 Silfur Egils

13.50 Afsökunarbeiðni efnahagsböðuls ((e)

14.50 Charles Darwin og lífstréð (Charles Darwin and the Tree of Life) (e)

15.45 Popppunktur (e)

16.50 Áfangastaður Skjaldborg (e)

17.20 Táknmálsfréttir

17.30 Hryssan hans frænda

17.45 Skoppa og Skrítla (6:8) (e)

18.00 Stundin okkar (e)

18.30 Eyjólfur Jónsson sundkappi Eyjólfur Jónsson lögregluþjónn varð frægur fyrir sjósundsafrek sín og einn stofnenda knattspyrnufélagsins Þróttar.

19.00 Fréttir

19.30 Veðurfréttir

19.35 Fréttaaukinn

20.10 Flóttinn (Die Flucht) (1:2) Þýsk sjónvarpsmynd í tveimur hlutum. Saga fjölskyldu sem ákveður að flýja undan morðsveitum Rauða hersins.

21.45 Sunnudagsbíó - Sem á himnum (Så som i himmelen) Sænsk bíómynd frá 2004.

23.55 Silfur Egils (e)

01.15 Útvarpsfréttir í dagskrárlok

BBC entertainment

10.10 Jonathan Creek **11.00** Jonathan Creek **11.50** Dalziel and Pascoe **12.40** Dalziel and Pascoe **13.30** My Family **14.00** My Family **14.30** My Family **15.00** Lab Rats **15.30** Lab Rats **16.00** Lab Rats **16.30** Doctor Who **17.15** Doctor Who **18.00** Hotel Babylon **18.55** Jonathan Creek **19.55** No Heroics **20.20** The Catherine Tate Show **20.50** The Catherine Tate Show **21.20** The Catherine Tate Show **21.50** The Catherine Tate Show **22.20** Doctor Who **23.05** Doctor Who **23.50**

STÖÐ 2

07.00 Barnatími Stöðvar 2 Lalli, Þorlákur, Gulla og grænjaxlarnir og Boowa and Kwala.

07.35 Algjör Sveppi Harry and Toto, Kalli og Lóa, Svampur Sveinsson, Hvellur keppnisbíll, Áfram Diego, áfram!, Könnuðurinn og Dóra.

10.15 The Addams Family

12.20 Nágrannar

12.40 Nágrannar

13.00 Nágrannar

13.20 Nágrannar

13.45 Chuck (2:22)

14.30 Beauty and the Geek (8:10)

15.20 Monk (2:16)

16.05 How I Met Your Mother (15:20)

16.30 My Name Is Earl (16:22)

16.55 Oprah

17.40 60 mínútur

18.30 Fréttir Stöðvar 2

18.55 Íþróttir

19.02 Veður

19.10 Back To You (15:17) Gamanþáttur um sjálfumglaðan fréttalesara og skrautlegt samband hans við barnsmóður sína og fyrrverandi kærustu sem vinnur með honum. Kelsey Grammer fer með aðalhlutverkið.

19.35 Sjálfstætt fólk Jón Ársæll, tekur hús á áhugaverðu fólki.

20.10 Monk (13:16) Adrien Monk heldur áfram að aðstoða lögregluna við lausn undarlegra sakamála sem flest hver eru æði kómísk þótt glæpir séu auðvitað alltaf dauðans alvara.

20.55 Numbers (10:23) Tveir ólíkir bræður sameina krafta sína við rannsókn flókinna sakamála.

21.40 Lie to Me (13:13) Nýstárleg spennuþáttaröð um sérfræðinga sem með sálfræði, atferlisfræði og einstökum hæfileikum til að lesa úr andlitsdráttum, geta sagt til um það hvort fólk sé að segja satt eða ekki.

22.35 The 4400 (6:13)

23.20 NCIS (6:19)

00.05 60 mínútur

00.50 The Da Vinci Code

03.15 King's Ransom

04.50 Monk (13:16)

05.35 Fréttir

SPORT *besta sætið*

09.00 Nice - Mónakó Útsending frá leik í frönsku deildinni.

10.40 Floyd Mayweather Jr.-Marzuez Útsending frá bardaga Floyd Mayweather Jr. og Juan Manuel Marquez.

12.10 Barcelona - Atl. Madrid Útsending frá leik í spænska boltanum.

13.50 Standard Liege - Arsenal Útsending l í Meistaradeild Evrópu.

15.35 Meistaradeild Evrópu: Meistaramörk

16.15 Gillette World Sport

16.45 FH - Valur Bein útsending frá leik í Pepsí-deild karla í knattspyrnu.

19.15 Real Madrid - Xerez Útsending frá leik í spænska boltanum.

21.00 Pepsímörkin 2009

22.00 FH - Valur Útsending frá leik í Pepsí-deild karla í knattspyrnu.

23.50 Pepsímörkin 2009

SPORT 2 *enski boltinn*

08.05 Mörk dagsins

08.45 PL Classic Matches Tottenham - Chelsea, 1997.

09.15 PL Classic Matches Tottenham - Chelsea, 2001.

09.45 PL Classic Matches Chelsea - Tottenham, 2003.

10.15 PL Classic Matches Man. City - Man. United, 1993.

10.45 PL Classic Matches Man City - Man United, 2003.

11.15 Mörk dagsins

12.00 Man. Utd. - Man. City Bein útsending frá stórleik í ensku úrvalsdeildinni.

14.30 Chelsea - Tottenham Bein útsending frá leik í ensku úrvalsdeildinni. 13.55 Sport 3. Everton - Blackburn 12.55 Sport 4. Wolves - Fulham

17.00 Everton - Blackburn Frá leik í ensku úrvalsdeildinni.

18.45 Wolves - Fulham Útsending frá leik í ensku úrvalsdeildinni.

20.30 Man. Utd. - Man. City Frá leik í ensku úrvalsdeildinni.

22.15 Chelsea - Tottenham Frá leik í ensku úrvalsdeildinni.

EXTRA

11.15 The Doctors Spjallþættir framleiddir af Opruh Winfrey þar sem læknar veita gagnlegar upplýsingar um heilsufarsmál.

12.00 The Doctors

12.45 The Doctors

13.30 The Doctors

14.15 The Doctors

15.00 Oprah

15.45 Doctors (10:25) Læknar og hjúkrunarfólk á Riverside spítalanum eiga fullt í fangi með að sinna sjúklingum á milli þess sem greitt er úr flækjum í einkalífinu.

16.15 Doctors (11:25)

16.45 Doctors (12:25)

17.15 Doctors (13:25)

17.45 Doctors (14:25)

18.15 Seinfeld (2:24)

18.40 Seinfeld (3:24)

19.05 Seinfeld (3:5)

19.30 Seinfeld (4:5)

20.00 America's Got Talent (17:20) Leitin að sönnu hæfileikafólki er hafin á ný.

21.20 America's Got Talent (18:20)

21.45 Auddi og Sveppi Auddi og Sveppi eru mættir aftur.

22.15 ET Weekend A

23.05 Seinfeld (2:24)

23.30 Seinfeld (3:24)

23.55 Seinfeld (3:5)

00.20 Seinfeld (4:5)

00.45 The O.C. 2 (12:24)

01.30 Sjáðu

02.35 Tónlistarmyndbönd frá Nova TV

INN

18.00 Borgarlíf

18.30 Íslands safarí

19.00 Reykjavík – Ísafjörður

19.30 Björn Bjarna

20.00 Hrafnaþing

21.00 Birkir Jón

21.30 Maturinn og lífið

22.00 Hrafnaþing

23.00 Reykjavík – Ísafjörður

23.30 Græðlingur

00.00 Eldum íslenskt

SKJÁREINN

06.00 Pepsi MAX tónlist

12.50 World Cup of Pool 2008 (e)

13.40 Dynasty (53:88) (e)

14.30 Dynasty (54:88) (e)

15.20 Yes Dear (2:15) (e)

15.45 What I Like About You (e)

16.10 Style Her Famous (20:20) (e)

16.40 Design Star (8:9) (e)

17.30 She's Got The Look (2:6) Þáttaröð þar sem kvenleg fegurð fær að njóta sín. Í þessari fyrirsætukeppni fá lífsreyndar og þroskaðar konur að sýna sig og sanna en aldurstakmarkið er 35 ára (e)

18.20 Bachelorette (10:12) Bandarísk raunveruleikasería þar sem ung og einhleyp kona fær tækifæri til að finna draumaprinsinn. (e)

19.50 Fyndnar fjölskyldumyndir (1:12) Fjölskylduþáttur þar sem sýnd eru bæði innlend og erlend myndbrot sem kitla hláturtaugarnar. (e)

20.20 Lífsaugað - NÝTT (1:10) Þórhallur Guðmundsson miðill, stýrir skyggnilýsingum fyrir gesti sína í sal og sjónvarpsáhorfendur.

21.00 Law & Order. Special Victims Unit (2:19) Bandarísk sakamálasería um sérdeild lögreglunnar í New York.

21.50 Harper's Island (2:13) Ný og spennandi þáttaröð sem fær hárin til að rísa. Brúðkaupsgestirnir fara í leik, sem endar ekki vel fyrir alla. Trish hittir gamlan kærasta og Abby fær fréttir af því að John Wakefield, sem drap mömmu hennar, hafi sést aftur þrátt fyrir að hann hafi verið talinn af fyrir sjö árum.

22.40 Secret Diary Of A Call Girl (4:8) Ögrandi þáttaröð um unga konu sem lifir tvöföldu lífi. (e)

23.10 PA´s (2:6) (e)

00.10 Penn & Teller. Bullshit (e)

00.40 Penn & Teller. Bullshit (e)

01.10 Pepsi MAX tónlist

OMEGA

Dagskrá allan sólarhringinn.

BÍÓ

08.00 Lucky You

10.00 School for Scoundrels

12.00 Iron Giant

14.00 Lucky You

16.00 School for Scoundrels

18.00 The Adventures of Brer Rabbit

20.00 The Jane Austen Book Club Dramatísk mynd um vinkonur sem stofnalestrarhóp til að ræða skáldsögur Jane Austen.

22.00 Good Luck Chuck Rómantísk gamanmynd með Dane Cook og Jessicu Alba í aðalhlutverkum.

00.00 Behinde Enemy Lines. Axis of Evil

02.00 Darkness

04.00 Irréversible

06.00 Grilled

DR 1

11.05 Sugar Rush **11.30** Hjerteflimmer Classic **12.00** Gudstjeneste i DR Kirken **12.45** OBS **12.50** Blekingegadebanden **13.50** HåndboldSondag **15.30** Vores store verden **16.00** Dansk Folkepartis landsmode **16.30** TV Avisen med Sport og Vejret **17.00** OBS **17.05** Tæt på en dronning **18.00** Blekingegadebanden **19.00** 21 Sondag **19.40** SportNyt med SAS liga **20.05** Lewis **21.40** Napoleon **23.10** Seinfeld

NRK 1

11.15 Fröken Julie - 100 år i rampelyset **12.15** Krokodillene tek hemn **13.05** Andrea Bocelli - live i Toscana **14.00** Norsk attraksjon **14.30** De ukjente **15.30** Åpen himmel **16.00** Alba og Adam **16.30** Newton **17.00** Sondagsrevyen **17.45** Sportsrevyen **18.05** Elixir **18.35** Yellowstone - historier fra villmarka **19.25** Mysterier med George Gently **21.00** Kveldsnytt **21.20** Kva skjedde i Abu Ghraib? **22.40** Beat for beat **23.40** Svisj gull

SVT 1

11.00 X-Games **11.45** Skavlan **12.45** Ett stulet barn, ett stulet liv **13.40** Debatt **14.25** Här är ditt liv **15.55** Sportnytt **16.00** Rapport **16.10** Regionala nyheter **16.15** Cranford **17.10** Svenska komedienner **17.20** 1809 **17.30** Rapport **17.55** Regionala nyheter **18.00** Solens mat **18.30** Sportspegeln **19.15** Mannen under trappan **20.00** Vinna eller försvinna **20.30** Människans resa **21.00** Andra Avenyn **21.45** Skilda liv

Nýr matseðill
á Ruby Tuesday

17 nýir réttir
til að gæða sér á
Komdu í heimsókn

RubyTuesday
BRAGÐGÓÐ SKEMMTUN

Höfðabakka 9 & Skipholti 19 Sími 577-1300

PIPAR • SÍA • 91265

Hótelbókanir.is og Olís kynna með stolti

Raggi Bjarna 75 ÁRA

Afmælistónleikar

Afmæliskaffi í Laugardallshöllinni á þriðjudaginn kl. 16:00 - 18:00. Allir velkomnir.

Nýtt lag eftir Megas til heiðurs Ragga Bjarna frumflutt á tónleikunum af Megasi og Ragga Bjarna.

Næsta laugardag í Laugardalshöll

GLÆSILEGUSTU TÓNLEIKAR ÍSLANDSÖGUNNAR ERU EFTIR 7 DAGA. HVAR VERÐUR ÞÚ?

Sérstakir gestir: Börn og barnabörn Ragga Bjarna.

Heiðursgestir: Guðmundur Steingrímsson og Ólafur Gaukur úr KK sextettinum

BJÖRGVIN HALLDÓRSSON
GUÐRÚN GUNNARSDÓTTIR
STEFÁN HILMARSSON
MEGAS
DIDDÚ
MUGISON
PÁLL ÓSKAR
LADDI
BUFF
HEMMI GUNN
MAGNÚS ÓLAFSSON
ÓMAR RAGNARSSON
ÞORGEIR ÁSTVALDSSON
ÞURA

Afmælisstórsveit Ragga Bjarna • Reykjavík Session Orchestra undir stjórn Roland Hartwell

Kynnir: Þorgeir Ástvaldsson Tónlistarstjóri: Þórir Baldursson Sviðssetning og handrit: Björn G. Björnsson

HOTELBOKANIR.IS

olis

Miðasala á www.midi.is og í verslunum Skifunnar.

bravó! Góðar stundir

dagskr

> Jennifer Hudson

„Þegar ég syng þá vil ég að fólk finni að það hafi bæði merkingu og tilgang. Það sama á við þegar ég er að leika."

Hudson hlaut Óskarsverðlaun sem besta leikkona í aukahlutverki fyrir hlutverk sitt í kvikmyndinni Dreamgirls sem Stöð 2 Bíó sýnir í kvöld kl. 20.00.

VIÐ TÆKIÐ KOLBEINN ÓTTARSSON PROPPÉ HLUSTAR Á GÆÐADAGSKRÁ

Auðvitað er það Rás eitt eða ekki neitt

„Rás eitt eða ekki neitt" er slagorð sem dagskrárgerðarfólk á þeirri eðla stöð fann upp eitthvert sumarið. Líklega hefur því fundist að það þyrfti enn frekar að færa rök fyrir tilverugrundvelli stöðvarinnar, eða kannski greip slagorðavæðing samtímans það heljartökum. Kannski voru þau einfaldlega að gera grín að þeim frösum og slagorðum sem hljóma í síbylju í öðrum útvarpsstöðvum. Hver sem ástæðan var slógu þau færustu almannatengslum og ímyndasmiðum þessa land við með þessu stórkostlega slagorði. Því auðvitað er það Rás eitt eða ekki neitt.

Meira að segja niðurskurði hinnar alltumlykjandi kreppu hefur ekki tekist að draga úr gæðum og metnaði Gufunnar. Vissulega hefur endurtekningum fjölgað og það getur verið hvimleitt fyrir þá sem hafa útvarpið í gangi allan daginn. En sú ákvörðun að opna gullkistur segulbandasafnsins

enn frekar fyrir hlustendum er af hinu góða. Þannig má vikulega heyra endurtekna gullmola eftir hádegið, gæðaþætti sem vert er að rifja upp kynnin við eða kynna nýjum hlustendum. Jökuls þáttur Jakobssonar í íslensku útvarpi verður seint nógu dásamaður. Hann gjörbylti í raun útvarpinu, eingöngu með talanda og fas að vopni. Og þó mörgum þyki samræður hans við viðmælendur í Götunni minni vera hátíðlegar nú í dag, þá voru þær í raun bylting á sínum tíma. Spjall um gamlar æskuslóðir á röltinu, nánast eins og að hlusta á tvo gamla kunningja spjalla.

Laugardagar eru miklir útvarpsdagar og ef ekki væri fyrir endurflutninginn þyrfti maður að vakna klukkan átta til að hlusta á Jökul. Síðan tekur hver gæðaþátturinn við af öðrum; útivist, kvikmyndir, stjórnmálin, heimstónlistin, listin og mannlífið eins og það leggur sig. Á laugardögum er það Rás eitt eða ekki neitt, nema kannski blessaður boltinn.

LAUGARDAGUR

▶ **13.50 Arsenal – Wigan, beint** STÖÐ 2 SPORT 2

▶ **19.35 America's Got Talent** STÖÐ 2

▶ **20.00 Ástríður** STÖÐ 2 EXTRA

▶ **20.30 Útsvar** SJÓNVARPIÐ

▶ **20.55 Yes Dear** SKJÁREINN

SJÓNVARPIÐ

08.00 Morgunstundin okkar Pálína, Skellibær, Sögustund með Mömmu Marsibil, Bangsímon og vinir hans, Tóti og Patti, Ólivía, Sögurnar okkar, Elías knái, Fræknir ferðalangar, Skúli skelfir og Hrúturinn Hreinn.

10.30 Leiðarljós (e)

11.10 Leiðarljós (e)

12.00 Formúla 3 Bein útsending frá opnu evrópsku mótaröðinni þar sem Kristján Einar Kristjánsson er á meðal ökuþóra.

13.00 Kastljós (e)

13.40 Kiljan (e)

14.30 Út og suður (e)

15.00 Tíðarandinn, viðauki (Zeitgeist: Addendum) (e)

17.05 Lincolnshæðir (19:23)

17.50 Táknmálsfréttir

18.00 Popppunktur (e)

18.54 Lottó

19.00 Fréttir

19.30 Veðurfréttir

19.35 Coldplay - Fyrr og nú

▶**20.30 Útsvar** (Norðurþing - Reykjanesbær) Að þessu sinni mætast lið Norðurþings og Reykjanesbæjar.

21.35 Skilorðsfulltrúinn (The Parole Officer) Bresk bíómynd frá 2001. Aðalhlutverk: Steve Coogan, Ben Miller Emma Williams og Stephen Dillane.

23.10 Bræðrabönd (Bound by Honor) Bandarísk bíómynd frá 1993. Aðalhlutverk: Damian Chapa, Jesse Borrego, Benjamin Bratt og Enrique Castillo.

02.05 Útvarpsfréttir í dagskrárlok

BÍÓ

08.00 A Good Year

10.00 Thank You for Smoking

12.00 The Adventures of Brer Rabbit

14.00 A Good Year

16.00 Thank You for Smoking

18.00 Iron Giant

20.00 Dreamgirls Verðlaunamynd lauslega byggð á ferli The Supremes. Aðalhlutverk: Beyoncé Knowles, Jamie Foxx, Eddie Murphy og Jennifer Hudson.

22.10 Ocean's Thirteen

00.10 Snakes on a Plane

02.00 The Prophecy 3

04.00 The Mean Season

06.00 The Jane Austen Book Club

STÖÐ 2

07.00 Barnatími Stöðvar 2 Kalli á þakinu, Flintstone krakkarnir, Ruff's Patch og Refurinn Pablo.

08.00 Algjör Sveppi Boowa and Kwala, Sumardalsmyllan, Svampur Sveinsson, Könnuðurinn Dóra, Strumparnir, Maularinn, Kalli litli Kanína og vinir, Ofuröndin og Krakkarnir í næsta húsi.

11.35 Risaeðlugarðurinn

12.00 Bold and the Beautiful

12.20 Bold and the Beautiful

12.40 Bold and the Beautiful

13.00 Bold and the Beautiful

13.20 Bold and the Beautiful

13.45 The Apprentice (8:14)

14.35 Supernanny (7:20)

15.20 You Are What You Eat (9:18)

15.50 Auddi og Sveppi

16.35 Ástríður (5:12)

17.10 The Big Bang Theory (11:17)

17.35 The New Adventures of Old Christine (8:10) Christine er fráskilin einstæð móðir sem lætur samviskusemi og óþrjótandi umhyggju í garð sinna nánustu koma sér í eilíf vandræði.

18.00 Sjáðu Ásgeir Kolbeins kynnir allt það nýjasta í bíóheiminum.

18.30 Fréttir Stöðvar 2

18.45 Íþróttir

18.52 Lottó

19.00 Veður

19.05 Ísland í dag - helgarúrval

▶**19.35 America's Got Talent** (17:20) Leitin að sönnu hæfileikafólki er hafin á ný. Líkt og síðast eru dómarar þau David Hasselhoff, Piers Morgan og Sharon Osbourne.

20.50 America's Got Talent (18:20)

21.20 What Happens in Vegas... Rómantísk gamanmynd með Ashton Kutcher og Cameron Diaz í aðalhlutverkum.

22.55 Catch a Fire Sannsöguleg mynd með Tim Robbins í aðalhlutverk sem fjallar um um venjulegan borgara S-Afríku sem sér sig tilneyddan til að blanda sér baráttuna gegn aðskilnaðarstefnu svartra og hvítra eftir að hann hefur sjálfur verið beittur grófu misrétti.

00.35 Diary of a Mad Black

02.30 Silver City

04.35 Ástríður (5:12)

05.00 The New Adventures of Old Christine (7:10)

05.25 Fréttir

STÖÐ 2 SPORT *besta sætið*

07.40 BMW Championship

08.35 Spænsku mörkin

09.05 FC Zurich - Real Madrid Útsending frá leik í Meistaradeild Evrópu.

10.50 Meistaradeild Evrópu: Meistaramörk

11.30 RN Löwen - Hamburg Útsending frá leik í þýska handboltanum.

12.50 PGA Championship 2009 Útsending frá lokadeginum.

16.50 Nice - Mónakó Bein útsending frá leik í frönsku deildinni.

18.50 Meistaradeild Evrópu: Fréttaþáttur

19.20 La Liga Report Hitað upp fyrir leiki helgarinnar í spænska boltanum.

19.50 Barcelona - Atl. Madrid Bein útsending frá leik í spænska boltanum.

21.55 Bardaginn mikli: Sugar Ray Robinson - Jake LaMotta

22.55 24/7 Mayweather - Marquez Hitað upp fyrir bardagann.

23.25 24/7 Mayweather - Marquez

23.55 24/7 Mayweather - Marquez

00.25 24/7 Mayweather - Marquez

01.00 Floyd Mayweather Jr.- Marzuez Bein útsending frá bardaga Floyd Mayweather Jr. og Juan Manuel Marquez.

STÖÐ 2 SPORT 2 *enski boltinn*

08.25 Man. City - Arsenal Útsending frá leik í ensku úrvalsdeildinni.

10.05 Premier League World

10.35 PL Classic Matches West Ham - Bradford, 1999.

11.05 Premier League Preview

11.35 Burnley - Sunderland Bein útsending frá leik í ensku úrvalsdeildinni.

▶**13.50 Arsenal - Wigan** Bein útsending frá leik í ensku úrvalsdeildinni. Sport 3. Aston Villa - Portsmouth Sport 4. Bolton - Stoke Sport 5. Hull - Birmingham.

16.20 West Ham - Liverpool Bein útsending frá leik í ensku úrvalsdeildinni.

18.30 Mörk dagsins

19.10 Leikur dagsins

20.55 Mörk dagsins

21.35 Mörk dagsins

22.15 Mörk dagsins

22.55 Mörk dagsins

23.35 Mörk dagsins

SKJÁREINN

06.00 Pepsi MAX tónlist

13.05 Dynasty (50:88) (e)

14.45 Dynasty (52:88) (e)

15.35 America's Funniest Home Videos (27:48) (e)

16.00 The Contender Muay Thai (5:15) (e)

16.50 Kitchen Nightmares (4:12) (e)

17.40 Everybody Hates Chris (e)

18.05 Family Guy (16:18) (e)

18.30 Welcome to the Captain (e)

19.00 Game Tíví (1:14) Sverrir Bergmann og Ólafur Þór Jóelson fjalla um allt það nýjasta í tækni, tölvum og tölvuleikjum. (e)

19.30 Skemmtigarðurinn (1:8) Nýr íslenskur þáttur fyrir alla fjölskylduna. Í hverjum þætti keppa tvær 5-manna fjölskyldur í skemmtilegum leik þar sem þær þurfa að leysa ýmsar þrautir. (e)

20.30 What I Like About You (18:24) Bandarísk gamansería um tvær ólíkar systur í New York.

▶**20.55 Yes Dear** (2:15) Bandarísk gamansería um grallaraspóana Greg og Jimmy sem eru giftir systrunum Kim og Christine.

21.20 According to Jim (9:18) Bandarísk gamansería með Jim Belushi í aðalhlutverki. (e)

21.45 Flashpoint (8:12) Spennandi þáttaröð um sérsveit lögreglunnar. (e)

22.35 Comanche Moon (1:3) (e)

00.15 World Cup of Pool 2008 (e)

01.05 Penn & Teller. Bullshit (e)

01.35 Penn & Teller. Bullshit (e)

02.05 Pepsi MAX tónlist

INN

18.00 Hrafnaþing

19.00 Reykjavík – Ísafjörður

19.30 Græðlingur

20.00 Hrafnaþing

21.00 Græðlingur

21.30 Reykjavík – Ísafjörður

22.00 Borgarlíf

22.30 Íslands safarí

23.00 Reykjavík – Ísafjörður

23.30 Björn Bjarna

00.00 Hrafnaþing

OMEGA

Dagskrá allan sólarhringinn.

STÖÐ 2 VILD INNIHELDUR: STÖÐ 2 STÖÐ 2+ STÖÐ 2 BÍÓ STÖÐ 2 BÍÓ+ STÖÐ 2 EXTRA STÖÐ 2 EXTRA+

512 5100 | STOD2.IS | VERSLANIR VODAFONE | VERSLANIR OG ÞJÓNUSTUVER SÍMANS 800 7000

Í KVÖLD

STÖÐ 2 SPORT KL. 16.50

Nice - Mónakó, beint

Eiður Smári Guðjohnsen byrjaði vel með sínu nýja liði Mónakó um síðustu helgi þegar liðið lagði PSG á heimavelli. Eiður verður aftur í eldlínunni um helgina þegar Mónakó heimsækir Nice í frönsku deildinni. Hann mun væntanlega leika stórt hlutverk í þessum leik og verður spennandi að sjá hvort honum takist að opna markareikning sinn fyrir Mónakó. Þetta er leikur sem enginn má láta fram hjá sér fara.

▶ VIÐ MÆLUM MEÐ

What Happens in Vegas ...

Stöð 2 kl. 21.20

Rómantísk gamanmynd með Ashton Kutcher og Cameron Diaz í aðalhlutverkum. Joy og Jack kynnast í Las Vegas fyrir tilviljun og skella sér saman út á lífið með þeim afleiðingum að þau giftast. Daginn eftir vilja þau láta ógilda sáttmálann en þá grípa örlögin í taumana.

RÁS 1 FM 92,4/93,5

06.30 Árla dags
06.50 Bæn
08.00 Morgunfréttir
08.05 Gatan mín
09.03 Út um græna grundu
10.15 Kvika
11.00 Vikulokin
12.02 Hádegisútvarp
12.20 Hádegisfréttir
13.00 Ísland og Evrópusambandið
14.00 Til allra átta
14.40 Lostafulli listræninginn
15.15 Vítt og breitt
16.00 Síðdegisfréttir
16.10 Vændi á Íslandi
17.05 Flakk
18.00 Kvöldfréttir
18.17 Bláar nótur í bland
18.50 Dánarfregnir
19.00 Domenico Scarlatti
20.00 Sagnaslóð
20.40 Draumaprinsinn
21.10 Á tónsviðinu
22.12 Orð kvöldsins
22.15 Indíánar, tortillur, kaktusar og blóm
23.10 Stefnumót
00.07 Næturtónar

FM 88,5	XA-Radíó	FM 96,3	FM Suðurland	FM 90,1	Rás 2
FM 90,9	Gullbylgjan	FM 96,7	Létt Bylgjan	FM 102,2	Útvarp Latibær
FM 91,9	Kaninn	FM 97,7	X-ið	FM 102,9	Lindin
FM 93,5	Rás 1	FM 98,9	Bylgjan	FM 105,5	Útvarp Boðun
FM 95,7	FM957	FM 99,4	Útvarp Saga		

2 EXTRA

14.00 Doctors (5:25)
14.30 Doctors (6:25)
15.00 Doctors (7:25)
16.00 Doctors (9:25)
16.30 Nágrannar
16.50 Nágrannar
17.10 Nágrannar
17.35 Nágrannar
18.00 Nágrannar
18.25 Ally McBeal (18:21) Eins og venjulega er nóg um að vera á lögfræðistofunni hjá Ally McBeal og vinum hennar.
19.15 Gilmore Girls Lorelai Gilmore er einstæð móðir sem býr í góðu yfirlæti í smábænum Stars Hollow ásamt dóttur sinni Rory.
▶**20.00 Ástríður** (4:12) Rómantísk gamanþáttaröð um unga konu sem á erfitt með að fóta sig í hörðum heimi viðskiptalífsins og gengur enn verr á vegi ástarinnar.
20.25 Ástríður (5:12)
20.55 The Best Years (2:13) Unglingsstúlkan Samantha Best hefur flust milli fósturheimila síðustu árin. Nú er hún að hefja skólagöngu í virtum háskóla og þarf takast á við háskólalífið og ástina.
21.45 John From Cincinnati (2:10) Þáttaröð frá HBO sem fjallar um unga menn sem hafa helgað líf sitt brimbrettum og þeim lífsstíl sem þeim tengist.
22.40 E.R. (7:22)
23.25 Ally McBeal (18:21)
00.10 Gilmore Girls
00.55 The Best Years (2:13)
01.45 John From Cincinnati (2:10)
02.40 Sjáðu
03.45 Tónlistarmyndbönd frá Nova TV

BBC entertainment

10.10 Never Better **10.40** Never Better **11.10** Lab Rats **11.40** EastEnders **12.10** EastEnders **12.40** EastEnders **13.10** EastEnders **13.40** Dalziel and Pascoe **14.30** Dalziel and Pascoe **15.20** Doctor Who **16.05** Never Better **16.35** Never Better **17.05** Hotel Babylon **18.00** Jonathan Creek **19.00** The Jonathan Ross Show **19.50** The Inspector Lynley Mysteries **20.35** The Inspector Lynley Mysteries **21.20** Spooks **22.10** Hotel Babylon **23.05** Jonathan Creek

DR 1

10.00 DR Update - nyheder og vejr **10.10** Troldspejlet **10.30** Family Guy **10.55** Skråplan **11.20** Boogie Update **11.50** S P eller K **12.00** Talent 09 **13.00** Talent 09 - afgørelsen **13.40** Columbo **15.10** For søndagen **15.20** Held og Lotto **15.30** Hulter til bulter - med Louise og Sebastian **16.00** Mr. Bean **16.30** TV Avisen med vejret **16.55** Min Sport. Match Race **17.35** Geniale dyr **18.00** Solkongen **19.25** Kriminalkommissær Barnaby **21.00** Just Visiting **22.20** Kriminalkommissær Clare Blake. Blackdog **23.30** Seinfeld

NRK 1

10.10 Modigliani **12.15** Tilbake til 60-tallet **12.45** Beat for beat **13.45** 4-4-2 **16.00** Kometkameratene **16.25** Underbuksepiratene **16.30** Gutta Boys **17.00** Lordagsrevyen **17.45** Lotto-trekning **17.55** De ukjente **18.55** Norsk attraksjon **19.25** Med hjertet på rette staden **20.10** Lovebakken **20.35** Fakta på lordag **21.00** Kveldsnytt **21.15** Buss til Italia **22.40** Den norske humor **23.10** Du skal hore mye ... mer **23.25** Dansefot jukeboks m/chat

SVT 1

12.10 Cranford **13.05** Andra Avenyn **13.50** Uppdrag Granskning **14.50** Doobidoo **15.50** Helgmålsringning **15.55** Sportnytt **16.00** Rapport **16.15** Disneydags **17.00** En ö i havet **17.30** Rapport **17.45** Sportnytt **18.00** Här är ditt liv **19.30** Skilda liv **20.55** Wyclef Jean's All Star Jam **21.55** Vodka Lemon **23.25** Parkinson

PERSÓNAN

Oddur Snær Halldórsson

Aldur: 29 ára.
Starf: Ég er viðburðastjóri hjá tölvufyrirtækinu CCP.
Búseta: Mosfellsbær.
Fjölskylda: Ég á fimm ára dóttur sem heitir Embla Eir.
Foreldrar: Móðir mín heitir Áslaug Kristín Ásgeirsdóttir og faðir minn heitir Halldór Bjarnason.
Stjörnumerki: Ljón.

Oddur skipuleggur Fan Fest hjá Eve Online-tölvuleiknum.

Frímann striplast í Noregi og Finnlandi

Úttekt Frímanns Gunnarssonar, hugarfósturs Gunnars Hanssonar, á skandinavísku gríni er hafin. Eins og Fréttablaðið greindi frá fyrir nokkru hyggst Frímann heimsækja marga af þekktustu grínurum Norðurlandanna. Nú eru tökur sem sagt hafnar og fyrsta ferðin var farin til Finnlands. Þar hittu Frímann og Gunnar fyrir Andre Vikström, grínista sem er í miklum metum hjá Finnum og Svíum.

Gunnar vill ekki gefa of mikið upp um hvað þeim Frímanni og Andre fór á milli í Finnlandi en viðurkennir að sjónvarpsmaðurinn íslenski hafi skellt sér í dæmigert finnskt gufubað. „Og þá varð mér ljóst að ég verð að koma mér í betra form," segir Gunnar og skellir upp úr. Hann vill þó ekki staðfesta að Frímann hafi verið algjörlega allsber fyrir framan tökuvélarnar eins og hefð er fyrir í Finnlandi. „Nei, en hann verður sennilega nokkuð klæðlítill í Noregi. Já, hann verður algjörlega nakinn," útskýrir Gunnar en þangað heldur tökuliðið í lok þessa mánaðar og heilsar upp á norska grínistann Dagfinn Lyngbo. Í nóvember verður síðan haldið til Svíþjóðar en í janúar verður Frank Kvam, annar af Klovn-leikurunum vinsælu, heimsóttur í Danmörku. Þá standa yfir viðræður við grínista á Bretlandseyjum og segir Gunnar að það mál ætti að skýrast á næstunni. „Við erum bara búnir að vera svo heppnir að þeir sem okkur langaði til að vinna með hafa allir sagt já."

Þættirnir eiga að fara á dagskrá næsta haust og segir Gunnar það nokkuð þægilegt; þeir séu ekki plagaðir af einhverju stressi heldur geti vandað vel til verka. Leikstjóri þáttanna er Ragnar Hansson en um tónlistina sér Birgir Ísleifur Gunnarsson úr Motion Boys. - fgg

NAKINN Á SKJÁNUM Áhorfendur gætu átt von á nöktum **Frímanni** þegar hann snýr aftur á Skjáinn næsta haust. **Gunnar** og Frímann eru á leiðinni til Noregs og ætla að taka hús á Dagfinn Lyngbo.

HLAKKAR MIKIÐ TIL Daniel Brühl kom til Íslands fyrir viku og þar sem hann getur ekki skoðað landið mikið mun hann eyða áramótunum hér á landi. MYND/BERGSTEINN BJÖRGÚLFSSON

DANIEL BRÜHL: QUENTIN TARANTINO TALAÐI VEL UM ÍSLAND

Eyðir áramótunum á Íslandi

„Ég er alveg ótrúlega hamingjusamur yfir að vera kominn til Íslands, brosi bara allan hringinn," segir þýski leikarinn Daniel Brühl sem leikur eitt aðalhlutverkanna í íslensku kvikmyndinni Kóngavegur 7 en leikstjóri hennar er Valdís Óskarsdóttir. Brühl er einn þekktasti leikari Þýskalands af ungu kynslóðinni og stjarna hans hefur sennilega aldrei skinið jafnskært og nú í ljósi frammistöðunnar í Tarantino-myndinni Inglourious Basterds. „Það var alveg ótrúlegt að vinna með Tarantino, hann er gangandi alfræðiorðabók um kvikmyndir. Hann veit gjörsamlega allt. Og við áttum góðar stundir utan tökustaðarins þar sem hann talaði meðal annars vel um Ísland," segir Brühl en hann vildi ekki tjá sig um hvort Tarantino hefði deilt með honum sögunni um fyrirsætuna sem datt beint á andlitið fyrir framan hann á Kaffibarnum. „No comment," segir Brühl og hlær. Sjálfur skemmti Brühl sér á Kaffibarnum um síðustu helgi svo hann ætti í það minnsta að kannast við staðinn.

En það eru fleiri Íslandstengingar við Tarantino-myndina því förðunarfræðingurinn Heba Þórisdóttir hafði yfirumsjón með förðuninni í myndinni. „Já, alveg rétt, hún var einn af mínum uppáhaldsvinum af fólkinu í tökuliðinu. Ég verð að senda henni póst og segja henni að ég sé á Íslandi," segir Daniel og bætir því við að sennilega sé förðunarstóllinn einhver persónulegasti staðurinn sem leikari geti verið á. „Þar er allt látið flakka og rætt um allt milli himins og jarðar." Og nú mun sem sagt önnur íslensk kona stjórna honum, Valdís Óskarsdóttir. „Ég var akkúrat að segja henni að hún hefði klippt tvær af mínum uppáhaldskvikmyndum, Eternal Sunshine of the Spotless Mind er til að mynda algjört meistaraverk."

Brühl verður á ferð og flugi þann tíma sem hann leikur í Kóngavegi 7 því hann er einnig að leika í kvikmynd í Berlín. „Já, þetta verður nokkuð strembið en ég hlakka mikið til. Því miður fæ ég ekki tækifæri til að skoða landið en þess vegna ætla ég líka að eyða áramótunum hér ásamt nokkrum góðum þýskum vinum og svo vinum mínum hér," segir Daniel. Eins og Fréttablaðið hefur greint frá var það ekki síst vinskapur Daniels og hjónakornanna Nínu Daggar Filippusdóttur og Gísla Arnar Garðarssonar sem varð til þess að leikarinn samþykkti að leika í myndinni. „Já, við vorum svokallaðar „shooting stars" í Berlín fyrir sjö árum. Síðan var ég að leika í mynd í London fyrir þremur árum og þá var Vesturport að setja upp Rómeó og Júlíu og þá kynntist ég öllum hinum í leikhópnum; Ingvari E. Sigurðssyni, Ólafi Darra og Gísla Erni." Og nú eru þau öll sameinuð í Kóngavegi 7. freyrgigja@frettabladid.is

FRÉTTIR AF FÓLKI

Ný könnun Capacent Gallup á áhorfi á sjónvarpsstöðvarnar er um margt merkileg. Þar kemur í ljós að veðurfréttafólkið er það vinsælasta á skjánum um þessar mundir. Áhorfið á veðurfréttirnar hefur sjaldan eða aldrei verið meira og þar sannast kannski hið fornkveðna að Íslendingar eru umfram allt veðurfréttasjúkir. Veðurfréttamenn á borð við **Einar Magnús Einarsson** verða því eflaust áberandi í næsta Séð og heyrt.

Hins vegar má Kastljósið muna sinn fífil fegri meðal hinna yngri Íslendinga og það hlýtur að vera áhyggjuefni fyrir **Sigmar Guðmundsson**, aðstoðarritstjóra þáttarins. Kastljósið mælist ágætlega meðal aldurshópsins 12-80 ára en varla þykir það fínt að vera með rúmlega tólf prósenta áhorf í aldurshópnum 12-49 ára.

Litlar breytingar eru á hlustun útvarpsstöðvanna. Rás 2, Bylgjan og FM 95,7 halda enn sinni yfirburðastöðu á markaðnum. **Einar Bárðarson**, útvarpsstjóri Kanans, hlýtur að hafa einhverjar áhyggjur af því að ná ekki að bíta í skottið á risunum en getur þó huggað sig við þá staðreynd að stöðin er enn blaut á bak við eyrun.

Og endingu er rétt að geta þess að menn velta nú vöngum yfir þeim gríðarlega fjölda sem er reiðubúinn til að láta loka sig inni í Kringlunni í heilan sólarhring. Uppátækið er hluti af markaðsherferð Fangavaktar **Ragnars Bragasonar** en alls skráðu 1.500 manns sig til leiks. Það er svipaður fjöldi og hefur skráð sig í Idol og X-Factor. Fólk er greinilega reiðubúið að leggja ýmsilegt á sig til að komast yfir árs áskrift að Stöð 2. - fgg

Safnar kjól fyrir hvern dag ársins

„Hugmyndin er að gefa gömlum kjólum framhaldslíf í gegnum þennan gjörning. Gjörningurinn felst í því að safna 365 kjólum frá íslenskum konum frá átján ára aldri og upp úr. Kjólarnir mega vera af öllum stærðum og gerðum og þarf saga kjólsins að fylgja með," segir Gíslína Dögg Bjarkadóttir, textíl- og fatahönnuður í Vestmannaeyjum.

Hún safnar nú 365 kjólum sem notaðir verða í gjörningi sem hefst 24. október og gengur út á það að hengdur verður upp einn kjóll á vinnustofu hennar hvern dag næsta árið. Að ári liðnu verður haldið uppboð þar sem kjólarnir verða seldir hæstbjóðanda og mun allur ágóði renna til góðgerðarmála. Þeir kjólar sem ekki seljast fá þó framhaldslíf til dæmis í leikhúsi.

Hægt verður að fylgjast með verkefninu á samskiptasíðunni Fésbók, en þar verður einnig hægt að sjá nöfn þeirra sem taka þátt í gjörningnum með Gíslínu.

Þeir sem hafa áhuga á að taka þátt í gjörningnum geta sent kjól ásamt sögu hans á Vinnustofuna Kví Kví við Skildingaveg 14 í Vestmannaeyjum. - sm

SAFNAR KJÓLUM Gíslína segir að markmið gjörningsins sé að gefa gömlum kjólum framhaldslíf. MYND/KONNÝ



LÁRÉTT
2. hvetja, **6.** umhverfis, **8.** bók, **9.** skref, **11.** tveir eins, **12.** fáni, **14.** yfirstéttar, **16.** klaki, **17.** sauðaþari, **18.** uppistaða, **20.** grískur bókstafur, **21.** vingjarnleiki.

LÓÐRÉTT
1. nautasteik, **3.** tveir eins, **4.** hrörnun, **5.** sigað, **7.** planta, **10.** skítur, **13.** loft, **15.** slithólkur, **16.** vætla, **19.** nudd.

LAUSN

LÁRÉTT: **2.** örva, **6.** um, **8.** rit, **9.** fet, **11.** tt, **12.** flagg, **14.** aðals, **16.** ís, **17.** sól, **18.** lón, **20.** pí, **21.** alúð.

LÓÐRÉTT: **1.** buff, **3.** rr, **4.** vitglöp, **5.** att, **7.** melasól, **10.** tað, **13.** gas, **15.** slíf, **16.** ila, **19.** nú.

VEISTU SVARIÐ

Svör við spurningum á síðu 8.

1. Páll Hreinsson.
2. Brjóstahaldi og brókum.
3. Margrét Erla Maack.

vísir.is
"...ég sá það á vísi"

Hugarfar

Félag fólks með heilaskaða, aðstandenda þess og áhugafólks um málefnið.

Höfuðáverkar á Íslandi - úrræði skortir

- Í hverjum mánuði greinast um 50 börn með höfuðáverka
- Þrjú þeirra hljóta það alvarlega áverka að þau þarfnast stuðnings og endurhæfingar til lengri tíma
- Úrræði til endurhæfingar skortir hér á landi

Þriðjudagskvöldið **22. september kl. 20** flytur Jónas G. Halldórsson taugasálfræðingur erindið: Börn og unglingar með höfuðáverka. Hvernig viljum við sjá framtíðina? Fundurinn verður haldinn að **Hátúni 10b**, jarðhæð.

Næstu fundir Hugarfars:
20. október - Claudia Ósk Hoeltje Georgsdóttir sérfræðingur í klínískri taugasálfræði talar um minnisæfingar.
24. nóvember - jólafundur félagsins.

www.hugarfar.is

Ceres

bianca.

Aðeins fjögur verð í gangi:
500, 1.000, 2.000 OG 3.000 KR.

KVENFÖT FRÁ CERES OG BIANCA

LAGERSALA

VERSLANIRNAR HÆTTA!

Allt á að seljast!

ÞÚ GERIR EKKI BETRI KAUP

KÁPUR, JAKKAR, BUXUR, BOLIR, SKYRTUR, BLÚSSUR, PEYSUR…

Ennþá til örfáir hlutir frá ZIKZAK lagersölunni

Ath!
Nýtt heimilisfang:

LAGERSALAN EHF. S. 662 4499
SKEMMUVEGI 6 (FYRIR NEÐAN BYKO)

Opið virka daga 15-19, laugardaga 10-17 og helgar 13-17

FRÉTTABLAÐIÐ

SÍMANÚMER FRÉTTABLAÐSINS: 512 5000, fax: 550 5099 **Ritstjórn:** 512 5313, fax: 512 5301, ritstjorn@frettabladid.is **PRENTUN:** Ísafoldarprentsmiðja
Auglýsingadeild: auglysingar@frettabladid.is **DREIFING:** dreifing@posthusid.is **Veffang:** visir.is **EF BLAÐIÐ BERST EKKI:** 512 5060

VIÐ SEGJUM FRÉTTIR | **SMÁAUGLÝSINGASÍMINN ER 512 5000**

BAKÞANKAR
Júlíu Margrétar Alexandersdóttur

Sóðinn á númer þrjú

Flestar íbúagötur eiga sinn „sóða“. Sóðinn geymir þá annaðhvort vörubílinn sinn í garðinum því það má ekki leggja vinnuvélum í götunni eða klárar aldrei húsið sitt því allt er í rugli. Á meðan góðborgararnir, nágrannar hans, eru úti og útbúa litla gervihóla í garðinum og dytta að litlu runnunum sínum og litlu steinunum og stígunum, er sóðinn á númer þrjú að útbúa sér andapoll með svörtum plastpokum.

Í kringum 1985 var einn af þessum sóðum að koma upp girðingu við húsið sitt í Árbænum og notaði til þess einhvers konar bláa brúsa, af stærri gerðinni, sem hann hafði smám saman safnað sér, nágrannarnir sögðu, á haugunum. Hann náði aldrei að safna fleiri en tíu brúsum þannig að plastbrúsagirðingin var aldrei kláruð en engu síður stóðu þeir og mynduðu tíu brúsa línu meðfram gangstéttinni.

ÞVÍ miður, verð ég að segja, finnst mér sóðunum eitthvað hafa farið fækkandi. Enda þarf kannski minna til að nágrannarnir flippi í seinni tíð. Kannski ekki nema það að nágranninn fylgi ekki jólaskreytingastefnu húsfélagsins úr Egg (blessuð sé minning hennar). Eða að flippaði nágranninn setji upp gamaldags kertaskreytingu í anda Rúmfatalagersins og fær lesendabréf frá hr. epal, þriðju hæð til hægri. Auðvitað til hægri. Ehemm.

NÚ hefur Reykjavíkurborg ákveðið að leggja góðborgurum landsins lið og sendir bréf til sóða Reykjavíkurborgar – með ljósmyndum af vettvangi og tillögum um hvað betur megi fara. Ófrágengnar lóðir, ómálaðir gluggakarmar, vond garðumhirða og annað skal skjalfest. Allt skal líta vel út að utan – en hvernig á þetta að vera að innan? Ég er nokkuð viss um að jólin hjá sóðanum á númer þrjú voru miklu skemmtilegri en fólkinu með stíginn sinn litla.

KANNSKI skilar þetta átak því að einhverjum líður betur í sínum fagurfræðilegu taugum. Eitt veit ég þó um, sem þetta skilar ekki börnum okkar og umhverfi – umburðarlyndi. Það er að sjálfsögðu ómögulegt að boðskapur sem byggist á því að allt skuli vera tipp topp kenni okkur að virða það sem er öðruvísi og kannski ekki alveg eins og við þekkjum. Fordómar fyrir því sem er öðruvísi þarf mun frekar aðhlynningu en bakgarður í Þingholtunum. Er ekki kominn tími til að leyfa því sem er öðruvísi að standa hnarreist eitt augnablik án þess að einhver mæti á staðinn með fyrirfram tilbúið steypumót?

GÓÐAN DAG!

Í dag er laugardagurinn 19. september 2009, 262. dagur ársins.

	Sólarupprás	Hádegi	Sólarlag
Reykjavík	7.02	13.22	19.39
Akureyri	6.46	13.06	19.25

Heimild: Almanak Háskólans